

***Rannsókom  
daglega  
ritningarnar***

**2021**



es21-IC  
200729

# ***Rannsókom daglega ritningarnar***

## **2021**

**Árstexti**

**„Í þolinmæði og trausti skal  
styrkur yðar vera.“**

**– Jesaja 30:15.**

---

**Nafn**

Þetta rit er ekki til sölu. Útgáfa þess er þáttur í alþjóðlegri biblíufræðslu sem kostuð er með frjálsum framlögum.

Þú getur farið inn á [donate.jw.org](https://donate.jw.org) til að gefa framlag.

Nema annað sé tekið fram er vitnað í íslensku biblíuna frá 2010 í Hebresku Ritningunum og tilvitnanir í *New World Translation of the Holy Scriptures* eru þá merktar NW. Vitnað er í biblíuna frá 2010 eða Nýheimsþýðingu Biblíunnar í Grísku Ritningunum. Leturbreytingar eru okkar.

*Rannsókkum daglega ritningarnar - 2021*  
*Examining the Scriptures Daily - 2021*

Prentað í ágúst 2020

Icelandic (es21-IC)

© 2020

**WATCH TOWER BIBLE AND TRACT SOCIETY  
OF PENNSYLVANIA**

Útgefendur

Watch Tower Bible and Tract Society of Canada  
Georgetown, Ontario, Canada

Made in Canada  
Prentað í Kanada

# 2021

## JANÚÁR

M	Þ	M	F	F	L	S
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

## FEBRÚÁR

M	Þ	M	F	F	L	S
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28

## MARS

M	Þ	M	F	F	L	S
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

## APRÍL

M	Þ	M	F	F	L	S
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

## MAÍ

M	Þ	M	F	F	L	S
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

## JÚNÍ

M	Þ	M	F	F	L	S
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

## JÚLÍ

M	Þ	M	F	F	L	S
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

## ÁGÚST

M	Þ	M	F	F	L	S
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

## SEPTEMBER

M	Þ	M	F	F	L	S
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

## OKTÓBER

M	Þ	M	F	F	L	S
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

## NÓVEMBER

M	Þ	M	F	F	L	S
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30					

## DESEMBER

M	Þ	M	F	F	L	S
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

# LÍF OKKAR OG BOÐUN

## BIBLÍULESTRARÁÆTLUN FYRIR ÁRIÐ 2021

### Janúar

- 4 3. Mósebók 18-19
- 11 3. Mósebók 20-21
- 18 3. Mósebók 22-23
- 25 3. Mósebók 24-25

### Febrúar

- 1 3. Mósebók 26-27
- 8 4. Mósebók 1-2
- 15 4. Mósebók 3-4
- 22 4. Mósebók 5-6

### Mars

- 1 4. Mósebók 7-8
- 8 4. Mósebók 9-10
- 15 4. Mósebók 11-12
- 22 4. Mósebók 13-14
- 29 4. Mósebók 15-16

### Apríl

- 5 4. Mósebók 17-19
- 12 4. Mósebók 20-21
- 19 4. Mósebók 22-24
- 26 4. Mósebók 25-26

### Máí

- 3 4. Mósebók 27-29
- 10 4. Mósebók 30-31
- 17 4. Mósebók 32-33
- 24 4. Mósebók 34-36
- 31 5. Mósebók 1-2

### Júní

- 7 5. Mósebók 3-4
- 14 5. Mósebók 5-6
- 21 5. Mósebók 7-8
- 28 5. Mósebók 9-10

## Júli

- 5 5. Mósebók 11–12
- 12 5. Mósebók 13–15
- 19 5. Mósebók 16–18
- 26 5. Mósebók 19–21

## Ágúst

- 2 5. Mósebók 22–23
- 9 5. Mósebók 24–26
- 16 5. Mósebók 27–28
- 23 5. Mósebók 29–30
- 30 5. Mósebók 31–32

## September

- 6 5. Mósebók 33–34
- 13 Jósúabók 1–2
- 20 Jósúabók 3–5
- 27 Jósúabók 6–7

## Október

- 4 Jósúabók 8–9
- 11 Jósúabók 10–11
- 18 Jósúabók 12–14
- 25 Jósúabók 15–17

## Nóvember

- 1 Jósúabók 18–19
- 8 Jósúabók 20–22
- 15 Jósúabók 23–24
- 22 Dómarabókin 1–3
- 29 Dómarabókin 4–5

## Desember

- 6 Dómarabókin 6–7
- 13 Dómarabókin 8–9
- 20 Dómarabókin 10–12
- 27 Dómarabókin 13–14





## Föstudagur 1. janúar

*Farið og gerði fólk af öllum þjóðum að lærisveinum.*

– Matt. 28:19.

Allir trúfastir þjónar Guðs vilja vita hvornig þeir geta gert þjónustunni, sem þeim hefur verið falin, góð skil. (2. Tím. 4:5) Hún er mikilvægari og brýnni en nokkurt annað starf. Það getur hins vegar verið þrautin þyngri að nota eins mikinn tíma í boðuninni og við vildum. Margt annað er mikilvægt og krefst tíma okkar og krafta. Við gætum þurft að vinna marga tíma á dag til að sjá okkur og fjölskyldunni fyrir nauðsynjum. Kannski reynir annars konar fjölskylduábyrgð á okkur, við erum veik eða niðurdregin eða glímum við fylgikvilla ellinnar. Við ættum ekki að láta deigan siga ef aðstæður okkar takmarka þann tíma sem við getum notað í þjónustu Jehóva. Jesús vissi að við gætum ekki öll borið jafn mikinn ávöxt í starfi Guðsríkis. (Matt. 13:23) Jehóva metur mikils allt sem við gerum í þjónustu hans, svo framarlega sem við gerum okkar besta. – Hebr. 6:10–12. *w19.04 2 gr. 1–3*

## Laugardagur 2. janúar

*Djöfullinn er lygari og fadir lyginna. – Jóh. 8:44.*

Lygar Satans um hina dáu rægja Jehóva. Ein þessara lyga er falskenningin um að hinir dáu kveljist í eldi. Slíkar kenningar rægja Jehóva. Hvornig þá? Þær eigna Jehóva, Guði kærleikans, persónuleika djöfulsins. (1. Jóh. 4:8) Hvaða tilfinningar vekur það með þér? Og það sem mikilvægara er, hvað finnst Jehóva um það? Hann hatar grimmd í hvaða mynd sem er. (Jer. 19:5) Lygar Satans um dauð-

ann grafa undan trú fólks á lausnarfórnr Kristis. (Matt. 20:28) Önnur lygi Satans er að menn séu með ódauðlega sál. Ef það væri satt myndu allir lifa að eilífu og Jesús hefði ekki þurft að gefa líf sitt sem lausnarfórnr fyrir okkur til að við hlýtum eilíft líf. Hafðu í huga að fórn Kristis er mesta kærleiksverk sem nokkurn tíma hefur verið unnið í þágu manna. (Jóh. 3:16; 15:13) Hugsaðu þér hvað Jehóva og Jesú hlýtur að finnst um kenningar sem grafa undan þessari dýrmætu gjöf. *w19.04 14 gr. 1; 16 gr. 8–9*

## Sunnudagur 3. janúar

*„Hver hefur kynnst huga Jehóva svo að hann geti leiðbeint honum?“ En við höfum huga Kristis.“*  
– 1. Kor. 2:16.

Hvar er kennsla Jesú skráð? Margt af því sem hann sagði og gerði hér á jörð er skráð í guðspjöllunum fjórum. Aðrar bækur Grísku ritninganna hjálpa okkur líka að skilja hugarfar Jesú því að þeir sem rituðu þær voru innblásnir af heilögum anda og höfðu „huga Kristis“. Kennsla Jesú er gagnleg á öllum sviðum lífsins. „Lög Kristis“ hafa því áhrif á allt sem við gerum heima fyrir, í vinnunni eða í skólanum og í söfnuðinum. (Gal. 6:2) Við lærum þessi lög með því að lesa Grísku ritningarnar og hugleidda það sem við lesum. Við beygjum okkur undir lög Kristis með því að laga líf okkar að þeim leiðbeiningum, boðum og meginreglum sem er að finna í þessum innblásnu biblíubókum. Þegar við hlýðum lögum Kristis hlýðum við Jehóva, elskuríkum Guði okkar, en allt sem Jesús kenndi kemur frá honum. – Jóh. 8:28. *w19.05 3 gr. 6–7*

## Mánudagur 4. janúar

*„Vondir menn og svikarar munu ganga æ lengra í illskunni.“*

– 2. Tím. 3:13.

Það er sorglegt þegar menn hegða sér þannig að þeir þóknast Satan. En Jehóva tekur eftir öllu sem Satan gerir. Hann veit vel hvað við þurfum að þola og hann getur veitt okkur þá hughreystingu sem við þurfum. Við njótum þeirrar hamingju að þjóna Guði allrar huggunar sem huggar okkur í öllum prófraunum okkar svo að við getum huggað aðra í hvers kyns prófraunum með þeirri huggun sem við fáum frá Guði. (2. Kor. 1:3, 4) Þeir sem voru vanræktir af foreldrum sínum í æsku eða voru beittir kynferðisofbeldi af nánum ættingja eða vini þurfa sérstaklega á hughreystingu að halda. Davíð konungur vissi að við gætum alltaf treyst að Jehóva hughreysti okkur. (Sálm. 27:10) Davíð treysti því að Jehóva tæki þá að sér sem fjölskyldan færir illa með. Hvernig? Hann notar trúfasta þjóna sína á jörð til þess. Bræður okkar og systur í söfnuðinum eru okkur eins og fjölskylda. Jesús kallaði til dæmis þá sem þjónuðu Jehóva með honum bræður sína, systur og móður. – Matt. 12:48–50. *w19.05* 15–16 gr. 8–9

## Þriðjudagur 5. janúar

*Metið hvað er mikilvægt.*

– Fil. 1:10.

Hvað ætti að vera ofarlega á forgangslistanum? Við ættum að taka frá tíma daglega til að lesa í orði Guðs. Vikulegt lesefni safnaðarins í Biblíunni hefur verið stytta til að við höfum meiri tíma til að hugleiða það sem við lesum og skoða ítarefni. Markmið okkar ætti ekki aðeins að vera að lesa úthlutað efni heldur líka

að láta boðskap Biblíunnar hreyfa við okkur og styrkja tengsl okkar við Jehóva. (Sálm. 19:15) Varðturnsnámið er biblíunám. Skoðaðu því vandlega ritningarstaðina sem vísað er í, sérstaklega þá sem verða lesnir upp þegar farið er yfir efnið á samkomu. Taktu sérstaklega eftir hvernig lykilorð og hugmyndir í biblíuversunum styðja kjarnann í efnisgreininni. Gefðu þér auk þess góðan tíma til að hugleiða ritningarstaðina og velta fyrir þér hvernig þú getur heimfært þá upp á líf þitt. – Jós. 1:8. *w19.05* 27 gr. 5; 28 gr. 9

## Miðvikudagur 6. janúar

*„Minn matur er að gera vilja þess sem sendi mig og ljúka verkinu sem hann fól mér.“ – Jóh. 4:34.*

Jesús hafði framúrskarandi viðhorf til þjónustunnar við Guð. Honum fannst mikilvægast af öllu að tala um ríki Guðs. Hann gekk mörg hundruð kílómetra til að ná til sem flestra. Hann nýtti hvert tækifæri til að tala við fólk, hvort sem það var á götum úti eða á heimili þess. Allt líf Jesú snerist um þjónustuna við Guð. Við getum líkt eftir Kristi með því að skapa tækifæri til að tala um fagnaðarerindið hvar og hvenær sem mögulegt er. Við erum fús til að fórna eigin þægindum til að geta boðað trúna. (Mark. 6:31–34; 1. Pét. 2:21) Sumir í söfnuðinum hafa tækifæri til að vera sérbrautryðjendur, brautryðjendur eða aðstoðarbrautryðjendur. Aðrir hafa lært nýtt tungumál eða flust á svæði þar sem þörf er á fleiri boðberum. Hins vegar hafa ekki allir boðberar tækifæri til þess. En þeir gera sitt besta og eiga stóran þátt í boðuninni. Sama hverjar aðstæður okkar eru ætlast Jehóva ekki til meira af okkur en við getum. *w19.04* 4 gr. 7–8

## Fimmtudagur 7. janúar

*„Mættu orð mín vera þér þóknan-  
leg og hugsanir hjarta míns koma  
fram fyrir þig, Drottinn.“*

– Sálm. 19:15.

Spyrðu þig: Örlar fyrir öfund eða afbrýðisemi í hjarta mínu? (1. Pét. 2:1) Finnst mér ég vera aðeins betri en aðrir vegna uppruna míns, menntunar eða fjárhags? (Orðskv. 16:5) Lít ég niður á þá sem njóta ekki sömu lífsgæða og ég eða eru af öðrum kynþætti? (Jak. 2:2–4) Höfðar það sem heimur Satans hefur upp á að bjóða sterkt til mín? (1. Jóh. 2:15–17) Hef ég ánægju af siðlausu og ofbeldisfullu skemmti-efni? (Sálm. 97:10; 101:3; Amos 5:15) Svörin við þessum spurningum geta dregið fram hvar þú þarft að bæta þig. Félagsskapur okkar hefur mikil áhrif á okkur. (Orðskv. 13:20) Á vinnustað eða í skóla umgöngumst við líklega fólk sem hvetur okkur ekki til að hugsa á þann hátt sem Guð vill að við gerum. Á samkomum erum við hins vegar í besta félagsskap sem völ er á. Þar getum við fengið hvatningu „til kærleika og góðra verka“. – Hebr. 10:24, 25. *w19.06* 12 gr. 13–14

## Föstudagur 8. janúar

*Það er sæmd að láta rangsleitni  
ekki á sig fá. – Orðskv. 19:11.*

Jehóva ætlaði engum okkar að þurfa að bera þær áhyggjur og erfíðleika sem við glífum við í dag. Það er því skiljanlegt að trúum þjóni Jehóva geti orðið á að tala í hugsunarleysi þegar hann er undir miklu álagi. (Job. 6:2, 3) Við ættum ekki að vera fljót að reiðast og dæma hann þó að hann segi eitthvað sem stenst ekki rök um Jehóva eða okkur sjálf. Stundum þarf að leiðrétta

þann sem glímir við erfitt vandamál eða gefa honum gagnleg ráð. (Gal. 6:1) Hvernig geta öldungar farið að því? Þeir ættu að líkja eftir Elíhú en hann hlustaði á Job með hluttekningu. (Job. 33:6, 7) Elíhú gaf Job ekki ráð fyrr en hann skildi hann til fulls. Öldungar sem líkja eftir Elíhú hlusta af athygli og reyna að skilja aðstæður annarra. Þá er líklegra að þeir nái til hjartans þegar þeir gefa ráð. *w19.06* 22–23 gr. 10–11

## Laugardagur 9. janúar

*Hlýðið Guði frekar en mönnum.*

– Post. 5:29.

Hvernig geturðu haldið áfram að tilbiðja Jehóva þegar starfsemi okkar er bönnuð? Deildarskrifstofan veitir öldungunum í söfnuðinum leiðbeiningar og hagnýt ráð. Ef deildarskrifstofan getur ekki haft samband við öldungana munu þeir hjálpa þér og söfnuðinum öllum að halda áfram að tilbiðja Jehóva. Þeir veita leiðbeiningar í samræmi við þá leiðsögn sem er að finna í Biblíunni og í ritum okkar. (Matt. 28:19, 20; Hebr. 10:24, 25) Jehóva hefur lofað að þjónar hans fái næga andlega fæðu. (Jes. 65:13, 14; Lúk. 12:42–44) Þú getur því verið viss um að söfnuður hans geri allt sem hægt er til að veita þér þá uppörvun sem þú þarft á að halda. En hvað getur þú gert? Þegar starfsemi okkar er bönnuð skaltu finna góðan stað til að fela biblíuna þína og önnur biblíutengd rit sem þú kannst að eiga. Passaðu að skilja þetta dýrmæta efni ekki eftir þar sem það gæti auðveldlega fundist, hvort sem það er í prentuðu eða rafrænu formi. Við þurfum hvert og eitt að gera það sem við getum til að halda okkur andlega sterkum. *w19.07* 10 gr. 10–11

## Sunnudagur 10. janúar

*„Ég er orðinn öllum allt. Þannig geri ég það sem ég get til að bjarga að minnsta kosti nokkrum.“*  
– 1. Kor. 9:22.

Um þúsundir ára virðast flestir jarðarbúar hafa haft einhvers konar trú. Þetta hefur þó gerbreyst á síðustu áratugum. Þeim fjölgar sífellt sem standa utan trúfélaga eða segjast ekki vera trúaðir. Svo er komið að meirihluti fólks víða um lönd kallar sig trúlaust. (Matt. 24:12) Hvers vegna? Sumir eru uppteknir af áhyggjum sínum eða af því að njóta lífsins. (Lúk. 8:14) Sumir trúa ekki að Guð sé til. Aðrir trúa á Guð en finnst trúarbrögð gamaldags og óþörf og telja guðstrú stangast á við vísindi og rökhyggju. Þeir heyra vini, kennara og fjölmíðlafólk halda því fram að lífið hafi þróast en heyra sjaldan nein rök fyrir því að trúa á Guð. Sumir hafa andúð á prestum sem sækjast eftir fé og völdum. Og sums staðar hafa stjórnvöld sett skorður við trúarlegri starfsemi. *w19.07* 20 gr. 1–2

## Mánudagur 11. janúar

*„Verið þess vegna staðföst og óhagganleg, og verið alltaf önnum kafin í verki Drottins því að þið vitið að erfiði ykkar fyrir Drottin er ekki til einskis.“* – 1. Kor. 15:58.

Við þurfum ekki að vera líkamlega sterk til að styrkja okkar andlega mann. Margir þeirra sem eru orðnir veikburða eru enn harðákveðnir í að halda áfram að gefa Jehóva sitt besta. (2. Kor. 4:16) Ef til vill hefurðu þjónað Jehóva árum saman en nú aftrar heilsan þér frá því

að gera eins mikið og áður. Misstu þá ekki móðinn. Þú mátt vera viss um að Jehóva kann að meta trúfasta þjónustu þína á liðnum árum. (Hebr. 6:10) Og mundu að trúfesti okkar og kærleikur til Jehóva er ekki metinn eftir því hve mikið við gerum fyrir hann. Við sýnum hve heitt við elskum Jehóva með því að vera jákvæð og gera allt sem við getum. (Kól. 3:23) Hann skilur takmörk okkar og ætlast ekki til að við gerum meira en við getum. – Mark. 12:43, 44. *w19.08* 3 gr. 6; 5 gr. 11–12

## Þriðjudagur 12. janúar

*Látið ljós ykkar lýsa meðal manna svo að þeir sjái góð verk ykkar.*  
– Matt. 5:16.

Jehóva notar „góð verk“ þjóna sinna til að laða fólk að sér. (Matt. 5:14, 15; 1. Pét. 2:12) Ef maki þinn er ekki vottur Jehóva, hefur hann þá hitt einhverja í söfnuðinum? Þjóddu honum með á samkomu. (1. Kor. 14:24, 25) Við vonum að allir ættingjar okkar eigi eftir að þjóna Jehóva með okkur. En sama hvað við reynum til að hjálpa þeim er ekki víst að þeir taki við sannleikanum. Ef svo er ættum við ekki að kenna sjálfum okkur um ákvörðun þeirra enda getum við ekki neytt neinn til að verða vottur. En vanmettu ekki áhrifin sem þú getur haft á ættingja þína þegar þeir sjá hve mikla gleði það veitir þér að þjóna Jehóva. Biddu fyrir þeim. Talðu við þá af kurteisi og virðingu. Og gefstu ekki upp. (Post. 20:20) Treystu því að Jehóva blessi það sem þú leggur á þig. Og mundu að ef ættingjarnir ákveða að hlusta á þig munu þeir bjargast. *w19.08* 18–19 gr. 15–17

### Miðvikudagur 13. janúar

*„Augað er lampi líkamans. Ef augað sér skýrt verður allur líkami þinn bjartur.“ – Matt. 6:22.*

Hvað átti Jesús við? Við þurfum að lifa einföldu lífi, einbeita okkur að einu markmiði og missa aldrei sjónar á því. Jesús setti okkur for-dæmi með því að einbeita sér fyrst og fremst að þjónustunni. Hann kenndi líka lærisveinum sínum að einbeita sér að því að þjóna Jehóva og setja ríki hans í fyrsta sæti. Við líkjum eftir Jesú með því að gera þjónustuna að þungamiðju lífsins. Þannig einbeitum við okkur „fyrst og fremst að ríki Guðs og réttlæti“. (Matt. 6:33) Við getum einbeitt okkur að þjónustunni við Jehóva með því að einfalda lífið svo að við getum notað meiri tíma í að hjálpa öðrum að kynnast honum og læra að elska hann. Getum við til dæmis breytt vinnutímanum þannig að við höfum meiri tíma til að boða trúna á virkum dögum? Gætum við dregið úr afþreyingu sem tekur mikið af tíma okkar? *w19.04* 5–6 gr. 12–13

### Fimmtudagur 14. janúar

*„Ég bý á háum og helgum stað en einnig hjá iðrunarfullum og þjökudum í anda.“ – Jes. 57:15.*

Undanfarin ár hafa margir með áratugareynslu þurft að segja skilið við verkefni sín. Það var erfitt fyrir þessa bræður og systur að gera slíkar breytingar. Þeim þótti augljóslega vænt um verkefni sitt sem þau höfðu kannski sinnt í mörg ár. Sumir fóru í gegnum visst sorgarferli í kjölfar breytinganna. En með tímanum tókst þeim að aðlagast nýjum aðstæðum. Hvers vegna? Aðallega vegna þess að þau elskuðu

Jehóva. Þau vissu að þau voru helguð Guði – ekki vinnu, titli eða verkefni. (Kól. 3:23) Það gleður þau að þjóna Jehóva auðmjúklega við hvaða verkefni sem er. Þau varpa öllum áhyggjum sínum á hann því að þau vita að hann ber umhyggju fyrir þeim. (1. Pét. 5:6, 7) Það er bæði okkur og öðrum til góðs að þroska með okkur þennan dýrmæta eiginleika, auðmýkt. Þá eigum við auðveldara með að takast á við erfiðleika lífsins. Umfram allt verðum við nánari himneskum föður okkar. *w19.09* 6–7 gr. 15–17

### Föstudagur 15. janúar

*Fyrirmæli Drottins eru rétt, gleðja hjartað, að halda þau veitir ríku-  
leg laun. – Sálm. 19:9, 12.*

Jehóva fól Davíð ekki aðeins að vera höfuð fjölskyldu sinnar heldur Ísraelsþjóðarinnar allrar. Davíð hafði mikið vald sem konungur. Stundum misbeitti hann valdi sínu og gerði alvarleg mistök. (2. Sam. 11:14, 15) En hann sýndi Jehóva undirgefni með því að taka við aga. Hann úthellti hjarta sínu í bæn til Jehóva. Og hann gerði sitt besta til að hlýða leiðsögn hans. (Sálm. 51:3–6) Auk þess sýndi hann mikla auðmýkt og fór eftir góðum ráðum – ekki aðeins frá körlum heldur einnig konum. (1. Sam. 19:11, 12; 25:32, 33) Davíð lærði af mistökum sínum og lét þjónustuna við Jehóva vera í fyrsta sæti. Hann vissi að það væri gagnlegt að vera Jehóva undirfinn. Nú á dögum sjáum við greinilegan mun á þeim sem lúta Jehóva og þeim sem hafna kærleiks-ríkri leiðsögn hans. Þeir sem lúta Jehóva „hrópa af glöðu hjarta“. – Jes. 65:13, 14. *w19.09* 17 gr. 15; 19 gr. 21

## Laugardagur 16. janúar

*Ég sá mikinn múg standa frammi fyrir hásetinu og lambinu.*

– *Opinb. 7:9.*

Árið 1935 gerðu Vottar Jehóva sér ljóst að múgurinn mikli þyrfti ekki að vera bókstaflega á himni til að geta staðið „frammi fyrir hásetinu og lambinu“. Hann stendur þar í táknrænum skilningi. Þótt hann sé staðsettur á jörðinni getur hann staðið „frammi fyrir hásetinu“ með því að viðurkenna vald Jehóva og hlýða honum. (Jes. 66:1) Múgurinn stendur „frammi fyrir lambinu“ með því að iðka trú á lausnarfórn Jesú. Á svipaðan hátt segir í Matteusí 25:31, 32 að „allar þjóðir“ – þar á meðal vont fólk – „safnist frammi fyrir“ dýrðarháseti Jesú. Allar þessar þjóðir eru augljóslega á jörðinni en ekki á himni. Það er rökrétt. Og það útskýrir hvers vegna Biblían segir ekki að múgurinn mikli fari til himna. Aðeins einn hópur hefur fengið loforð um eilíft líf á himni – hinar 144.000 sem munu „ríkja sem konungar yfir jörðinni“ með Jesú. – *Opinb. 5:10. w19.09 28 gr. 9*

## Sunnudagur 17. janúar

*„Elskið Drottin, allir þér hans trúuðu.“ – Sálm. 31:24.*

Jehóva ætlast til að tilbiðjendur sínir segi skilið við Babelón hina miklu. En það er ekki nóg að slíta tengslin við falstrúarbrögð. Við verðum að vera staðráðin í að styðja sanna trú – hreina tilbeiðslu á Jehóva. Skoðum á hvaða tvo vegu við getum gert það. Í fyrsta lagi verðum við að halda okkur staðfastlega við réttlátar siðferðisreglur Jehóva. Við megum ekki samþykkja siðleysi heimsins. Við samþykkjum til dæm-

is ekki kynferðislegt siðleysi í nokkurri mynd, þar á meðal lífurni samkynhneigðra og hjónaband þeirra. (Matt. 19:4, 5; Róm. 1:26, 27) Í öðru lagi verðum við að halda áfram að tilbiðja Jehóva með trússystemum okkar. Við gerum það hvenær sem við getum hvort heldur í ríkissölum okkar, eða í heimahúsum eða í leyni ef nauðsynlegt er. Hvað sem gerist verðum við að halda þeirri venju að koma saman til að tilbiðja Jehóva. Við þurfum að sækja samkomur og það „því meir sem við sjáum að dagurinn nálgast“. – Hebr. 10:24, 25. *w19.10 16 gr. 6-7*

## Mánudagur 18. janúar

*Jehóva er Guð sem krefst óskiptrar hollustu.*

– *2. Mós. 34:14, NW.*

Jehóva vill að við njótum lífsins og afþreying getur hjálpað okkur til þess. Hann segir í orði sínu: „Ekkert hugnast mönnum betur en að matast og drekka og láta sál sína njóta fagnaðar af striti sínu.“ (Préd. 2:24) En margt af afþreyingarefni heimsins getur haft skadleg áhrif á okkur. Það spillir siðferði fólks og fær það til að umbera – eða jafnvel elska – það sem orð Guðs fordæmir. Við viljum sýna Jehóva óskipta hollustu og getum því ekki borðað bæði af „borði Jehóva“ og „borði illra anda“. (1. Kor. 10:21, 22) Að borða með einhverjum er gjarnan merki um vináttu. Ef við veljum okkur afþreyingu sem ýtir undir ofbeldi, dulspeki, siðleysi eða aðrar holdlegar langanir og viðhorf má segja að við séum að borða mat með óvinum Guðs sem þeir hafa útbúið. Það gerir ekki aðeins okkur sjálfum illt heldur skaðar líka vináttu okkar við Jehóva. *w19.10 26 gr. 2; 29-30 gr. 11-12*

## **Þriðjudagur 19. janúar**

*Menn töluðu það sem kom frá Guði, knúnir af heilögum anda.*

– 2. Pét. 1:21.

Sjómaður þarf að gera tvennt til að hafa gagn af vindinum. Í fyrsta lagi þarf hann að koma skipinu þangað sem vindurinn blæs. Skipið kemst ekki áfram ef það liggur við höfn fjarri vindinum sem getur fyllt seglin. Í öðru lagi þarf sjómaðurinn að vinda upp seglin eins mikið og kostur er. Þótt vindurinn blási berst skipið áfram aðeins ef hann fyllir seglin. Á svipaðan hátt getum við aðeins haldið út í þjónustu Jehóva með hjálp heilags anda. Til að fá þá hjálp þurfum við að gera tvennt. Í fyrsta lagi þurfum við að vera þar sem andinn er með því að gera það sem hann hvetur til svo að hann geti haft áhrif á okkur. Í öðru lagi þurfum við að gera það eins vel og við getum. Þannig „vindum við upp seglin“ eins mikið og kostur er. (Sálm. 119:32) Heilagur andi knýr okkur þá áfram í gegnum ólgusjó lífsins og hjálpar okkur að vera trúföst. *w19.11* 9 gr. 8; 10 gr. 11

## **Miðvikudagur 20. janúar**

*„Ég gef ykkur minn frið.“*

– Jóh. 14:27.

Jesús hafði miklar áhyggjur síðasta daginn sem hann var maður á jörð. Lögleysingar áttu eftir að taka hann af lífi á grimmligan hátt. En það var ekki aðeins dauði hans sem olli honum hugarangri. Hann elskaði föður sinn innilega og vildi þóknast honum. Jesús vissi að hann myndi eiga þátt í að hreinsa nafn Jehóva ef hann yrði trúfastur í þeirri miklu prófraun sem beið hans. Auk þess elskaði hann okkur mennina og vissi að

von okkar um eilíft líf væri undir því komin að hann yrði trúr allt til dauða. Jesús hafði hugarfrið þó að hann væri undir miklu álagi. Hann hafði ‚frið Guðs‘, þann frið og ró sem hlýst af því að eiga náð samband við Jehóva. Þessi friður sefaði huga hans og hjarta. (Fil. 4:6, 7) Ekkert okkar verður nokkurn tíma reynt á sama hátt og Jesús. En allir fylgjendur hans verða þó fyrir prófraunum. (Matt. 16:24, 25; Jóh. 15:20) Og stundum verðum við áhyggjufull rétt eins og hann. *w19.04* 8 gr. 1–3

## **Fimmtudagur 21. janúar**

*„Slökkvið ekki eld andans.“*

– 1. Þess. 5:19.

Það er gott að spyrja sig: Er ég þakklátur fyrir að tilheyra jarðneskum hluta safnaðar Jehóva? Jehóva hefur gefið okkur sannanir fyrir því að hann blessi söfnuð sinn nú á dögum. Við höfum sannarlega góða ástæðu til að vera þakklát. (1. Þess. 5:18) Hvernig getum við sýnt að við styðjum söfnuð Jehóva? Með því að fylgja leiðbeiningum byggðum á Biblíunni sem við fáum í ritum okkar, á samkomum og á mótum. Við getum auk þess sýnt stuðning okkar með því að taka eins mikinn þátt og við getum í að boða trúna og kenna. (1. Kor. 15:58) Við viljum öðlast velpóknun Jehóva til að hann taki við förnun okkar. Við þjónum Jehóva vegna þess að við erum honum þakklát. Við höldum áfram að gefa Jehóva það besta vegna þess að við elskum hann af öllu hjarta. Og við styðjum heilshugar söfnuðinn sem hann blessar nú á dögum. Með því að gera þetta sýnum við Jehóva að við kunnum að meta þann heiður að fá að þjóna honum sem vottar hans. *w19.11* 25 gr. 17–18

## Föstudagur 22. janúar

*Hver sem trúir á mig mun  
vinna enn meiri verk.  
- Jóh. 14:12.*

Jesús átti ekki við að fylgjendur hans myndu gera kraftaverk eins og hann. Öllu heldur myndu þeir boða trúna í fleiri löndum og ná til fleira fólks en hann og starf þeirra myndi spanna lengra tímabil. Ef þú ert í vinnu skaltu spyrja þig eftirfarandi spurninga: Er ég þekktur á vinnustað mínum fyrir dugnað? Klára ég vinnuna á réttum tíma og geri ég eins vel og ég get? Ef þú getur svarað þessu játandi ávinnurðu þér líklega traust vinnuveitandans. Og fólk á vinnustaðnum þínum hlustar ef til vill frekar á fagnaðarboðskapinn. Spyrðu þig líka varðandi boðun þína og kennslu: Er ég þekktur fyrir að leggja mig fram í boðuninni? Undirbý ég mig vel fyrir boðunina? Fer ég fljótlega aftur til þeirra sem sýna áhuga? Og tek ég reglulega þátt í ýmsum þáttum boðunarinnar? Ef þú svarar játandi muntu hafa ánægju af boðuninni. *w19.12* 5 gr. 14-15

## Laugardagur 23. janúar

*Hver og einn á að elska eiginkonu sína eins og sjálfan sig en konan beri djúpa virðingu fyrir manni sínum. - Ef. 5:33.*

Hjón sem ákveða að eignast börn ættu að ræða tvær mikilvægar spurningar. Í fyrsta lagi: Hvenær vilja þau eignast barn? Í öðru lagi: Hversu mörg börn vilja þau eignast? Hvenær er besti tíminn til að ræða málið? Og hvers vegna er mikilvægt að ræða þessar tvær spurningar? Í flestum tilfellum er best að þar ræði áður en það gengur í hjónaband

hvort það vilji eignast börn. Hvers vegna? Ein ástæðan er sú að það er mikilvægt að vera samhuga í svona máli. Það þarf líka að meta hvort það sé tilbúið að axla slíka ábyrgð. Sum hjón hafa ákveðið að biða í eitt eða tvö ár áður en þau eignast barn vegna þess að það fer mikill tími og orka í að vera foreldrar. Þau hafa gert það til að fá tíma til að venjast að vera í hjónabandi og fá tækifæri til að kynna hvort öðru vel. *w19.12* 23 gr. 4-5

## Sunnudagur 24. janúar

*Vinur í andstreymi reynist sem  
bróðir. - Orðskv. 17:17.*

Margir þjónar Jehóva um heim allan eiga við erfiðleika að glíma sem valda þeim kvíða og sársauka. Sumir eru að berjast við alvarleg veikindi eða hafa misst ástvin. Aðrir hafa horft upp á náinn vin eða einhvern í fjölskyldunni yfirgefa söfnuðinn og eru að glíma við sársaukann sem fylgir því. Og sumir eru að takast á við eftirköst náttúruhamfara. Öll þessi trússystem okkar þurfa á hughreystingu að halda. Hvernig getum við aðstoðað þau? Vertu tryggur vinur. Tryggir vinir færa fórnir til að geta stutt trússystemin sín. Bróðir að nafni Peter greindist með ágengan og banvænan sjúkdóm. Kathryn eiginkona hans segir: „Hjón í söfnuðinum fóru með okkur í viðtalið þar sem við fengum að vita hvað amaði að Peter. Þau ákváðu að láta okkur ekki ganga þessa þrautargöngu ein og þau hafa alltaf verið til taks þegar við höfum þurft á að halda.“ Það er ákaflega hughreystandi að eiga sanna vini sem geta hjálpað okkur að halda út í raunum okkar. *w20.01* 8 gr. 1; 9 gr. 5; 10 gr. 6



## Mánudagur 25. janúar

*„Þeir fylltust allir heilögum anda og fóru að tala á öðrum tungumálum.“ – Post. 2:4.*

Ef þú hefur verið einn af lærisveinum á efri hæð hússins á hvítasunnudeginum árið 33 hefðirðu ekki verið í neinum vafa um að þú værir smurður heilögum anda. (Post. 2:5–12) En fá allir þeir sem eru andasmurðir köllun sína með stórbrotnum hætti og á sama tíma í lífinu? Nei. Skoðum tímasetninguna. Þessir lærisveinar Krists, sem voru um 120 talsins, voru ekki þeir einu sem fengu heilagan anda þann dag. Síðar sama dag voru um 3.000 aðrir smurðir heilögum anda þegar þeir létu skírast. (Post. 2:37, 38, 41) En á árunum á eftir fengu ekki allir andasmurðir kristnir menn köllun sína við skírn. Samverjar voru andasmurðir einhvern tíma eftir að þeir skíróust. (Post. 8:14–17) Og það var vissulega óvenjulegt að Kornelíus og heimafolk hans voru andasmurð áður en þau létu skírast. – Post. 10:44–48. *w20.01* 20–21 gr. 2–4

## Þriðjudagur 26. janúar

*„Ég hef kunnbert þeim nafn þitt.“ – Jóh. 17:26.*

Jesús kallar Jehóva föður 165 sinnum í guðspjöllunum fjórum. Hvers vegna talaði Jesús svona mikið um Jehóva? Ein ástæðan var sú að hann vildi sannfæra fólk um að Jehóva væri kærleiksríkur faðir. (Jóh. 17:25) Hugleiddum hvað við getum lært um Jehóva af því hvernig hann kom fram við Jesú son sinn. Jehóva hlustaði alltaf á bænir Jesú. En hann hlustaði ekki bara á þær heldur svaraði þeim líka. (Jóh. 11:41, 42) Jesús fann fyrir kærleika og stuðningi föður síns í öllum próf-

raunum sem hann gekk í gegnum. (Lúk. 22:42, 43) Jehóva er kærleiksríkur faðir og sá því til þess að Jesús vissi að hann hefði stuðning hans. (Matt. 26:53; Jóh. 8:16) Þó að Jehóva hafi ekki verndað Jesú fyrir öllum skaða hjálpaði hann honum að standast prófraunir. Jesús vissi að engar þjáningar sem hann mátti þola væru varanlegar. (Hebr. 12:2) Jehóva sannaði umhyggju sína fyrir Jesú með því að hlusta á hann, sjá honum fyrir nauðsynjum, þjálfa hann og styðja. – Jóh. 5:20; 8:28. *w20.02* 3 gr. 6–7, 9

## Miðvikudagur 27. janúar

*Gerið allt Guði til dýrðar. Gætið þess að verða ekki öðrum til hrösunar. – 1. Kor. 10:31, 32.*

Þegar við ákveðum hvort við ætlum að taka þátt í siðvenju eða hefð ættum við að hugsa um hvaða áhrif ákvörðun okkar getur haft á samvisku annarra, sérstaklega trússystema okkar. Við myndum aldrei vilja verða einhverjum að falli. (Mark. 9:42) Við viljum ekki heldur móðga að öpörfu þá sem eru ekki vottar. Kærleikur fær okkur til að tala við þá af virðingu, en það er Jehóva til lofs. Við viljum alls ekki þræta við fólk eða gera grín að hefðum þess. Mundu að kærleikurinn býr yfir mætti. Þegar við sýnum öðrum kærleika með því að vera nærgætin og kurteis getum við jafnvel bliðkað þá sem eru á móti okkur. Láttu fólk vita að þú sért vottur Jehóva. (Jes. 43:10) Það verður líklega auðveldara fyrir þig að takast á við tilfinningaþrungnar aðstæður ef ættingjar þínir og nágrennar vita að þú tilbiður Jehóva Guð. Við skulum aldrei skammast okkar fyrir að verja sannleikann. – Róm. 1:16. *w19.04* 17–18 gr. 14–16

## Fimmtudagur 28. janúar

*„Ég er sístur postulanna og er ekki þess verður að kallast postuli.“*

– 1. Kor. 15:9.

Postularnir 12 fylgdu Jesú meðan hann starfaði hér á jörð en Páll postuli varð ekki kristinn fyrr en eftir að Jesús dó og var reistur upp. Þó að hann hafi síðar meir verið skipaður „postuli meðal þjóðanna“ var hann aldrei talinn með postulunum 12. (Róm. 11:13; Post. 1:21–26) En Páll var ánægður með hlutskipti sitt og öfundaði aldrei þessa 12 menn fyrir stöðu þeirra eða fyrir að hafa átt nán samskipti við Jesú. Ef við erum auðmjúk og sáttt við hlutskipti okkar líkjum við eftir Páli og virðum þá sem Jehóva hefur falið ákveðið vald. (Post. 21:20–26) Jehóva hefur séð til þess að menn séu útnefndir til að taka forystuna í söfnuðinum. Hann lítur á þessa menn sem „gjöf“ þrátt fyrir ófullkomleika þeirra. (Ef. 4:8, 11) Þegar við virðum þessa útnefndu menn og fylgjum auðmjúk leiðbeiningum þeirra höldum við okkur nálægt Jehóva og eigum frið við trússystem okkar. *w20.02* 17 gr. 13–14

## Föstudagur 29. janúar

*„Við elskum því að hann elskaði okkur að fyrri bragði.“*

– 1. Jóh. 4:19.

Kannski barstu djúpa virðingu fyrir Biblíunni áður en þú fórst að kynna þér hana með aðstoð votta Jehóva. Og kannski elskaðir þú Jesú þá þegar. Núna hefurðu kynnst vottum Jehóva og hefur líklega ánægju af að verja tíma með þeim. En það er ekki þar með sagt að þig langi til að vígja þig Jehóva

og láta skírast. Kærleikur til Jehóva Guðs er helsta hvötin til að láta skírast. Ef þú elskar Jehóva fram- ar öllu læturðu ekkert koma í veg fyrir að þú þjónir honum. Kærleikur til Jehóva fær þig bæði til að láta skírast og að halda áfram að vera honum trúr eftir skírninga. Jesús sagði að við ættum að elska Jehóva af öllu hjarta, sál, huga og mætti. (Mark. 12:30) Hvernig geturðu lært að elska og virða Jehóva svo mikið? Þegar við hugsum um hve heitt Jehóva elskar okkur förum við að elska hann á móti. *w20.03* 4 gr. 4–5

## Laugardagur 30. janúar

*Þú skalt gera þjónustu þinni góð skil. – 2. Tím. 4:5.*

Hvað merkir það að gera þjónustunni góð skil? Til að gera þjónustu okkar góð skil verðum við að taka eins mikinn þátt í boðunar- og kennslustarfinu og við getum. En það er ekki aðeins tíminn sem skiptir máli. Hvatir okkar skipta Jehóva miklu máli. Við þjónum honum af öllum huga vegna þess að við elskum bæði hann og náungann. (Mark. 12:30, 31; Kól. 3:23) Að þjóna Guði af öllum huga merkir að gefa af sjálfum sér – að nota krafta sína sem best í þjónustunni. Ef við erum þakklát fyrir þann heiður að mega taka þátt í boðuninni reynum við að segja eins mörgum og við getum frá fagnaðareringinu. Þú hefur kannski takmarkaðan tíma til að sinna boðuninni þótt þú hafir yndi af henni. Þú reynir þitt besta til verða færari í að boða fagnaðareringið þannig að það snerti hjörtu fólks. Þú setur boðunina í fyrsta sæti. *w19.04* 2 gr. 3; 3 gr. 4, 6

## Sunnudagur 31. janúar

*„Sannleikurinn býr ekki í honum.“*

– Jóh. 8:44.

Lygar Satans auka á sorg og þjáningar manna. Foreldrum sem syrgja barn sitt er stundum sagt að Guð hafi tekið barnið til að gera það að engli á himnum. Línar þessi lygi Satans sársaukann eða gerir hann meiri? Falskenningin um helvíti hefur verið notuð til að réttlæta pyntingar, svo sem að brenna á báli þá sem andmæltu kenningum kirkjunnar. Í bók um spænska rannsóknarréttinn kemur fram að sumir þeirra sem stóðu á bak við þessa grimmd hafi talið að þeir væru einungis að láta trúvillinga „finna fyrir því hvernig það væri að brenna að eilífu í vítiseldi“. Þetta gerðu þeir til að trúvillingarnir myndu iðrast áður en þeir dæju og bjargast frá því að brenna í helvíti. Í mörgum löndum finnst fólki það þurfa að tilbiðja látna forfeður sína til að heiðra þá eða hljóta blessun þeirra. Aðrir vilja friða forfeður sína til að forðast refsingu þeirra. Trú sem byggist á lygum Satans veitir fólki ekki sanna huggun. Hún lætur fólk öllu heldur finna til óþarfa kvíða eða hræðslu. *w19.04* 14 gr. 1; 16 gr. 10

## Mánudagur 1. febrúar

*Jehóva hefur mætur á réttlæti og rétti. – Sál. 33:5.*

Orðið „réttlæti“ eins og það er notað í Biblíunni merkir að gera af óhlutdrægni það sem Guð telur rétt. Við skulum hugleiða hvernig réttlætiskennnd Jesú kom fram í því sem hann gerði. Á hans dögum hötuðu trúarleiðtogar Gyðinga þá sem voru ekki Gyðingar, fyrirlitu almenning og lítilsvirtu konur. En Jesús fór ekki í manngreinaralit og var sann-

gjarn við alla. Hann tók á móti þeim sem komu til hans í trú þó að þeir væru ekki Gyðingar. (Matt. 8:5–10, 13) Hann boðaði öllum fagnaðararindið án fordóma, jafnt rikum sem fátækum. (Matt. 11:5; Lúk. 19:2, 9) Hann var aldrei hranalegur eða móðgandi í samskiptum sínum við konur. Hann var öllu heldur kurt-eis og vingjarnlegur, þar á meðal við þær sem aðrir litu niður á. (Lúk. 7:37–39, 44–50) Við líkjum eftir Jesú með því að fara ekki í manngreinaralit og boða trúna öllum sem vilja hlusta, óháð efnahag þeirra eða trú. Bræður fylgja fordæmi hans með því að koma fram við konur af virðingu. *w19.05* 2 gr. 1; 5 gr. 15–17

## Þriðjudagur 2. febrúar

*„Við vorum hins vegar mildir á meðal ykkar eins og móðir sem annast brjóstabarn sitt af alúð.“*  
– 1. Þess. 2:7.

Trúir öldungar nú á dögum geta á sama hátt talað mildilega og hlýlega þegar þeir hughreysta niurdregna með hjálp Biblíunnar. Getu fleiri en öldungar hughreyst fórnarlömb kynferðisofbeldis? Já, við berum öll ábyrgð á að „hughreysta hvert annað“. (1. Þess. 4:18) Þroskaðar systur í söfnuðinum geta verið systur sem þurfa hughreystingu til mikillar hjálpar. Það er vel við hæfi að Jehóva líkir sér við móður sem huggar barn sitt. (Jes. 66:13) Í Biblíunni eru nefnd dæmi um konur sem hugguðu þá sem þjáðust. (Job. 42:11) Það gleður Jehóva mjög að sjá systur nú á dögum hughreysta trúsystur sínar sem eiga erfitt. Stundum geta öldungarnir beðið þroskaða systur einslega að aðstoða trúsystur í neyð á þennan hátt. Við gætum þess auðvitað að hnýsast ekki í mál sem bróðir okkar eða systir vill ekki tala um. – 1. Þess. 4:11. *w19.05* 16–17 gr. 10–12

### Miðvikudagur 3. febrúar

*„Allt sé staðfest með framburði tveggja eða þriggja vitna.“*

– Matt. 18:16.

Hvers vegna er nauðsynlegt að hafa í það minnsta tvö vitni áður en öldungarnir skipa dómnefnd? Þessi krafa er hluti af háleitu réttlætismælikvarða Biblíunnar. Þegar einhver er ásakaður um synd sem hann neitar að hafa drýgt þurfa tvö vitni að staðfesta ásökunina áður en öldungarnir skipa dómnefnd. (5. Mós. 19:15; 1. Tím. 5:19) Ef sá sem er ásakaður neitar sök vinna öldungarnir úr því sem vitnin segja. Skipuð er dómnefnd ef tvö vitni staðfesta ásökunina – sá sem bar fram ásökunina og einhver annar sem getur staðfest verknaðinn. Þótt það vanti annað vitni þýðir það ekki að sá sem ber fram ásökunina sé ósannsögull. Þó að það séu ekki tvö vitni til að staðfesta að einstaklingur hafi beitt barn kynferðisofbeldi gera öldungarnir sér grein fyrir að hann gæti hafa gert eitthvað mjög slæmt. Öldungarnir halda áfram að veita þeim sem hafa verið særðir stuðning og huggun. Auk þess fylgjast þeir vel með til að vernda söfnuðinn fyrir mögulegum hættum. – Post. 20:28. *w19.05* 11 gr. 15–16

### Fimmtudagur 4. febrúar

*Hugleiddu þetta vel svo að framför þín sé öllum augljós.* – 1. Tím. 4:15.

Það er mikilvægt að kenna börnunum góðar námsvenjur og námsaðferðir. Þau þurfa til dæmis að læra að undirbúa sig fyrir samkomurnar og afla sér upplýsinga um spurningu eða vandamál sem hefur komið upp í skólanum. (Hebr. 5:14) Ef þau nota tíma heima til að kynna sér hvað Biblían segir um hin og þessi mál eiga þau auðveldara með að einbeita

sér að dagskrárliðum á samkomum og mótum. Lengd námsstundar fer að sjálfsögdðu eftir aldri og skapgerð barnanna. Biblíunemendur okkar þurfa líka að læra góðar námsvenjur og -aðferðir. Þegar þeir eru nýbyrjaðir í náminu erum við ánægð með að sjá þá búa sig undir biblíunámsstundina eða samkomurnar með því að strika bara undir svörin. En við þurfum að kenna þeim að leita sér sjálf upplýsinga og stunda sjálfsnám sem er þeim til gagns. Þá kunna þeir að leita fanga í ritum okkar þegar vandamál koma upp. *w19.05* 26 gr. 2; 28 gr. 10–11

### Föstudagur 5. febrúar

*„Við brjótum niður hugsmíðar og allt sem hreykir sér gegn þekkingunni á Guði.“* – 2. Kor. 10:5.

Satan er ákveðinn í að hafa áhrif á hugsunarhátt okkar. Hann ýtir að okkur alls konar hugmyndum til að spilla þeim góðu áhrifum sem orð Guðs hefur haft á okkur. Satan heldur áfram að spyrja sömu spurningar og hann spurði Evu í Edengarðinum: „Er það satt að Guð hafi sagt ...?“ (1. Mós. 3:1) Í heimi Satans heyrum við oft spurningar sem geta vakði efasemdir hjá okkur, til dæmis: Er það satt að Guð viðurkenni ekki hjónabönd fólks af sama kyni? Er það satt að Guð banni þér að halda upp á jól og afmæli? Er það satt að Guð vilji ekki að þú þiggir blóðgjöf? Er það satt að Guð banni þér að hafa samskipti við ættingja og vini sem hefur verið vikið úr söfnuðinum? Við verðum að vera sannfærð um að það sem við trúum sé satt og rétt. Ef við finnum ekki svör við mikilvægum spurningum um trú okkar getum við farið að efast. Þessar efasemdir geta að lokum brenglað hugsun okkar með þeim afleiðingum að við missum trúna. *w19.06* 12–13 gr. 15–17

## Laugardagur 6. febrúar

*„Verið öll samhuga, sýnið samkennd, bróðurást, innilega umhyggju og auðmýkt.“ – 1. Pét. 3:8.*

Jehóva elskar okkur heitt. (Jóh. 3:16) Við viljum líkja eftir ástríku um föður okkar og leggjum okkur því fram um að sýna öllum samkennd, bróðurást og innilega umhyggju, þá sérstaklega trússystem okkar. (Gal. 6:10) Við viljum styðja við bakið á trússystem okkar þegar þau glíma við álag og erfiðleika. Hvernig getum við hughreyst þann sem hefur misst maka sinn? Til að byrja með er mikilvægt að þú talir við hann, jafnvel þó að þér finnist það vandræðalegt og vitir ekki hvað þú eigir að segja. Paula sem missti manninn sinn skyndilega segir: „Ég veit að fólk er oft vandræðalegt í kringum dauðann og óttast að segja eitthvað sem stuðar. En það er verra að fólk segi ekki neitt en að það segi eitthvað vandræðalegt.“ Sá sem syrgir reiknar líklega ekki með því að maður segi eitthvað mjög djúphugsað. Paula segir: „Ég kunnist að meta það þegar vinirnir sögðu einfaldlega: „Ég samhryggist þér.““  
*w19.06 20 gr. 1; 23 gr. 14*

## Sunnudagur 7. febrúar

*„Jehóva, gefðu gaum að hótunum þeirra og veittu þjónum þínum kjark til að halda áfram að tala orð þitt óttalaust.“ – Post. 4:29.*

Ef starf okkar verður bannað gera öldungarnir ráðstafanir svo að við getum sótt samkomur án þess að það dragi óæskilega athygli að okkur. Þeir gætu ákveðið að láta okkur hittast í minni hópum og kannski breyta stað og stund samkomunnar oft. Hvað varðar boðunina eru aðstæður mismunandi frá einum stað

til annars. En við elskum Jehóva og njótum þess að segja öðrum frá ríki hans. Við finnum því einhverja leið til að boða trúna. (Lúk. 8:1) Sagnfræðingurinn Emily B. Baran sagði um votta Jehóva í Sovétríkjunum: „Þegar ríkið sagði vottum Jehóva að þeir mættu ekki boða öðrum trú sína hófa þeir samræður við nágranna sína, samstarfsfélaga og vini. Þegar þeir lentu í vinnubúðum vegna þessa töluðu þeir við samfanga sína.“ Trússystem okkar þar hættu ekki að boða trúna þó að starfsemi okkar væri bönnuð. Leggðu þig fram um að gera hið sama. *w19.07 11 gr. 12–13*

## Mánudagur 8. febrúar

*„Gerid fólk af öllum þjóðum að lærisveinum.“ – Matt. 28:19.*

Hvernig getum við kennt fólki sem telur sig vera trúlaust að elska Guð og verða lærisveinar Krists? Við þurfum að átta okkur á að viðbrögð fólks við boðskapnum geta verið breytileg eftir því hvar það ólst upp. Til dæmis má búast við að fólk af evrópskum uppruna bregðist öðruvísi við en fólk af Asískum uppruna. Af hverju? Í Evrópu þekkja margir eitthvað til Biblíunnar og eru kunnugir þeirri hugmynd að Guð hafi skapað alla hluti. En í Asíu vita flestir lítið eða ekkert um Biblíuna og hugmyndin um skapara getur verið þeim framandi. Vertu því jákvæður. Á hverju ári bætist fólk við söfnuðinn sem taldi sig trúlaust áður. Margir þeirra aðhylltust þá þegar gott siðferði og höfðu andstyggð á trúarhræsní. Aðrir kærðu sig kollótta um gott siðferði og sumir þeirra þurftu að losa sig við slæma ávana. Við getum treyst að með hjálp Jehóva finnum við þá sem hafa rétta hugarfarid til að hljóta eilíft líf. – Post. 13:48; 1. Tím. 2:3, 4. *w19.07 20–21 gr. 3–4*

## **Þriðjudagur 9. febrúar**

*„Við gefumst ekki upp.“*

– 2. Kor. 4:16.

Hvort sem við vonumst til að lifa að eilífu á himni eða í paradís á jörð verðum við stöðugt að keppa að því marki. Óháð því hverjar aðstæður okkar eru megum við hvorki líta til baka né leyfa nokkru að koma í veg fyrir að við þjónum Jehóva. (Fil. 3:16) Kannski höfum við beðið lengi eftir að sjá loforð Jehóva rætast eða höfum ekki eins mikinn þrótt og áður. Ef til vill höfum við þurft að þola erfiðleika eða ofsóknir í mörg ár. Hverjar sem aðstæður okkar eru skulum við „ekki vera áhyggjufull út af neinu“. Segjum heldur Guði frá öllu sem okkur liggur á hjarta. Þá veitir hann okkur frið sem er meiri en við getum ímyndað okkur. (Fil. 4:6, 7) Rétt eins og hlaupari gefur ekkert eftir á lokasprenntinum megum við ekki láta neitt verða til þess að við missum sjónar á markmiði okkar, að klára kapphlaupið um lífið. Gerum allt sem við getum eftir því sem kraftar okkar og aðstæður leyfa og keppum eftir þeirri dásamlegu framtíð sem biður okkar. *w19.08 7 gr. 16-17*

## **Miðvikudagur 10. febrúar**

*„Grátið með þeim sem gráta.“*

– Róm. 12:15.

Það getur verið erfitt að vita hvað við eigum að segja við þá sem eru bugaðir af sorg. Stundum er nóg að við grátum með þeim. Þegar Lasarus vinur Jesú lést grétu María, Marta og fleiri ástkæran bróður sinn og vin. Jesús grét einnig þegar hann kom fjórum dögum seinna, jafnvel þó að hann vissi að hann ætti brátt eftir að reisa Lasarus upp frá dauðum. (Jóh. 11:17, 33-35) Þegar Jesús grét endurspegladi hann tilfinningar föður síns. Það fullvissaði einnig fjölskylduna um að Jesús elskaði hana. Það hefur án efa hughreyst Maríu og Mörtu. Þeg-

ar trússystkini okkar finna fyrir kærleika okkar og umhyggju vita þau að þau standa ekki ein heldur eru umkringd umhyggjusömum vinum sem styðja þau. Stundum er mikilvægt að hlusta vel. Leyfðu vini þínum að úthella hjarta sínu og ekki móðgast þó að eitthvað sé „mælt í gáleysi“. (Job. 6:2, 3) Hann er kannski undir miklu tilfinningalegu álagi vegna þrýstings frá ættingjum sem eru ekki vottar. Biddu til Jehóva með honum. Biddu þann „sem heyrir bænir“ að veita honum styrk og hjálpa honum að hugsa skýrt. – Sálm. 65:3. *w19.04 18-19 gr. 18-19*

## **Fimmtudagur 11. febrúar**

*„Úthell hjarta þínu fyrir honum.“*

– Sálm. 62:9.

Hvort sem við störfum á Betel eða úti á svæðinu getur okkur þótt afar vænt um fólkið og staðinn þar sem við störfum. Við getum því orðið sorgmædd ef við þurfum að hætta einhverra hluta vegna. Við söknum bræðra og systra og höfum áhyggjur af þeim, ekki sist ef við þurfum að fara út af ofsóknum. (Matt. 10:23; 2. Kor. 11:28, 29) Á nýjum stað getur auk þess verið erfitt að aðlagast menningunni. Það getur jafnvel verið erfitt þó að við séum að fara aftur á heimaslóðir. Sumir sem fá nýtt verkefni eru skyndilega með útgjöld sem þeir eru ekki vanir. Þeir geta fundið fyrir óöryggi og kjarkleysi. Hvað getur hjálpað þeim? Varðveittu náði samband við Jehóva. (Jak. 4:8) Hvernig getum við það? Með því að leggja traust okkar á hann „sem heyrir bænir“. (Sálm. 65:3) Jehóva getur gert „langt umfram allt sem við biðjum um eða getum ímyndað okkur“. (Ef. 3:20) Hann sér okkur ekki aðeins fyrir því sem við biðjum um. Hann getur leyst vandamál okkar með því að gera eitthvað sem okkur hefði aldrei dottið í hug. *w19.08 21 gr. 5-6*

## Föstudagur 12. febrúar

*Þær söfnuðu þeim saman á staðinn sem kallast Harmagedón.*

– *Opinb. 16:16.*

Sumir halda að heimurinn muni farast í kjarnorkustyrjöld eða af völdum umhverfissröskunar. En Biblían kennir að bráðum verði stríð sem hefur mjög jákvæðar afleiðingar í för með sér. Þetta stríð er kallað Harmagedón og það sem Biblían segir um það er gleðiefni. (Opinb. 1:3) Harmagedónstríðið mun ekki eyða mannkyninu heldur bjarga því. Hvernig þá? Með því að binda enda á stjórnir manna. Í stríðinu verður hinum illu eytt en hinir réttlátu verða varðveittir. Harmagedón bjargar líka mannkyninu með því að koma í veg fyrir að mennirnir eyði jörðina. (Opinb. 11:18) Orðið „Harmagedón“ kemur aðeins einu sinni fyrir í Biblíunni. Það er dregið af hebresku orði sem merkir ‚Megiddó fjall‘. (Op 16:16, neðanmáls) Megiddó var borg í Ísrael til forna. (Jós. 17:11) En Harmagedón er ekki nafn á bókstaflegum stað á jörðinni. Strangt til tekið vísar það til þeirra aðstæðna þegar ‚konungar allrar heimsbyggðarinnar‘ safnast saman gegn Jehóva. – Opinb. 16:14. *w19.09 8 gr. 1-3*

## Laugardagur 13. febrúar

*„Enginn hafði getað læknað hana.“ – Lúk. 8:43.*

Konan þurfti sárlega á hjálp að halda. Hún hafði leitað til margra lækna í von um að ná bata. Eftir að hafa þjást í 12 ár hafði hún ekki enn fengið lækningu. Samkvæmt lögmálinu var hún óhrein. (3. Mós. 15:25) Hún frétti að Jesús gæti læknað veika svo að hún fór að leita hans. Þegar hún fann hann snerti hún

kögríð á yfirhöfn hans og læknaðist um leið. En Jesús læknaði hana ekki bara líkamlega – hún endurheimti líka reisin sína. Hann sýndi henni til dæmis hlýju og virðingu þegar hann ávarpaði hana: „dóttir“. Henni hefur örugglega fundist það endurnærandi. (Lúk. 8:44–48) Tökum eftir að konan fór til Jesú. Hún tók frumkvæðið. Eins þurfum við að leggja eitthvað á okkur til að koma til Jesú. Hann læknað ekki þá sem koma til hans fyrir kraftaverk eins og er en býður okkur þó: „Komið til mín ... og ég skal endurnæra ykkur.“ – Matt. 11:28. *w19.09 20 gr. 2-3*

## Sunnudagur 14. febrúar

*Ég sá mikinn múg af öllum þjóðum, ættflokkum, kynþáttum og tungum. – Opinb. 7:9.*

Sakaríá spámaður hafði áður sett fram svipaðan spádóm. Hann skrifaði: „Á þeim dögum munu tíu menn af öllum þjóðtungum grípa í kyrtilfald eins Gyðings og segja: ‚Við viljum fara með ykkur, við höfum heyrt að Guð sé með ykkur.‘“ (Sak. 8:23) Vottar Jehóva gera sér grein fyrir að boða þurfi fagnaðarboðskapinn á mörgum tungumálum til að geta safnað saman fólki af öllum þjóðum. Nú stöndum við fyrir mesta þýðingarátaki sögunnar – að þýða efni á mörg hundruð tungumál. Jehóva er augljóslega að vinna kraftaverk með því að safna saman fólki af öllum þjóðum í mikinn múg. Þar sem andleg fæða er fánæg á sífellt fleiri tungumálum getur þessi fjölþjóðlegi hópur tilbeiðið Jehóva í sameiningu. Og vottar Jehóva eru þekktir fyrir að boða trúna af kappi og bróðurkærleikann sín á milli. Er það ekki trústyrkjandi? – Matt. 24:14; Jóh. 13:35. *w19.09 30–31 gr. 16-17*

## Mánudagur 15. febrúar

*„Þá verður svo mikil þrenging að annað eins hefur ekki gerst frá upphafi heims allt til þessa og gerist aldrei aftur.“ – Matt. 24:21.*

Það verður mikið áfall fyrir fólk í þrengingunni miklu að sjá allt hrynja sem virtist svo traust og varanlegt. Fólk fyllist „angist“ því að það óttast um líf sitt á þessum myrkasta tíma mannkyns. (Sef. 1:14, 15) Lífið verður sennilega líka erfiðara fyrir þjóna Jehóva. Við gætum þurft að þola ýmsar raunir vegna þess að við erum ekki hluti af heiminum. Við gætum þurft að líða skort. „Trúi og skynsami þjónninn“ hefur verið að undirbúa okkur svo að við getum verið trúföst í þrengingunni miklu. (Matt. 24:45) Hann hefur gert það á marga vegu. Dæmi um það er dagskráin á umdæmismótunum 2016–2018. Á mótunum vorum við hvött til að styrkja þá eiginleika sem eru okkur nauðsynlegir nú þegar dagur Jehóva nálgast. *W19.10* 14 gr. 2; 16 gr. 10; 17 gr. 12

## Þriðjudagur 16. febrúar

*„Þið getið ekki borðað bæði af ‚borði Jehóva‘ og borði illra anda.“ – 1. Kor. 10:21.*

Þegar við erum búin að kyngja mat tekur við sjálfvirkt ferli og næringaræfnin í matnum samlagast líkamanum. Hollur matur getur bætt heilsu okkar en óhollur matur skaðar heilsuna. Afleiðingarnar koma kannski ekki í ljós strax, en þær gera það með tímanum. Eins getum við stjórnað því hverju við hleyfum inn í hugann þegar við veljum okkur afþreyingu. En eftir það tekur við sjálfvirkt ferli og afþreyingin hefur áhrif á huga okkar og hjarta. Góð afþrey-

ing getur gert okkur gott en óheilmæm afþreying skaðar okkur. (Jak. 1:14, 15) Afleiðingarnar af slæmri afþreyingu koma kannski ekki í ljós strax, en þær gera það með tímanum. Þess vegna fáum við þessa viðvörðun í Biblíunni: „Það sem maður sáir, það uppsker hann. Sá sem sáir eins og holdið vill uppsker glötun af holdinu.“ (Gal. 6:7, 8) Það er afar mikilvægt að við höfnum allri afþreyingu sem ýtir undir það sem Jehóva hatar. – Sálm. 97:10. *W19.10* 30 gr. 12–14

## Miðvikudagur 17. febrúar

*„Líkið því eftir Guði sem elskað börn hans og lifið í kærleika.“ – Ef. 5:1, 2.*

Jehóva sýndi og sannaði kærleika sinn til okkar með því að gefa son sinn sem lausnargjald í okkar þágu. (Jóh. 3:16) Hvernig getum við líkt eftir kærleika Jehóva? Með því að meta bræður okkar og systur mikils og taka ánægð á móti týndum sauðum sem snúa aftur til Jehóva. (Sálm. 119:176; Lúk. 15:7, 10) Við sýnum og sönnum að við elskum trússystemi okkar með því að gefa af tíma okkar og kröftum, sérstaklega þegar þau eru þurfandi. (1. Jóh. 3:17) Jesús bauð fylgjendum sínum að sýna fórnfúsan kærleika. (Jóh. 13:34, 35) Boð Jesús var nýtt vegna þess að það krafðist kærleika í annarri mynd en lögmálið sem Guð gaf Ísrael. Við eigum að elska trússystemi okkar eins og Jesús elskaði okkur. Til þess þarf fórnfúsan kærleika. Við eigum að elska bræður okkar og systur jafnvel meira en okkur sjálf. Við eigum að elska þau það mikið að við séum fús til að deyja fyrir þau, eins og Jesús gerði fyrir okkur. *W19.05* 4 gr. 11–13



## **Fimmtudagur 18. febrúar**

*„Haldið áfram að biðja og ykkur verður gefið, haldið áfram að leita og þið munuð finna, haldið áfram að banka og það verður opnað fyrir ykkur.“ – Lúk. 11:9.*

Við verðum stöðugt að biðja um heilagan anda til að fá hjálp hans. (Lúk. 11:13) Dæmisaga Jesú í Lúkasi 11:5–9 hjálpar okkur að skilja hvers vegna Jehóva gefur okkur heilagan anda. Maðurinn í dæmisögunni vildi hugsa vel um gest sinn sem kom um nótt. Hann fann sig knúinn til að gefa gestinum að borða en átti ekkert. Jesús sagði að nágrenni mannsins hafi gefið honum brauð vegna þess að hann gafst ekki upp á að biðja um það. Hver er kennslan? Fyrst ófullkominn maður er tilbúinn að hjálpa þrautseigum nágranna hlýtur okkar góði himneski faðir miklu frekar að hjálpa þeim sem stöðugt biðja hann um heilagan anda. Við getum því treyst að Jehóva verði við beiðni okkar um heilagan anda. (Sálm. 10:17; 66:19) Við getum verið viss um að við förum með sigur af hólmi þrátt fyrir linnulausar árásir Satans. *19.11* 13 gr. 17–19

## **Föstudagur 19. febrúar**

*Komið með mér á óbyggðan stað þar sem þið getið hvílt ykkur aðeins. – Mark. 6:31.*

Jesús vissi að hann og postularnir þyrftu að hvíla sig af og til. Margt fólk var hins vegar eins og ríki maðurinn í dæmisögu Jesú og hið sama er uppi á teningnum nú á dögum. Maðurinn sagði við sjálfan sig: „Taktu það rólega, borðuðu, drekktu og njóttu lífsins.“ (Lúk. 12:19; 2. Tím. 3:4) Honum fannst mestu máli skipta að slappa af og njóta lífsins.

Jesús og postularnir létu líf sitt hins vegar ekki snúast um eigin þægindi. Við reynum að líkja eftir Jesú og notum frítíma okkar ekki eingöngu til að hvílast heldur líka til að gera gott með því að boða öðrum trúna og sækja samkomur. Okkur finnst reyndar svo mikilvægt að gera fólk að lærisveinum og sækja samkomur að við leggjum okkur í líma við að sinna þessum þáttum þjónustunnar reglulega. (Hebr. 10:24, 25) Þótt við séum á ferðalagi reynum við að halda í þá venju að sækja samkomur þar sem við erum og leitum tækifæra til að ræða við þá sem við hittum. – 2. Tím. 4:2. *19.12* 7 gr. 16–17

## **Laugardagur 20. febrúar**

*Ljúkið því sem þið hófust handa við. – 2. Kor. 8:11.*

Jehóva leyfir okkur að velja okkur lífsstefnu. Hann kennir okkur að velja skynsamlega og hjálpar okkur að ná árangri þegar við tökum ákvarðanir sem eru honum að skapi. (Sálm. 119:173) Við tökum skynsamlegri ákvarðanir þegar við tileinkum okkur viskuna í orði Guðs. (Hebr. 5:14) Þó að við tökum skynsamlega ákvörðun getum við átt í basli með að klára það sem við byrjum á. Lítum á nokkur dæmi: Ungur bróðir ákveður að lesa alla Biblíuna. Honum gengur vel í nokkrar vikur en síðan hættir hann að lesa einhverra hluta vegna. Systir ákveður að gerast brautryðjandi en dregur á langinn að byrja. Öldungaráð ákveður í sameiningu að fara í fleiri hirðisheimsóknir en hefur ekki komið því í verk eftir þó nokkra mánuði. Þó að þessi dæmi séu ólík eiga þau eitt sameiginlegt. Ákvarðanir voru teknar en þeim ekki fylgt eftir. *19.11* 26 gr. 1–2

## Sunnudagur 21. febrúar

„Áform hins iðjusama færa arð.“  
– Orðskv. 21:5.

Jesús sagði að tímar okkar yrðu „eins og dagar Nóa“ og á því leikur enginn vafi að við lifum á ‚hættulegum og erfiðum tímum‘. (Matt. 24:37; 2. Tím. 3:1) Þess vegna hafa sum hjón ákveðið að fresta því að eignast börn til að geta notað meiri tíma í þjónustu Jehóva. Skynsöm hjón ‚reikna kostnaðinn‘ þegar þau ákveða hvort þau ætla að eignast börn og hversu mörg. (Lúk. 14:28, 29) Hjón sem hafa alið upp börn vita að það er kostnaðarsamt. Það kostar líka tíma og orku. Það er því mikilvægt að hjón hugleiði spurningar eins og: Þurfum við bæði að vinna til að sjá fyrir nauðsynjum fjölskyldunnar? Hver myndi líta eftir börnunum ef við þyrftum bæði að vinna? Hverjir myndu hafa áhrif á hugsun þeirra og hegðun? Hjón sem ræða málin í ró og næði fara eftir orðunum í versí dagsins. w19.12 23–24 gr. 6–7

## Mánudagur 22. febrúar

Þeir eru samstarfsmenn mínir fyrir ríki Guðs meðal hinna umskornu og hafa verið mér til mikillar hughreystingar. – Kól. 4:11.

Páll postuli lenti í lífshættu hvað eftir annað. (2. Kor. 11:23–28) Hann þurfti að þola ‚þyrni í holdinu‘, hugsanlega einhvers konar heilsuvandamál. (2. Kor. 12:7) Hann varð líka fyrir miklum vonbrigðum þegar Demas, fyrrverandi samstarfsmaður hans, yfirgaf hann ‚þar sem hann elskaði þennan heim“. (2. Tím. 4:10) Páll var andasmurður kristinn maður, hugrakkur og óspar að hjálpa öðrum

en stundum varð jafnvel hann niðurdreginn. (Róm. 9:1, 2) Páll fékk þá hughreystingu og þann stuðning sem hann þarfnadist. Hvernig? Jehóva styrkti hann vissulega með heilögum anda sínum. (2. Kor. 4:7; Fil. 4:13) Jehóva sá líka til þess að trúsystkini hans hughreystu hann. Páll talar um að sumir samstarfsmenn hans hafi verið honum ‚til mikillar hughreystingar“. (Kól. 4:11) Hann nafngreindir suma þeirra, meðal annars Aristarkus, Týkíkus og Markús. Þeir styrktu Pál og hjálpuðu honum að halda út. w20.01 8 gr. 2–3

## Þriðjudagur 23. febrúar

„Hann hefur upplýst sjón hjartans.“ – Ef. 1:18.

Jesús gaf til kynna að það væri ómögulegt að útskýra nákvæmlega fyrir einhverjum sem er ekki andasmurður hvernig það er að ‚fæðast að nýju‘, það er að segja að ‚fæðast af andanum‘. (Jóh. 3:3–8) Hvaða breyting á hugsun á sér stað þegar þjónar Guðs eru smurðir heilögum anda? Áður en Jehóva smurði þá höfðu þeir von um að lifa að eilífu á jörð. Þeir hlökkudu til þess tíma þegar Jehóva útrýmir allri illsku og breytir jörðinni í paradís. Kannski sáu þeir sjálfa sig taka á móti ættingja eða vini sem hafði dáið. En eftir að þeir voru andasmurðir fóru þeir að hugsa öðruvísi. Hvers vegna? Þeir urðu ekki óánægðir með vonina um eilíft líf á jörð. Þeir skiptu ekki um skoðun út af álagi og tilfinningaróti lífsins. Þeir hugsuðu ekki sem svo að það yrði leiðinlegt að búa að eilífu á jörðinni. Jehóva notaði öllu heldur heilagan anda sinn til að breyta hugsun þeirra og von. w20.01 22 gr. 9–11

## Miðvikudagur 24. febrúar

*„Allir eiga að vera undirgefniir yfirvöldum.“ – Róm. 13:1.*

Undir lög málinu sem Guð gaf Ísrael til forna dæmdu dómara og öldungar ekki aðeins í málum sem sneru að tilbeiðslunni heldur einnig í ágreiningsmálum og sakamálum. En hlutverk öldunga undir lögum Krists er að dæma um brot sem snerta tilbeiðsluna á Jehóva. (Gal. 6:2) Þeir vita að Guð hefur gefið veraldlegum yfirvöldum leyfi til að dæma í lagalegum ágreiningsmálum og sakamálum, þar á meðal er vald til að refsa mönnum með sektum eða fangelsun. (Róm. 13:2–4) Hvernig taka öldungar á brotum sem snerta tilbeiðsluna? Þeir nota Biblíuna til að rannsaka mál og dæma í þeim. Þeir hafa í huga að lög Krists eru byggð á kærleika. Kærleikur fær þá til að spyrja sig hvað þurfi að gera til að hjálpa þeim í söfnuðinum sem eru fórnarlömb afbrotsins. Og kærleikur knýr öldungana til að spyrja sig hvort afbrotamaðurinn hafi iðrast og hvort þeir geti hjálpað honum að endurheimta samband sitt við Jehóva. *w19.05 7 gr. 23–24*

## Fimmtudagur 25. febrúar

*„Ég lifi vegna föðurins.“ – Jóh. 6:57.*

Jesús viðurkenndi að faðir hans hefði gefið honum lífið og að hann viðhéldi því þegar hann sagði orðin í versí dagsins. Jesús treysti föður sínum fullkomlega og Jehóva sá honum fyrir efnislegum nauðsynjum. En það sem mestu máli skipti var að Jehóva sá fyrir andlegum þörfum hans. (Matt. 4:4) Jehóva sér líka fyrir andlegri þörf okkar. Í Biblíunni hefur hann opinberað sannleikann um sjálfan sig, fyrirætl-

un sína, tilgang lífsins og framtíðina. Hann sýndi okkur persónulega athygli þegar við kynntumst sannleikanum með því að fela foreldrum okkar eða öðrum að fræða okkur um hann. Og við fáum enn þá góða aðstoð frá kærleiksríkum öldungum og öðrum þroskuðum trústytinum. Auk þess leiðbeinir Jehóva okkur á samkomum þar sem við fáum kennslu ásamt bræðrum og systurum. Jehóva sýnir okkur meðal annars á þennan hátt að hann hefur föðurlegan áhuga á hverju og einu okkar. – Sálm. 32:8. *w20.02 3 gr. 8; 5 gr. 13*

## Föstudagur 26. febrúar

*„Gerum því allt til að stuðla að friði og byggja hvert annað upp.“ – Róm. 14:19.*

Enginn friður getur ríkt þar sem fólk öfundar hvert annað. Við þurfum að uppræta öfund úr hjarta okkar og forðast að vekja öfund hjá öðrum. Hvað getum við gert til að hjálpa öðrum að berjast gegn öfund og hvernig getum við stuðlað að friði? Viðhorf okkar og verk geta haft mikil áhrif á aðra. Heimurinn vill að við „flíkum eigum okkar“. (1. Jóh. 2:16) En það ýtir undir öfund. Við forðumst að ala á öfund hjá öðrum ef við tölum ekki stöðugt um það sem við eigum eða ætlum að kaupa. Önnur leið til að forðast að ýta undir öfund er að láta ekki á því bera ef við höfum verkefni í söfnuðinum. Ef við reynum að vekja athygli á því sem við fáum að gera búum við til frjósaman jarðveg fyrir öfundina. Þegar við sýnum hins vegar einlæg- an áhuga á öðrum og því góða sem þeir gera auðveldum við þeim að vera ánægðir og við stuðlum að friði og einingu í söfnuðinum. *w20.02 18 gr. 15–16*

## Laugardagur 27. febrúar

*Ósýnilegt eðli hans hefur verið auðséð allt frá sköpun heimsins því að það má skynja af verkum hans.*  
– Róm. 1:20.

Þú getur kynnst Jehóva með því að virða fyrir þér sköpunarverkið. (Opinb. 4:11) Hugsaðu um hvernig hönnun jurta og dýra ber vitni um visku skaparans. Lærðu dálítið um hversu undursamlega líkami þinn er gerður. (Sálm. 139:14) Og hugsaðu þér hve miklu afli Jehóva gæddi sólina. Og þó er sólin okkar bara ein af milljörðum stjarna. (Jes. 40:26) Virðing þín fyrir Jehóva eykst þegar þú virðir fyrir þér sköpunarverkið. En samband þitt við Jehóva byggist ekki aðeins á því sem þú veist um visku hans og mátt. Þú þarft að vita meira um hann til að læra að elska hann heitt. Þú þarft að vera viss um að Jehóva sé annt um þig sem einstakling. Mundu að „ef þú leitar hans lætur hann þig finna sig.“ (1. Kron. 28:9) Þú ert meira að segja að kynna þér Bibliuna vegna þess að Jehóva hefur dregið þig til sín. (Jóh. 6:44) Því betur sem þú skilur hvað Jehóva hefur gert fyrir þig því dýpri verður kærleikur þinn til hans. *w20.03* 4 gr. 6-7

## Sunnudagur 28. febrúar

*Þar sem Guð hefur falið okkur þessa þjónustu gefumst við ekki upp.* – 2. Kor. 4:1.

Páll postuli er okkur góð fyrirmynd um að setja boðunina í fyrsta sæti. Þegar hann var í Korintu í annarri trúboðsferð sinni hafði hann litið handa á milli og varð að vinna fyrir sér um tíma með því að búa til tjöld. Hann vann til að geta séð fyrir sér og boðað Korintumönnum fagnaðararindið án endurgjalds. (2. Kor. 11:7) Páll setti boðunina í fyrsta sæti

þótt hann þyrfti að vinna, og prédikaði á hverjum hvíldardegi. Þegar aðstæður hans breyttust til hins betra gat hann notað meiri tíma í boðuninni. Hann gaf „sig allan að því að boða orðið og vitna fyrir Gyðingum til að sanna að Jesús væri Kristur“. (Post. 18:3-5; 2. Kor. 11:8, 9) Síðar meir, þegar Páll var tvö ár í stofufangelsi í Róm, boðaði hann gestum sínum trúna og skrifaði bréf. (Post. 28:16, 30, 31) Hann var staðráðinn í að láta ekkert trufla sig í þjónustunni. *w19.04* 4 gr. 9

## Mánudagur 1. mars

*„Aðgreinið ykkur,“ segir Jehóva, „hættið að snerta það sem er óhreint.“* – 2. Kor. 6:17.

Kærleikurinn til Jehóva og til Biblíunnar styrkir okkur og auðveldar okkur að hlýða Jehóva, jafnvel þegar velviljaðir ættingjar eða vinir þrýsta á okkur að taka þátt í óbiblíulegum siðvenjum tengdum dauðanum. Þeir gætu reynt að láta okkur fá samviskubit, kannski með því að segja að við höfum ekki elskað hinn látna eða borið virðingu fyrir honum. Eða þeir gætu sagt að hegðun okkar muni fá hinn látna til að skaða á einhvern hátt þá sem eru lifandi. Margir af eyþjóð í Karíbahafi trúá að þegar einstaklingur deyr verði „vofa“ hans eftir og refsí þeim sem fóru illa með hann. „Vofan“ getur jafnvel „valdið usla í heilu samfélagi“, segir í uppsláttarriti. Í Afríku er venja að hylja spegla á heimili hins látna og snúa myndum þannig að þær snúi að veggnum. Fólk gerir þetta vegna þess að það telur að hinir dónu megi ekki sjá sig sjálfa. Við sem erum þjónar Jehóva erum ekki haldin nokkurri hjátrú eða tókum þátt í siðvenjum sem styðja lygar Satans. – 1. Kor. 10:21, 22. *w19.04* 16 gr. 11-12

## Þriðjudagur 2. mars

*„Allt sem þið viljið að aðrir geri fyrir ykkur skuluð þið gera fyrir þá.“ – Matt. 7:12.*

Jesús kenndi fylgjendum sínum meginreglur sem myndu hjálpa þeim að koma fram við aðra af sanngirni. Tökum gullnu regluna sem dæmi. Við viljum öll að komið sé fram við okkur af sanngirni. Þess vegna ættum við að vera sanngjörn við aðra. Það getur verið þeim hvatning til að vera sanngjarnir við okkur. En hvað ef við höfum verið beitt órétti? Jesús kenndi fylgjendum sínum líka að treysta því að Jehóva myndi „réttu hlut [þeirra] sem hrópa til hans dag og nótt“. (Lúk. 18:6, 7) Þetta er í raun loforð. Réttlátur Guð okkar tekur eftir þeim erfiðleikum sem við verðum fyrir nú á síðustu dögum og á sínum tíma réttir hann hlut okkar. (2. Þess. 1:6) Ef við förum eftir meginreglunum sem Jesús kenndi komum við fram við aðra af sanngirni. Og ef við höfum verið beitt órétti í heimi Satans getur það veitt okkur huggun að vita að Jehóva mun rétta hlut okkar. *w19.05 5 gr. 18–19*

## Miðvikudagur 3. mars

*„Verið alltaf tilbúin að verja von ykkar fyrir hverjum þeim sem krefst þess að þið rökstyðjið hana, en gerið það með hógværð og djúpri virðingu.“ – 1. Pét. 3:15.*

Ertu í skóla? Kannski trúa allir bekkjarfélagar þínir þróunarkenningunni. Þig langar til að verja það sem Biblían kennir en finnst þú ekki geta það. Þú gætir gert það að námsverkefni. Markmið þitt gæti verið tvíþætt: (1) að styrkja þá sannfæringu þína að Guð hafi skapað allt og (2) að verða færari í að verja sann-

leikann. (Rómv. 1:20) Þú gætir spurt þig hvers vegna bekkjarfélagar þínir trúa þróunarkenningunni. Kannstu síðan vandlega hvað ritin okkar segja um málið. Það er kannski ekki eins erfitt að verja trúna og þú heldur. Flestir trúa þróunarkenningunni bara vegna þess að einhver sem þeir líta upp til heldur því fram að hún sé sönn. Þú þarft kannski ekki að benda á nema eina eða tvær staðreyndir til að svara spurningu samnemanda á fullnægjandi hátt. – Kól. 4:6. *w19.05 29 gr. 13*

## Fimmtudagur 4. mars

*„Eins og móðir huggar barn sitt, eins mun ég hugga yður.“ – Jes. 66:13.*

Þegar Elía spámaður var á flótta undan þeim sem vildu drepa hann missti hann kjarkinn og vildi deyja. Jehóva sendi völdugan engil til hans. Engillinn veitti honum þá hjálp sem hann þurfti. Hann gaf Elía heitan mat og hvatti hann til að borða. (1. Kon. 19:5–8) Við sjáum af þessari frásögu að lítið góðverk getur oft gert heilmikið gagn. Við getum sýnt niðurdregnum bróður eða systur umhyggju okkar með máltíð, lítilli gjöf eða korti með hughreystandi orðum. Ef við eigum erfitt með að ræða við aðra um erfið og persónuleg mál þeirra getum við samt sýnt umhyggju okkar í verki með þessum hætti. Jehóva gerði kraftaverk svo að Elía gat gengið alla leið að Hóreb fjalli utan seilingar þeirra sem sóttust eftir lifi hans. Hvað getum við lært af frásögunni? Ef við viljum hjálpa fórnarlömbum kynferðisofbeldis gætum við fyrst þurft að hjálpa þeim að finna til öryggis hvort sem það er heima yfir kaffibolla eða í fundarsal í ríkissalnum. *w19.05 16 gr. 11; 17 gr. 13–14*

## Föstudagur 5. mars

*Landið mun barma sér, hver kynkvísl fyrir sig, kynkvísl Natans ættar fyrir sig. – Sak. 12:12.*

Segjum sem svo að þú sért að lesa 12. kafla Sakariabókar þar sem spáð er um dauða Messíasar. (Sak. 12:10) Þegar þú lest vers 12 sérðu að „kynkvísl Natans ættar“ myndi syrgja sárlega þegar Messías dæi. Í staðinn fyrir að hlaupa fram hjá þessu smáatriði skaltu staldra við og velta fyrir þér hvaða tengsl séu milli ættar Natans og Messíasar. Þú bregður þér í hlutverk „spæjara“. Millivísun í *Nýheimsþýðingunni* vísar þér á 2. Samúelsbók 5:13, 14 og þar uppgötvarðu að Natan var einn af sonum Davíðs konungs. Önnur millivísun, Lúkas 3:23, 31, leiðir í ljós að Jesús var kominn af Natan í móðurlegg. Þetta er athyglisvert! Þú vissir fyrir að því hafði verið spáð að Jesús yrði afkomandi Davíðs. (Matt. 22:42) En Davíð átti yfir 20 syni. Er ekki ótrúlegt að Sakaríá skuli hafa tekið fram að ætt Natans hefði sérstaka ástæðu til að hryggjast yfir dauða Jesú! *w19.05 30 gr. 17*

## Laugardagur 6. mars

*„Umbreytist með því að endurnýja hugarfarið svo að þið getið sannreynt hver sé hinn góði og fullkomni vilji Guðs og hvað honum sé þóknanlegt.“ – Róm. 12:2.*

Hvað þurfum við að gera? Með reglulegu sjálfsnámi getum við sannreynt það sem við höfum lært af Biblíunni og fullvissað okkur um að siðferðisreglur Jehóva séu réttar. Þá verðum við „stöðug í trúnni“ eins og tré með sterkar rætur. (Kól. 2:6, 7) Við verðum sjálf að styrkja trú okkar.

Munum að enginn getur gert það fyrir okkur. Haltu því áfram að endurnýjast í anda og hugsun. Biddu stöðugt til Jehóva og sárþændu hann um að styrkja þig með anda sínum. Hugleiddu vel og vandlega það sem þú lest og skoðaðu oft hugsanir þínar og hvatir. Sæktu í góðan félagsskap fólks sem hjálpar þér að umbreyta hugarfari þínu. Þannig geturðu unnið gegn eituráhrifum frá heimi Satans og brotið niður „hugsmíðar og allt sem hreykir sér gegn þekkingunni á Guði“. – 2. Kor. 10:5. *w19.06 13 gr. 17–18*

## Sunnudagur 7. mars

*„Sú tilbeiðsla sem er hrein og óspillt frá sjónarhóli Guðs föð-ur okkar er þessi: að annast ekkjur og munadarlausu í erfiðleikum þeirra.“ – Jak. 1:27.*

Rétt eins og Rut studdi ekkjuna Naomi þurfum við að halda áfram að styðja við bakið á þeim sem missa ástvin í dauðann. (Rut. 1:16, 17) Paula segir: „Ég fékk heilmikinn stuðning rétt eftir að maðurinn minn lést. En með tímanum fór líf annarra aftur í sinn farveg. En mitt líf hafði gerbreyst. Það hjálpar mikið þegar fólk gerir sér grein fyrir að syrgjandinn þarf aðstoð í marga mánuði og jafnvel í einhver ár eftir missinn.“ Auðvitað eru engir tveir eins. Sumir virðast aðlagast nýjum aðstæðum frekar fljótt. En aðrir finna sárlega fyrir missinum í hvert sinn sem þeir gera eitthvað sem þeir voru vanir að gera með ástvini sínum. Það er einstaklingsbundið hvernig fólk syrgir. Við skulum muna að Jehóva veitir okkur þann heiður og ábyrgð að hugsa um þá sem missa maka sinn. *w19.06 24 gr. 16*

## Mánudagur 8. mars

*„Ég vil hafa taumhald á tungu minni þegar guðleysingar eru í nánd við mig.“ – Sál. 39:2.*

Þegar starfsemi okkar er bönnuð verðum við að gera okkur grein fyrir hvenær sé ‚tími til að þegja‘. (Préd. 3:7) Við verðum að fara varlega með viðkvæmar upplýsingar eins og nöfn trússystkina okkar, staðina þar sem við söfnumst saman, hvernig við boðum trúna og hvernig við fáum andlega fæðu. Við myndum ekki segja yfirvöldum frá þessu og ekki heldur vinum eða ættingjum sem vilja vel, hvort sem þeir búa í sama landi og við eða ekki. Ef við gerðum það myndum við stofna trússystkinum okkar í hættu. Ekki leyfa smávægilegum málum að valda sundrung. Satan veit að sundrað heimili fær ekki staðist. (Mark. 3:24, 25) Hann reynir stöðugt að valda sundrung meðal okkar. Hann vonast til að við förum að berjast hvert gegn öðru í stað þess að berjast gegn honum. Jafnvel þroskaðir kristnir einstaklingar þurfa að gæta þess að falla ekki í þessa gryfju. Ef við leggjum okkur fram um að yfirstíga vandamál sem upp koma milli okkar og trússystkina okkar leyfum við engu að valda sundrung okkar á meðal. – Kól. 3:13, 14. *w19.07* 11–12 gr. 14–16

## Þriðjudagur 9. mars

*Þjónn Drottins á að vera ljúfur við alla, vera hæfur kennari.*

– 2. Tím. 2:24.

Þegar fólk tekur boðskap okkar vel er það ekki endilega vegna þess hvað við segjum heldur oft hvernig við segjum það. Fólk kann að meta að við séum hlýleg og nærgætin og sýnum einlægan áhuga. Við neyðum það ekki til að hlusta á sjónarmið okkar heldur reynum að skilja ástæðuna fyrir afstöðu þess til trúarbragða

og reynum að vera næm á skoðanir þeirra. Sem dæmi rökræddi Páll út af Ritningunni þegar hann talaði við Gyðinga. En þegar hann ræddi við gríska heimspeklinga á Areopagushæð vísaði hann aldrei beint í Biblíuna. (Post. 17:2, 3, 22–31) Hvernig getum við líkt eftir Páli? Ef þú hittir manneskju sem er ekki hrifin af Biblíunni er kannski best að vísa ekki beint til hennar. Ef þú skynjar að viðmælandanum finnst óþægilegt að aðrir sjái þig lesa fyrir hann í Biblíunni geturðu reynt að sýna honum ritningarstað svo minna beri á, til dæmis í snjalltæki. *w19.07* 21 gr. 5–6

## Miðvikudagur 10. mars

*„En gætið þess að láta ekki ginna ykkur til að víkja af leið og þjóna öðrum guðum.“ – 5. Mós. 11:16.*

Satan beitti lævisri aðferð til að freista Ísraelsmanna til að dýrka skurðgoð. Hann notfærði sér það að þeir þurftu að sjá fyrir sér. Þegar Ísraelsmenn settust að í fyrirheitna landinu þurftu þeir að læra nýjar aðferðir við að rækta matvæli. Í Egyptalandi höfðu þeir sótt vatn í Níl til að vökva akra sína. Í fyrirheitna landinu byggðist akuryrkja hins vegar ekki á því að sækja vatn í stórt og mikið fljót heldur á því að nýta árstíðabundið regn og eins dögginna sem vökvaði gróðurinn. (5. Mós. 11:10–15; Jes. 18:4, 5) Þess vegna þurftu Ísraelsmenn að tileinka sér nýjar ræktunaraðferðir. Hvers vegna varaði Jehóva þá við því að dýrka falsguði þegar hann talaði um búskap? Jehóva vissi að Ísraelsmönnum þætti freistandi að læra ýmsa staðbundna búskaparhætti af heiðingjunum sem þeir bjuggu á meðal. En þessir kanversku bændur trúðu á Baal og það hafði áhrif á hugsunarhátt þeirra. – 4. Mós. 25:3, 5; Dóm. 2:13; 1. Kon. 18:18. *w19.06* 3 gr. 4–6

## Fimmtudagur 11. mars

„Ég bið þess stöðugt að kærleikur  
ykkar vaxi jafnt og þétt.“

– Fil. 1:9.

Þegar Páll postuli, Sílas, Lúkas og Tímóteus komu til rómversku nýlendunnar Filippí hittu þeir marga sem höfðu áhuga á boðskapnum um ríki Guðs. Þessir fjórir ótulu bræður hjálpuðu til við að mynda söfnuð og þeir sem tóku trú fóru að sækja samkomur, líklega heima hjá gestrisinni systur sem hét Lýdía. (Post. 16:40) Ekki leið á löngu þar til erfiðleikar dundu á hinum nýstofnaða söfnuði. Satan vakti upp óvini sannleikans sem börðust hatrammlega gegn boðun þessara trúföstu kristnu manna. Páll og Sílas voru handteknir, húðstrýktir og þeim varpað í fangelsi. Eftir að þeir höfðu verið látnir lausir heimsóttu þeir nýju lærisveinana og hughreystu þá. Páll, Sílas og Tímóteus yfirgáfu síðan borgina en svo virðist vera sem Lúkas hafi verið um kyrrt. Hvernig farnaðist hinum nýstofnaða söfnuði? Með hjálp anda Jehóva héldu bræður og systur áfram að þjóna honum af kappi. (Fil. 2:12) Páll hafði fulla ástæðu til að vera stoltur af þeim. *w19.08* 8 gr. 1–2

## Föstudagur 12. mars

„Lánþeginn verður þræll lánardrottins síns.“ – Orðskv. 22:7.

Hefurðu flust nýlega? Það getur verið dýrara en maður reiknaði með og auðvelt að koma sér í skuldir. Til að halda skuldum í lágmarki skaltu varast að taka lán fyrir því sem þú þarft ekki nauðsynlega. (Orðskv. 22:3) Þegar maður er undir miklu tilfinningaálagi, eins og til dæmis ef maður þarf að annast veika ástvini, getur verið erfitt að ákveða hve stórt lán er skynsamlegt að taka. Ef það á við um þig skaltu muna að „innileg

bæn“ getur hjálpað þér að taka skynsamlegar ákvarðanir. Jehóva getur svarað bænum þínum með því að gefa þér frið sem „verndar hjarta þitt og huga“ og hjálpar þér að hugsa málin yfirvegað. (Fil. 4:6, 7; 1. Pét. 5:7) Haltu góðu sambandi við fjölskyldu og vini. Talaðu við góða vini um hvernig þér líður og um það sem þú ert að kljást við, sérstaklega þá sem hafa staðið í sömu sporum. Það getur bætt líðan þína. (Préd. 4:9, 10) Þú átt enn vinina sem þú eignaðist á meðan þú bjóst á gamla staðnum. *w19.08* 22 gr. 9–10

## Laugardagur 13. mars

Þær söfnuðu þeim saman á staðinn  
sem kallast Harmagedón.

– Opinb. 16:16.

Hvers vegna tengir Jehóva lokastrið sitt við Megiddó? Margar orrustur voru háðar í Megiddó og á Jesreelsléttu skammt frá. Í sumum þeirra skarst Jehóva í leikinn með beinum hætti. Það gerði hann til dæmis „hjá Megiddóvötnum“ þegar hann hjálpaði Barak, dómara í Ísrael, að sigra her Kanverja undir forystu Sísera hershöfðingja. Barak og Debóra spákona þokkuðu Jehóva fyrir undraverðan sigur. Þau sungu: „Af himni börðust stjörnurar ... við Sísera ... Svo farist allir óvinir þínir, Drottinn. En megi þeir sem þig elska ljóma sem sólarupprás.“ (Dóm. 5:19–21, 31) Eins verður í Harmagedón – óvinir Guðs farast en þeir sem elska hann bjargast. Hins vegar er einn veigamikill munur á þessum tveim stríðum. Fólki Guðs mun ekki berjast í Harmagedón. Það verður ekki einu sinni vopnað. Styrkur þess felst í „þolinmæði og trausti“ á Jehóva og himneskum hersveitum hans. – Jes. 30:15; Opinb. 19:11–15. *w19.09* 9 gr. 4–5



## Sunnudagur 14. mars

*„Komið til mín.“ – Matt. 11:28.*

Við komum til Jesú þegar við lær-um eins mikið og við getum um það sem hann sagði og gerði. (Lúk. 1:1-4) Enginn annar getur gert það fyrir okkur. Við verðum sjálf að kynna okkur það sem Biblían segir um hann. Við komum líka til Jesú með því að taka þá ákvörðun að láta skírast og gerast lærisveinar hans. Önnur leið til að koma til Jesú er að leita til safnaðaröldunganna ef við þurfum á hjálp að halda. Jesús gaf þessa menn að gjöf til að annast sauði sína. (Ef. 4:7, 8, 11; Jóh. 21:16; 1. Pét. 5:1-3) Við verðum að taka frumkvæðið og biðja um hjálp. Öldungarnir geta ekki lesið hugsanir okkar og vitað hvers við þörfnumst. Hugleiðum það sem bróðir að nafni Julian sagði: „Ég bað um hjálp og heimsókn öldunganna reyndist ein besta gjöfin sem ég hef nokkurn tíma fengið.“ Trúfastir öldungar, eins og þeir sem heimsóttu Julian, geta hjálpað okkur að þekkja „huga Krists“, það er að segja að skilja hugsunarhátt hans og viðhorf og líkja eftir því. (1. Kor. 2:16; 1. Pét. 2:21) Það er með dýrmætustu gjöfum sem þeir geta gefið okkur. *w19.09 21 gr. 4-5*

## Mánudagur 15. mars

*„Ég á líka aðra sauði sem eru ekki úr þessu fjárbyrgi.“ – Jóh. 10:16.*

Í Biblíunni má lesa um marga trúfasta menn og konur sem létu heilagan anda leiða sig en tilheyrðu samt ekki hinum 144.000. Jóhannes skírari er dæmi um það. (Matt. 11:11) Davíð er annað dæmi. (Post. 2:34) Þeir verða reistir upp ásamt fjölda annarra til að lifa í paradís á jörð. Bæði þeir og þeir sem mynda múgin mikla fá tækifæri til að sanna hollustu sína við Jehóva og styðja

drottinvald hans. Aldrei áður í mannkynssögunni hefur Guð safnað saman milljónum manna af öllum þjóðum. Hvort sem von okkar er að lifa á himni eða jörð þurfum við að hjálpa eins mörgum og hægt er að ganga til liðs við mikinn múg „annarra sauða“. Bráðlega, í þrengingunni miklu sem spáð var fyrir um, eyðir Jehóva ríkisstjórnnum og trúarbrögðum sem hafa valdið mannkyninu miklum þjáningum. Hvílikur heiður sem múgurinn mikli á í vændum – að þjóna Jehóva á jörðinni um alla eilífð! – Opinb. 7:14. *w19.09 31 gr. 18-19*

## Þriðjudagur 16. mars

*Á síðustu dögum koma menn sem gera gys að ykkur. – 2. Pét. 3:3.*

Við megum búast við að trúfesti okkar við Guð og ríki hans verði reynd enn meir eftir því sem nær dregur endalokum heimskerfis Satans. Fólk mun sennilega halda áfram að hæðast að okkur. Ein aðalástæðan fyrir því er að við styðjum ekki heim Satans á nokkurn hátt. Við verðum að styrkja samband okkar við Jehóva núna til að geta verið trúföst í þrengingunni miklu. Í þrengingunni miklu verður breyting á forystunni í söfnuði Jehóva á jörðinni. Á einhverjum tímamarki verða hinir andasmurðu sem eftir eru á jörðinni kallaðir til himna til að taka þátt í stríðinu við Harmagedón. (Matt. 24:31; Opinb. 2:26, 27) Það þýðir að hið stjórnandi ráð verður ekki lengur hjá okkur hér á jörðinni. En múgurinn mikli verður samt sem áður skipulagður hópur. Hæfir bræður meðal annarra sauða munu fara með forystuna. Við þurfum að sýna trúfesti með því að styðja þessa bræður og fylgja þeim leiðbeiningum sem þeir fá frá Guði. Þjörgun okkar verður háð því. *w19.10 17 gr. 13-14*

## Miðvikudagur 17. mars

*Hvert sem þú ferð þangað fer ég,  
þar sem þú deyrð þar dey ég.  
- Rut. 1:16, 17.*

Naomí var trú kona sem elskaði Jehóva. En þegar hún hafði misst eiginmanninn og báða synina vildi hún ekki lengur heita Naomí heldur „Mara“ en það þýðir „hin beiska“. (Rut. 1:3, 5, 20, neðanmáls, 21) Rut tengdadóttir Naomí studdi við bakið á henni í þrengingunum. Hún hjálpaði Naomí ekki bara efnislega heldur hughreysti hana. Rut sýndi Naomí með einlægum orðum hversu vænt henni þótti um hana. Ef einhver í söfnuðinum missir maka sinn þarf hann á stuðningi okkar að halda. Hægt er að líkja hjónum við tvö tré sem vaxa saman hlið við hlið. Með tímanum fléttast rætur þeirra saman. Þegar annað tréð er rífið upp og deyr getur það haft alvarlegar afleiðingar fyrir hitt tréð. Eins er með þann sem missir maka sinn í dauðann. Það getur komið miklu róti á tilfinningarnar og tekið hann langan tíma að jafna sig. *w19.06* 23 gr. 12–13

## Fimmtudagur 18. mars

*„Það er girnd hvers og eins sem reynir hann með því að lokka hann og tæla.“ - Jak. 1:14.*

Við þurfum ekki aðeins að gæta vel að því hvers konar afþreyingu við veljum heldur líka tímanum sem við verjum í hana. Annars gætum við varið meiri tíma í afþreyingu en í að þjóna Jehóva. Byrjaðu á að komast að því hve mikinn tíma þú notar í hana núna. Þú gætir til dæmis fylgst með því í eina viku. Skrifðu niður hve marga klukkutíma þú notar í að horfa á sjónvarpið, vafra um á netinu og spila tölvuleiki. Ef þér finnst þú nota of mikinn tíma í

það skaltu reyna að búa til áætlun. Taktu fyrst frá tíma fyrir það sem skiptir meira máli og áætlaðu síðan hve miklum tíma þú getur varið í afþreyingu. Biddu Jehóva þar næst að hjálpa þér að halda þig við áætlunina. Þannig færðu nægan tíma og orku í sjálfsnám, tilbeiðslustund fjölskyldunnar, samkomur og að þjóna Jehóva í boðuninni. Sennilega hefðu þá líka betri samvisku þegar þú verð tíma í afþreyingu. *w19.10* 30 gr. 14, 16; 31 gr. 17

## Föstudagur 19. mars

*„Mig langar til að gera það sem er rétt en er ekki fær um það.“  
- Róm. 7:18.*

Í kringum árið 55 tóku Korintumenn mikilvæga ákvörðun. Þegar þeir fengu fréttir af því að bræður þeirra í Jerúsalem og Júdeu ættu erfitt ákváðu þeir að koma af stað söfnun til að hjálpa þeim. (1. Kor. 16:1; 2. Kor. 8:6) En nokkrum mánuðum síðar frétti Páll postuli að Korintumenn hefðu ekki fylgt ákvörðun sinni eftir. Gjöf þeirra yrði því líklega ekki tilbúin í tæka tíð til að senda hana til Jerúsalem með framlögum hinna safnaðanna. (2. Kor. 9:4, 5) Korintumenn höfðu tekið góða ákvörðun og Páll hrósaði þeim fyrir sterka trú og einlæga löngun til að gefa. En hann þurfti líka að hvetja þá til að klára það sem þeir byrjuðu á. (2. Kor. 8:7, 10, 11) Reynsla Korintumanna kennir okkur að jafnvel trúir kristnir menn geta átt erfitt með að koma því í verk sem þeir hafa ákveðið að gera. Okkur hættir stundum til að trassa hlutina vegna þess að við erum ófullkomin. Og tími og tilviljun geta gert okkur erfitt fyrir að klára það sem við höfum ákveðið að gera. – Préd. 9:11. *w19.11* 26–27 gr. 3–5

## Laugardagur 20. mars

*Takið hinn stóra skjöld trúarinnar.*

– Ef. 6:16.

Á svipaðan hátt og stór skjöldur ver mestan hluta líkamans verndar trú þín þig gegn siðleysinu, ofbeldinu og guðleysinu sem einkennir þennan spillta heim. Sem þjónar Guðs heyjum við andlegt stríð og illir andar eru meðal andstæðinga okkar. (Ef. 6:10–12) Hvernig geturðu gengið úr skugga um að trú þín sé nægilega sterk þegar á reynir? Í fyrsta lagi þarftu að biðja um hjálp Guðs. Síðan skaltu nota orð hans eins og spegil til að sjá sjálfan þig eins og hann sér þig. (Hebr. 4:12) Biblían segir: „Treystu Drottni af öllu hjarta en reiddu þig ekki á eigið hyggjuvit.“ (Orðskv. 3:5, 6) Rifjaðu nú upp ákvarðanir sem þú hefur tekið nýlega. Hefurðu til dæmis lent í miklum fjárhagserfiðleikum? Kom loforð Jehóva í Hebreabréfinu 13:5 þér til hugar, þar sem segir: „Ég mun aldrei snúa baki við ykkur og aldrei yfirgefa ykkur?“ Fullvissaði þetta loforð þig um að Jehóva myndi hjálpa þér? Ef sú er raunin bendir það til þess að þú haldir trúarskildi þínum vel við. *w19.11 14 gr. 1, 4*

## Sunnudagur 21. mars

*„Synir eru gjöf frá Drottni.“*

– Sálm. 127:3.

Barn þarf og á skilið að báðir foreldrarinnar gefi því talsvert af tíma sínum og orku. Ef hjón eignast nokkur börn á stuttum tíma getur verið erfitt að veita hverju barni næga athygli. Sumir foreldrar viðurkenna að sér hafi fundist yfirþyrmandi að eiga nokkur ung börn á sama tíma. Móðir er ef til vill úrvinda, bæði líkamlega og tilfinningalega. Hún gæti verið það þreytt að hún

hefur ekki orku til að lesa í Biblíunni, biðja og taka þátt í boðuninni reglulega. Það getur líka verið erfitt fyrir hana að fylgjast með á samkomum og hafa gagn af þeim. Kærleiksríkur eiginmaður gerir auðvitað sitt besta til að styðja konuna sína þegar börnin þurfa athygli, hvort heldur á samkomum eða heima fyrir. Hann gæti til dæmis hjálpað til við húsverkin. Og hann leggur hart að sér til að allir í fjölskyldunni hafi gagn af reglulegri biblíunámsstund fjölskyldunnar. Kristnir feður taka þátt í boðuninni að staðaldri ásamt fjölskyldu sinni. *w19.12 24 gr. 8*

## Mánudagur 22. mars

*„Þetta fimmtugasta ár skal vera ykkur fagnaðarár.“ – 3. Mós. 25:11.*

Hvernig nutu Ísraelsmenn góðs af fagnaðarárinu? Segjum að Ísraelsmaður hleypti sér í skuld og neyddist til að selja landareign sína til að greiða skuldina. Þá átti að skila landinu aftur til mannsins á fagnaðarárinu. Hann gat því ‚haldið heim til jarðeignar sinnar‘ og arfleifð barna hans glataðist ekki. Einnig gat það gerst að maður var svo skuldugur að hann neyddist til að selja eitt barna sinna – eða sjálfan sig – í þrælkun til að borga skuldina. Á fagnaðarárinu átti þrællinn að ‚snúa heim til ættar sinnar“. (3. Mós. 25:10) Þar af leiðandi var enginn þræll til fram-búðar með enga von um frelsi. Þar að auki sagði Jehóva: ‚Enginn þín á meðal á að vera fátækur því að í landinu, sem Drottinn, Guð þinn, fær þér sem erfðaland og þú tekur til eignar, mun Drottinn blessa þig ríkulega.‘ (5. Mós. 15:4) Þetta er ólíkt því sem á sér stað í heiminum núna þar sem ríkir verða oft ríkari og fátækir fátækari. *w19.12 8–9 gr. 3–4*

## **Þriðjudagur 23. mars**

*„Öðlastu visku, sonur minn,  
og gleddu hjarta mitt.“*

– Orðskv. 27:11.

Jesús bað „með áköllum og tár-um“ þegar hann stóð frammi fyrir prófraunum. (Hebr. 5:7) Innilegar bænir hans sýndu að hann var Jehóva trúur og gerðu hann enn ákveðnari í að vera hlýðinn. Bænir Jesú voru eins og sætur reykelsisilmur fyrir Jehóva. Lífsstefna Jesú sannaði að Jehóva væri réttmætur drottinn alheims og Jehóva hafði miklar mætur á henni. Við getum líkt eftir Jesú með því að gera okkar besta til að hlýða Jehóva og vera honum trú. Þegar við stöndum frammi fyrir prófraunum sárþænum við Jehóva um hjálp vegna þess að við viljum þóknast honum. Við gerum okkur grein fyrir að Jehóva tekur ekki við þænum okkar ef við gerum það sem hann fordæmir. En ef við lifum í samræmi við vilja hans megum við vera viss um að einlæggar bænir okkar verði eins og sætur reykelsisilmur fyrir Jehóva. Og við getum verið viss um að ráðvendni okkar, trúfesti og hlýðni gleðji himneskan föður okkar. *ω19.11* 21–22 gr. 7–8

**Bibliulestur vegna minningarhátíðarinnar:**  
(Atburðir dagsins: 9. nisan)  
Lúkas 19:29–44

## **Miðvikudagur 24. mars**

*„Hver er eiginlega hinn trúi og skynsami þjónn?“ – Matt. 24:45.*

Árið 1919 útnefndi Jesús lítinn hóp andasmurðra bræðra sem er kallaður „hinn trúi og skynsami þjónn“. Þessi þjónn fer með forystuna í boðuninni og gefur fylgjendum Krists „mat á réttum tíma“. Satan og heimur hans hafa reynt margt til að gera starf trúa þjónsins erfitt eða jafnvel ómögulegt frá mannlegum bæjardyr-

um séð. Trúi og skynsami þjónninn hefur haldið áfram að sjá fylgjendum Krists á jörð fyrir andlegri fæðu þrátt fyrir afleiðingar tveggja heimsstyrjalda, vægðarlausar ofsóknir, fjárhagserfiðleika á heimsvísu og óréttláta meðferð. Hugsaðu þér hvað við höfum mikið af ókeypis andlegri fæðu á meira en 900 tungumálum. Það er óumdeilanleg sönnun fyrir stuðningi Guðs. Boðunin er einnig sönnun fyrir blessun Jehóva. Fagnaðarboðskapurinn er sannarlega boðaður „um alla jörðina“. – Matt. 24:14. *ω19.11* 24 gr. 15–16

**Bibliulestur vegna minningarhátíðarinnar:**  
(Atburðir dagsins: 10. nisan)  
Lúkas 19:45–48; Matteus 21:18, 19;  
21:12, 13

## **Fimmtudagur 25. mars**

*Kristur var bænheyrður vegna guðsótta síns. – Hebr. 5:7.*

Á hinum árlega friðþægingardegi þurfti æðstipresturinn að brenna reykelsið áður en hann bar fram fórnirnar. Þannig gat hann verið viss um að hann hefði velþóknun Jehóva þegar hann bæri þær fram. Þegar Jesús var hér á jörð þurfti hann að gera nokkuð mikilvægt áður en hann gat gefið líf sitt að fórn. Það var mikilvægara en að frelsa mannkynið. Hann þurfti að hlýða Jehóva trúfastlega alla ævi sína á jörðinni til að Jehóva gæti tekið við fórn hans. Þannig myndi Jesús sanna að það væri rétt að lifa eins og Jehóva vildi. Jesús myndi sýna fram á að faðir hans væri réttmætur drottinn alheims. Jesús hlýddi Jehóva í einu og öllu á meðan hann var hér á jörð. Engin freisting eða prófraun gat veikt löngun hans til að sanna að stjórnarfar Jehóva væri það besta. – Fil. 2:8. *ω19.11* 21 gr. 6–7

**Bibliulestur vegna minningarhátíðarinnar:**  
(Atburðir dagsins: 11. nisan)  
Lúkas 20:1–47

## Föstudagur 26. mars

*„Það eruð þið sem hafið staðið með mér í prófraunum mínum.“  
– Lúk. 22:28.*

Trúfastir postular Jesú reyndust honum sannir vinir gegnum súrt og sætt. (Orðskv. 18:24) Jesús mat slíka vini mikils. Enginn hálfbræðra hans trúði á hann meðan hann starfaði hér á jörð. (Jóh. 7:3–5) Eitt sinn héldu ættingjar hans meira að segja að hann væri genginn af göflunum. (Mark. 3:21) Sömu sögu var hins vegar ekki að segja um trúa postula hans. Kvöldið áður en hann dó sagði hann við þá það sem við lesum í versí dagsins. Það kom fyrir að postularnir ollu Jesú vonbrigðum. En hann leit fram hjá göllum þeirra og sá að þeir trúðu á hann. (Matt. 26:40; Mark. 10:13, 14; Jóh. 6:66–69) Síðasta kvöldið áður en hann var tekinn af lífi sagði hann við þessa trúföstu menn: „Ég kalla ykkur vini því að ég hef sagt ykkur allt sem ég hef heyrt hjá föður mínum.“ (Jóh. 15:15) Á því leikur enginn vafi að vinir Jesú voru honum mikil hughreysting. *w19.04 11 gr. 11–12*

**Bibliulestur vegna minningarhátíðarinnar:**  
(Atburðir dagsins: 12. nísan)  
Lúkas 22:1–6; Markús 14:1, 2, 10, 11

### MINNINGARHÁTÍÐ eftir sólsetur Laugardagur 27. mars

*„Sjálfur andinn vitnar með okkar eigin anda að við erum börn Guðs.“ – Róm. 8:16.*

Hvernig veit fólk hvort það hafi fengið himneska köllun? Svarið er augljóst af því sem Páll postuli sagði kristnum mönnum í Róm sem voru „kallaðir til að vera heilagir“. Hann sagði þeim: „Þið fenguð ekki anda sem hneppir ykkur í þrældóm og vekur ótta að nýju heldur anda sem Guð

gefur til að ættleiða ykkur sem syni, og vegna hans köllum við: „Abba, faðir!“ (Róm. 1:7; 8:15) Guð gefur því andasmurðum einstaklingum skýr skilaboð með anda sínum um að þeir hafi fengið himneska köllun. (1. Þess. 2:12) Jehóva sér til þess að það sé enginn vafi í huga og hjarta þeirra sem fá boð um að fara til himna. (1. Jóh. 2:20, 27) Andasmurðir kristnir menn þurfa ekki að fá staðfestingu hjá neinum um að þeir séu andasmurðir. *w20.01 22 gr. 7–8*

**Bibliulestur vegna minningarhátíðarinnar:**  
(Atburðir dagsins: 13. nísan)  
Lúkas 22:7–13; Markús 14:12–16  
(Atburðir eftir sólsetur: 14. nísan)  
Lúkas 22:14–65

## Sunnudagur 28. mars

*„Enginn á meiri kærleika en sá sem leggur lífið í sölnar fyrir vini sína.“ – Jóh. 15:13.*

„Lög Krists“ eru byggð á besta grunni sem hugsast getur – kærleika. (Gal. 6:2) Jesús byggði allt sem hann gerði á kærleika. Kærleikur sýnir sig í samúð, eða innilegri umhyggju. Jesús var knúinn af slíkri umhyggju til að kenna mannfjölda, lækna sjúka, gefa svöngum að borða og reisa upp látna. (Matt. 14:14; 15:32–38; Mark. 6:34; Lúk. 7:11–15) Jesús var fús til að setja þarfir annarra ofar sínum eigin. Umfram allt sýndi hann kærleika sinn með því að gefa líf sitt í þágu annarra. Við líkjum eftir Jesú með því að taka þarfir annarra fram yfir okkar eigin. Við getum einnig líkt eftir honum með því að rækta með okkur innilega umhyggju fyrir fólki á svæðinu. Þegar umhyggja fyrir öðrum knýr okkur til að boða og kenna fagnaðarerindið fylgjum við lögum Krists. *w19.05 4 gr. 8–10*

**Bibliulestur vegna minningarhátíðarinnar:**  
(Atburðir dagsins: 14. nísan)  
Lúkas 22:66–71

## Mánudagur 29. mars

*Jehóva sendi mig til að boða að fangar fái frelsi, að leysa undírok-  
aða úr ánaud.* – Lúk. 4:18.

Jesús hjálpaði fólki að öðlast frelsi undan íþyngjandi kenningum trúarleiðtoga. Í þá daga voru margir Gyðingar í ánaud erfðavenja og falskenninga. (Matt. 5:31–37; 15:1–11) Þeir sem þóttust geta veitt trúarlega leiðsögn voru blindir í vissum skilningi. Þeir voru í andlegu myrkri og fengu ekki fyrirgefningu synda sinna þar sem þeir höfnuðu Messíasi og sannleiksljósinu sem hann færði fólki. (Jóh. 9:1, 14–16, 35–41) Með kennslu sinni og góðu fordæmi sýndi Jesús auðmjúku fólki fram á hvernig það gat hlotið frelsun undan falskenningum. (Mark. 1:22; 2:23–3:5) Jesús gaf fólki líka tækifæri til að öðlast frelsi undan þrælkun erfðasyndarinnar. Hann gaf líf sitt sem lausnargjald. Guð getur því fyrirgefið syndir þeirra sem sýna í verki að þeir viðurkenna lausnarfórnina. – Hebr. 10:12–18 *w19.12* 10 gr. 8; 11 gr. 10–11

**Bibliulestur vegna minningarhátíðarinnar:**  
(Atburðir dagsins: 15. nísan)  
Matteus 27:62–66

## Þriðjudagur 30. mars

*Þið voruð innsiglið fyrir milli-  
göngu hans með heilögum anda  
sem Guð hafði lofað en hann er  
trygging fyrir arfi okkar.*  
– Ef. 1:13, 14, neðanmáls.

Jehóva notar heilagan anda sinn til að sannfæra þá andasmurðu um að hann hafi valið þá. Heilagur andi er þannig 'trygging', það er pantur eða loforð, sem þeim er gefin til að fullvissa þá um að þeir muni lifa að eilífu á himni en ekki á jörð. (2. Kor. 1:21, 22) Er alveg öruggt að þjónn Guðs fari til himna ef hann er anda-

smurður? Nei. Hann er sannfærður um að hann hafi verið valinn til að fara til himna. En hann þarf að muna þessa viðvörðun: „Bræður og systur, leggið ykkur því enn betur fram um að vera trú köllun ykkar og útvalningu því að ef þið haldið áfram að gera þetta munuð þið aldrei nokkurn tíma bregðast.“ (2. Pét. 1:10) Þótt andasmurður þjónn Guðs hafi verið kallaður til að fara til himna þá fær hann laun sín aðeins ef hann er trúfastur. – Fil. 3:12–14; Hebr. 3:1; Opinb. 2:10. *w20.01* 21–22 gr. 5–6

**Bibliulestur vegna minningarhátíðarinnar:**  
(Atburðir dagsins: 16. nísan)  
Lúkas 24:1–12

## Miðvikudagur 31. mars

*„Vanhugsuð orð eru sem sverðalög en tunga hins vitra græðir.“  
– Orðskv. 12:18.*

Ein ástæða þess að þessir þrír svokölluðu huggarar Jobs sýndu honum ekki samúð var að þeir skildu ekki í raun og veru aðstæður hans. Þess vegna drógu þeir rangar ályktanir og dæmdu Job harðlega. Hvernig getum við varast að gera sömu mistök? Mundu að aðeins Jehóva þekkir aðstæður fólks til fulls. Hlustaðu af athygli á þann sem þjáist. Og hlustaðu ekki bara á orðin heldur reyndu að finna til með honum. Aðeins með því móti geturðu sýnt bróður þínum eða systur einlæga hluttekningu. Samúð kemur í veg fyrir að við breiðum út skaðleg slúður um vandamál annarra. Sá sem ber út slúður byggir ekki upp söfnuðinn heldur rifur hann niður. (Orðskv. 20:19; Rómv. 14:19) Hann bætir gráu ofan á svart hjá þeim sem þjáist. (Ef. 4:31, 32) Það er miklu betra að vera vakandi fyrir því góða í fari annarra og leita leiða til að hjálpa þeim að takast á við erfíðleikana. *w19.06* 21–22 gr. 8–9

## Fimmtudagur 1. apríl

*„Vinur lætur aldrei af vináttu sinni.“ – Orðskv. 17:17.*

Aristarkus reyndist vera tryggur vinur Páls postula en hann var kristinn maður frá Þessaloníku í Make-dóníu. Hann er fyrst nefndur til sögunnar þegar Páll kom til Efesus á þriðju trúboðsferð sinni. Hann var þar á ferð með Páli þegar æstur múgur dró hann með sér. (Post. 19:29) Þegar honum var sleppt forðaði hann sér ekki heldur fylgdi Páli áfram. Nokkrum mánuðum síðar er Aristarkus enn með Páli í Grikklandi þrátt fyrir að óvinir Páls sitji um líf hans. (Post. 20:2-4) Aristarkus fylgdi Páli á langri ferð hans þegar hann var sendur sem fangi til Rómar um árið 58 og var með honum þegar þeir biðu skipbrot á leiðinni. (Post. 27:1, 2, 41) Hann sat greinilega í fangelsi með Páli um tíma eftir komuna til Rómar. (Kól. 4:10) Það er skiljanlegt að Páli hafi fundist hughreystandi og hvetjandi að eiga svona tryggan féлага. Við getum verið tryggir vinir eins og Aristarkus með því að standa með trússystemum okkar bæði í blíðu og stríðu. *ω20.01* 9 gr. 4-5

## Föstudagur 2. apríl

*„Allir sem eiga hlut í fyrri upprisunni eru hamingjusamir og heilagir.“ – Opinb. 20:6.*

Þeim sem er andasmurður gæti fundist hann óverðugur þess að hljóta þennan mikla heiður. En hann efast ekki eitt augnablik um að Jehóva hafi valið hann. Hann er innilega glaður og þakklátur þegar hann hugsar um von sína um að lifa á himni. (1. Pét. 1:3, 4) Merkir þetta þá að þá sem eru andasmurðir langi til að deyja? Páll postuli svarar þeirri spurningu. Hann bar mannslíkama þeirra saman við tjald og sagði: „Við sem erum í þessu tjaldi andvörpum

reyndar og erum þjökuð vegna þess að við viljum ekki afklæðast þessu tjaldi en við viljum þó klæðast hinu svo að lifið taki við af hinu dauðlega.“ (2. Kor. 5:4) Þeir hafa ekki misst áhugann á lífinu eða vilja að því ljúki sem fyrst. Þeir hafa öllu heldur ánægju af því og vilja nota hvern dag til að þjóna Jehóva ásamt fjölskyldu sinni og vinum. En hvað sem þeir hafa fyrir stafni muna þeir alltaf eftir þeirri dásamlegu framtíðarvon sem þeir eiga. – 1. Kor. 15:53; 2. Pét. 1:4; 1. Jóh. 3:2, 3. *ω20.01* 23 gr. 12-13

## Laugardagur 3. apríl

*„Jehóva agar þá sem hann elskar.“ – Hebr. 12:6.*

Við þurfum stundum að fá ögun frá kærleiksríkum föður okkar þegar hann þjálpar okkur. Hann agar okkur á marga vegu. Við gætum til dæmis lesið eitthvað í Biblíunni eða heyrð eitthvað á samkomu sem leiðréttir okkur. Leiðréttingin sem við þurfum gæti líka komið frá öldungunum. Jehóva agar okkur alltaf vegna þess að hann elskar okkur, hvernig sem við hljótum agann. (Jer. 30:11) Jehóva styður okkur í prófraunum. Himneskur faðir okkar heldur okkur uppi í prófraunum rétt eins og mennskur faðir styður börn sín á erfiðum tímum. Hann notar heilagan anda sinn til að vernda okkur gegn því sem gæti skaðað sambandið við hann. (Lúk. 11:13) Jehóva hjálpar okkur líka þegar við erum kjarklítill. Hann gefur okkur til dæmis stórkostlega von. Þessi framtíðarvon hjálpar okkur að þola erfiðleika. Hugaðu þér: Sama hvaða skaða við verðum fyrir mun kærleiksríkur faðir okkar gera hann að engu. Allir erfiðleikar sem við þurfum að þola núna eru stundlegir en blessunin frá Jehóva varir að eilífu. – 2. Kor. 4:16-18. *ω20.02* 5 gr. 14-15

## Sunnudagur 4. apríl

*„Innra með okkur býr öfund sem gírnist margt.“ – Jak. 4:5.*

Við getum sigrast á öfund! Skoðum frásöguna af bræðrum Jósefs. Þeir hittu Jósef í Egyptalandi mörgum árum eftir að þeir höfðu farið illa með hann. Áður en Jósef sagði bræðrum sínum hver hann væri reyndi hann þá til að kanna hvort hugarfar þeirra hefði breyst. Hann hélt matarboð þar sem hann gaf yngsta bróður sínum mun meiri athygli en öllum hinum. (1. Mós. 43:33, 34) Ekkert gefur þó til kynna að bræður hans hafi öfundað Benjamín. Þeim var mjög annt um bróður sinn og hugsuðu einnig um Jakob föður sinn. (1. Mós. 44:30–34) Bræður Jósefs höfðu unnið bug á öfundinni og þess vegna var hægt að endurheimta friðinn í fjölskyldunni. (1. Mós. 45:4, 15) Á svipaðan hátt getum við átt þátt í að varðveita friðinn í fjölskyldunni og innan safnaðarins ef við upprætum hvers kyns öfund. Jehóva vill að við berjumst gegn öfund og stuðlum að friði. Ef við ræktum með okkur auðmýkt, nægjusemi og þakklæti er ekkert pláss eftir fyrir öfund. *w20.02* 19 gr. 17–18

## Mánudagur 5. apríl

*„Ég elska Drottin af því að hann heyrir grátbeiðni mína.“ – Sál. 116:1.*

Ein leið til að sýna þakklæti þitt fyrir kærleika Jehóva er að tala við hann í bæn. Þegar þú segir honum frá því sem þér liggur á hjarta og þakkar honum fyrir allt sem hann hefur gert fyrir þig ferðu að elska hann heitar. Og þegar þú sérð hvernig hann svarar bænum þínum styrkist vinátta ykkar. Þú sannfærist um að hann skilur þig. En þú þarft að

skilja hvernig Jehóva hugsar til að verða enn nánari honum. Þú þarft einnig að vita til hvers hann ætlast af þér. Og það gerirðu aðeins með námi í orði hans, Biblíunni. Lærðu því að meta Biblíuna. Sannleikann um Jehóva og fyrirætlun hans með þig er aðeins að finna í Biblíunni. Þú sýnir að þú metir Biblíuna mikils með því að lesa daglega í henni, undirbúa biblíunámsstundirnar og fara eftir því sem þú lærir. (Sál. 119:97, 99; Jóh. 17:17) Ertu með biblíulestrarætlun? Ferðu eftir henni og lest á hverjum degi í Biblíunni? *w20.03* 5 gr. 8–9

## Þriðjudagur 6. apríl

*Hann tók því að rökræða við þá sem urðu á vegi hans. – Post. 17:17.*

Ef þú getur ekki gengið mikið gætirðu setið á fjölförnum stað og boðað vegfarendum trúna. Þú gætir líka vitnað óformlega, skrifað bréf eða hringt í fólk. Margir boðberar sem eru takmörkum háðir hafa mikla ánægju af þessum boðunaraðferðum. Þú getur gert þjónustu þinni góð skil þótt heilsan setji þér takmörk. Páll postuli sagði: „Ég get tekist á við hvað sem er vegna hans sem gefur mér kraft.“ (Fil. 4:13) Páll þurfti á þessum styrk að halda þegar hann veiktist í einni trúboðsferð sinni. Hann útskýrði fyrir Galatamönnum: „Líkamleg veikindi mín urðu til þess að ég fékk tækifæri til að boða ykkur fagnaðarboðskapinn í fyrsta sinn.“ (Gal. 4:13) Að sama skapi gætu veikindi þín gefið þér tækifæri til að segja fólki frá fagnaðarerindinu, svo sem læknum, hjúkrunarfræðingum og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum. Margir þeirra eru í vinnunni þegar boðberar banka upp á heima hjá þeim. *w19.04* 4–5 gr. 10–11



## Miðvikudagur 7. apríl

*„Allir sem vilja lifa guðrækilegu lífi sem lærisveinar Krists Jesú verða ofsóttir.“ – 2. Tím. 3:12.*

Árið 2018 bjuggu meira en 223.000 boðberar fagnaðarerindisins í löndum þar sem starf okkar er bannað eða sætir verulegum hömlum. Það kemur ekki á óvart. Sannkristnir menn búast við því að vera ofsóttir. Hvar sem við búum gætu yfirvöld skyndilega og óvænt bannað okkur að tilbiðja Jehóva, kærleiksrikan Guð okkar. Ef yfirvöld banna tilbeiðslu okkar gætum við ályktað ranglega að við njótum ekki velþóknunar Jehóva. En mundu að ofsóknir eru ekki merki um að Jehóva sé óánægður með okkur. Tökum Pál postula sem dæmi. Hann naut sannarlega velþóknunar Guðs. Hann fékk að skrifa 14 af bréfum Grísku ritninganna og var postuli heiðingja. Samt sem áður þurfti hann að þola harðar ofsóknir. (2. Kor. 11:23–27) Reynsla Páls sýnir okkur að Jehóva leyfir stundum að trúfastir þjónar hans séu ofsóttir. *19.07* 8 gr. 1, 3

## Fimmtudagur 8. apríl

*Baráttan sem við eigum í er við andaverur vonskunnar á himnum.*  
– Ef. 6:12.

Eitt það hjartnæmasta sem Jehóva gerir til að sýna umhyggju sína fyrir þjónum sínum er að hjálpa þeim að standa gegn óvinum þeirra. Helstu óvinir okkar eru Satan og illu andarnir. Jehóva varar okkur við þeim og lætur okkur í té það sem við þurfum til að standa gegn þeim. (Ef. 6:10–13) Ef við þiggjum hjálp Jehóva og reiðum okkur algerlega á hann tekst okkur að standa gegn djöflinum. Við getum haft sama trú-

artraust og Páll postuli, en hann sagði: „Ef Guð er með okkur hver getur þá staðið á móti okkur?“ (Róm. 8:31) Við sem erum vottar Jehóva erum ekki upptekin af að hugsa um Satan og illu andana. Við einbeitum okkur fyrst og fremst að því að kynnast Jehóva og þjóna honum. (Sálm. 25:5) En við þurfum samt að vita í meginatriðum hvernig Satan starfar svo að hann nái ekki tökum á okkur. – 2. Kor. 2:11. *19.04* 20 gr. 1–2

## Föstudagur 9. apríl

*„Hver og einn á að vera fljótur til að heyra, seinn til að tala.“*  
– Jak. 1:19.

Það er mikilvægt að hlusta vel á bróður eða systur sem er niðurdreginn. Það er ekki nóg bara að þega og hlusta. Við getum sýnt kærleika og samúð þegar við hlustum á aðra. Nokkur nærgætin og hlýleg orð geta sýnt hvernig okkur er innanbrjósts. Þú gætir sagt: „Mér þykir leitt að þetta skyldi koma fyrir þig.“ Þegar vinur þinn tjáir sig í angist sinni geturðu ef til vill spurt hann út í það sem hann segir til að vera viss um að þú skiljir hann. Þú gætir spurt: „Geturðu útskýrt fyrir mér hvað þú átt við?“ eða: „Þegar þú sagðir þetta skildi ég það þannig að ... Var það rétt skilið hjá mér?“ Spurningar sem þessar lýsa umhyggjusemi og fullvissa vin þinn um að þú sért í raun að hlusta og reyna að skilja hann. (1. Kor. 13:4, 7) Gættu þess samt að vera „seinn til að tala“. Gríptu ekki fram í til að gefa ráð eða leiðrétta hugsunarhátt vinar þíns. Og vertu þolinmóður. Við viljum sýna samúð og hluttekningu frekar en að reyna að koma með lausnir. – 1. Pét. 3:8. *19.05* 17–18 gr. 15–17

## Laugardagur 10. apríl

*„Þið menn, elskið eiginkonur ykkar eins og Kristur elskaði söfnuðinn og gaf líf sitt fyrir hann“*

– Ef. 5:25.

Eiginmaður á að elska konu sína „eins og Kristur elskaði söfnuðinn“. (Ef. 5:28, 29) Hann á að líkja eftir förnfúsum kærleika Krists með því að taka þarfir og langanir konu sinnar fram yfir sínar eigin. Sumum mönnum getur fundist erfitt að sýna slíkan kærleika, kannski vegna þess að þeir voru ekki aldir upp við að meta mikils sanngirni og kærleika. Það getur verið erfitt fyrir þá að uppræta slæmar venjur en það er nauðsynlegt til að fylgja lögmáli Krists. Eiginmaður sem sýnir förnfúsan kærleika ávinnur sér virðingu konu sinnar. Faðir sem elskar börnin sín myndi aldrei beita þau andlegu eða líkamlegu ofbeldi. (Ef. 4:31) Öllu heldur finna börnin til öryggis þegar hann sýnir þeim að hann metur þau mikils og elskar þau. Slíkur faðir ávinnur sér ást og traust barna sinna. *w19.05 6 gr. 21*

## Sunnudagur 11. apríl

*„Jehóva Guð mun gefa honum háseti Davíðs föður hans. Hann mun ríkja sem konungur yfir ætt Jakobs að eilífu.“* – Lúk. 1:32, 33.

Hvernig ætli María hafi skilið þessi orð Gabríels? Ætli hún hafi skilið það þannig að Jesús myndi taka við völdum af Heródesi konungi eða einhverjum arftaka hans í Ísrael? Ef Jesús yrði konungur yrði María konungsmóðir og fjölskylda hennar myndi búa í konungshöllinni. En hvergi er minnst á að María hafi óskað eftir tignarstöðu í ríki Jesú. María hefur verið einstaklega auðmjúk.

Eins og fram hefur komið ætti aðalmarkmiðið með námi okkar í Biblíunni og ritum safnaðarins að vera að styrkja sambandið við Jehóva. Við viljum jafnframt sjá betur hvaða mann við höfum að geyma og hverju við þurfum að breyta til að þóknast Guði. (Jak. 1:22–25; 4:8) Við ættum því að biðja Jehóva um anda hans í byrjun hverrar námsstundar. Biðjum hann að hjálpa okkur að hafa sem mest gagn af efninu og sjá sjálf okkur sömu augum og hann sér okkur. *w19.05 31 gr. 18–19*

## Mánudagur 12. apríl

*„Ég er aðeins örvingluð.“*

– 1. Sam. 1:15.

Stundum herja margs konar erfið vandamál á okkur á sama tíma. Skoðum eftirfarandi dæmi: Vottur að nafni John, sem er með MS-sjúkdóminn, var niðurbrotinn þegar eiginkona hans fór frá honum eftir 19 ára hjónaband. Síðan hættu báðar dætur hans að þjóna Jehóva. Hjónin Bob og Linda stóðu frammi fyrir annars konar erfiðleikum. Þau misstu bæði vinnuna og síðan misstu þau heimilið. Auk þessara erfiðleika greindist Linda með hjartasjúkdóm sem gat dregið hana til dauða og annar sjúkdómur herjaði á ónæmiskerfið. Jehóva er kærleiksríkur faðir okkar og skapari. Við getum verið viss um að hann skilur hvernig okkur líður undir álagi. Og hann vill hjálpa okkur að takast á við erfiðleikana sem við stöndum frammi fyrir. (Fil. 4:6, 7) Í orði Guðs er að finna margar frásögur sem segja frá erfiðleikum sem þjónar Jehóva gengu í gegnum. Þar er líka sagt frá því hvernig Jehóva hjálpaði þeim að takast á við erfiðleikana. *w19.06 14 gr. 2–3*

## **Priðjudagur 13. apríl**

*„Vinur lætur aldrei af vináttu sinni, í andstreymi reynist hann sem bróðir.“ – Orðskv. 17:17.*

Með því að gera ýmislegt smálegt fyrir þá sem eiga ekki lengur maka sýnum við þeim að okkur þyki vænt um þá. Þeir þurfa meira en nokkru sinni fyrr á góðum vinum að halda. Hvernig geturðu reynst góður vinur? Þú getur til dæmis boðið þeim í mat, boðist til að verja frítíma með þeim eða farið með þeim í boðunina. Þú gætir líka boðið þeim af og til að vera með í tilbeiðslustund fjölskyldunnar. Þá gleðurðu Jehóva því að hann er „nálægur þeim sem hafa sundurmarið hjarta“ og hann er „verndari ekkna“. (Sálm. 34:19; 68:6) Bráðlega mun ríki Guðs fara með völd yfir jörðinni og allar „þrengingar verða gleymdar“. Við hlökkum til þess tíma því að „hins fyrri verður ekki minnst framfarir og það skal engum í hug koma“. (Jes. 65:16, 17) Þangað til skulum við styðja hvert annað og sýna bæði í orðum okkar og verkum að okkur er annst um alla sem tilheyra andlegri fjölskyldu okkar. – 1. Pét. 3:8. *w19.06* 25 gr. 18–19

## **Miðvikudagur 14. apríl**

*„Jehóva hjálpur mér, ég óttast ekki neitt.“ – Hebr. 13:6.*

Fyrir mörgum árum sagði í *Varðturninum*: „Sá sem þekkir Guð best treystir honum best í prófraunum.“ Það er hverju orði sannara. Til að geta staðist ofsóknir verðum við að elska Jehóva og treysta honum algerlega. (Matt. 22:36–38; Jak. 5:11) Lestu daglega í Biblíunni með það markmið að nálægja þig Jehóva. (Jak. 4:8) Beindu athyglinni að blíðum eiginleikum Jehóva þegar þú lest. Reyndu að finna fyrir kærleika

hans og umhyggju í því sem hann segir og gerir. (2. Mós. 34:6) Sumum getur fundist erfitt að trúa að Guð elski þá vegna þess að þeim hefur aldrei verið sýnd ástúð. Ef þér líður þannig skaltu reyna að skrifa niður á hverjum degi hvernig Jehóva hefur sýnt þér miskunn og góðvild. (Sálm. 78:38, 39; Róm. 8:32) Þér kemur ef laust margt í hug sem Jehóva hefur gert fyrir þig þegar þú hugleiðir það sem þú hefur upplifað sjálfur og lesið í orði Guðs. Samband þitt við Jehóva styrkist eftir því sem þú verður þakklátari fyrir það sem hann gerir. – Sálm. 116:1, 2. *w19.07* 2–3 gr. 4–5

## **Fimmtudagur 15. apríl**

*Við drottnum ekki yfir trú ykkar. Við erum öllu heldur samstarfsmenn og viljum stuðla að því að þið séuð glöð, en það er trúin sem gerir ykkur staðföst. – 2. Kor. 1:24.*

Jehóva hefur ekki gefið okkur leyfi til að taka persónulegar ákvarðanir fyrir aðra. Sá sem setur óþarf- ar reglur er ekki að vernda trússystemi sínu heldur er hann að reyna að drottna yfir trú þeirra. Satan djöfullinn hættir ekki að ofsækja trúfastu þjóna Jehóva. (1. Pét. 5:8; Op- inb. 2:10) Satan og fulltrúar hans reyna að banna okkur að tilbiðja Jehóva. Það er þó engin ástæða til að lamast af ótta. (5. Mós. 7:21) Jehóva er með okkur og hann heldur áfram að styðja okkur þó að starfsemi okkar verði bönnuð. (2. Kron. 32:7, 8) Verum jafn ákveðin og bræður okkar á fyrstu öld sem sögðu við stjórnendur síns tíma: „Dæmið sjálfir hvort það sé rétt í augum Guðs að hlusta á ykkur frekar en Guð. En við getum ekki hætt að tala um það sem við höfum séð og heyrt.“ – Post. 4:19, 20. *w19.07* 13 gr. 18–20

## Föstudagur 16. apríl

*„Ráð mannhjartans eru sem djúp vötn og hygginn maður eys af þeim.“ – Orðskv. 20:5.*

Þegar við erum í boðuninni þurfum við að reyna að skilja hvað hefur mótað hugsunarhátt fólks sem við hittum. Páll postuli ólst upp meðal Gyðinga. En hann þurfti að laga boðun sína að fólki af þjóðunum sem vissi lítið eða ekkert um Jehóva og Ritninguna. Við þurfum ef til vill að leita okkur upplýsinga til að geta skilið fólk á svæðinu og sett okkur í spor þess. (1. Kor. 9:20–23) Það er markmið okkar að finna þá sem eru „verðugir“. (Matt. 10:11) Til að ná árangri þurfum við að hvetja fólk til að tjá skoðanir sínar og hlusta síðan vel. Bróðir á Englandi spyr fólk hvernig það haldi að hægt sé að eiga hamingjuríkt hjónaband, hvernig sé gott að ala upp börn eða hvernig sé best að bregðast við óréttlæti. Eftir að hafa hlustað á svörin spyr hann: „Hvað finnst þér um þetta ráð sem var gefið fyrir næstum 2.000 árum?“ Síðan sýnir hann vel valið vers í farsímanum sínum án þess að nefna Biblíuna á nafn. *w19.07 21–22 gr. 7–8*

## Laugardagur 17. apríl

*„Guð hefur sýnt að hann elskar okkur með því að láta Krist deyja fyrir okkur meðan við vorum enn syndarar.“ – Rómv. 5:8.*

Hversu heitt ættum við að elska Guð? Jesús sagði farísea nokkrum: „Þú skalt elska Jehóva Guð þinn af öllu hjarta þínu, allri sál þinni og öllum huga þínum.“ (Matt. 22:36, 37) Við viljum elska Jehóva af öllu hjarta og við viljum að kærleikur okkar til hans styrkist dag frá degi. Við þurfum að þekkja Guð til að geta elskað hann. Í Biblíunni segir: „Sá sem elskar ekki hefur ekki kynnst Guði því að

Guð er kærleikur.“ (1. Jóh. 4:8) Páll postuli gaf til kynna að kærleikur okkar til Jehóva styrkist þegar við öflum okkur nákvæmrar þekkingar á honum og lærum að líta hlutina sömu augum og hann. (Fil. 1:9) Þegar við byrjuðum að kynna okkur Biblíuna byggðum við upp kærleika til Guðs þrátt fyrir takmarkaða þekkingu á ásamlegum eiginleikum hans. Eftir því sem við kynntumst Jehóva betur því meira elskuðum við hann. Það er engin furða að okkur finnist mjög mikilvægt að stunda reglulegt biblíunám og hugleiða það sem við lesum. – Fil. 2:16. *w19.08 9 gr. 4–5*

## Sunnudagur 18. apríl

*„Betri eru tveir en einn.“  
– Préd. 4:9.*

Ef þú hefur fengið verkefni á nýjum stað þarftu að eignast vini þar. Mundu að þú þarft að vera vinur til að eignast vini. Segðu öðrum frá reynslu þinni í þjónustu Jehóva svo að þeir sjái gleðina sem hann hefur gefið þér. Kenndu ekki maka þínum um ef þið þurfið að hætta þjónustu í fullu starfi vegna veikinda hans. Þú ættir ekki heldur að vera með sektarkennd og finnst þú hafa brugðist maka þínum ef þú missir heilsuna. Hafðu í huga að þið eruð „einn maður“ og hétuð frammi fyrir Jehóva að hugsa um hag hvort annars í blíðu og stríðu. (Matt. 19:5, 6) Og ef þið hættuð í fullu starfi vegna þess að þið áttuð óvænt von á barni þurfið þið að tryggja að barnið skilji að það er mikilvægara en verkefnið ykkar var. Fullvissið barnið um að þið lítið á það sem umbun frá Guði. (Sálm. 127:3–5) Segið barninu líka frá því hvað verkefni ykkar var stórkostleg lífsreynsla. Það getur orðið því hvatning til að nota líf sitt í ánægjulegri þjónustu fyrir Jehóva, rétt eins og þið gerðuð. *w19.08 22 gr. 10–11*

## Mánudagur 19. apríl

*„Ég skal sýna þér dóminn yfir  
vændiskonunni miklu.“  
– Opínb. 17:1.*

Babýlon hin mikla, heimsveldi fals-  
trúarbragðanna, hefur smánað nafn  
Guðs stórlega. Hún hefur kennt lygar  
um Guð. Hún hefur stundað vændi í  
andlegum skilningi með því að stofna  
til bandalaga við valdhafa jarðar. Hún  
hefur notað vald sitt og áhrif til að  
kúga og féfletta fylgjendur sína. Auk  
þess hefur hún úthellt miklu blóði,  
þar á meðal blóði þjóna Guðs. (Opínb.  
18:24; 19:2) Jehóva mun nota „hornin  
tíu“ á „skarlatsrauðu villidýri“ til að  
eyða „vændiskonunni miklu“. Villidýr-  
ið tákna Sameinuðu þjóðirnar og  
hornin tíu tákna núverandi stjórn-  
málaöfl sem styðja þau samtök. Þessi  
stjórn málaöfl snúast gegn hinni tákn-  
rænu Babýlon á þeim tíma sem Guð  
hefur ákveðið. Þau munu „ræna hana  
öllu og skilja hana eftir nakta“ með  
því að láta greipar sópa um auðæfi  
hennar og afhjúpa illsku hennar. (Op-  
ínb. 17:3, 16) Þessi snögglega tortím-  
ing – eins og væri „á einum degi“ –  
kemur flatt upp á fylgjendur hennar,  
enda hefur hún lengi hreykt sér upp  
og sagt: „Ég mun aldrei upplifa sorg.“  
– Opínb. 18:7, 8. *w19.09 10 gr. 10–11*

## Þriðjudagur 20. apríl

*„Takið á ykkur mitt ok og lærið af  
mér.“ – Matt. 11:29.*

Það stendur öllum til boða. Jes-  
ús hafnar engum sem einlæglega vill  
þjóna Guði. (Jóh. 6:37, 38) Allir fylg-  
jendur Krists hafa fengið þann heiður  
að taka þátt í því starfi sem Jehóva  
hefur falið Jesú. Við megum vera viss  
um að Jesús verði alltaf til staðar til  
að hjálpa okkur að sinna því. (Matt.  
28:18–20) Auðmjúkt fólk laðaðist að  
Jesú. (Matt. 19:13, 14; Lúk. 7:37, 38)  
Hvers vegna? Hugsum um muninn  
á fariseunum og Jesú. Þessir trúar-

leiðtogar voru kaldlyndir og hroka-  
fullir. (Matt. 12:9–14) Jesús var hlý-  
legur og auðmjúkur. Farisearnir voru  
framagjarnir og stoltir af hárrí stöðu  
sinni í samfélaginu. Það var andstætt  
kennslu Jesú. Hann kenndi lærisvein-  
um sínum að vera auðmjúkir og þjóna  
öðrum. (Matt. 23:2, 6–11) Farisearn-  
ir drottнуðu yfir öðrum með því að  
vekja með þeim ótta. (Jóh. 9:13, 22)  
Jesús hressti aðra með því að sýna  
þeim kærleika og vera vingjarnlegur  
í tali. Hvað hefur þú lært af Jesú?  
*w19.09 20 gr. 1; 21 gr. 7–8; 23 gr. 9*

## Miðvikudagur 21. apríl

*„Nálgist Guð og þá mun hann nálg-  
ast ykkur.“ – Jak. 4:8.*

Samkomurnar hjálpa okkur að ná-  
lægja okkur Jehóva. Viðhorf okkar  
til samkomusóknar er góð vísbend-  
ing um hvernig við eigum eftir að  
takast á við ofsóknir í framtíðinni.  
(Hebr. 10:24, 25) Hvernig þá? Ef við  
leyfum smámunum að koma í veg fyr-  
ir að við mætum á samkomur núna,  
hvað verður þá um okkur í framtíð-  
inni ef við þurfum að stofna okkur  
í hættu til að hitta trússystkini  
okkar? Ef við aftur á móti einsetjum  
okkur að sækja alltaf samkomur lát-  
um við ekki undan þegar andstæðing-  
ar reyna að hindra okkur í að safn-  
ast saman. Núna er rétti tíminn til  
að læra að meta samkomurnar. Ef við  
njótum þess að sækja samkomur getur  
engin mótsþyrna, ekki einu sinni  
bann frá yfirvöldum, fengið okkur  
til að hætta að hlýða Guði framar  
en mönnum. (Post. 5:29) Leggðu á  
minnið ritningarstaði sem eru í uppá-  
haldi hjá þér. (Matt. 13:52) Þó að þú  
sért ekki með fullkomið minni getur  
Jehóva notað heilagan anda sinn til  
að hjálpa þér að muna þessa ritning-  
arstaði. (Jóh. 14:26) Þessi biblíuvers  
geta hjálpað okkur að varðveita náíð  
samband við Jehóva og vera trúföst.  
*w19.07 3 gr. 5; 4 gr. 8–9*

## Fimmtudagur 22. apríl

*„Það máttu vita að á síðustu dögum verða hættulegir og erfiðir tímar.“ – 2. Tím. 3:1.*

Fæddistu eftir 1914? Þá hefurðu lifað alla þína ævi „á síðustu dögum“ þessa heimskerfis. Við höfum öll heyrt um þá atburði sem Jesús spáði fyrir að yrðu á þessum tíma. Það yrðu stríð, matvæðaskortur, jarðskjálftar, drepsóttir, vaxandi lögleysi og ofsóknir á hendur þjóna Jehóva. (Matt. 24:3, 7-9, 12; Lúk. 21:10-12) Við sjáum líka fólk haga sér eins og Páll postuli lýsti. Sem tilbiðjendur Jehóva erum við sannfærð um að við lifum á „hinum síðustu dögum“. (Míka 4:1, *Biblían 1981*) Þar sem svo langt er liðið frá 1914 hljótum við að lifa á allra „síðustu dögum“. Fyrst endirinn er svo nærri þurfum við að fá svör við nokkrum mikilvægum spurningum: Hvaða atburðir munu eiga sér stað í lok „síðustu daga“? Og hvað ætlast Jehóva til af okkur meðan við bíðum þessara atburða? *w19.10* 8 gr. 1-2

## Föstudagur 23. apríl

*„Sá sem er þolgóður allt til enda mun bjargast.“ – Matt. 24:13.*

Þolgæði er ekki háð hagstæðum aðstæðum. Við getum styrkt þolgæði okkar með því að treysta á Jehóva. (Róm. 12:12) Loforð Jesús í versí dagsins þýðir að við þurfum að vera þolgóð, hvaða erfiðleikum sem við mætum. Við styrkjumst áður en þrengingin mikla skellur á með því að vera þolgóð í öllum raunum núna. Ósvikið hugrekki byggist á trausti á Jehóva alveg eins þolgæði. Hvernig getum við styrkt traust okkar til hans? Með því að

lesa daglega í orði hans og hugleiða hvernig hann bjargaði fólki sínu forðum daga. (Sálm. 68:21; 2. Pét. 2:9) Þegar þjóðirnar gera árás á okkur í þrengingunni miklu þurfum við að vera hugrökk og treysta Jehóva sem aldrei fyrr. (Sálm. 112:7, 8; Hebr. 13:6) Ef við treystum honum núna höfum við það hugrekki sem þarf þegar Góg gerir árás. Við erum sannfærð um að við erum alltaf örugg undir kærleiksríkri vernd Jehóva. – 1. Kor. 13:8. *w19.10* 18 gr. 15-16

## Laugardagur 24. apríl

*„Allur heimurinn er á valdi hins vonda.“ – 1. Jóh. 5:19.*

Djöfullinn stjórnar þessu heimskerfi og notar það til að höfða til eðlilegra langana okkar og veikleika holdsins. (Ef. 2:1-3) Markmið hans er að fá okkur til að elska það margt að við sýnum Jehóva ekki óskipta hollustu. Þegar Pétur postuli hafði skrifað um endalok heimskerfis Satans og komandi nýjan heim skrifaði hann: „Þar sem þið væntið þessa, þið elskuðu, skuluð þið gera ykkar ýtrasta til að reynast að lokum flekklaus og lýtalaus í augum hans og eiga frið.“ (2. Pét. 3:14) Við sýnum Jehóva óskipta hollustu með því að fara eftir þessu ráði og reyna eftir fremsta megni að vera andlega og siðferðislega hrein. Satan og heimskerfi hans munu halda áfram að freista okkar til að taka annað fram yfir Jehóva. (Lúk. 4:13) En við látum ekkert taka þann sess sem Jehóva á í hjörtum okkar. Við erum staðráðin í að gefa Jehóva það sem honum einum ber – óskipta hollustu okkar. *w19.10* 27 gr. 4; 31 gr. 18-19

## Sunnudagur 25. apríl

*Ég er sorgmæddur yfir synd minni.  
– Sálm. 38:19.*

Við látum okkur varða ýmislegt sem skiptir máli. Okkur er til dæmis réttilega umhugað um að þóknast Jehóva og Jesú. (1. Kor. 7:32) Ef við syndgum alvarlega er okkur mikið í mun að endurheimta vináttuna við Guð. Okkur er líka umhugað um að þóknast maka okkar og við viljum láta okkur annt um velferð fjölskyldunnar og bræðra og systra. (1. Kor. 7:33; 2. Kor. 11:28) Hins vegar gætum við haft óhóflegar áhyggjur af fæði og klæði. (Matt. 6:31, 32) Til að draga úr þessum áhyggjum leggjum við kannski mikið upp úr að eignast efnislega hluti. Ef við leyfðum því að gerast myndi það veikja trú okkar og samband okkar við Jehóva biði skaða. (Mark. 4:19; 1. Tím. 6:10) Við þurfum líka að forðast að hafa óhóflegar áhyggjur af álitum annarra á okkur. Slíkar áhyggjur gætu leitt til þess að við óttuðumst háð og ofsóknir meira en að vanþóknast Jehóva. Við verðum að biðja Jehóva innilega að gefa okkur þá trú og hugrekki sem við þurfum til að falla ekki í þá gryfju. – Orðskv. 29:25; Lúk. 17:5. *w19.11 15 gr. 6–7*

## Mánudagur 26. apríl

*„Ef einhvern á meðal ykkar skortir vísu ætti hann ekki að gefast upp á að biðja Guð um hana. Hann mun fá hana því að Guð gefur öllum af örlæti.“ – Jak. 1:5.*

Sumum mikilvægum ákvörðunum myndum við aldrei breyta. Til dæmis höldum við okkur við þá ákvörðun að þjóna Jehóva og við erum staðráðin í að vera maka okkar trú. (Matt. 16:24; 19:6) En við gætum þurft að endurskoða aðrar ákvarðanir vegna þess að aðstæður breyt-

ast. Hvað getur auðveldað okkur að taka skynsamlegar ákvarðanir? Biddu Jehóva um vísu. Okkur skortir öll vísu að einhverju leyti. Leitaðu því hjálpar Jehóva bæði þegar þú tekur ákvörðun og þegar þú þarft að breyta henni. Hann hjálpar þér að velja viturlega. Rannsakaðu málið vel. Leitaðu ráða í orði Guðs, lestu þér til í ritum safnaðarins og talaðu við fólk sem þú treystir að muni gefa þér góð ráð. (Orðskv. 20:18) Slík rannsókn er mjög mikilvæg áður en þú tekur ákvarðanir um að skipta um vinnu, flytjast eða hvaða menntun getur auðveldað þér að þjóna Jehóva. *w19.11 27 gr. 6–8*

## Þriðjudagur 27. apríl

*„Ég er aumkunarverður maður. Hver getur frelsað mig frá líkamnum sem deyr með þessum hætti?“ – Róm. 7:24.*

Guð sá okkur fyrir leið til að öðlast frelsi, eða losna undan synd. Jesús er lykillinn að þessari frelsun. Rúmlega 700 árum áður en Jesús kom til jarðar sagði spámaðurinn Jesaja fyrir um stórfenglega frelsun sem myndi eiga sér stað í framtíðinni. Hún yrði langtum meiri en frelsunin sem Ísraelsmenn hlutu á fagnaðarárinu. Jesaja skrifaði: „Andi Drottins er yfir mér því að Drottinn hefur smurt mig. Hann hefur sent mig til að flytja fátækum gleðilegan boðskap, til að græða þá sem hafa sundurmarin hjörtu, boða föngum lausn.“ (Jes. 61:1) Á hverjum rættist þessi spádómur? Þessi mikilvægi spádómur um frelsun uppfylltist að hluta eftir að Jesús hóf þjónustu sína. Þegar Jesús fór í samkundu-húsið í Nasaret, heimabæ sínum, las hann spádóm Jesaja fyrir Gyðingana sem voru þar saman komnir og heimfærði upp á sjálfan sig. – Lúk. 4:16–19. *w19.12 9–10 gr. 6–8*

## Miðvikudagur 28. apríl

*„Síðan tókum við í okkur kjark með hjálp Guðs til að flytja ykkur fagnaðarboðskap hans þótt andstaðan væri mikil.“ – 1. Þess. 2:2.*

Það þarf kjark til að standast ofsóknir. Hvað geturðu gert ef þér finnst að þig skorti kjark? Hafðu í huga að hugrekki ræðst ekki af stærð þinni, styrk eða getu. Hugleiddu hvað hinn ungi Davíð gerði þegar hann stóð frammi fyrir Golíat. Í samanburði við þennan risa var Davíð lífíll, veikbyggður og illa vopnum búinn. Hann var ekki einu sinni með sverð. En hann var kjarkmikill. Davíð hljóp djarfur fram til að berjast við þennan hrokafulla risa. Hvað gerði Davíð svona kjarkmikinn? Hann treysti því algerlega að Jehóva væri með honum. (1. Sam. 17:37, 45–47) Davíð einblíndi ekki á það hve stór Golíat var í samanburði við hann heldur á hvað Golíat var agnarsmár í samanburði við Jehóva. Hvað lærum við af þessu? Við fyllumst kjarki ef við erum sannfærð um að Jehóva sé með okkur og að andstæðingar okkar séu agnarsmáir í samanburði við almáttugan Guð. – 2. Kron. 20:15; Sálms. 16:8 *w19.07* 5 gr. 11–13

## Fimmtudagur 29. apríl

*Samstarfsmenn mínir hafa verið mér til mikillar hughreystingar.*  
– Kól. 4:11.

Týkíkus var tryggur félagi Páls postula. (Post. 20:4) Um árið 55 gekkst Páll fyrir fjársöfnun til aðstoðar kristnum mönnum í Júdeu og vera má að hann hafi beðið Týkíkus að aðstoða sig við þetta mikilvæga verkefni. (2. Kor. 8:18–20) Síðar, þegar Páll var fangi í Róm í fyrra sinnið, var Týkíkus sendiboði hans. Hann fór með bréf Páls til safnaðanna í

Asíu og flutti þeim uppörvandi fréttir. (Kól. 4:7–9) Týkíkus reyndist traustur vinur Páls. (Tít. 3:12) En það voru ekki allir í söfnuðinum jafn áreiðanlegir og hann. Um árið 65, þegar Páll var fangi í síðara skiptið, skrifaði hann að margir safnaðarmenn í skattlandinu Asíu hefðu hætt að umgangast hann, hugsanlega sökum ótta við andstæðinga. (2. Tím. 1:15) Páll gat hins vegar reitt sig á Týkíkus og fól honum enn eitt verkefnið. (2. Tím. 4:12) Honum þótti greinilega verðmætt að eiga góðan vin eins og Týkíkus. *w20.01* 10 gr. 7–8

## Föstudagur 30. apríl

*„Okkur hefur Guð opinberað það.“*  
– 1. Kor. 2:10.

Þú veltir kannski fyrir þér hvort þú sért andasmurður. Þá er gott að hugleiða þessar mikilvægu spurningar: Hefurðu brennandi löngun til að gera vilja Jehóva? Finnst þér þú hafa sértaklega mikinn áhuga á boðuninni? Ertu duglegur biblíunemandi og hefur mikla ánægju af að kafa ofan í „hið djúpa sem býr í Guði“? Finnst þér Jehóva hafa blessað þig ríkulega í boðuninni? Finnurðu til mikillar ábyrgðar gagnvart öðrum og vilt hjálpa þeim að þjóna Jehóva? Hefurðu séð sönnun þess að Jehóva hafi hjálpað þér á marga og sérstaka vegu í lífinu? Er svarið við öllum þessum spurningum eindregið já? Sannar það þá að þú hafir fengið himneska köllun? Nei, það gerir það ekki. Af hverju ekki? Af því að allir þjónar Guðs geta upplifað þetta. Það eitt að þú skulir vera að velta fyrir þér hvort þú sért andasmurður er merki um að þú sért það ekki. Þeir sem Jehóva útvelur þurfa ekki að velta fyrir sér hvort þeir séu andasmurðir. Þeir vita það! *w20.01* 23 gr. 14



## Laugardagur 1. maí

*Kenndu okkur hvornig við eigum að fara með sveininn. – Dóm. 13:8.*

Hvað geta foreldrar gert til að hjálpa börnum sínum að elska Jehóva? Biðjið Jehóva um hjálp. Man-óa gerði það. Verið líka góð fyrirmynd. Það skiptir máli hvað þú segir en það sem þú gerir hefur líklega meiri áhrif á barnið þitt. Við getum gengið að því vísu að Jósef og María hafi verið börnum sínum, líka Jesú, góðar fyrirmyndir. Jósef vann hörðum höndum við að annast fjölskylduna. Hann hvatti hana líka til að þjóna Jehóva með gleði. (5. Mós. 4:9, 10) Hann tók fjölskylduna með til Jerúsalem „á hverju ári“ til að halda páska. (Lúk. 2:41, 42) Sumir feður á þeim tíma hafa ef til vill álitid það óhentugt, tímafrekt og dýrt að fara með fjölskylduna í slíkt ferðalag. En Jósef kunni greinilega að meta andleg mál og kenndi börnum sínum að hafa sama hugarfar. María þekkti líka Ritningarnar vel. Hún kenndi börnunum eflaust bæði í orði og verki að elska orð Guðs. *w19.12 24–25 gr. 9–12*

## Sunnudagur 2. maí

*„Ég er holdlegur, seldur á vald syndarinnar.“ – Róm. 7:14.*

Við sjáum kærleika Jehóva til okkar í því hvornig hann brást við óhlýðni Adams. Adam og afkomendur hans fengu ekki lengur að tilheyra hamingjusamri fjölskyldu Jehóva eftir að hann óhlýðnaðist. (Róm. 5:12) En Jehóva kom afkomendum Adams til hjálpar. Jehóva refsaði Adam en gaf ófæddum afkomendum hans von. Hann lofaði strax að hlýðnir menn myndu aftur fá að tilheyra fjölskyldu hans. (1. Mós. 3:15; Róm. 8:20, 21) Jehóva

gerði það mögulegt með lausnarfórn Jesú, ástkærs sonar síns. Jehóva sýndi hve heitt hann elskar okkur með því að gefa son sinn í okkar þágu. (Jóh. 3:16) Hann er besti faðirinn. Hann hlustar á bænir okkar og sér okkur fyrir því sem við þurfum, bæði efnislega og andlega. Hann þjálfar okkur og styður. Hann lofar okkur líka ríkulegri blessun. Okkur hlýnar um hjartarætur að vita að faðir okkar elskar okkur og annast. *w20.02 6 gr. 16–17; 7 gr. 20*

## Mánudagur 3. maí

*„Þegar áhyggjur þjaka mig hressir huggun þín sál mína.“*

*– Sálm. 94:19.*

Hefurðu einhvern tíma verið þjakaður af áhyggjum? Kannski vegna þess sem einhver sagði eða gerði eða kannski vegna þess sem þú hefur sagt eða gert. Þér hafa kannski orðið á mistök og þú óttast að Jehóva muni aldrei fyrirgefa þér. Og til að bæta gráu ofan á svart hugsarðu kannski að þar sem þú ert gantekinn af áhyggjum hlýturðu að hafa veika trú – þú hlýtur að vera slæm manneskja. Skoðum nokkur dæmi í Biblíunni. Hanna móðir Samúels spámanns, hafði sterka trú. Hún var samt buguð af áhyggjum vegna þess að einhver í fjölskyldunni kom illa fram við hana. (1. Sam. 1:7) Páll postuli hafði líka sterka trú, en það sóttu á hann „áhyggjur af öllum söfnuðunum“. (2. Kor. 11:28) Davíð konungur hafði svo sterka trú að Jehóva hafði sérstakt dálæti á honum. (Post. 13:22) En Davíð syndgaði sem varð til þess að þungar áhyggjur helltust stundum yfir hann. (Sálm. 38:5) Jehóva hughreysti þau öll og sefaði áhyggjur þeirra. *w20.02 20 gr. 1–2*

## **Þriðjudagur 4. maí**

*„Sá sem vill fylgja mér afneiti sjálfum sér.“ – Matt. 16:24.*

Þegar þú vígir þig Jehóva nálgastu hann í innilegri bæn og segir honum að þú ætlir að nota líf þitt í þjónustu hans að eilífu. Þegar þú vígist Guði ‚afneitar þú sjálfum þér‘. Eftir það tilheyrir þú Jehóva en það er mikill heiður. (Rómv. 14:8) Þú segir honum að héðan í frá ætlir þú að einbeita þér að þjónustunni við hann en ekki því að þóknast sjálfum þér. Vígsla þín er heit, það er að segja hátíðlegt loforð sem þú gefur Guði. Jehóva þvingar okkur ekki til að vinna slíkt heit. En þegar við gerum það ætlast hann til að við efnum það. (Sálm. 116:12, 14) Vígsla þín er einkamál milli þín og Jehóva. Skírinn er opinber og á sér stað í viðurvist annarra, yfirleitt á móti. Þegar þú lætur skírast sýnirðu öðrum að þú hafir nú þegar vígt þig Jehóva. Skírinn þín lætur því aðra vita að þú elskar Jehóva Guð þinn af öllu hjarta, sál, huga og mætti og að þú ert staðráðinn í að þjóna honum að eilífu. – Mark. 12:30. *w20.03* 9 gr. 4–5

## **Miðvikudagur 5. maí**

*„Látíð engan leiða ykkur afvega.“ – 2. Þess. 2:3.*

Satan lætur fólk missa sjónar á því hver Jehóva er. Eftir að postular Jesú dóu fóru sumir sem kölluðu sig kristna að útbreiða falskar kenningar. (Post. 20:29, 30) Þessir fráhvarfsmenn rugluðu fólk í ríminu svo að það fékk skakka mynd af hinum eina sanna Guði. Þeir fjarlægðu til dæmis nafn hans þegar þeir gerðu afrit af Biblíunni og settu

titil eins og „Drottinn“ í staðinn. Þannig gerðu þeir fólki erfitt fyrir að sjá muninn á Jehóva og öðrum ‚drottnum‘ sem nefndir eru í Biblíunni. (1. Kor. 8:5) Þeir notuðu titilinn „Drottinn“ bæði um Jehóva og Jesú þannig að það var ekki lengur skýrt fyrir fólki að Jehóva og sonur hans væru tvær persónur og ólíkir að tign. (Jóh. 17:3) Þessi ruglingur greiddi fyrir kennisetningunni um þrenningu – en hún á sér enga stoð í Biblíunni. Afleiðingin er sú að Guð er hjúpaður dulúð og margir halda að það sé ekki hægt að kynnast honum. Það er helber lygi! – Post. 17:27. *w19.06* 5 gr. 11

## **Fimmtudagur 6. maí**

*Gerðu þjónustu þinni góð skil. – 2. Tím. 4:5.*

Eitt skref í átt að því að gera þjónustu okkar góð skil er að verða færari boðberar. (Orðskv. 1:5; 1. Tím. 4:13, 15) Það er mikill heiður að fá að vera „samverkamenn Guðs“. (1. Kor. 3:9) Þú þjónar Jehóva með gleði þegar þú ‚metur þá hluti rétt sem máli skipta‘ og einbeitir þér að þjónustunni við hann. (Fil. 1:10; Sálm. 100:2) Þú mátt vera viss um að hann gefur þér þann kraft sem þú þarft til að gera þjónustu þinni góð skil, sama hverjir erfiðleikar þínir eða takmörk eru. (2. Kor. 4:1, 7; 6:4) Þú hefur ástæðu til að gleðjast þegar þú sinnir þjónustunni af öllum huga, hvort sem aðstæður þínar leyfa að þú takir lítinn eða mikinn þátt í boðuninni. (Gal. 6:4) Með því að gera þjónustu þinni góð skil sýnirðu að þú elskar Jehóva og náungann. „Þá bjargarðu bæði sjálfum þér og þeim sem hlusta á þig.“ – 1. Tím. 4:16. *w19.04* 6 gr. 15; 7 gr. 17

## Föstudagur 7. maí

*Satan afvegaleiðir alla heimsbyggðina. – Opínb. 12:9.*

Satan og illu andarnir nota oft spíritisma til að afvegaleiða fólk. Þeir sem stunda spíritisma telja sig þekkja eða hafa stjórn á ýmsu sem er ekki eðlilegt að menn geti þekkt eða stjórnað. Sumir segjast til dæmis geta séð framtíðina fyrir með spásögnum eða stjórnuspeki. Aðrir láta líta út fyrir að þeir tali við hina dánun. Og enn aðrir stunda galdra og reyna jafnvel að hneppa aðra í álög. Gerð var könnun í 18 löndum í Mið- og Suður-Ameríku og Karíbahafinu. Um þriðjungur þátttakenda sagðist trúa á galdra eða særingar og nánast jafn margir töldu að hægt væri að komast í samskipti við anda. Önnur könnun var gerð í 18 Afríkuríkjunum. Rúmlega helmingur þeirra sem tóku þátt í könnuninni sagðist trúa á galdra. Við þurfum auðvitað að vera á varðbergi gagnvart spíritisma hvar sem við búum. *w19.04 20–21 gr. 3–4*

## Laugardagur 8. maí

*„Gætið þess að enginn sé meðal ykkar sem stundar kynferðislegt siðleysi.“ – Hebr. 12:16.*

Jehóva Guð hatar alla illsku. (Sálm. 5:5–7) Hann hlýtur því að hafa andstyggð á kynferðisofbeldi gegn börnum – en það er viðbjóðslegt illskuverk. Við sem erum vottar Jehóva líkjum eftir honum og höfum andstyggð á kynferðisofbeldi gegn börnum og látum það ekki viðgangast í söfnuðinum. (Róm. 12:9) Kynferðisofbeldi gegn börnum er í hrópandi mótsögn við „lögmál Krists“. (Gal. 6:2) Allt sem Jesús kenndi bæði í orði og verki er byggt á kærleika og stuðlar að réttlæti. Vottar Jehóva fara eftir þessu lögmáli og koma þess vegna fram við

börn þannig að þau finni fyrir væntumþykju og öryggi. En kynferðisofbeldi gegn barni er verknáður sem stýrist af sjálfselsku og ranglæti. Hann veldur því að barninu finnst það ekki elskað og að enginn verndi það. Því miður hefur það jafnvel átt sér stað innan safnaða votta Jehóva. Hvers vegna? „Vondir menn og svikarar“ eru alls staðar til og sumir þeirra reyna að komast inn í söfnuðinn. (2. Tím. 3:13) Auk þess hafa sumir sem segjast þjóna Jehóva látid undan siðspilltum löngunum og beitt börn kynferðisofbeldi. *w19.05 8 gr. 1–3*

## Sunnudagur 9. maí

*„Innileg bæn réttláts manns er mjög áhrifarík.“ – Jak. 5:16.*

Þeim sem eru mjög langt niðri finnst kannski að þeir séu ekki niðrir þess að nálgast Jehóva í bæn. Til að uppörva einhvern sem líður þannig getum við beðið með honum og notað nafn hans í bæninni. Við getum sagt við Jehóva hversu vænt okkur og söfnuðinum þykir um hann. Við getum beðið Jehóva að hugga og hughreysta þennan dýrmæta þjón sinn. Þess konar bænir geta verið ákaflega hughreystandi. Hugsaðu áður en þú talar. Vanhugsuð orð eru særandi en vingjarnleg orð græðandi. (Orðskv. 12:18) Biddu því Jehóva um að hjálpa þér að finna vingjarnleg, hughreystandi og huggandi orð. Mundu að engin orð eru eins kröftug og orð Jehóva sjálfs í Biblíunni. (Hebr. 4:12) Þegar við hughreystum aðra minnum við þá á að Jehóva elskar þá. Og við megum aldrei gleyma að Jehóva er líka réttlátur Guð. Ekkert illskuverk fer fram hjá honum. Jehóva sér allt og hann sér til þess að iðrunarlausum ofbeldismönnum verði refsað. – 4. Mós. 14:18. *w19.05 18 gr. 18; 19 gr. 19, 21*

## Mánudagur 10. maí

*„Gætið þess að enginn fjöttri ykkur með heimspeki og innantómum blekkingum sem byggjast á erfðavenjum manna.“ – Kól. 2:8.*

Satan vill snúa okkur gegn Jehóva. Hann höfðar til langana okkar og beitir ýmsum blekkingum í von um að hafa áhrif á hugsunarhátt okkar. Með þessum hætti reynir hann að ná okkur á sitt vald. (Kól. 2:4) Er virkilega hættu á að Satan leiði okkur afvega? Já, sú hættu er fyrir hendi. Páll var ekki að skrifa vantrúuðum þegar hann sagði það sem stendur í Kólossubrэфinu 2:8 heldur kristnum mönnum sem voru smurðir heilögum anda. (Kól. 1:2, 5) Þessir kristnu menn voru í hættu staddir og við sem nú lifum erum í enn meiri hættu. (1. Kor. 10:12) Af hverju? Af því að Satan hefur verið kastað niður til jarðar og reynir eins og hann getur að villa um fyrir trúum þjónum Guðs. (Opinb. 12:9, 12, 17) Við lifum auk þess tíma þegar vondir menn og svikarar „ganga æ lengra í illskunni“. – 2. Tím. 3:1, 13. *w19.06* 2 gr. 1–2

## Þriðjudagur 11. maí

*„Mál er nú, Drottinn, að þú takir líf mitt.“ – 1. Kon. 19:4.*

Elía varð hræddur þegar Jesebel drottning hótaði að drepa hann. Hann flúði því til Beerseba. Hann varð svo kjarklaus að hann „óskaði þess eins að deyja“. Hvers vegna leið honum þannig? Elía var ófullkominn maður, hann var „maður eins og við“. (Jak. 5:17) Hann var ef til vill órmagna og bugaður af álagi. Elía virðist hafa haldið að það sem hann lagði á sig til að stuðla að hreinni tilbeiðslu hafi verið til einskis, að ekk-

ert hefði batnað í Ísrael og að hann væri sá eini sem tilbæði Jehóva enn þá. (1. Kon. 18:3, 4, 13; 19:10, 14) En Jehóva skildi tilfinningar Elía og skammaði hann ekki fyrir að tjá þær. Þess í stað hjálpaði hann honum að endurheimta styrk. (1. Kon. 19:5–7) Seinna leiðrétti Jehóva hugsunarhátt Elía vinsamlega með því að sýna honum mikilfenglegan mátt sinn. Jehóva benti honum svo á að það væru enn 7.000 manns í Ísrael sem neituðu að tilbiðja Baal. (1. Kon. 19:11–18) Með þessu sýndi Jehóva að hann elskaði Elía. *w19.06* 15–16 gr. 5–6

## Miðvikudagur 12. maí

*Verið eldri mönnunum undirgefnir. Íklæðist auðmýkt hver gagnvart öðrum því að Guð stendur gegn hrokafullum. – 1. Pét. 5:5.*

Varastu að taka málin í eigin hendur. Við komumst hjá vandamálum með því að fylgja leiðbeiningunum sem við fáum frá traustum og ábyrgum bræðrum. Tökum dæmi: Í landi þar sem starf okkar er bannað höfðu bræður í ábyrgðarstöðu veitt þær leiðbeiningar að boðberar ættu ekki að dreifa prentuðum ritum í boðuninni. En einum brautryðjanda fannst hann vita betur og dreifði ritum. Hvað hlaut af því? Stuttu eftir að hann og aðrir höfðu boðað trúna óformlega voru þeir yfirheyrðir af lögreglunni. Embættismenn höfðu greinilega elt þá og fundið ritin. Hvað lærum við af þessu? Við þurfum að fara eftir leiðbeiningum þó að okkur finnst við vita betur. Jehóva blessar okkur alltaf þegar við vinnum vel með þeim bræðrum sem hann hefur útnefnt til að fara með forystuna á meðal okkar. – Hebr. 13:7, 17. *w19.07* 12 gr. 17

## Fimmtudagur 13. maí

*„Allir sem vilja lifa guðrækilegu lifi sem lærisveinar Krists Jesú verða ofsóttir.“ – 2. Tím. 3:12.*

Kvöldið áður en Drottinn okkar Jesús var líflátinn sagði hann að allir lærisveinar hans yrðu hataðir. (Jóh. 17:14) Enn þann dag í dag eru trúfastir þjónar Jehóva ofsóttir af andstæðingum sannrar tilbeiðslu. Og við gerum ráð fyrir að andstæðingar okkar herði ofsóknirnar eftir því sem endir þessa heimskerfis nálgast. (Matt. 24:9) Hvernig getum við búið okkur undir ofsóknir núna? Við þurfum ekki að hugsa um allt það slæma sem gæti komið fyrir okkur. Ef við gerðum það gætum við orðið heltekin af ótta og kvíða. Við gætum látið bugast af ímyndaðri ógn áður en við verðum fyrir nokkurri raunverulegri prófraun. (Orðskv. 12:25; 17:22) Hræðsla er öflugt vopn sem andstæðingur okkar, Djöfullinn, reynir að nota gegn okkur. (1. Pét. 5:8, 9) Það er því mikilvægt að styrkja samband okkar við Jehóva og gera það núna. *19.07* 2 gr. 1-3

## Föstudagur 14. maí

*„Farið því og gerið fólk af öllum þjóðum að lærisveinum.“ – Matt. 28:19.*

Postularnir hafa eflaust verið eftirvæntingarfullir þegar þeir söfnuðust saman í fjallshlíðinni. Jesús hafði bedið þá að hitta sig þar eftir að hann reis upp frá dauðum. (Matt. 28:16) Kannski var það þá sem „hann birtist meira en fimm hundruð bræðrum í einu“. (1. Kor. 15:6) Hvers vegna hafði Jesús kallað lærisveinana til fundar við sig? Til að

fela þeim spennandi verkefni: „Farið því og gerið fólk af öllum þjóðum að lærisveinum.“ (Matt. 28:18-20) Lærisveinarnir sem heyrðu þessi orð Jesú áttu eftir að tilheyra frumkristna söfnuðinum. Aðalverkefni safnaðarins var að gera fleira fólk að lærisveinum Krists. Núna eru á annað hundrað þúsund sannkristnir söfnuðir um allan heim og aðalverkefni þeirra er hið sama. *19.07* 14 gr. 1-2

## Laugardagur 15. maí

*„Jörðin stendur að eilífu.“ – Préd. 1:4.*

Farandumsjónarmaður í Noregi segir að fólk sem vill ekki ræða um Guð sé oft fúst til að tala um ástandið í heiminum. Eftir að hafa heilsað segir hann: „Telurðu að við eigum okkur einhverja von um bjarta framtíð? Heldurðu að stjórnálmenn, visindamenn eða einhverjir aðrir geti bætt ástandið?“ Eftir að hafa hlustað vel les hann eða vitnar í vers sem veitir von um bjarta framtíð. Loforð Biblíunnar um að jörðin standi að eilífu og gott fólk búi þar um alla framtíð vekur áhuga sumra. (Sálm. 37:29) Við ættum að vera með nokkrar ólíkar kynningar í handraðanum. Af hverju? Af því að það sem einum finnst áhugavert höfðar alls ekki til annars. Sumir eru til í að ræða um Guð eða Biblíuna en aðrir bregðast betur við ef við nálgumst málið með óbeinum hætti. Hvort heldur er ættum við að reyna að tala við alla. (Rómv. 1:14-16) Það er svo Jehóva sem lætur frækorn sannleikans vaxa í hjörtum þeirra sem hafa rétt hugarfar. – 1. Kor. 3:6, 7. *19.07* 22-23 gr. 10-11

## Sunnudagur 16. maí

*„Fyrst Guð elskaði okkur þannig þá er okkur skylt að elska hvert annað.“ – 1. Jóh. 4:11.*

Kærleikur Guðs til okkar knýr okkur til að elska bræður okkar og systur. (1. Jóh. 4:20, 21) Við hugsum kannski sem svo að það sé auðvelt að elska trússystem okkar, enda tilbiðjum við Jehóva og reynum að líkja eftir honum. Við fetum líka í fótspor Jesú sem elskaði okkur svo mikið að hann gaf líf sitt í okkar þágu. Stundum gæti okkur þó fundist erfitt að hlýða boðorðinu um að elska hvert annað. Evodía og Sýntýke voru kappsamar systur sem höfðu unnið náðið með Páli postula. En þær létu ef til vill persónulegan ágreining verða til þess að það kastaðist í kekki milli þeirra. Páll nefndi Evodíu og Sýntýke sérstaklega í bréfinu til safnaðarins sem þær tilheyrðu og hvatti þær til að „vera samlyndar“. (Fil. 4:2, 3) Páll fann sig knúinn til að áminna allan söfnuðinn: „Gerðið allt án þess að nöldra og mótmæla.“ – Fil. 2:14. *w19.08* 9 gr. 6–7

## Mánudagur 17. maí

*„Berið hvert annars byrðar.“ – Gal. 6:2.*

Margir söfnuðir og einstaklingar eiga hrós skilið fyrir að hjálpa bræðrum og systur sem þjóna í fullu starfi að halda áfram að sinna verkefni sínu. Þeir hvetja þau til að halda áfram, styrkja þau efnislega eða aðstoða við að annast ættingja heima fyrir. Ef þeim sem þjóna í fullu starfi eru falin ný verkefni í söfnuðinum þínum skaltu ekki telja það merki um að þeim hafi mistekist í fyrra verkefni sínu eða hafi gert

eitthvað af sér. Hjálpaðu þeim heldur að aðlagast breytingunum. Taktu vel á móti þeim og hrósaðu þeim fyrir erfiði sitt, jafnvel þó að heilsan hamli þeim að gera eins mikið og áður. Kynnstu þeim og lærðu af þekkingu þeirra og reynslu. Bræður og systur sem hafa fengið ný verkefni gætu til að byrja með þurft aðstoð þína við að mæta ýmsum þörfum, eins og að komast á milli staða og finna húsnaði og vinnu. *w19.08* 23–24 gr. 12–13

## Þriðjudagur 18. maí

*„Ég birti heilagleika minn vegna þín, Góg, fyrir augum þeirra.“ – Esek. 38:16.*

Góg mun treysta á „mannlegan mátt“, það er að segja hernaðarmátt sinn. (2. Kron. 32:8) Við treystum hins vegar á Jehóva Guð okkar – sem virðist heimskulegt í augum þjóðanna. Babýlon hin mikla var voldug en samt gátu guðir hennar ekki bjargað henni frá „villidýrinu“ og hornum þess tíu. (Opinb. 17:16) Góg mun því búast við auðveldum sigri. Hann ræðst á fólk Jehóva „eins og óveðursský til að hylja landið“. En fyrr en varir verður honum ljóst að hann hefur gengið í gildru. Líkt og faraó í Rauðahafinu rennur upp fyrir Góg að hann berst gegn Jehóva. (2. Mós. 14:1–4; Esek. 38:3, 4, 18, 21–23) Kristur og himneskar hersveitir hans munu verja fólk Guðs og gera sveitir Gógs að engu. (Opinb. 19:11, 14, 15) En hvað um Satan, erkióvin Jehóva sem laug að þjóðunum og kom þeim til að ráðast á fólk Jehóva í Harmagedón? Jesús mun kasta honum og illum öndum hans í undirdjúp þar sem þeir verða læstir niðri í þúsund ár. – Opinb. 20:1–3. *w19.09* 11–12 gr. 14–15

## Miðvikudagur 19. maí

*„Þótt töf verði á skaltu bíða engu að síður því að þetta rætist vissulega.“ – Hab. 2:3.*

Það er eðlilegt að við þráum að sjá það góða sem Jehóva hefur lofað. En þegar væntingar dragast á langinn gæti ákafi okkar dvínað og okkur gæti jafnvel fallist hendur. (Orðskv. 13:12) Tökum sem dæmi nokkuð sem gerðist snemma á 20. öld. Margir andasmurðir þjónar Guðs þjuggust við að hljóta laun sín á himni árið 1914. Hvernig brugðust þeir við þegar væntingar þeirra rættust ekki á þeim tíma? Þeir gáfust ekki upp í kapphlaupinu um lífið af því að aðalmarkmið þeirra var að þjóna Jehóva af trúfesti, ekki að hljóta launin. Þeir voru ákveðnir í að vera þolgóðir í hlaupinu. Þú þráir án efa að sjá Jehóva helga nafn sitt, sanna að hann sé réttmætur drottinn alheims og uppfylla öll loforð sín. Þú mátt vera viss um að það verði að veruleika á þeim tíma sem Jehóva hefur ákveðið. Þangað til skulum við vera önnum kafin við að þjóna Guði okkar og aldrei leyfa vonbrigðum að hægja á okkur. *w19.08 4–5 gr. 9–10*

## Fimmtudagur 20. maí

*„Ég er ljúfur í lund og litillátur í hjarta.“ – Matt. 11:29.*

Spyrðu sjálfan þig: Er ég þekktur fyrir að vera mildur og auðmjúkur? Er ég fús að vinna lítilmótleg verk til að þjóna öðrum? Er ég vingjarnlegur við aðra? Jesús kom þannig fram að þeim sem unnu með honum leið vel í návist hans og hann hafði ánægju af að þjálfa þá. Hann skapaði friðsamlegt andrúmsloft. (Lúk. 10:1, 19–21) Hann hvatti lærisveina sína til að spyrja spurninga og vildi heyra álit

þeirra. (Matt. 16:13–16) Lærisveinar hans blómstruðu líkt og plöntur í gróðurhúsi. Þeir drukku í sig kennslu Jesú og báru ávöxt í formi góðra verka. Ferðu með viss yfirráð? Þá skaltu spyrja þig: Hvers konar andrúmsloft skapa ég í vinnunni eða heima við? Stuðla ég að friði þar? Geri ég öðrum auðvelt fyrir að spyrja spurninga? Og er ég fús til að hlusta á skoðanir þeirra? Við viljum ekki vera eins og farísearnir en þeir reiddust þeim sem véfengdu þá og ofsóttu þá sem voru þeim ósamála. – Mark. 3:1–6; Jóh. 9:29–34. *w19.09 20 gr. 1; 23 gr. 9–11*

## Föstudagur 21. maí

*„Þegar menn segja: ‚Friður og öryggi!‘ kemur skyndilega tortíming yfir þá.“ – 1. Þess. 5:3.*

Þjóðarleiðtogar nota stundum svipað orðalag þegar þeir tala um að reyna að bæta sambandið þjóða á milli. En þegar lýst verður yfir ‚friði og öryggi‘ eins og Biblían spáði verður annað upp á teningnum. Hvers vegna? Vegna þess að þá munu margir halda að þjóðarleiðtogum hafi tekist að gera heiminn öruggari. Sannleikurinn er hins vegar sá að þá mun þrengingin mikla hefjast og ‚skyndileg tortíming‘ fylgja í kjölfarið. (Matt. 24:21) Við vitum ekki hver aðdragandi yfirlýsingarinnar verður eða hvernig hún verður birt. Og við vitum ekki hvort gefin verður út bara ein stór yfirlýsing eða röð tilkynninga. En sama hvað gerist megum við ekki láta blekkjast og halda að þjóðarleiðtogum heimsins takist að koma á heimsfriði. Yfirlýsingin er táknið sem sýnir fram á að dagur Jehóva sé í þann mund að hefjast. – 1. Þess. 5:3. *w19.10 8–9 gr.3–4*

## Laugardagur 22. maí

„Á þeim tíma mun þjóð þín bjargast.“ – Dan. 12:1.

Stríðið við Harmagedón markar endalok þessa heimskerfis. Við höfum þó ekkert að óttast. Hvers vegna? Þetta verður stríð Guðs. (Orðskv. 1:33; Esek. 38:18–20; Sak. 14:3) Þegar Jehóva gefur merki ræðst himneskur her hans til bardaga undir forystu Jesú. Með honum verða hinir andasmurðu, sem hafa fengið upprisu, ásamt milljónum engla. Saman heyja þeir stríð gegn Satan og illum öndum hans og herjum þeirra á jörðinni. (Opinb. 6:2; 17:14) Jehóva hefur lofað: „Ekkert vopn, sem smíðað verður gegn þér, skal reynast sigursælt.“ (Jes. 54:17) „Mikill múgur“ trúfastra tilbiðjenda Jehóva kemur lifandi „úr þrengingunni miklu“ og heldur áfram að þjóna honum. (Opinb. 7:9, 13–17) Biblían gefur okkur ríka ástæðu til að treysta á björgun Jehóva í framtíðinni. Við vitum að hann „varðveitir hina trúföstu“. (Sálm. 31:24) Allir sem elska og lofa Jehóva munu gleðjast yfir því að sjá hann hreinsa heilagt nafn sitt af öllum ákærum. – Esek. 38:23. *w19.10* 18–19 gr. 17–18

## Sunnudagur 23. maí

„Vinur lætur aldrei af vináttu sinni.“ – Orðskv. 17:17.

Þar sem langt er liðið á „síðustu daga“ gætum við þurft að þola mikla erfiðleika. (2. Tím. 3:1) Tökum dæmi frá landi í vestanverðri Afríku. Mikil ólga og múgárásir í kjölfar kosningaferferðar öllu sundrung í landinu. Í meira en hálf tveimur árum gátu bræður okkar og systur ekki farið frjáls ferða sinna vegna þess að þau bjuggu á átakasvæði. Hvað hjálpaði þeim í þessum erfiðleikum? Sumir fengu inni hjá trússystkinum sem bjuggu á

öruggara svæði. „Við þessar aðstæður var ég þakklátur að vera innan um vini,“ segir bróðir nokkur. „Við gátum uppörvað hvert annað.“ Þegar „þrengingin mikla“ skellur á verðum við þakklát að eiga góða vini sem elska okkur. (Opinb. 7:14) Það er því mikilvægt að við myndum sterk vinnuáttubönd núna. (1. Pét. 4:7, 8) Hvers vegna? Vegna þess að andstæðingar okkar munu setja fram villandi upplýsingar og beita lygum til að valda sundrung meðal okkar. Þeir munu reyna að snúa okkur hvert gegn öðru. En þeim tekst ekki ætluarverk sitt. Þeir geta ekki rofið kærleiksbönd okkar. *w19.11* 2 gr. 1–2; 7 gr. 19

## Mánudagur 24. maí

Þið getið slökkt allar logandi örvar hins vonða. – Ef. 6:16.

Satan, „faðir lyginna“, notar þá sem eru undir hans áhrifum til að dreifa lygum um Jehóva og bræður okkar og systur. (Jóh. 8:44) Fráhvarfsmenn birta til að mynda lygar og rangsnúa staðreyndum um söfnuð Jehóva á netinu, í sjónvarpinu og á öðrum miðlum. Þessar lygar eru meðal „logandi örva“ Satans. Hvað ættum við að gera ef fráhvarfsmaður fer að ræða slíkar lygar við okkur? Við hlustum ekki á hann! Hvers vegna? Vegna þess að við trúum Jehóva og treystum trússystkinum okkar. Reyndar forðumst við öll samskipti við fráhvarfsmenn. Við rökræðum aldrei við þá um neitt, ekki einu sinni fyrir forvitnissakir, því það getur veikt trú okkar. Hefurðu staðist þá freistingu að hlusta á og rökræða við fráhvarfsmenn um lygarnar sem þeir dreifa? Það er hrósvert. En við verðum stöðugt að vera á verði því að Satan á önnur vopn sem hann reynir að nota gegn okkur. *w19.11* 15 gr. 8; 16 gr. 11



## **Þriðjudagur 25. maí**

*Drottinn reynir ásetning manns.  
- Orðskv. 16:2.*

Þegar þú tekur ákvörðun, hugsaðu þá um hvötina að baki. Jehóva vill að við séum heiðarleg í öllu. Þegar við tökum ákvarðanir viljum við því líka vera heiðarleg við sjálf okkur og aðra. Ef hvatir okkar eru ekki alveg réttar eigum við líklega erfitt með að halda okkur við það sem við höfum ákveðið. Til dæmis gæti ungur bróðir ákveðið að gerast brautryðjandi. En eftir dálítinn tíma á hann erfitt með að uppfylla tímakröfurnar og hefur litla gleði af boðuninni. Hann hugsar kannski að meginhvötin að baki því að vera brautryðjandi hafi verið löngun til að þóknast Jehóva. En getur verið að hvöt hans hafi fyrst og fremst verið að þóknast foreldrum sínum eða einhverjum sem hann lítur upp til? Hugsðu þér biblíunemanda sem ákveður að hætta að reykja. Til að byrja með er það erfitt. Hann hættir að reykja í eina eða tvær vikur en lætur þá undan lönguninni. Að lokum tekst honum þó alveg að hætta. Kærleikur hans til Jehóva og löngunin til að þóknast honum hjálpaði honum að sigrast á fíkninni. - Kól. 1:10; 3:23. *w19.11* 27 gr. 9; 29 gr. 10

## **Miðvikudagur 26. maí**

*„En hegðið ykkur aðeins sem ríkisborgarar eins og sæmir fagnaðarboðskapnum um Krist.“ - Fil. 1:27, neðanmáls.*

Páll postuli var sannfærður um að hann myndi klára hlaupið og ná markmiði sínu. Þar sem hann var andasmurður hlakkaði hann „til að hljóta verðlaunin, líf á himnum sem Guð hafði kallað hann til“. En hann vissi að til að ná því marki yrði hann stöðugt að „keppa að því“.

(Fil. 3:14) Páll notaði athyglisverða líkingu til að hvetja Filippímenn til að einbeita sér að markmiði sínu. Páll minnti Filippímenn á að ríkisfang þeirra væri á himnum. (Fil. 3:20) Hvers vegna skipti það máli? Í þá daga var rómverskur ríkisborgararéttur mjög eftirsóttur. En andasmurðir kristnir menn höfðu langt um betra ríkisfang, ríkisfang sem hafði mun meiri ávinning í för með sér. Rómverskur ríkisborgararéttur stóðst engan veginn samanburð. Andasmurðir kristnir menn nú á dögum sýna gott fordæmi með því að keppa að marki sínu, eilífu lífi á himni. *w19.08* 6 gr. 14-15

## **Fimmtudagur 27. maí**

*„Ef sonurinn veitir ykkur frelsi verðið þið frjálsir í raun og veru.“  
- Jóh. 8:36.*

Þetta frelsi var vissulega meira en frelsið sem Ísraelsmenn fengu á fagnaðarárinu. (3. Mós. 25:8-12) Maður sem fékk frelsi á fagnaðarárinu gat til dæmis aftur orðið þræll. Og fyrr eða síðar myndi hann deyja. Á hvítasunnu árið 33 smurði Jehóva postulana og aðra trúfasta menn og konur með heilögum anda. Hann ættleiddi þau sem syni og gaf þeim þar með von um að verða reist upp til himna til að ríkja ásamt Jesú sem konungar. (Róm. 8:2, 15-17) Þau voru fyrst til að njóta góðs af frelsuninni sem Jesús kunngerði í samkunduhúsinu í Nasaret. (Lúk. 4:16-19, 21) Þessir menn og konur voru ekki lengur í ánaud erfðænja og falskenninga trúarleifðtoganna. Guð áleit þau einnig frjáls undan syndinni sem leiðir til dauða. Táknræna fagnaðarárið sem hófst árið 33 þegar fylgjendur Krists voru smurðir heilögum anda endar við lok þúsundarárakisins. *w19.12* 11 gr. 11-12

## Föstudagur 28. maí

*„Vondur félagsskapur spillir góðum venjum.“ – 1. Kor. 15:33.*

Foreldrar, hjálpið börnum ykkar að velja góða vini. Báðir foreldrarnir þurfa að vita hverja börnin þeirra eiga í samskiptum við og hvað þau gera. Það felur í sér að vita hverja börnin eru í sambandi við á samfélagsmiðlum og í símanum sínum. Sá félagsskapur getur haft áhrif á hugsun og hegðun barnanna. Margir foreldrar leitast við að haga málum þannig að börnin þeirra geti umgengist þá sem sýna gott fordæmi í þjónustunni við Guð. N'Déni og Bomine, hjón á Filabeinsströndinni, buðu oft farandhirðinum gistingu. „Það hafði mjög góð áhrif á son okkar. Hann gerðist brautryðjandi og er nú staðgengill farandhirðis,“ segir N'Déni. Því fyrr sem foreldrar byrja að kenna börnum sínum því betra. (Orðskv. 22:6) Tímóteus er dæmi það. Evnike móðir hans og Lóis amma hans höfðu kennt honum „frá blautu barnsbeini“. – 2. Tím. 1:5; 3:15. *w19.12* 25 gr. 14; 26 gr. 16–17

## Laugardagur 29. maí

*„Til er sá vinur sem reynist tryggari en bróðir.“ – Orðskv. 18:24.*

Verum traustir vinir. Við lofum ekki bara að aðstoða trúsystkini okkar sem eru hjálparþurfi heldur gerum líka ýmislegt til að hjálpa þeim. (Matt. 5:37; Lúk. 16:10) Það er mjög uppörvandi fyrir þá sem þarfnast hjálpar að vita að þeir geta reitt sig á okkur. Systir nokkur útskýrir hvers vegna: „Maður þarf ekki að velta fyrir sér hvort sá sem bauðst til að hjálpa kemur tíman-

lega til að gera það sem hann lofði.“ Það getur verið hughreystandi fyrir þá sem hafa orðið fyrir áfalli eða vonbrigðum að trúa traustum vini fyrir tilfinningum sínum. En til að vera traustir vinir þurfum við að vera þolinmóð. Þegar eiginmaður Zhönnu fór frá henni fannst henni hughreystandi að segja nánnum vinum frá líðan sinni. „Þau hlustuðu þolinmóð á mig,“ segir hún, „þó að ég hafi sennilega sagt það sama aftur og aftur.“ Þú getur líka reynst góður vinur með því að vera góður áheyrandi. *w20.01* 10–11 gr. 9–11

## Sunnudagur 30. maí

*„Hann mun fyllast heilögum anda jafnvel fyrir fæðingu.“ – Lúk. 1:15.*

Í Biblíunni er að finna mörg dæmi um trúfasta þjóna Guðs sem fengu heilagan anda en höfðu samt ekki von um að lifa á himni. Davíð fékk leiðsögn heilags anda. (1. Sam. 16:13) Heilagur andi hjálpaði honum að skilja hin djúpu sannindi um Jehóva og honum var innblásið að skrifa hluta Biblíunnar. (Mark. 12:36) En þrátt fyrir það sagði Pétur postuli: „Davíð steig ekki upp til himna.“ (Post. 2:34) Jóhannes skírari var „fullur heilögum anda“. (Lúk. 1:13–16) Jesús sagði að það hafi enginn maður verið meiri en Jóhannes. En síðan sagði hann að Jóhannes færi ekki til himna. (Matt. 11:10, 11) Jehóva notaði heilagan anda sinn til að gefa þessum mönnum kraft til að vinna undraverð verk en ekki til að kalla þá til himna. Þýðir það að þeir hafi ekki verið eins trúfastir? Nei. Það þýðir einfaldlega að Jehóva reisir þá upp til lífs á ný í paradís á jörð. – Jóh. 5:28, 29; Post. 24:15. *w20.01* 25 gr. 15

## Mánudagur 31. maí

*„Við elskum því að hann elskaði okkur að fyrri bragði.“*

– 1. Jóh. 4:19.

Jehóva bauð okkur að tilheyra fjölskyldu tilbiðjenda sinna. Þessi fjölskylda okkar samanstendur af þeim sem hafa vígt líf sitt Guði og trú á lausnarfórn sonar hans. Við erum hamingjusöm fjölskylda. Við eigum innihaldsrikt líf núna og gleðjumst yfir voninni um eilíft líf, annað hvort á himni eða í paradís á jörð. Jehóva opnaði leið til að taka okkur inn í fjölskyldu sína vegna þess að hann elskar okkur heitt. En það kostaði hann mikið. (Jóh. 3:16) Við vorum „verði keypt“. (1. Kor. 6:20) Með lausnargjaldinu gerði Jehóva okkur mögulegt að eignast náíð samband við sig. Við njótum þess heiðurs að mega kalla æðstu tignarpersónu alheims föður okkar. Og Jehóva er besti faðirinn. Við gætum spurt okkur líkt og einn biblíuritari: „Hvað á ég að gjalda Drottni fyrir allar velgjörðir hans við mig?“ (Sálm. 116:12) Við getum í rauninni aldrei endurgoldið himneskum föður okkar velgjörðir hans. En kærleikur hans fær okkur til að elska hann á móti. *w20.02 8 gr. 1-3*

## Þriðjudagur 1. júní

*„Hin konan olli Hönnu sárri gremju og skapraunaði henni.“*

– 1. Sam. 1:6.

Hanna, móðir Samúels spámanns, þurfti að takast á við mikla erfiðleika. Í mörg ár gat hún ekki eignast börn. (1. Sam. 1:2) Í menningarsamfélagi Ísraels var litíð svo á að ófrjó kona hefði ekki blessun Guðs. Hanna skammaðist sín því mjög mikið. (1. Mós. 30:1, 2) Og það jók á vanlíðan hennar að maðurinn hennar átti aðra konu, Peninnu, sem fæddi honum börn. Peninna „olli henni sárri

gremju“. Hanna réð illa við þessa erfiðleika. Hún var í svo miklu uppnámi að „hún grét og vildi ekki borða“. Hún var „full órvæntingar“. (1. Sam. 1:7, 10) Hvað veitti Hönnu hughreystingu? Hanna úthellti tilfinningum sínum í bæn til Jehóva. Eftir að hún hafði farið með bæn sagði hún Elí æðstapresti frá aðstæðum sínum. Hann sagði við hana: „Farðu í friði. Guð Ísraels mun veita þér það sem þú baðst hann um.“ Hvað gerðist síðan? „Hún gekk leiðar sinnar, byrjaði aftur að borða og var ekki lengur dýpur í bragði.“ (1. Sam. 1:17, 18) Bænin hjálpaði Hönnu að endurheimta innri ró. *w20.02 21 gr. 4-5*

## Miðvikudagur 2. júní

*„Verið alltaf vingjarnleg í tali og kryddið mál ykkar með salti. Þá vitið þið hvernig þið eigið að svara hverjum manni.“* – Kól. 4:6.

Það er stutt þangað til Jehóva bindur enda á þennan illa heim. Þeir einir munu bjargast sem hafa það hugarfar sem þarf til að hljóta eilíft líf. (Post. 13:48) Við viljum því eðlilega líka að ættingjar okkar þjóni Jehóva með okkur. Jehóva, kærleiksríkur faðir okkar, „vill ekki að neinn farist heldur að allir fái tækifæri til að iðrast“. (2. Pét. 3:9) Við þurfum að hafa í huga að það er bæði til rétt leið og röng leið til að boða boðskapinn um björgun. Það getur verið að við séum háttvís þegar við vitnum fyrir ókunnugum en of beinskeytt þegar við tölum við ættingja okkar. Margir sjá eflaust eftir því hvernig þeir reyndu að vitna fyrir ættingjum sínum í fyrstu og óska þess að hafa farið öðruvísi að. Það er gott að muna eftir ráði Páls postula í versí dagsins þegar við tölum við ættingja okkar. Annars gætum við fælt þá frá í stað þess að vekja hjá þeim löngun til að hlusta á okkur. *w19.08 14-15 gr. 3-5*

### Fimmtudagur 3. júní

*Kristur lét ykkur eftir fyrirmynd til að þið skylduð feta náð í fótspor hans. – 1. Pét. 2:21.*

Hver voru viðbrögð þín þegar þú lærðir eftirfarandi sannindi um soninn? Jesús er næstmikilvægasta persónan í alheiminum. Hann er lausnari okkar. Hann gaf líf sitt fúslega í okkar þágu. Þegar við sýnum í verki að við trúum á lausnarfórnina getum við fengið fyrirgefningu synda okkar, ræktað vináttusamband við Guð og hlotið eilíft líf. (Jóh. 3:16) Jesús er ædstiprestur okkar. Hann vill hjálpa okkur að njóta góðs af lausnarfórninni og að eiga náð samband við Guð. (Hebr. 4:15; 7:24, 25) Hann er konungur Guðsríkis og Jehóva notar hann til að helga nafn sitt, binda enda á illsku og veita mönnum eilífa blessun í paradís. (Matt. 6:9, 10; Opinb. 11:15) Jesús er fyrirmynd okkar. Hann setti okkur gott fordæmi með því að helga líf sitt því að gera vilja Guðs. (Jóh. 4:34) Þegar þú festir trú á það sem Biblían kennir um Jesú ferðu að elska þennan ástkæra son Guðs. Þessi kærleikur fær þig til að einbeita þér að því að gera vilja Guðs, eins og Jesús gerði. *w20.03 10 gr. 12–13*

### Föstudagur 4. júní

*„Biðjið stöðugt.“ – 1. Þess. 5:17.*

Jesús bað margra bæna síðustu stundirnar sem hann lifði hér á jörð. Þegar hann stofnsetti minningarhátiðina um dauða sinn fór hann með bæn áður en hann lét brauðið og vínið ganga. (1. Kor. 11:23–25) Hann bað líka með lærisveinunum áður en þeir yfirgáfu staðinn þar sem þeir héldu hátiðina. (Jóh. 17:1–26) Þegar þeir komu í Getsemanegarðinn sama kvöld bað hann oft og mörgum sinnum. (Matt. 26:36–39, 42, 44) Jafnvel

það síðasta sem Jesús sagði áður en hann dó var í bæn til Guðs. (Lúk. 23:46) Hann hafði Jehóva með í ráðum allan þennan mikilvæga dag með því að biðja til hans. Ein ástæðan fyrir því að Jesús gat staðist prófraunina var sú að hann leitaði til föður síns í bæn. Postularnir voru hins vegar ekki staðfastir í bæninni kvöldið áður en Jesús dó. Fyrir vikið skorti þá kjark þegar á hólminn var komið. (Matt. 26:40, 41, 43, 45, 56) Við getum aðeins verið trúföst í raunum með því að fylgja fordæmi Jesú og biðja stöðugt. *w19.04 9 gr. 4–5*

### Laugardagur 5. júní

*„Því að ég, Drottinn, er ekki breytur.“ – Mal. 3:6.*

Jehóva hatar spíritisma! Hann sagði við Ísraelsmenn: „Á meðal ykkar má enginn finnast sem lætur son sinn eða dóttur ganga gegnum eld, enginn sem leitar goðsvara með hlutkesti, enginn sem les óorðna atburði úr skýjum eða úr bikar, enginn galdramaður, enginn sem fer með særingar, leitar ráða hjá öndum eða spásagnarmönnum, enginn sem leitar úrskurðar hjá framlíðnum. Því að hver sem stundar þetta er Drottinn víðurstyggð.“ (5. Mós. 18:10–12) Kristnir menn eru ekki undir lögmálinu sem Jehóva gaf Ísraelsmönnum. Við vitum samt að álit hans á spíritisma hefur ekki breyst. Jehóva varar okkur við spíritisma vegna þess að hann veit að Satan notar hann til að skaða fólk. Satan notar spíritisma til að koma á framfæri lygum, til dæmis þeirri lygi að hinir dáu séu lifandi á öðru tilveru sviði. (Préd. 9:5) Satan notar einnig spíritisma til að halda fólk í ótta og snúa því frá Jehóva. Markmið hans er að fá fólk sem stundar spíritisma til að treysta á illa anda í stað Jehóva. *w19.04 21 gr. 5–6*

## Sunnudagur 6. júní

„Ef þú gerir það sem er illt máttu óttast.“ – Róm. 13:4.

Kynferðisofbeldi gegn börnum er grafalvarleg synd. Ofbeldismaðurinn veldur barninu gífurlegum skaða. Hann bregst trausti barnsins og rænir það örygginu. Börn þurfa að fá vernd fyrir slíkum illskuverkum. Og börn sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi þurfa á huggun og hjálp að halda. (1. Þess. 5:14) Ef einhver í söfnuðinum beitir barn kynferðisofbeldi kastar hann rýrð á söfnuðinn. (Matt. 5:16; 1. Pét. 2:12) Söfnuður Jehóva getur ekki liðið þá sem fremja illskuverk iðrunarlaust og kasta rýrð á gott mannorð safnaðarins. Ef einhver í söfnuðinum gerist sekur um að brjóta hegningarlög, eins og að beita barn kynferðisofbeldi, syndgar hann gegn yfirvöldum. (Samanber Post. 25:8.) Öldungar hafa ekki umboð til að framfylgja landslögum en þeir vernda ekki þann sem hefur beitt barn kynferðisofbeldi fyrir lagalegum afleiðingum syndarinnar. w/19.05 9 gr. 4-7

## Mánudagur 7. júní

„Viska þessa heims er heimska í augum Guðs.“ – 1. Kor. 3:19.

Við getum staðist hvaða erfiðleika sem er vegna þess að Jehóva er kennari okkar. (Jes. 30:20, 21) Í orði hans er að finna allt sem við þurfum til að vera „hæf og albúin til allra góðra verka“. (2. Tím. 3:17) Þegar við lifum eftir því sem Biblían kennir verðum við vitrari en þeir sem halda á lofti „speki þessa heims“. (Sálm. 119:97-100) Því miður höfðar viska heimsins gjarnan til eigingjarnra langana okkar. Okkur gæti því fundist freistandi að fara

að hugsa og hegða okkur eins og þeir sem tilheyra heiminum. Það er ekki að ástæðulausu að Biblían segi: „Gætið þess að enginn fjöttri ykkur með heimspeki og innantómum blekkingum sem byggjast á erfðavenjum manna.“ (Kól. 2:8) Eins og spáð var í Biblíunni um síðustu daga varð mjög augljóst að fólk „elskaði nautnir“. (2. Tím. 3:4) Tíðni samræðisjúkdóma eins og alnæmis er aðeins ein af mörgum vísbendingum um hve heimskuleg viska heimsins er. – 2. Pét. 2:19. w/19.05 21 gr. 1-2; 22 gr. 4-5

## Þriðjudagur 8. júní

Standist slóttugar árásir Djöfulsins. – Ef. 6:11.

Satan taldi Ísraelsmönnum trú um að þeir yrðu að tileinka sér síði heiðinna nágranna sinna til að vegna vel. Nágrannarnir trúðu að guðirnir létu ekki rigna nema þeir löðuðu þá til þess með ákveðnum helgisiðum. Þeir sem voru veikir í trúnni á Jehóva héldu að þetta væri eina leiðin til að afstýra langvinnum þurrki svo að þeir viðhöfðu heiðna helgisiði til heiðurs falsguðinum Baal. Satan höfðaði líka til siðlausra langana. Gróft kynferðislegt siðleysi var annar þáttur í guðsdýrkun heiðingjanna. Það var meðal annars fólgið í því að bæði konur og karlar stunduðu vændi við musteri guðanna. Kynlíf samkynhneigðra og annað siðlaust kynlíf var ekki aðeins umborið heldur talið eðlilegt. (5. Mós. 23:17, 18; 1. Kon. 14:24) Heiðingjarnir trúðu að helgisiðir af þessu tagi væru guðunum hvatning til að gera landið frjósamt. Siðlausar trúarathafnir heiðingjanna toguðu í Ísraelsmenn með þeim afleiðingum að þeir létu tælast til að dýrka falska guði. w/19.06 2 gr. 3; 4 gr. 7-8

## Miðvikudagur 9. júní

*„Guð er ekki ranglátur. Hann gleymir ekki verki ykkar og kærleikanum sem þið sýnduð nafni hans.“ – Hebr. 6:10.*

Fjöldi Betelíta og annarra sem þjóna í fullu starfi hafa fengið ný verkefni. Þessum trúföstu bræðrum og systur finnst kannski erfitt að segja skilið við verkefni sem þeim líkar mjög vel við. Ef þú ert í þessari stöðu hvað getur þá hjálpað þér að takast á við slíkar breytingar? Varðveittu náð samband við Jehóva með því að lesa daglega í Biblíunni og hugleidda það sem þú lest. Taktu líka eins mikinn þátt í boðuninni og þú getur með nýja sófnuðinum. Jehóva gleymir ekki þeim sem halda áfram að þjóna honum trúfastir, jafnvel þó að þeir geti ekki gert eins mikið og áður. Lifðu einföldu lífi. Leyfðu ekki áhyggjum í heimi Satans að trufla þig í þjónustunni við Jehóva. (Matt. 13:22) Láttu ekki undan þrýstingi frá heiminum eða vinum og ættingjum sem reyna í góðri trú að fá þig til að tryggja þér fjárhagslegt öryggi í þessum heimi. (1. Jóh. 2:15–17) Treystu á Jehóva. Hann lofar að sjá fyrir andlegum, tilfinningalegum og efnislegum þörfum okkar „þegar við erum hjálparþurfi“. – Hebr. 4:16; 13:5, 6. *w19.08* 20 gr. 4; 21–22 gr. 7–8

## Fimmtudagur 10. júní

*„Varpa áhyggjum þínum á Drottin, hann mun bera umhyggju fyrir þér.“ – Sálm. 55:23.*

Ert þú að kljást við erfiðar aðstæður? Það er hughreystandi til þess að vita að Jehóva skilur hugarkvól okkar. Hann þekkir takmarkanir okkar og veit jafnvel hvað við hugsum og hvernig okkur líður. (Sálm. 103:14; 139:3, 4) Ef við reiðum okkur á Jehóva fáum við hjálp til að takast á við erfiðleika sem valda okkur streitu. Við

getum farið að hugsa neikvætt þegar við erum undir álagi og það dregur úr okkur kjarkinn. Ef það gerist hjá þér skaltu muna að Jehóva mun hjálpa þér að rísa undir álaginu. Hvernig gerir hann það? Hann býður þér að segja sér frá erfiðleikum þínum. Og hann svarar þér þegar þú leitar til hans. (Sálm. 5:4; 1. Pét. 5:7) Biddu því oft til Jehóva og segðu honum frá erfiðleikum þínum. Hann talar ekki til þín beint en hann talar til þín í orði sínu Biblíunni og fyrir milli-göngu safnaðarins. Frásögurnar sem þú lest í Biblíunni geta hughreyst þig og veitt þér von. Og bræður og systur geta uppörvað þig. – Róm. 15:4; Hebr. 10:24, 25. *w19.06* 16 gr. 7–8

## Föstudagur 11. júní

*„Allar þjóðir munu hata ykkur vegna nafns míns.“ – Matt. 24:9.*

Þegar þú verður fyrir ofsóknum skaltu biðja til kærleiksríks föður þíns og „úthella hjarta þínu eins og vatni“ og segja honum frá öllu því sem veldur þér ótta og áhyggjum. (Harmlj. 2:19) Þú verður nánari Jehóva eftir því sem þú biður oftar á þennan hátt. (Róm. 8:38, 39) Vertu sannfærður um að blessunin sem Guðsríki færir verði að veruleika. (4. Mós. 23:19) Ef trú þín á loforð Guðs er ekki sterk er auðveldara fyrir Satan og fulltrúa hans að hræða þig. (Orðskv. 24:10; Hebr. 2:15) Taktu þér tíma til að rannsaka loforð Guðs um ríkið og hvers vegna þú getur verið fullviss um að þau rætist. Hvernig hjálpar það þér? Hugleiddu reynslu Stanley Jones sem sat í fangelsi í sjö ár vegna trúarinnar. Hvað hjálpaði honum að halda út trúfastur? Hann sagði: „Vitneskjan um ríki Guðs styrkti mig. Ég var alveg viss og efaðist ekki eitt augnablik. Mér var ekki haggð.“ Ef þú hefur sterka trú á loforð Guðs læturðu ótta ekki ná tökum á þér. – Orðskv. 3:25, 26. *w19.07* 2 gr. 1; 3 gr. 6–7

## Laugardagur 12. júní

*„Þegar þið komið í borg eða þorp skuluð þið leita að þeim sem eru verðugir og dvelja þar þangað til þið leggið af stað aftur.“*

– Matt. 10:11.

Hvers vegna er mjög mikilvægt að gera fólk að lærisveinum? Vegna þess að engir nema lærisveinar Krists geta verið vinir Guðs. Fylgjendur Krists eiga líka betra líf núna og hafa þá von að geta lifað að eilífu. (Jóh. 14:6; 17:3) Jesús hefur sannarlega falið okkur mikilvægt hlutverk en við vinnum ekki þetta verk ein sér. Páll postuli skrifaði um sjálfan sig og nokkra nána féлага: „Við erum samverkamenn Guðs.“ (1. Kor. 3:9) Hvílíkur heiður sem Jehóva og Kristur hafa veitt ófullkomnum mönnum! Það veitir okkur líka mikla gleði að hjálpa fólki að verða lærisveinar. Fyrsta skrefið til að gera fólk að lærisveinum er að leita að þeim sem hafa rétt hjartalag. Við sýnum að við erum vottar Jehóva með því að vitna fyrir öllum sem við hittum. Við sýnum líka að við erum sannkristin þar sem við fylgjum fyrirmælum Krists um að boða trúna. *w19.07* 15 gr. 3–5

## Sunnudagur 13. júní

*„Spekin veitir forsælu eins og silfrið veitir forsælu en yfirburðir þekkingarinnar eru þeir að spekin heldur lífinu í þeim sem hana á.“*

– Préd. 7:12.

Viska og raunsæi Biblíunnar er það fyrsta sem margir hrifast af. Systir í New York sem heimsækir mandarín-mælandi fólk segir: „Ég reyni að sýna fólki áhuga og hlusta á það. Ef það er nýflutt til landsins spyr ég stundum: „Hvernig gengur þér að aðlagast? Ertu búin(n) að finna vinnu? Koma heimamenn vel

fram við þig?“ Þetta getur skapað tækifæri til að koma einhverju úr Biblíunni á framfæri. Þegar við á bætir systirin stundum við: „Hvað heldurðu að hjálpi manni að eiga góð samskipti við aðra? Má ég sýna þér máltæki í Biblíunni? Það er svona: „Þegar deila kviknar er sem tekin sé úr stífla, láttu hana því niður falla áður en sennan hefst.“ Heldurðu að þetta ráð geti stuðlað að góðum samskiptum?“ (Orðskv. 17:14) Með því að ræða við fólk á þennan hátt er hægt að átta sig á hvort ástæða sé til að heimsækja það aftur. *w19.07* 23 gr. 13

## Mánudagur 14. júní

*„Vei einstæðingnum sem fellur og enginn er til að reisa á fætur.“*

– Préd. 4:10.

Þeir sem hafa flust til að sinna nýjum verkefnum í söfnuðinum þurfa á skilningi okkar að halda. Kannski eru þau að glíma við eigin veikindi eða annarra í fjölskyldunni. Þau gætu líka verið að sýrgja ástvin. Og kannski sakna þau samverunnar með andlegu fjölskyldunni í fyrra verkefni sínu, jafnvel þó að þau tali ekki um það. Þetta geta verið flóknar tilfinningar sem tekur tíma að vinna úr. Stuðningur þinn og fordæmi getur hjálpað þeim að aðlagast nýjum aðstæðum. Systir sem þjónaði í mörg ár erlendis segir: „Ég stýrði biblíunámskeiðum á hverjum degi í fyrra verkefni mínu. Á nýja staðnum var hins vegar varla hægt að opna Biblíuna eða sýna myndskleið í boðuninni. En boðberar buðu mér með í endurheimsóknir og biblíunámskeið. Þá varð ég jákvæðari gagnvart svæðinu. Ég lærði að hefja samræður á nýja svæðinu. Þetta hjálpaði mér að endurheimta gleðina.“ *w19.08* 22 gr. 10; 24 gr. 13–14

## **Þriðjudagur 15. júní**

*„Ég hvet Evodíu og Sýntýke til að vera samlyndar í þjónustu Drottins.“ – Fil. 4:2.*

Líkt og hjá Evodíu og Sýntýke gæti stór hindrun staðið í vegi fyrir því að við ræktum með okkur einlæg-an kærleika til annarra – tilhneigingin til að einblína á ófullkomleika þeirra. Við gerum öll mistök á hverjum degi. Ef við einblinum á ófullkomleika annarra mun kærleikur okkar til þeirra kólna. Tökum dæmi. Við gætum orðið pirruð ef bróðir gleymir að hjálpa okkur að þrifa ríkissalinn. Ef við förum síðan að rifja upp öll önnur mistök sem við vitum að hann hefur gert gætum við orðið enn pirraðri og kærleikur okkar til hans gæti dvínað. Ef þú lætur einhvern í söfnuðinum fara í taugarnar á þér ættirðu að hugleiða eftirfarandi staðreynd: Jehóva sér ófullkomleika okkar rétt eins og trússystemin okkar. En samt elskar hann okkur öll. Við verðum þess vegna að líkja eftir kærleika Jehóva og einbeita okkur að því góða í fari trússystemin okkar. Þegar við leggjum okkur fram um að elska þau styrkjum við eininguna okkar á milli. – Fil. 2:1, 2. *19.08* 9–10 gr. 7–8

## **Miðvikudagur 16. júní**

*Drottinn lítur til hins lága.*

*– Sálm. 138:6.*

Jehóva elskar þá sem eru auðmjúkir. Aðeins þeir sem sýna ósvikna auðmýkt geta átt hlýlegt og náði samband við hann. Á hinn bóginn þekkir hann hinn drambláta aðeins „í fjarska“. Við viljum öll þóknast Jehóva og finna fyrir hlýju hans og kærleika. Við höfum því ærna ástæðu til að þroska með okkur auðmýkt. Sá sem er auðmjúkur er lítillátur og laus við stolt og hroka.

Samkvæmt Biblíunni gerir auðmjúkur maður sér grein fyrir stöðu sinni gagnvart Jehóva Guði og náunganum. Sá sem er auðmjúkur viðurkennir að allir eru betri en hann á einn eða annan hátt. (Fil. 2:3, 4) Sumir virðast vera auðmjúkir þó að þeir séu það ekki í raun. Þeir láta kannski lítið fyrir sér fara. Eða kannski eru þeir kurteisir og tillitssamir vegna menningar sinnar eða uppeldis. En innst inni gætu þeir verið mjög stoltir. Fyrir eða síðar kemur í ljós hvaða mann þeir hafa að geyma. – Lúk. 6:45. *19.09* 2 gr. 1, 3–4

## **Fimmtudagur 17. júní**

*Hann kemur fram hefndum á þeim sem hlýða ekki fagnaðarboðskapnum um Drottin okkar Jesú.*

*– 2. Þess. 1:8.*

„Fagnaðarboðskapurinn um Drottin okkar Jesú“ felur í sér öll sannindin sem Jesús kenndi. Við hlýðum fagnaðarboðskapnum með því að lifa í samræmi við hann. Það gerum við meðal annars með því að setja þjónustuna við Jehóva í fyrsta sæti, fylgja réttlátum meginreglum hans og boða ríki hans. (Matt. 6:33; 24:14) Við gerum það líka með því að styðja andasmurða bræður Krists við það mikilvæga verk sem þeim hefur verið falið. (Matt. 25:31–40) Þeir munu bráðum launa „öðrum sauðum“ stuðninginn. (Jóh. 10:16) Hvernig? Allir sem tilheyra hinum 144.000 verða komnir til himna áður en Harmagedónstríðið brestur á og orðnir ódauðlegar andaverur. Þá verða þeir hluti af himnesku hersveitunum sem gersigra Góg og vernda „mikinn múg“ þjóna Jehóva. (Opinb. 2:26, 27; 7:9, 10) Hvilíkur heiður fyrir múginn mikla að hafa fengið að styðja andasmurða þjóna Jehóva meðan þeir voru enn á jörð! *19.09* 12–13 gr. 16–18



## Föstudagur 18. júní

„Þá endurnærast þið.“

– Matt. 11:29.

Hvers vegna endurnærumst við þegar við snum því starfi sem Jesús hefur falið okkur? Vegna þess að við höfum bestu forystuna. Enginn fer með umsjón eins og Jehóva og hann er ekki vanþakklátur harðstjóri. Hann kann að meta það sem við leggjum á okkur. (Hebr. 6:10) Og hann gefur okkur þann kraft sem við þurfum til að axla þá ábyrgð sem við höfum fengið. (2. Kor. 4:7; Gal. 6:5, neðanmáls) Jesús konungur okkar er okkur góð fyrirmynd með því hvernig hann beitir valdi sínu. (Jóh. 13:15) Og öldungarnir sem annast okkur leitast við að líkja eftir Jesús, „hinum mikla hirði“. (Hebr. 13:20; 1. Pét. 5:2) Þeir leggja sig fram um að vera vingjarnlegir, hvetjandi og hugrakkir þegar þeir næra okkur og vernda. Við höfum líka besta félagsskapinn. Það finnast ekki kærleiksríkari vinir og meira gefandi starf en okkar. Við vinnum til dæmis með bræðrum og systurum sem hafa siðferði í hæsta gæðaflokki, en þeim finnst þau ekki betri en aðrir. Þau meta aðra meira en sig sjálf. Þau líta á okkur sem vini en ekki aðeins samstarfsmenn. Þessi kærleikur er það sterkur að þau eru fús til að fórna lífi sínu fyrir okkur. *w19.09* 20 gr. 1; 23 gr. 12–14

## Laugardagur 19. júní

*Þið eruð ekki í myrkri svo að dagurinn komi ykkur að óvörum eins og dagsbirtan þjófum.*

– 1. Þess. 5:4.

Í hvatningu sinni til okkar minnst Páll postuli á ‚dag Jehóva‘. (1. Þess. 5:1–6) Í þessum versum er átt við tímabilið sem hefst með árásinni á ‚Babýlon hina miklu‘, heimsveldi fals trúarbragða, og lýkur með Harmagedónstríðinu. (Opinb. 16:14, 16; 17:5)

Páll sýnir okkur líka hvernig við getum verið viðbúin degi Jehóva. Við ættum ekki að ‚sofa eins og aðrir‘. Við verðum að ‚vaka‘, vera á verði og gæta þess að hvika ekki frá hlutleysi okkar með því að taka á einhvern hátt þátt í málum af pólitískum toga. Ef við gerðum það ættum við á hættu að verða hluti af heiminum. (Jóh. 15:19) Við vitum að aðeins ríki Guðs getur komið á heimsfriði. Við viljum líka vekja fólk til meðvitundar um það sem Biblían sagði að myndi gerast í heiminum. Þegar þrengingin mikla hefst verður of seint fyrir fólk að snúa sér til Jehóva. Þess vegna er boðun okkar svo áriðandi! *w19.10* 8 gr. 3; 9 gr. 5–6

## Sunnudagur 20. júní

*„Fáðu þér bók og skráðu á hana allt sem ég hef boðað þér gegn Ísrael og Júda.“ – Jer. 36:2.*

Þegar kom að því að opinbera innihald bókröllunnar þurfi Jeremía að treysta Barúk vini sínum fyrir að flytja boðskapinn. (Jer. 36:5, 6) Barúk sýndi hugrekki og sinnti þessu hættulega verkefni. Geturðu ímyndað þér hversu stoltur Jeremía hefur verið þegar Barúk fór í forgarð musterisins og gerði eins og honum hafði verið sagt? (Jer. 36:8–10) Höfðingjar Júda fréttu af því sem Barúk hafði gert og skipuðu honum að lesa fyrir sig upp úr bókröllunni. (Jer. 36:14, 15) Þeir ákváðu að segja Jójakím konungi frá því sem Jeremía hafði skrifað. Jójakím konungur varð svo reiður þegar hann heyrði það sem Jeremía hafði skrifað að hann brenndi bókrölluna og fyrirskipaði að Jeremía og Barúk yrðu handteknir. En Jeremía tók aðra bókröllu og færði Barúk. Jeremía las fyrir boðskap Jehóva og Barúk skrifaði „allt það sem staðið hafði á bókinni sem Jójakím Júdakonungur hafði brennt“. – Jer. 36:26–28, 32. *w19.11* 3–4 gr. 4–6

## Mánudagur 21. júní

*Guð styrkir ykkur og gefur ykkur bæði löngun og kraft til að gera það sem gleður hann.*

– Fil. 2:13.

Jehóva getur orðið hvaðeina sem þarf til að koma vilja sínum til leiðar. Til að nefna aðeins nokkur af mörgum hlutverkum Jehóva hefur hann orðið kennari, huggari og trúboði. (Jes. 48:17; 2. Kor. 7:6; Gal. 3:8) En hann notar samt oft menn til að koma vilja sínum til leiðar. (Matt. 24:14; 28:19, 20; 2. Kor. 1:3, 4) Jehóva getur einnig gefið hverju og einu okkar visku og styrk til að verða hvaðeina sem þarf til að koma vilja sínum til leiðar. Allt þetta felst í merkingu nafns Jehóva eins og margir fræðimenn telja hana vera. Við viljum öll koma að gagni fyrir Jehóva. En sumir efast kannski um að Jehóva nýti sér þjónustu þeirra. Hvers vegna? Vegna þess að þeim finnst þeir takmörkun háðir vegna aldurs, aðstæðna eða getu. Aðrir gætu aftur á móti verið ánægðir með það sem þeir gera nú þegar og sjá ekki þörf á að taka frekari framförum. *19.10 20 gr. 1–2*

## Þriðjudagur 22. júní

*„Ást á peningum er rót alls konar ógæfu.“ – 1. Tím. 6:10.*

Efnishyggja getur rænt okkur athyglinni og haft þau áhrif að við hugsum illa um trúarskjöld okkar. Páll postuli sagði: „Enginn hermaður stundar almenna atvinnu því að hann vill þóknast þeim sem réð hann til hermennsku.“ (2. Tím. 2:4) Rómverskir hermenn máttu reyndar ekki sinna neinni annarri vinnu. Líkt og góðir hermenn látum við ekkert verða til þess að við missum sjón-

ar á aðalmarkmiði okkar – að hljóta velþóknun leiðtoga okkar, Jehóva og Jesú. Okkur finnst það verðmætara en nokkuð sem heimur Satans hefur upp á að bjóða. Við göngum úr skugga um að við höfum nægan tíma og orku til að þjóna Jehóva og halda trúarskildi okkar, vopnum og herklæðum í góðu ásigkomulagi. Við megum aldrei slaka á verðinum. Hvers vegna? Páll postuli sagði að „þeir sem ætla sér að verða ríkir“ myndu „villast frá trúnni“. – 1. Tím. 6:9, 10. *19.11 17 gr. 12, 14–15*

## Miðvikudagur 23. júní

*Þá kemur skyndilega tortíming yfir þá. – 1. Þess. 5:3.*

Áður en dagur Jehóva rennur upp verður lýst yfir „friði og öryggi“. (1. Þess. 5:1–6) Í 1. Þessaloníkubréfi 5:2 vísar „dagur Jehóva“ til „þrengingarinnar miklu“. (Opinb. 7:14) Hvernær verður okkur ljóst að þrengingin sé í þann mund að hefjast? Í Biblíunni er sagt að gefin verði út óvenjuleg yfirlýsing, yfirlýsing sem verður tákni þess að þrengingin mikla sé að hefjast. Það verður yfirlýsingin um „frið og öryggi“ sem spáð var fyrir. Munu leiðtogar trúarbragðanna eiga hlut að máli? Hugsanlega. En eitt er víst: Yfirlýsingin verður eins og hver önnur lygi innblásin af illum öndum. En þessi lygi verður sérstaklega hættuleg þar sem hún veitir mönnum falska öryggiskennd rétt áður en mesta þrenging í sögu mannkyns hefst. Já, þá „kemur skyndilega tortíming yfir þá eins og fæðing-arhríðir yfir ófríska konu“. En hvað um trúa þjóna Jehóva? Vera má að þeim bregði í brún þegar dagur Jehóva rennur skyndilega upp en það mun ekki setja þá út af laginu. *19.09 9 gr. 7–8*

## Fimmtudagur 24. júní

*Öllu er afmörkuð stund. Að leita hefur sinn tíma og að týna hefur sinn tíma. – Préd. 3:1, 6.*

Þegar þú setur þér markmið skaltu hafa þau skýr. Því skýrari markmið sem þú setur þér því líklegra er að þú náir þeim. Til dæmis gætirðu hafa sett þér það markmið að lesa oftari í Biblíunni. En ef þú hefur ekki ákveðna tímaáætlun er óvíst að þú náir markmiði þínu. Eða kannski ákveða öldungar í söfnuðinum að fara í fleiri hirðisheimsóknir en hafa ekki komið því í verk að nokkrum tíma liðnum. Til að fylgja ákvörðuninni eftir gætu þeir spurt sig: Höfum við hugsað um hvaða bræður og systur hefðu sérstaklega gagn af að við heimsæktum þau? Höfum við ákveðið hvenær við ætlum að heimsækja þau? Þú skalt líka vera raunsær. Ekkert okkar hefur nægan tíma, kraft eða getu til að gera allt sem við myndum vilja gera. Vertu því raunsær og skynsamur. Þú gætir þurft að breyta ákvörðun sem reyndist þér um megn að koma í verk. *W19.11 29 gr. 11-12*

## Föstudagur 25. júní

*„Þetta eru þeir sem koma úr þrengingunni miklu og þeir hafa þvegið skikkjur sínar skjannahvítar í blóði lambsins.“ – Opinb. 7:14.*

Í Jesaja 65:21-23 má finna spádómlega lýsingu á lífinu á jörð. Þar verður ekki setið auðum höndum. Biblían gefur til kynna að þjónar Guðs muni á þeim tíma vinna gagnleg og ánægjuleg störf. Við megum vera viss um að undir lok þúsundarárísins mun „sköpunin sjálf

verða leyst úr þrælkun forgengileikans og hljóta dýrlegt frelsi barna Guðs“. (Róm. 8:21) Jehóva hjálpaði Ísraelsmönnum að hafa jafnvægi milli vinnu og hvíldar. Og eins verður það í þúsundarárri Krists. Þá verður nægur tími til að rækta sambandið við Guð. Hamingja okkar er háð tilbeiðslunni á Guði og í nýja heiminum höfum við tíma til að sinna henni. Allt trúfast mannkyn verður hamingjusamt undir þúsund ára stjórn Krists vegna þess að þá vinna allir ánægjuleg störf og þjóna Guði. *W19.12 12 gr. 15; 13 gr. 17-18*

## Laugardagur 26. júní

*Þessi orð skulu vera þér hugföst. Þú skalt brýna þau fyrir börnum þínum. – 5. Mós. 6:6, 7.*

Að brýna felur í sér að „kenna og innprenta með tíðum endurtekningum“. Til að geta gert það þurfa foreldrar reglulega að verja tíma með börnum sínum. Það gæti stundum reynt á að þurfa að endurtaka leiðbeiningar við börnin. En foreldrar geta litið á það sem tækifæri til hjálpa börnunum að skilja orð Guðs og fara eftir því. Sýnið því dómgreind. Í Sálmi 127 er börnum líkt við örvar. (Sálm. 127:4) Engin tvö börn eru eins rétt eins og örvar geta verið úr ólíkum efnivið og af mismunandi stærð. Foreldrar þurfa því að haga kennslunni eftir hverju barni. Hjón í Ísrael nútímans segja hvað hjálpaði þeim að ala upp tvö börn í trúnni með góðum árangri: „Við áttum biblíunámsstundir með hvoru barni fyrir sig.“ Að sjálfsögðu ákveður höfuð fjölskyldunnar hvort það sé nauðsynlegt eða mögulegt að kenna þannig. *W19.12 26-27 gr. 18-20*

## Sunnudagur 27. júní

*„Allt sem þið viljið að aðrir geri fyrir ykkur skuluð þið gera fyrir þá.“ – Matt. 7:12.*

Við kunnum sannarlega að meta aðstoð annarra þegar mikið bjátar á. „Margir hversdagslegir hlutir virðast ógerlegir þegar maður er í sárum,“ segir Ryan en faðir hans dó óvænt í hörmulegu slysi. „Það er mjög hughreystandi að fá aðstoð, jafnvel við eitthvað smávægilegt.“ Vanmetum aldrei hve hughreystandi það getur verið fyrir fólk að fá jafnvel smávægilega aðstoð frá okkur. Lærisveinninn Markús hafði meira en nóg á sinni könnu. Hann gaf sér samt tíma til að hughreysta Pál postula og Páll var ófeiminn að biðja hann að aðstoða sig. Angela varð fyrir því áfalli að náinn ættingi var myrtur. Það var henni mikils virði að þeir sem hughreystu hana skyldu vera hjálpfúsir. „Það er auðvelt að tala við vini sem vilja hjálpa manni,“ segir hún. „Þeir virka ekki tregir til eða hikandi.“ Við getum spurt okkur hvort við séum þekkt fyrir að vera tilbúin til að hughreysta trússystemi og hjálpa þeim. *w20.01 11–12 gr. 14–16*

## Mánudagur 28. júní

*Hver sem borðar brauðið eða drekkur af bikar Drottins á överðugan hátt verður sekur.*

– 1. Kor. 11:27.

Hvernig gæti sá sem er andasmurður neytt brauðsins og vínsins „á överðugan hátt“ á minningarhátíðinni? Með því að borða brauðið og drekka vínið án þess að lifa í samræmi við réttlátar meginreglur Jehóva. (Hebr. 6:4–6; 10:26–29) Þeir sem eru andasmurðir gera sér grein fyrir að þeir þurfa að vera trúfastir „til að hljóta verðlaunin, líf á himnum sem Guð hefur kallað [þá] til fyrir milligöngu Krists Jesú“. (Fil. 3:13–16)

Heilagur andi Jehóva hjálpar þjónum hans að vera hógværir en ekki stoltir. (Ef. 4:1–3; Kól. 3:10, 12) Þeim sem eru andasmurðir finnst þeir ekki vera betri en aðrir. Þeir vita að Jehóva gefur andasmurðu fólk ekkert endilega meira af heilögum anda en öðrum þjónum sínum. Þeim finnst þeir ekki hafa dýpri skilning á sannindum Biblíunnar en aðrir. Og þeir myndu aldrei segja öðrum að þeir séu líka andasmurðir og ættu að byrja að neyta brauðsins og vínsins á minningarhátíðinni. Þeir sýna öllu heldur auðmýkt og viðurkenna að það er aðeins Jehóva sem býður fólk að fara til himna. *w20.01 27–28 gr. 4–5*

## Þriðjudagur 29. júní

*„Nálgist Guð og þá mun hann nálgast ykkur.“ – Jak. 4:8.*

Jehóva vill að við nálgumst sig og tölum við sig. Hann hvetur okkur til að ‚halda áfram að biðja‘ og hann er alltaf fús til að hlusta á okkur. (Róm. 12:12) Hann er aldrei of upptekinn eða þreyttur til að hlusta á okkur. Og við hlustum á hann með því að lesa í orði hans Biblíunni og ritum sem hjálpa okkur að skilja það. Við hlustum líka á hann með því að taka vel eftir á samskiptum. Regluleg samskipti við Jehóva hjálpa okkur að varðveita náð samband við hann. Jehóva vill að við úthellum hjarta okkar fyrir honum. (Sálm. 62:9) Við ættum að spyrja okkur: Hættir bænum mínum til að vera yfirborðslegar eins og bréf sem búið er að afrita aftur og aftur? Eða eru þær einlæggar eins og persónulegt handskrifað bréf? Án efa elskarðu Jehóva heitt og vilt viðhalda sterku sambandi við hann. Til þess þarftu að tala reglulega við hann. Trúðu honum fyrir innstu tilfinningum þínum. Segðu honum frá því sem gleður þig og því sem veldur þér áhyggjum. Treystu að þú getir leitað til hans. *w20.02 9 gr. 4–5*

## Miðvikudagur 30. júní

*„Gætið hjarðar Guðs sem hann hefur falið ykkur. Verið umsjónarmenn hennar.“ – 1. Pét. 5:2.*

Jehóva hefur falið öldungum það mikilvæga verkefni að gæta þjóna sinna. Öldungar geta lært margt af því hvernig Nehemía kom fram við þjóna Jehóva. Nehemía var landstjóri í Júda og hafði því töluvert vald. (Neh. 1:11; 2:7, 8; 5:14) Hugsaðu þér hvað hann þurfti að takast á við. Hann komst að því að fólkið hafði saurgað musterið og veitti Levítum ekki fjárhagslegan stuðning eins og lögmálið fyrirskipaði. Gyðingarnir brutu hvíldardagsboðið og sumir höfðu kvænst útlendum konum. Nehemía landstjóri þurfti að taka á málunum. (Neh. 13:4–30) Nehemía misbeitti ekki valdi sínu með því að þröngva sínum eigin skoðunum upp á þjóna Guðs. Hann leitaði öllu heldur leiðsagnar Jehóva í innilegri bæn og fræddi fólkið um lögmál Jehóva. (Neh. 1:4–10; 13:1–3) Nehemía sýndi einnig auðmýkt með því að vinna með landsmönnum og hjálpaði jafnvel til við að endurreisa múra Jerúsalem. – Neh. 4:9. *w19.09* 16 gr. 9–10

## Fimmtudagur 1. júlí

*„Segið Guði frá öllu sem ykkur líggur á hjarta.“ – Fil. 4:6.*

Við verðum kannski áhyggjufull þegar aðrir eru harðorðir eða óvinalegir við okkur. Það getur sérstaklega átt við ef sá sem særir okkur er náinn vinur okkar eða ættingi. Við getum lært margt af fordæmi Hönnu, sem er sagt frá í Biblíunni, þegar við glímum við áhyggjur. Eiginmaður hennar átti aðra konu sem hæddist stöðugt að henni. (1. Sam. 1:12) Við getum, líkt og Hanna, tekið okkur góðan tíma til að tala við Jehóva um það sem við höfum áhyggjur af og það sem veld-

ur okkur ótta. Bænir okkar þurfa ekki að vera ljóðrænar eða málfarslega fullkomnar. Stundum eru þær jafnvel slitróttar vegna þess að við grátum og finnum til sársauka. En Jehóva verður aldrei þreyttur á að hlusta á okkur. Auk þess að segja honum frá vandamálum okkar verðum við að muna eftir því sem segir í Filippibréfinu 4:6, 7. Páll postuli tekur sérstaklega fram að við ættum að tjá Jehóva þakklæti okkar í bæn. Við höfum svo margar ástæður til að þakka Jehóva meðal annars fyrir þá gjöf sem lífið er, allt það fallega sem hann hefur gert, fyrir tryggan kærleika hans og fyrir þá dásamlegu von sem hann hefur gefið okkur. *w20.02* 21 gr. 3; 22 gr. 6

## Föstudagur 2. júlí

*„Að tala hefur sinn tíma.“  
– Préd. 3:7.*

Talgáfan er gjöf frá Jehóva. (2. Mós. 4:10, 11; Opín. 4:11) Hann hjálpar okkur með orði sínu að skilja hvernig við getum notað þessa gjöf á réttan hátt. Við ættum alltaf að vera reiðubúin að tala um Jehóva og ríki hans. (Matt. 24:14; Róm. 10:14) Þannig líkjum við eftir Jesú. Ein aðalástæðan fyrir því að Jesús kom til jarðar var að segja fólki sannleikann um föður sinn. (Jóh. 18:37) En munum að það skiptir líka máli hvernig við tölum. Þegar við segjum öðrum frá Jehóva verðum við að gera það „með hógværð og djúpri virðingu“ og taka tillit til tilfinninga þeirra og skoðana. (1. Pét. 3:15) Þá tölum við ekki bara heldur kennum og náum hugsanlega til hjarta viðmælanda okkar. Öldungar ættu að vera ákveðnir í að tala við bróður eða systur sem þarf að fá leiðbeiningar. Auðvitað velja þeir rétta tímann til að tala svo að hann eða hún verði ekki vandræðaleg að óþörfu. *w20.03* 18–19 gr. 2–4

### Laugardagur 3. júlí

*„Biðjið stöðugt.“ – Matt. 26:41.*

Um hvað getum við beðið? Við getum beðið Jehóva að gefa okkur meiri trú. (Lúk. 17:5; Jóh. 14:1) Við þurfum trú þar sem Satan reynir alla sem fylgja Jesú. (Lúk. 22:31) Hvernig hjálpar trúin okkur? Hún auðveldar okkur að leggja málin í hendur Jehóva þegar við höfum gert allt sem við getum til að takast á við erfiðleikana. Við treystum að hann geti tekið betur á málunum en við gætum nokkurn tíma gert og höfum þess vegna frið í huga og hjarta. (1. Pét. 5:6, 7) Bænin hjálpar okkur að varðveita innri frið sama hvaða raunum við verðum fyrir. Tökum Robert sem dæmi, en hann er trúfastur öldungur á níráðisaldri. Hann segir: „Ráðin í Filippibréfinu 4:6, 7 hafa hjálpað mér í gegnum margar raunir á ævinni. Ég hef þurft að takast á við fjárhagserfiðleika. Og um tíma gat ég ekki verið öldungur.“ Hvað hefur hjálpað Robert að varðveita innri frið? „Ég fer með bæn um leið og áhyggjur gera vart við sig,“ segir hann. „Því oftast og ákafar sem ég bið því meiri friði finn ég fyrir.“ *w19.04 9-10 gr. 5-7*

### Sunnudagur 4. júlí

*„Ég hef syndgað gegn Drottni.“  
– 2. Sam. 12:13.*

Kynferðisofbeldi gegn börnum er synd gegn Guði. Maður sem syndgar gegn öðrum manni syndgar einnig gegn Jehóva. Skoðum dæmi úr lög málinu sem Guð gaf Ísraelsmönnum. Í lög málinu sagði að maður sem stæli eða okraði á landa sínum ‚brygðist Drottni‘. (3. Mós. 5:21–23) Ef einhver í söfnuðinum beitir barn kynferðisofbeldi og rænir barnið þannig örygginu hefur hann vissulega brugðist Guði. Ofbeldismaðurinn svertir nafn Jehóva. Við eigum því að forðast kynferðisofbeldi gegn börn-

um vegna þess að það er andstyggileg synd gegn Guði. Birtar hafa verið greinar í *Varðturninum* og *Vaknið!* sem fjalla um hvernig þeir sem hafa verið beittir kynferðisofbeldi geta tekist á við tilfinningasárin, hvernig aðrir geta hjálpað þeim og hughreyst þá og hvernig foreldrar geta verndað börn sín. Öldungar hafa fengið nákvæmar leiðbeiningar byggðar á Biblíunni um hvernig taka eigi á málum þegar barn er beitt kynferðisofbeldi. Söfnuður Votta Jehóva fer reglulega yfir það hvernig tekið er á þeirri synd að beita barn kynferðisofbeldi. *w19.05 9 gr. 8-9*

### Mánudagur 5. júlí

*„Hvers vegna ættu menn að leita til hinna dauðu vegna hinna lifandi?“ – Jes. 8:19.*

Orð Guðs er eins og beitt sverð sem getur afhjúpað lygar Satans. (Ef. 6:17) Orð Guðs afhjúpar til dæmis lygina um að hinir dáu geti verið í sambandi við þá sem eru lifandi. (Sálm. 146:4) Biblían minnir okkur líka á að það er aðeins Jehóva sem við getum treyst til að segja framtíðina fyrir. (Jes. 45:21; 46:10) Ef við lesum og hugleiðum orð Guðs reglulega hötum við lygar illu andanna og erum í stakk búin til að hafna þeim. Neitaðu að taka þátt í nokkru sem tengist spíritisma. Við sem erum vottar Jehóva stundum ekki spíritisma í nokkurri mynd. Við förum til dæmis ekki til miðla eða reynum að komast í samband við hina dáu á einhvern annan hátt. Við tökum ekki þátt í útfararsíðum sem byggjast á þeirri trú að hinir dáu séu enn lifandi einhvers staðar. Og við reynum ekki að fá vitneskju um framtíðina með stjörnuspeki eða spásögnum. Við vitum að allt slíkt er mjög hættusamt og gæti komið okkur í beint samband við Satan og illu andana. *w19.04 21–22 gr. 8-9*

## **Þriðjudagur 6. júlí**

*Guð gaf þá á vald óhreinleika svo að þeir fylgdu því sem þeir girntust í hjörtum sínum. – Róm. 1:24.*

Þeir sem hafa visku heimsins að leiðarljósi gera margir gys að siðferðisreglum Biblíunnar og fullyrða að þær séu óraunhæfar. Þetta fólk hugsar sem svo að varla hafi Guð gefið okkur kynferðislegar langanir og ætlist svo til að við höldum aftur af þeim. Þessi hugsunarháttur byggist á þeirri ranghugmynd að mennirnir eigi að veita öllum hvötum sínum útrás. En Biblían er á öðru máli. Hún kennir að við þurfum ekki að láta undan öllum löngunum okkar heldur að við getum haft stjórn á röngum tilhneigingum. (Kól. 3:5) Auk þess hefur Jehóva gefið okkur tækifæri til að fullnægja eðlilegum kynferðislegum löngunum á heidvirdan hátt innan vébanda hjónabandsins. (1. Kor. 7:8, 9) Biblían hvetur fólk til að til-einka sér heilbrigð viðhorf til kynlifs, ólíkt því sem viska heimsins gerir. Í Biblíunni kemur fram að kynlíf geti veitt fólk ánægju. (Orðskv. 5:18, 19) En hún segir einnig: „Hvert og eitt ykkar ætti að kunna að hafa stjórn á líkama sínum og halda honum heilögum og til sóma en ekki láta stjórnast af girnd og taumlausum losta.“ – 1. Þess. 4:4, 5. *19.05* 22–23 gr. 7–9

## **Miðvikudagur 7. júlí**

*Þú skalt fara þangað upp eftir eins og þrumuveður, þú og allar hersveitir þínar og margar þjóðir. – Esek. 38:9.*

Guð mun ekki leyfa þjóðunum að eyða þjónum sínum. Þeir bera stoltir nafn hans og hafa hlýtt fyrirmælum hans um að flýja úr Babýlon hinni miklu. (Post. 15:16, 17; Opínb. 18:4) Þeir hafa líka lagt hart að sér til að hjálpa öðrum að forða sér út úr henni. Þjónar Jehóva munu því ekki „hreppa

plágur hennar“. Engu að síður mun reyna á trú þeirra. (Esek. 38:2, 8) Þegar öllum falstrúarsamtökum hefur verið eytt mun fólk Guðs standa eftir eins og stakt tré sem hefur staðið af sér ofsaveður. Satan verður skiljanlega vitstola af reiði. Hann gefur reiðinni lausan tauminn með því að nota „óhreinarn innblásnar yfirlýsingar“, það er að segja áróður illra anda til að fá bandalag þjóða til að ráðast á þjóna Jehóva. (Opínb. 16:13, 14) Þetta bandalag er kallað „Góg í landinu Magóg“. Þegar þjóðirnar ráðast á fólk Jehóva eru þær komnar á tákna-ræna staðinn sem kallast Harmagedón. – Opínb. 16:16. *19.09* 11 gr. 12–13

## **Fimmtudagur 8. júlí**

*„Hugleiðingar hinna vitru eru tilgangslausar.“ – 1. Kor. 3:20.*

Á tímum Forn-Ísraels notaði Satan falstrú til að ýta undir siðleysi. Hið sama er uppi á teningnum núna. Fólks trúarbrögð umbera siðlaust lífverni eða ýta jafnvel undir það. Margir sem segjast þjóna Guði hafa þar af leiðandi látið skýrar siðferðisreglur hans lönd og leið. Þáll postuli lýsir afleiðingunum í Rómverjabréfinu. (Róm. 1:28–31) Meðal þess sem er „ósæmlegt“ má nefna alls konar kynferðislegt siðleysi, þar á meðal kynhegðun samkynhneigðra. (Róm. 1:24–27, 32; Opínb. 2:20) Það er ákaflega mikilvægt að hvika ekki frá skýrum kenningum Biblíunnar. Hugmyndafræði manna tekur ekki mið af réttlátum mælikvarða Jehóva og stangast oft á við hann. Hún hjálpar okkur ekki að bera ávöxt anda Guðs heldur ýtir undir „verk holdsins“. (Gal. 5:19–23) Hún vekur upp stolt og stærilæti með þeim afleiðingum að fólk verður eiginjarnt. (2. Tím. 3:2–4) Þessir eiginleikar stinga í stúf við þá auðmýkt og högværð sem þjónar Guðs eru hvattir til að temja sér. – 2. Sam. 22:28. *19.06* 5–6 gr. 12–14

## Föstudagur 9. júlí

*„Vinur lætur aldrei af vináttu sinni, í andstreymi reynist hann sem bróðir.“ – Orðskv. 17:17.*

Elía þjónaði Jehóva á erfiðum tímum og stóð frammi fyrir miklum prófraunum. Jehóva sagði Elía að fela Elísa sum verkefna sinna. Þannig gaf Jehóva Elía góðan vin sem gat hjálpað honum að halda til þegar hann var niðurdreginn. Á sama hátt getur góður vinur hjálpað okkur að bera byrðar okkar ef við segjum honum hvernig okkur líður. (2. Kon. 2:2) Ef þér finnst þú ekki geta tjáð þig við neinn skaltu biðja Jehóva að hjálpa þér að finna þroskaðan vin innan safnaðarins sem getur veitt þér tilfinningalegan stuðning. Jehóva hjálpaði Elía að rísa undir álagi og þjóna trúfastur í mörg ár. Reynsla hans veitir okkur von. Stundum getum við verið undir svo miklu álagi að við erum líkamlega og tilfinningalega úrvinda. En ef við reiðum okkur á Jehóva gefur hann okkur kraftinn sem við þurfum til að halda áfram að þjóna honum. – Jes. 40:28, 29. *w19.06* 15 gr. 4; 16 gr. 9–10

## Laugardagur 10. júlí

*„Ótti við menn leiðir í snöru en þeim er borgið sem treystir Drottni.“ – Orðskv. 29:25.*

Við getum eflt kjarkinn núna með því að boða öðrum fagnaðarerindið um ríki Guðs. Hvernig þá? Þegar við boðum trúna lærum við að treysta á Jehóva og vinna bug á ótta við menn. Rétt eins og æfing styrkir vöðvana styrkir það hugrekki okkar að boða trúna hús úr húsi, á almannafæri, óformlega og í fyrirtækjum. Ef við byggjum upp hug-

rekki til að boða trúna núna verðum við vel undirbúin til að halda því áfram þó að starfsemi okkar verði bönnuð. (1. Þess. 2:1, 2) Við getum lært margt af trúfastri systur sem sýndi einstakt hugrekki. Nancy Yuen var rétt um einn og hálfur metri á hæð en það var ekki auðvelt að hræða hana. Hún neitaði að hætta að boða fagnaðarerindið um ríki Guðs og sat því í fangelsi í Kína í meira en 20 ár. Embættismennirnir sem yfirhýrðu hana sögðu að hún væri „þrjóskaða manneskjan“ í landinu. *w19.07* 5 gr. 13–14

## Sunnudagur 11. júlí

*„Farið því og gerið fólk af öllum þjóðum að lærisveinum.“ – Matt. 28:19.*

Sumir vilja ákafir kynnast sannleika Biblíunnar en margir sem við hittum virðast áhugalausir í byrjun. Við gætum þurft að örva áhuga þeirra. Til að ná árangri í boðuninni þurfum við að undirbúa okkur vel. Veldu umræðuefni sem er líklegt að höfði til fólks sem þú hittir. Veltu síðan fyrir þér hvernig best sé að kynna efnið. Þú gætir til dæmis spurt húsráðanda: „Má ég spyrja þig um álit þitt á einu máli? Margt sem hrjáir okkur hrjáir fólk alls staðar í heiminum. Heldurðu að það væri hægt að leysa öll þessi vandamál ef ein stjórn færi með völd um allan heim?“ Síðan gætirðu rætt um Daníel 2:44. Önnur hugmynd væri að segja: „Hvað heldurðu að þurfi til að kenna börnum góða hegðun? Það væri gaman að heyra hvaða skoðun þú hefur á því.“ Ræddu síðan um 5. Mósebók 6:6, 7. Það gleður okkur ákaflega að fá að aðstoða fólk við að verða lærisveinar Krists. *w19.07* 15 gr. 4, 6–7



## Mánudagur 12. júlí

*„Getur maðurinn gert sér guði?  
Það væru engir guðir.“*

– Jer. 16:20.

Hvað um þá sem segjast ekki trúa á Guð? Bróðir í Austurlöndum fjær sem hefur langa reynslu af að boða slíku fólki trúna segir: „Þegar fólk hér segist ekki trúa á Guð á það yfirléitt við að það trúi ekki að það þurfi að tilbiðja þá guði sem flestir hér um slóðir hafa trúað á um aldaðir. Ég tek venjulega undir og nefni að flestir guðir séu uppfinning manna en ekki raunverulegir. Ég les oft Jeremía 16:20. Síðan spyr ég: ‚Hvernig er hægt að gera greinarmun á sönnum guði og þeim sem eru uppfinning manna?‘ Ég hlusta vel á svarið og les síðan Jesaja 41:23: ‚Segið frá því sem verður svo að oss verði ljóst að þér séuð guðir.‘ Eftir það bendi ég á dæmi þar sem Jehóva hefur sagt fyrir ókominn atburð. „Annar bróðir segir: „Ég sýni dæmi um visku Bibliunnar, bendi á spádóma sem hafa ræst og minnst á náttúru-lögmálin sem stjórna alheiminum. Síðan nefni ég að þetta bendi allt til þess að það sé til lifandi og vitur skapari. Þegar víðmælandinn fellst á að það geti verið til Guð bendi ég honum á hvað Biblían segir um Jehóva.“ w19.07 23–24 gr. 14–15

## Þriðjudagur 13. júlí

*„Metið hvað sé mikilvægt.“*

– Fil. 1:10.

Það sem er mikilvægt er meðal annars að nafn Jehóva helgist, að fyrirætlun hans nái fram að ganga og að friður og eining ríki innan safnaðarins. (Matt. 6:9, 10; Jóh. 13:35) Þegar þetta skiptir okkur mestu máli í lífinu sýnum við og sönnum að við elskum Jehóva. Páll postuli sagði líka að við þyrftum

að vera „hrein“. Við getum auðvitað ekki verið fullkomlega hrein. En við getum verið hrein í augum Jehóva ef við gerum okkar allra besta til að styrkja kærleikann og meta hvað sé mikilvægt. Ein leið til að sýna kærleika er að gera okkar ýtrasta til að verða ekki öðrum til hrösunar. Leiðbeiningarnar um að verða ekki öðrum til hrösunar eru okkur til viðvörunar. Hvernig gætum við orðið öðrum til hrösunar? Það gæti verið með vali okkar á afþreyingu, klæðaburði eða jafnvel atvinnu. Það sem við gerum þarf ekki að vera rangt í sjálfu sér. En það er alvarlegt mál ef ákvarðanir okkar særa samvisku annarra svo að þeir hrasí. – Matt. 18:6. w19.08 10 gr. 9–11

## Miðvikudagur 14. júlí

*„Þetta eru þeir sem koma úr þrengingunni miklu og þeir hafa þvegið skikkjur sínar skjannahvítar í blóði lambsins.“* – Opinb. 7:14.

Frá árinu 1935 hafa Vottar Jehóva skilið að múgurinn mikli í sýn Jóhannesar er hópur trúfastra þjóna Guðs sem á þá von að lifa að eilífu á jörðinni. (Opinb. 7:9, 10) Til að lifa af þrenginguna miklu þarf múgurinn mikli að kynnst Jehóva og tilbiðja hann áður en þúsundárarikið hefst. Menn þurfa að hafa sterka trú og sýna hana í verki til að þeir „komist undan öllu þessu sem á að gerast“ áður en þúsund ára stjórn Krists hefst. (Lúk. 21:34–36) Þeir sem mynda múginn mikla eru mjög ánægðir með von sína. Þeir gera sér grein fyrir að Jehóva ræður því hvar trúfastir þjónar hans búa, hvort heldur á himni eða jörð. Bæði hinir andasmurðu og múgurinn mikli vita að umbun þeirra er háð einstakri góðvild Jehóva sem birtist í lausnarfórn Jesú Krists. – Róm. 3:24. w19.09 28 gr. 10; 29 gr. 12–13

## Fimmtudagur 15. júlí

„*Gleði Drottins er styrkur ykkar.*“

– Neh. 8:10.

Hefurðu fengið nýtt verkefni? Þér getur farnast vel í því. Líttu ekki á breytingar sem merki um að þú hafir staðið þig illa eða sért minna virði en áður. Hafðu augun opin fyrir því hvernig Jehóva hjálpar þér og haltu áfram að boða trúna. Líktu eftir trúföstum kristnum mönnum á fyrstu öld. „Þeir sem höfðu dreifst fóru um landið og boðuðu fagnaðarboðskap Guðs.“ (Post. 8:1, 4) Ef þú leggur þig fram við að boða trúna sérðu líklega árangur af erfiði þínu. Sem dæmi má nefna brautryðjendur sem voru reknir úr landi. Þeir fluttu þá til nágrannalands þar sem var einnig mikil þörf á boðberum sem töluðu tungumálið. Innan nokkurra mánaða voru nýir ört stækkandi hópar mótaðir. Gleðin þarf fyrst og fremst að byggjast á sambandi okkar við Jehóva. Haltu því áfram að eiga náðið samband við Jehóva og treysta á leiðsögn hans, visku og stuðning. Mundu að þú lærðir að meta fyrra verkefni þitt mikils vegna þess að þú lagðir þig fram um að hjálpa fólki. Leggðu þig líka fram á nýja staðnum og sjáðu hvernig Jehóva hjálpar þér að meta verkefni þitt mikils. – Préd. 7:10. *w19.08* 24–25 gr. 15–16

## Föstudagur 16. júlí

„*Ættum við þá ekki enn frekar að vera undirgefin andlegum föður okkar.*“ – Hebr. 12:9.

Við ættum að vera Jehóva undirgefin vegna þess að hann er skapari okkar. Hann hefur því rétt á að setja okkur reglur. (Opinb. 4:11) Og við höfum aðra góða ástæðu til að hlýða honum – stjórnarfar hans er það besta sem hugsast getur. Í aldanna rás hafa margir menn farið með vald yfir öðrum. En þegar við berum stjórnarfar Jehóva saman við stjórnarfar þeirra

sjáum við að Jehóva er vitrari, kærleiksríkari, miskunnssamari og umhyggjusamari stjórnandi en þeir allir. (2. Mós. 34:6; Róm. 16:27; 1. Jóh. 4:8) Við sýnum Jehóva undirgefni með því að hlýða honum alltaf eins vel og við getum og með því að berjast gegn þeirri löngun að ákveða sjálf hvað sé rétt og hvað sé rangt. (Orðskv. 3:5) Við eigum auðveldara með að vera Jehóva undirgefin þegar við kynnumst góðum eiginleikum hans vegna þess að þeir endurspeglast í öllu sem hann gerir. (Sálm. 145:9) Við elskum Jehóva meira eftir því sem við kynnumst honum betur. Og þegar við elskum Jehóva þurfum við ekki langan lista yfir hvað við eigum að gera og hvað ekki. *w19.09* 14 gr. 1, 3

## Laugardagur 17. júlí

„*Ok mitt er þægilegt og byrði mín létt.*“ – Matt. 11:30.

Satan íþyngir fólki með byrðum sem það getur ekki borið. Hann vill til að mynda telja okkur trú um að Jehóva fyrirgefi ekki syndir okkar og að enginn geti elskað okkur. Hvílík byrði og hræðileg lygi! (Jóh. 8:44) Við fáum syndir okkar fyrirgefna þegar við komum til Krists. (Matt. 11:28) Og sannleikurinn er sá að Jehóva elskar okkur öll innilega. (Róm. 8:32, 38, 39) Ábyrgðin sem Jesús hefur falið okkur er frábrugðin öðrum skyldum sem við þurfum að gegna. Margir eru úrvinda í lok vinnudags og jafnvel óánægðir. Við erum á hinn bóginn mjög ánægð þegar við þjónum Jehóva og Jesú. Við gætum verið uppgefin og þurft að beita okkur hörðu til að fara á samkomu um kvöldið. En við komum yfirleitt heim aftur hress og endurnærð. Það á líka við þegar við leggjum eitthvað á okkur til að boða trúna og stunda sjálfsnám. Umbunin vegur langtum meira en það sem við leggjum á okkur. *w19.09* 20 gr. 1; 23–24 gr. 15–16

## Sunnudagur 18. júlí

*„Dagur Jehóva kemur eins og þjóf-  
ur á nóttu.“ – 1. Þess. 5:2.*

Jehóva ætlast til að við séum önn-  
um kafin við boðunina þann stutta  
tíma sem eftir er áður en „dag-  
ur“ hans rennur upp. Við verðum að  
vera „önnum kafin í verki Drottins“.  
(1. Kor. 15:58) Þegar Jesús greindi frá  
öllum þeim þýðingarmiklu atburðum  
sem myndu eiga sér stað á hinum  
síðustu dögum bætti hann við: „Fyrst  
þarf að boða öllum þjóðum fagnaðar-  
boðskapinn.“ (Mark. 13:4, 8, 10; Matt.  
24:14) Hugsaðu þér! Í hvert sinn sem  
þú ferð í boðunina tekurðu þátt í  
að uppfylla þennan biblíuspádóm. Ár  
eftir ár hefur boðun Guðsríkis stöð-  
ugt miðað áfram. Hugsum til dæm-  
is um fjölgun boðbera Guðsríkis um  
heim allan á hinum síðustu dögum.  
Árið 1914 voru 5.155 boðberar í 43  
löndum. Nú eru þeir um 8,5 milljónir  
í 240 löndum! En verki okkar er þó  
ekki lokið. Við verðum að halda áfram  
að boða ríki Guðs sem einu lausn-  
ina á vandamálum mannkyns. – Sálm.  
145:11–13. *w19.10* 8 gr. 3; 9–10 gr. 7–8

## Mánudagur 19. júlí

*„Þið hljótið ríkulega blessun svo  
að þið getið verið örlát á allan  
hátt, og menn þakka Guði þegar  
við komum með gjöfina frá ykkur.“  
– 2. Kor. 9:11.*

Jehóva notaði Barsillai til að  
hjálpa Davíð konungi. Davíð og  
menn hans voru „svangir, þyrst-  
ir og uppgefnir“ þegar þeir voru á  
flótta undan Absalon, syni Dav-  
íðs. Barsillai var orðinn aldraður  
en hann hætti lífi sínu ásamt öð-  
rum til að hjálpa Davíð og þeim sem  
voru með honum. Barsillai hugsaði  
ekki að hann gæti ekki lengur gert  
gagn í þjónustu Jehóva vegna þess  
hve gamall hann var orðinn. Hann

var öllu heldur örlátur og notaði  
það sem hann átti til að hjálpa  
þjónum Jehóva sem þurftu á því að  
halda. (2. Sam. 17:27–29) Hvað lær-  
um við af þessu? Hvort sem við erum  
ung eða gömul getum við komið Je-  
hóva að gagni með því að hjálpa trú-  
systkinum okkar sem vantar nauð-  
synjar, heima eða erlendis. (Orðskv.  
3:27, 28; 19:17) Ef við getum ekki  
hjálpað þeim persónulega getum  
við kannski stutt alþjóðastarfið fjár-  
hagslega svo að hægt sé að veita  
neyðaraðstoð þegar og þar sem þarf.  
– 2. Kor. 8:14, 15. *w19.10* 21 gr. 6

## Þriðjudagur 20. júlí

*„Til eru vinir sem bregðast og til  
er sá vinur sem reynist tryggari en  
bróðir.“ – Orðskv. 18:24.*

Okkur gæti fundist erfitt að opna  
okkur fyrir öðrum ef einhver hef-  
ur sært okkur eða móðgað. (Orðskv.  
18:19) Eða kannski finnst okkur við  
ekki hafa nægan tíma eða orku til  
að rækta nán tengsl við aðra. En við  
ættum ekki að gefast upp. Við verð-  
um að læra núna að treysta trússystk-  
inum okkar fyrir hugsunum okkar  
og tilfinningum ef við viljum að þau  
standi við bakið á okkur þegar erf-  
iðleika ber að garði. Það er mikil-  
vægt skref í áttina að sannri vin-  
áttu. (1. Pét. 1:22) Jesús sýndi að  
hann treysti vinum sínum með því  
að tala frjáltslega og opinskátt við þá.  
(Jóh. 15:15) Við getum líkt eftir hon-  
um með því að segja öðrum frá því  
sem gleður okkur og því sem veld-  
ur okkur áhyggjum og vonbrigðum.  
Hlustaðu vel þegar einhver talar við  
þig. Þá gætirðu komist að raun um  
að þið hugsið svipað og hafið svipað-  
ar tilfinningar og markmið. Vináttu-  
bönd þín við aðra styrkjast líklega ef  
þú tekur frumkvæðið að því að eiga  
opinskáar og hlýlegar samræður við  
þá. – Orðskv. 27:9. *w19.11* 4 gr. 8–9

## Miðvikudagur 21. júlí

„Svo segir Drottinn Guð.“

– Esek. 2:4.

Boðskapurinn sem við færum fólki mun líklega breytast í þrengingunni miklu. Nú segjum við fólki frá fagnaðarboðskapnum um ríkið og leitumst við að gera það að lærisveinum. En þegar þar er komið sögu má vera að við flytjum boðskap sem er harður eins og högl. (Opinb. 16:21) Ef til vill segjum við fólki að heimur Satans líði bráðlega undir lok. Við eigum eftir að fá að vita nákvæmlega hver boðskapurinn verður og hvernig á að koma honum á framfæri. Eigum við eftir að nota sömu aðferðir eða förum við öðruvísi að? Það á eftir að koma í ljós. Hvað sem því líður fáum við sennilega þann heiður að boða hugrökk dómsboðskap Jehóva. (Esek. 2:3–5) Boðskapur okkar mun að öllum líkindum ögra þjóðarleitogum heimsins og fá þá til að reyna að þagga niður í okkur í eitt skipti fyrir öll. Þá þurfum við að treysta á stuðning Jehóva alveg eins og við gerum í boðuninni núna. Við getum verið fullviss um að Jehóva veitir okkur kraft til að gera vilja hans. – Míka 3:8. *w19.10* 16 gr. 8–9

## Fimmtudagur 22. júlí

*Sumir hafa villst frá trúnni.*

– 1. Tím. 6:10.

Hugtakið „að villast frá trúnni“ gefur til kynna að við gætum misst einbeitinguna ef við reynum að eignast óþarfa hluti. Við gætum síðan orðið berskjölduð fyrir „alls kyns heimskulegum og skadlegum girndum“. (1. Tím. 6:9) Í stað þess að leyfa þessum girndum að hafa áhrif á hjarta okkar verðum við að sjá þær í réttu ljósi. Þær eru vopn sem Satan notar til að skaða trú okkar. Segjum að við höfum efni á að eignast marga

efnislega hluti. Er rangt að kaupa eitthvað sem okkur langar í en við höfum í raun ekki þörf á? Ekki endilega. En veltu þessum spurningum fyrir þér: Jafnvel þótt við höfum efni á að kaupa eitthvað, höfum við þá líka tíma og orku til að viðhalda því? Og gæti okkur farið að þykja mjög vænt um eigur okkar? Gætu efnislegar eigur orðið til þess að við gerðum eins og ungi maðurinn sem hafnaði boði Jesú um að gera meira fyrir Guð? (Mark. 10:17–22) Það er miklu betra að lifa einföldu lífi og nota dýrmætan tíma okkar og orku til að gera vilja Guðs. *w19.11* 17–18 gr. 15–16

## Föstudagur 23. júlí

„Áform hins iðjusama færa arð.“

– Orðskv. 21:5.

Guð getur gefið þér „kraft til að gera“ það sem þú hefur ákveðið. (Fil. 2:13) Biddu Jehóva að gefa þér heilagan anda svo að þú hafir þann styrk sem þú þarft til að framkvæma. Og haltu áfram að biðja þó að þér finnist þú ekki fá bænheyrslu strax. Jesús sagði: „Haldið áfram að biðja og ykkur verður gefið“ af heilögum anda. (Lúk. 11:9, 13.) Gerðu líka áætlun. Þú þarft að hafa áætlun til að klára það sem þú byrjar á. Síðan þarftu að fylgja henni. Þegar þú tekur ákvörðun skaltu gera lista yfir hvað þarf til að koma henni í verk. Það er gott að skipta stærri verkefnum niður í smærri einingar. Þá er auðveldara að fylgjast með hvernig verkinu miðar. Páll postuli hvatti Korintumenn til að setja eitthvað til hliðar fyrir framlag þeirra „fyrsta dag hverrar viku“ í stað þess að bíða með að safna í sjóð þangað til hann kæmi. (1. Kor. 16:2) Ef þú skiptir stærri verkefnum niður í smærri einingar eru þar að auki minni líkur á að þér fallist hendur. *w19.11* 29 gr. 13–14

## Laugardagur 24. júlí

*Þeir sem þekkja nafn þitt treysta þér því að þú, Jehóva, bregst ekki þeim sem til þín leita.*

– Sálm. 9:11.

Kannski finnst okkur við þekkja Jehóva ef við vitum hvað hann heitir eða könnumst við eitthvað af því sem hann hefur sagt eða gert. En að þekkja Jehóva vel felur meira í sér. Við verðum að gefa okkur tíma til að læra um Jehóva og dásamlega eiginleika hans. Aðeins þá getum við farið að skilja hvað liggur að baki því sem hann segir og gerir. Það getur hjálpað okkur að skilja hvort skoðanir okkar, ákvarðanir og verk séu honum að skapi. Þegar við höfum áttað okkur á því hver vilji Jehóva er með okkur þurfum við að breyta í samræmi við það sem við höfum lært. Sumir gera kannski grín að okkur fyrir að vilja þjóna Jehóva og þeir verða jafnvel enn meira á móti okkur þegar við förum að sækja samkomur. En ef við treystum á Jehóva bregst hann okkur aldrei. Þá leggjum við grunn að vináttu við Guð sem endist alla ævi. Er hægt að kynna Jehóva það vel? Já, það er hægt. *w19.12 16–17 gr. 3–4*

## Sunnudagur 25. júlí

*„Synir eru gjöf frá Drottni.“*

– Sálm. 127:3.

Foreldrum getur stundum fundist yfirþyrmandi að kenna börnum sínum, en börnin eru gjöf frá Jehóva. Hann er alltaf reiðubúinn að veita hjálp. Hann hlustar fúslega á bænir foreldra. Og hann notar Biblíuna, ritin okkar og fordæmi og ráð reyndra foreldra í söfnuðinum til að svara þessum bænum. Sagt hefur verið að það sé 20 ára verkefni að

ala upp barn en í raun hætta foreldrar aldrei að vera foreldrar. Kærleikur, tími og biblíufræðsla er með því besta sem þeir geta gefið börnum sínum. Börn bregðast ekki öll eins við kennslunni. En mörgum þeirra sem hafa alist upp af foreldrum sem elska Jehóva er eins innanbrjóst og Joönnu Mae, systur í Asíu: „Ég er svo þakklát fyrir að foreldrar mínir veittu mér aga og kenndu mér að elska Jehóva. Þeir gáfu mér ekki bara líf heldur líf sem hefur tilgang.“ (Orðskv. 23:24, 25) Sömu sögu er að segja af milljónum bræðra og systra. *w19.12 27 gr. 21–22*

## Mánudagur 26. júlí

*„Við getum huggað aðra í hvers kyns prófraunum með þeirri huggun sem við fáum frá Guði.“*

– 2. Kor. 1:4.

Það er enginn vandi að finna bræður og systur sem þarfnast hughreystingar. Við þurfum að leita leiða til að aðstoða aðra þó að það geti reynt á. Okkur gæti til dæmis fundist erfitt að vita hvað við eigum að segja eða gera fyrir þá sem hafa orðið fyrir áfalli. En við getum hughreyst þá með því að sýna að okkur sé annt um þá. Endalok þessa heimskerfis eru nærri og því er viðbúið að ástandið versni og lífið verði erfiðara. (2. Tím. 3:13) Auk þess gerum við sjálf ýmis mistök vegna þess að við erum ófullkomin og þess vegna þurfum við á hughreystingu að halda. Páll postuli var trúfastur allt til dauðadags, meðal annars vegna þess að trússtykki hans hughreystu hann. Með því að fylgja fordæmi þeirra getum við líka hjálpað bræðrum okkar og systurum að vera staðföst í trúnni. – 1. Þess. 3:2, 3. *w20.01 12–13 gr. 17–19*

## **Priðjudagur 27. júlí**

*„Þú hefur reynt þá sem segjast vera postular.“ – Opinb. 2:2.*

Sá sem er andasmurður ætlast ekki til að aðrir sýni sér sérstaka virðingu. (Fil. 2:2, 3) Hann veit að þegar Jehóva kallaði hann fengu ekki allir aðrir að vita af því. Það kemur honum því ekki á óvart ef sumir efast í fyrstu um að hann hafi verið smurður heilögum anda. Hann veit að Biblían hvetur okkur til að vera ekki fljót að trúa þeim sem segist hafa fengið sérstaka ábyrgð frá Guði. Sá sem er andasmurður vill ekki draga athygli að sjálfum sér með því að segja þeim sem hann hittir í fyrsta sinn að hann hafi fengið himneska köllun. Og hann myndi auðvitað ekki monta sig af því. (1. Kor. 4:7, 8) Þeir sem eru andasmurðir leita ekki uppi aðra andasmurða í von um að ræða köllun sína við þá eða til að mynda lokaða biblíunámshópa. (Gal. 1:15-17) Það myndi valda sundrung innan safnaðarins og vinna gegn heilögum anda, en hann hjálpar þjónum Guðs að stuðla að friði og einingu. – Róm. 16:17, 18. w20.01 28 gr. 6-7

## **Miðvikudagur 28. júlí**

*„Þegar þetta tekur að gerast skuldu þið rétta úr ykkur og bera höfudið hátt því að björgun ykkar er skammt undan.“ – Lúk. 21:28.*

Vera má að fólki sem tilheyrði trúarbrögðunum sem var eytt verði á einhverjum tímapunkti misboðið vegna þess að vottar Jehóva stunda sína tilbeiðslu áfram. Við getum rétt ímyndað okkur uppnámið sem gæti orðið, ekki síst á samfélagsmiðlum. Þjóðirnar og Satan stjórnandi þeirra munu hata okkur fyrir að vera eina

trúfélagið sem eftir stendur. Þjóðirnar munu ekki hafa náð því markmiði að eyða öllum trúarbrögðum í heiminum. Athygli þeirra beinist því að okkur. Þjóðirnar verða þá komnar í hlutverk sitt sem Góg í Magóg. Þær gera með sér bandalag til að gera grimmilega allsherjarárás á fólk Jehóva. (Esek. 38:2, 14-16) Það getur gert okkur óróleg að hugsa um það sem gæti gerst í þrengingunni miklu þar sem við þekkjum ekki atburðarásina til hlítar. En eitt er víst: Við þurfum ekki að óttast þrenginguna miklu. Jehóva mun gefa okkur lífsnauðsynleg fyrirmæli. – Sálm. 34:20. w19.10 16-17 gr. 10-11

## **Fimmtudagur 29. júlí**

*„Drottinn, Guð minn, mörg eru máttarverk þín og áform þín oss til handa.“ – Sálm. 40:6.*

Við gerum meira en að finna til þakklætis. Við tjáum þakklæti okkar til Jehóva í orðum okkar og verkum. Það gerir okkur ólík mörgum nú á dögum. Fæstir eru þakklátir fyrir það sem Guð gerir fyrir þá. Eitt merki þess að við lifum á „síðustu dögum“ er að fólk er vanþakklátt. (2. Tím. 3:1, 2) Við viljum aldrei verða þannig. Jehóva vill að öllum börnum sínum komi vel saman. Kærlekurinn sem við berum hvert til annars sýnir að við erum sannkristin. (Jóh. 13:35) Við erum sammála sálmaritaranum sem skrifaði: „Sjá, hversu fagurt og yndislegt það er þegar bræður búa saman.“ (Sálm. 133:1) Við sýnum Jehóva að við elskum hann með því að elska bræður okkar og systur. (1. Jóh. 4:20) Það er yndislegt að tilheyra fjölskyldu trússystema sem eru „góð hvert við annað“ og „samúðarfull“. – Ef. 4:32. w20.02 9 gr. 6-7

## Föstudagur 30. júlí

*„Drottinn var Hönnu náðugur.“*

– 1. Sam. 2:21.

Ástæðan fyrir áhyggjum Hönnu hvarf ekki strax. Hún þurfti eftir sem áður að búa undir sama þaki og Peninna. Og í Biblíunni kemur hvergi fram að framkoma Peninnu breyttist. Hanna hefur því líklega þurft að þola særandi tal hennar áfram. En hún gat endurheimt innri frið og varðveitt hann. Eftir að Hanna hafði lagt málin í hendur Jehóva var hún ekki lengur buguð af áhyggjum. Hún leyfði honum að hughreysta sig og sefa áhyggjur sínar. Nokkru síðar blessaði Jehóva hana og hún eignaðist börn. (1. Sam. 1:2, 6, 7, 17–20) Við getum endurheimt innri frið þótt vandamál okkar hverfi ekki. Sum vandamál hverfa ekki þótt við biðjum ákaft og mætum á samkomur að staðaldri. En við lærum af fordæmi Hönnu að ekkert getur komið í veg fyrir að Jehóva sefi hjarta okkar. Jehóva gleymir okkur aldrei og fyrr eða síðar umbunar hann okkur trúfestina. – Hebr. 11:6. *w20.02* 22 gr. 9–10

## Laugardagur 31. júlí

*„Gefðu hinum vitra, þá verður hann að vitrari.“* – Orðskv. 9:9.

Öldungar hika ekki við að ræða meginreglur Biblíunnar sem geta hjálpað öðrum að breyta skynsamlega. Hvers vegna er svona mikilvægt að hafa hugrekki til að tala þegar það er nauðsynlegt? Skoðum dæmi. Elí ædstiprestur átti tvo syni sem hann elskaði heitt. En þeir báru enga virðingu fyrir Jehóva. Þeir gegndu mikilvægri ábyrgðarstöðu sem prestar og þjónuðu við tjaldbúðina. En þeir misbeittu valdi sínu, lítilsvirtu fórnirnar sem voru færðar Jehóva og gerðust blygðunarlaust sekir um kynferðislegt sið-

leysi. (1. Sam. 2:12–17, 22) Samkvæmt Móselögmálinu átti að taka syni Elí af lífi en hann var undanlátssamur og ávitti þá aðeins mildilega og leyfði þeim að halda áfram að þjóna við tjaldbúðina. (5. Mós. 21:18–21) Hvað fannst Jehóva um það hvernig Elí tók á málum? Hann sagði við hann: „Hvers vegna metur þú syni þína meira en mig?“ Síðan ákvað hann að taka þessa illu menn af lífi. – 1. Sam. 2:29, 34. *w20.03* 19 gr. 4–5

## Sunnudagur 1. ágúst

*„Sá sem sendi mig er með mér. Hann hefur ekki skilið mig eftir einan.“* – Jóh. 8:29.

Jesús vissi að faðir hans hafði velpóknun á honum. Þess vegna gat hann varðveitt innri frið þó að hann væri ofsóttur. Hann var alltaf hlýðinn þótt það hafi stundum verið erfitt. Hann elskaði föður sinn og allt líf hans snerist um að þjóna honum. Áður en hann kom til jarðar var hann „með í ráðum við hlið honum“. (Orðskv. 8:30) Og þegar hann var maður á jörð gerði hann sitt ýtrasta til að fræða fólk um föður sinn. (Matt. 6:9; Jóh. 5:17) Þetta starf veitti honum mikla gleði. (Jóh. 4:34–36) Við getum líkt eftir Jesú með því að hlýða Jehóva og vera „alltaf önnum kafin í verki Drottins“. (1. Kor. 15:58) Við eigum auðveldara með að sjá vandamál okkar í réttu ljósi ef við erum önnum kafin við boðunina. (Post. 18:5) Þeir sem við hittum í boðuninni eiga til dæmis oft við stærri vandamál að glíma en við. En þegar þeir fara að elska Jehóva og fylgja leiðbeiningum hans breytist líf þeirra til hins betra og þeir verða hamingjusamari. Í hvert sinn sem við verðum vitni að því verðum við enn sannfærðari um að Jehóva sjái um okkur. *w19.04* 10–11 gr. 8–9

## Mánudagur 2. ágúst

*„Þó nokkrir sem höfðu stundað galdra söfnuðu saman bókum sínum og brenndu þær að öllum ásjáandi.“ – Post. 19:19.*

Þeir gerðu allt sem þeir gátu til að standa gegn illum öndum. Bækurnar voru dýrar. En þeir eyðilögðu þær í stað þess að gefa þær eða selja. Þeir hugsuðu ekki um hvers virði bækurnar voru því að þeim var meira í mun að þóknast Jehóva. Hvernig getum við fylgt fordæmi þessara kristnu manna á fyrstu öld? Það er skynsamlegt að losa sig við allt sem við eigum sem tengist dulspeki. Það eru meðal annars verndargripir, þófragripir og annað sem fólk á eða ber á sér til að vernda sig fyrir illum öndum. (1. Kor. 10:21) Gættu vel að hvaða afþreyingu þú stundar. Spyrðu þig: „Inniheldur eitthvað af afþreyingarefni mínu spíritisma?“ Þú skalt vera ákveðinn í að velja það sem hjálpar þér að forðast allt sem Jehóva hatar. Við viljum öll hafa „hreina samvisku“ frammi fyrir Guði okkar. – Post. 24:16. *w19.04* 22–23 gr. 10–12

## Þriðjudagur 3. ágúst

*„Þá kalli hann til sín öldunga safnarins.“ – Jak. 5:14.*

Þegar öldungarnir komast að því að einhver hefur gerst sekur um alvarlega synd þurfa þeir því að huga vandlega að mörgu. Þeim er fyrst og fremst umhugað um að heiðra Jehóva og verja nafn hans. (3. Mós. 22:31, 32; Matt. 6:9) Þeim er einnig mjög umhugað um samband bræðra og systra við Jehóva og vilja hjálpa hverjum þeim sem hefur orðið fyrir bardinu á illskuverkum. Ef hinn brotlegi tilheyrir söfnuðinum er öldungunum auk þess umhugað um að hjálpa honum að endurheimta samband sitt við Jehóva ef það er hægt. (Jak. 5:14, 15)

Vottur sem lætur undan röngum löngunum og drýgir alvarlega synd er veikur í trúnni. Það þýðir að hann á ekki lengur gott samband við Jehóva. Hægt er að líkja öldungunum við lækna. Þeir leitast við að „gera hinn sjúka [í þessu tilfelli hinn brotlega] heilan“. Þeir gefa honum ráð frá Biblíunni til að hjálpa honum að endurheimta samband sitt við Guð. En það er aðeins hægt ef hann iðrast í einlægni. – Post. 3:19, 20; 2. Kor. 2:5–10. *w19.05* 10 gr. 10–11

## Miðvikudagur 4. ágúst

*Guð styrkir ykkur og gefur ykkur bæði löngun og kraft til að gera það sem gleður hann. – Fil. 2:13.*

Jehóva getur gefið okkur löngun til að framkvæma. Kannski komumst við að því að það vantar einhverja hjálp í söfnuðinum eða fyrir utan svæði safnaðarins. Það gæti fengið okkur til að velta fyrir okkur hvernig við gætum orðið að liði. Eða við höfum verið beðin um að taka að okkur krefjandi verkefni sem við erum ekki viss um að við ráðum við. Eða þá að við hugsum eftir að hafa lesið í Biblíunni: „Hvernig get ég notað þessi vers til að hjálpa öðrum?“ Þegar Jehóva sér að við erum að ihuga hvað við getum gert getur hann gefið okkur viljann til að láta verða af því. Jehóva getur einnig gefið okkur kraft til að framkvæma. (Jes. 40:29) Hann getur með heilögum anda sínum styrkt þá hæfileika sem við höfum nú þegar. (2. Mós. 35:30–35) Jehóva getur notað söfnuð sinn til að kenna okkur að vinna ákveðin verkefni. Biddu um aðstoð ef þú ert einhvern tíma í vafa um hvernig þú getir sinnt verkefni þínu. Og þú getur alltaf beðið örlátan föður okkar á himnum um „kraftinn sem er ofar manlegum mætti“. – 2. Kor. 4:7; Lúk. 11:13. *w19.10* 21 gr. 3–4



## Fimmtudagur 5. ágúst

„Menn verða eigingjarnir.“

- 2. Tím. 3:2.

Heimurinn hvetur til sjálfselsku. Í heimildarriti segir að á áttunda ára-tug síðustu aldar hafi „útgáfa sjálfs-hjálparbóka margfaldast“. Í sumum bókum eru lesendur „hvatir til að þekkja sjálfa sig og vera fullkomlega ánægðir með það hvernig þeir séu“. Lítum til dæmis á það sem segir í einni af þessum bókum: „Elskaðu sjálfan þig - fallegustu, mest spennandi og hrífandi manneskju sem til er.“ Bókin mælir með að „hver og einn ákveði sjálfur hvernig hann hegði sér í samræmi við eigin samvisku og þau gildi samfélagsins sem henta honum“. Hljómar þetta kunnuglega? Satan hvatti Evu til að gera eitthvað í þessa áttina. Hann sagði að hún gæti „orðið eins og Guð og skynjað gott og illt“. (1. Mós. 3:5) Margir líta svo stórt á sjálfa sig nú á tímum að þeim finnst enginn - ekki einu sinni Guð - geta sagt þeim hvað sé rétt og rangt. Þetta sjónarmið er sérstaklega áberandi þegar litið er á afstöðu fólks til hjónabands. *w19.05* 23 gr. 10-11

## Föstudagur 6. ágúst

„Ég er beygður og mjög bugaður, eigna um harmandi daginn langan.“ - Sálm. 38:7.

Stundum var Davíð konungur að kikna undan álagi. Hugsaðu þér erfíðleikana sem hann þurfti að þola. Hann var með mikla sektarkennd vegna þeirra mörgu mistaka sem honum urðu á. (Sálm. 40:13) Absalon, elskaður sonur Davíðs, gerði uppreisn gegn föður sínum og það varð honum að falli. (2. Sam. 15:13, 14; 19:1) Og einn af nánustu vinum Davíðs sveik hann. (2. Sam. 16:23-17:2; Sálm. 55:13-15) Margir

sálma Davíðs lýsa bæði depurð hans og óhagganlegu trausti á Jehóva. (Sálm. 38:6-11; 94:17-19) Seinna fór annar sálmaritari að öfunda hina guðlausu. Hann gæti hafa verið afkomandi Asafs sem var Levíti og hann þjónaði við „helgidóma Guðs“. Þessi sálmaritari var undir tilfinningaálagi sem varð til þess að hann varð ósáttur og óhamingjusamur. Hann dró jafnvel í efa blessunina sem hlýst af því að þjóna Guði. - Sálm. 73:2-5, 7, 12-14, 16, 17, 21. *w19.06* 17 gr. 12-13

## Laugardagur 7. ágúst

Við vitum hvaða brögðum Satan beitir. - 2. Kor. 2:11.

Satan höfðar til eðlilegra langana. Okkur langar eðlilega til að mennta okkur í einhverju sem getur auðveldað okkur að sjá fyrir sjálfum okkur og fjölskyldu okkar. (1. Tím. 5:8) Námfúsir nemendur geta lært margt gagnlegt í skóla. En við þurfum að sýna varúð. Menntakerfi margra landa leggur ekki aðeins áherslu á að nemendur afli sér verkunnáttu og færni heldur ýtir einnig að þeim hugmyndafræði heimsins. Nemendur eru hvattir til að véfengja að Guð sé til og því er haldið fram að lítið mark sé takandi á Bibliunni. Þeim er sagt að þróunarkenningin sé eina vitlega skýringin á uppruna lífsins. (Róm. 1:21-23) Hugmyndir af þessu tagi stríða gegn ‚visku Guðs‘. (1. Kor. 1:19-21; 3:18-20) Vertu ákveðinn í að láta aldrei ‚fjötra þig með heimspeki og innantómum blekkingum‘ þessa heims. (Kól. 2:8) Vertu alltaf á verði gegn kænsubrögðum Satans. (1. Kor. 3:18) Misstu aldrei sjónar á því hver Jehóva er. Lifðu í samræmi við háleitar siðferðisreglur hans. Og láttu Satan ekki plata þig til að hunsa leiðbeiningar Jehóva. *w19.06* 5 gr. 13; 7 gr. 17

## Sunnudagur 8. ágúst

*„Kennið því að halda öll fyrirmæli mín.“ – Matt. 28:20.*

Hvert sem málefnið er skaltu hugsa um fólkið sem þú ætlar að tala við. Veltu fyrir þér hvaða gagn það hefur af því að læra það sem Biblían kennir. Þegar þú síðan talar við húsráðanda er mikilvægt að þú hlustir á hann og virðir skoðun hans. Þannig geturðu skilið hann betur og þá er líklegra að hann vilji hlusta á þig. Þú gætir þurft að nota talsverðan tíma og krafta í að fara í endurheimsóknir áður en húsráðandi ákveður að kynna sér Biblíuna. Af hverju? Af því að fólk er kannski ekki heima eða er upptekið næst þegar við komum. Það gæti líka þurft að heimsækja húsráðanda nokkrum sinnum áður en hann er tilbúinn til að þiggja biblíunámskeið. Mundu að blóm vex líklega betur ef það er vökvað reglulega. Að sama skapi er líklegra að áhugasöm manneskja læri að elska Jehóva og Jesú ef við komum reglulega til að ræða um orð Guðs. *ω19.07* 14 gr. 1; 15–16 gr. 7–8

## Mánudagur 9. ágúst

*„Þið eruð hamingjusöm þegar menn hata ykkur og þegar þeir útskýfa ykkur og smána og sverta nafn ykkar vegna Mannssonarins.“ – Lúk. 6:22.*

Hvað átti Jesús við? Hann átti ekki við að kristnum mönnum myndi líka vel við að vera hataðir. Hann var bara raunsær. Við erum ekki hluti af heiminum. Við lifum í samræmi við það sem Jesús kenndi og boðum sama boðskap og hann. Þess vegna hatar heimurinn okkur. (Jóh. 15:18–21) Við viljum þóknast Jehóva. Og við látum það ekki draga úr okkur kjarkinn þegar menn hata okk-

ur vegna þess að við elskum föður okkar. Við megum ekki halda að við séum einskis verð ef fólk líkar ekki við okkur. Við vitum ekki hvenær ofsóknaralda skellur á eða yfirvöld banna stafsemi okkar. En við vitum að við getum undirbúið okkur núna með því að styrkja vináttuna við Jehóva, efla kjarkinn og læra að standa hatur frá mönnum. Það sem við gerum núna til að undirbúa okkur á eftir að hjálpa okkur að vera staðföst. *ω19.07* 6 gr. 17–18; 7 gr. 21

## Þriðjudagur 10. ágúst

*„Sá sem gengur fram fyrir Guð verður að trúá að hann sé til.“ – Hebr. 11:6.*

Þegar við kennum biblíunemendum sem ólust upp við þá trú að Guð sé ekki til þurfum við jafnt og þétt að byggja upp trú þeirra á tilvist Guðs. Við þurfum líka að hjálpa þeim að styrkja trú sína á Biblíuna. Sumt getur verið nauðsynlegt að endurtaka margsinnis. Við getum þurft að benda á rök fyrir því í hverri námsstund að Biblían sé orð Guðs með því að tala um spádóma Biblíunnar sem hafa ræst, um vísindalega og sögulega nákvæmni hennar eða gagnýtt ráð hennar. Við hjálpum fólki að verða lærisveinar Krists með því að sýna því kærleika, hvort sem um er að ræða trúað fólk eða ekki. (1. Kor. 13:1) Þegar við kennum er markmiðið að sýna fram á að Guð elskar okkur og vill að við elskum hann. Á hverju ári skirist fólk í þúsundtali sem hefur lært að elska Guð en hafði áður lítinn eða engan trúarlegan áhuga. Vertu því jákvæður og sýndu öllum einlægum áhuga. Hlustaðu á fólk. Reyndu að skilja það. Kenndu því með fordæmi þínu að verða lærisveinar Krists. *ω19.07* 24 gr. 16–17

## Miðvikudagur 11. ágúst

*„Gleymið ekki að gera gott og gefa öðrum af því sem þið eigðið því að Guð er ánægður með slíkar fórnir.“ – Hebr. 13:16.*

Dætur Sallúms voru meðal þeirra sem Jehóva notaði til að endurreisa borgarmúra Jerúsalem. (Neh. 2:20; 3:12) Þó að Sallúm væri höfðingi voru dætur hans fúsar til að vinna þetta erfiða og hættulega verk. (Neh. 4:9–12) Nú á dögum eru systur fúsar til að taka þátt í sérstökum verkefnum í þjónustu Jehóva við byggingu og viðhald á húsum sem eru vígð honum. Við þurfum á færni þeirra, eldmóði og trúfesti að halda í þessu starfi. Jehóva vakti hjá Tabípu löngun til að vera „góðgerðasöm og örlát við fátæka“, sérstaklega ekkjur. (Post. 9:36) Margir syrgðu þegar hún lést vegna þess hve örlát og góðviljuð hún var. En þeir voru himinlifandi þegar Pétur postuli reisti hana upp. (Post. 9:39–41) Hvað lærum við af Tabípu? Við getum öll veitt bræðrum okkar og systur hagnýta aðstoð, hvort sem við erum ung eða gömul, karlar eða konur. *w19.10* 23 gr. 11–12

## Fimmtudagur 12. ágúst

*„Metið hvað sé mikilvægt. Þá verðið þið hrein allt til dags Krists og verðið ekki öðrum til hrösunar.“ – Fil. 1:10.*

Hvernig gætum við orðið einhverjum til hrösunar? Hugsum okkur eftirfarandi aðstæður. Biblíunemandi hefur loksins náð tökum á áfengisfíkn sinni. Hann gerir sér grein fyrir að hann þarf að halda sig alfarið frá áfengi. Hann tekur góðum framförum og lætur skírast. Síðar fer hann í veislu með bræðrum og systur. Gestgjafinn, sem er vel-

viljaður bróðir, býður honum áfengian drykk og segir: „Ef þú sýnir sjálfstjórn ættirðu að geta drukkið áfengi í hófi.“ Við getum rétt ímyndað okkur hverjar afleiðingarnar yrðu ef nýskírði bróðirinn færi eftir þessum slæmu ráðum. Safnaðarsamkomur hjálpa okkur á ýmsa vegu að fara eftir leiðbeiningunum í versni dagsins. Þær minna okkur á það sem Jehóva telur mikilvægt og okkur er kennt að fara eftir því sem við lærum svo að við getum verið hrein. Við fáum líka hvatningu til að að elska Guð og trússystem okkar. Þegar við elskum Guð og trússystem okkar af öllu hjarta gerum við okkar besta til að verða ekki öðrum til hrösunar. *w19.08* 10 gr. 9; 11 gr. 13–14

## Föstudagur 13. ágúst

*„Ég er sístur postulanna og er ekki þess verður að kallast postuli vegna þess að ég ofsótti söfnuð Guðs.“ – 1. Kor. 15:9.*

Þeir sem eru sjálfsörggjar og opin-skáir eru ekki endilega stoltir. (Jóh. 1:46, 47) Hvort sem við erum sjálfsörgg eða ekki verðum við öll að leggja okkur fram um að vera auðmjúk. Tökum Pál postula sem dæmi. Jehóva fól honum mikla ábyrgð og notaði hann til að mynda söfnuði í hverri borg á fætur annarri. Hann áorkaði ef til vill meiru í þjónustu Guðs en nokkur annar postuli Jesú Krists. En Páli fannst hann ekki yfir aðra hafinn. Hann viðurkenndi réttlæga að staða sín í þjónustu Jehóva væri einstakri góðvild Jehóva að þakka en ekki eigin getu og verkum. (1. Kor. 15:10) Páll setur okkur gott fordæmi um auðmjúkt í bréfi sínu til Korintumanna, sérstaklega í ljósi þess að sumir í söfnuðinum þóttust vera yfir hann hafnir. – 2. Kor. 10:10. *w19.09* 3 gr. 5–6

## Laugardagur 14. ágúst

*„Ættum við þá ekki enn frekar að vera undirgefni andlegum föður okkar?“ – Hebr. 12:9.*

Ein ástæða þess að okkur getur fundist erfitt að vera Jehóva undirgefni er að við fengum öll syndina í arf og erum ófullkomin. Við höfum því öll tilhneigingu til að óhlýðnast. Þegar Adam og Eva gerðu uppreisn gegn Guði með því að borða af ávextinum settu þau sér sinn eigin mælikvarða á rétt og rangt. (1. Mós. 3:22) Nú á dögum kjósa flestir enn að hunsa Jehóva og ákveða sjálfir hvað sé rétt og hvað rangt. Jafnvel þeir sem þekkja og elska Jehóva geta átt erfitt með að hlýða honum í einu og öllu. Páll postuli þekkti það af eigin reynslu. (Róm. 7:21–23) Við viljum gera það sem er rétt í augum Jehóva, rétt eins og Páll. En við verðum stöðugt að berjast gegn löngun okkar til að gera það sem er rangt. Önnur ástæða fyrir að það getur verið erfitt að lúta Jehóva er að menningin þar sem við ólumst upp hefur áhrif á okkur. Margar hugmyndir manna stangast á við vilja Jehóva. Við verðum því stöðugt að leggja okkur fram um að hugsa ekki eins. *19.09 15 gr. 4–6*

## Sunnudagur 15. ágúst

*Farðu og seldu eigur þínar og gefðu fátækum. Komdu síðan og fylgdu mér. – Mark. 10:21.*

Við verðum að vera raunsæ. Ekkert okkar býr yfir takmarkalausri orku. Við verðum því að vera skynsöm þegar við ákveðum hvað við tökum okkur fyrir hendur. Við gætum til dæmis sóað kröftum í að reyna að sankna að okkur efnislegum hlutum. Tökum eftir hvað Jesús sagði við auðugan ungmann sem spurði: „Hvað þarf ég að gera til að hljóta eilíft líf?“ Hann hlýtur að hafa verið góður maður vegna

þess að Markús guðspjallaritari tók sérstaklega fram að Jesús „horfði á hann með ástúð“. Jesús bauð mannum að gera það sem kemur fram í versni dagsins. Maðurinn var tvístífgandi, en svo virðist sem hann hafi ekki getað sagt skilið við miklar eigur sínar. (Mark. 10:17–25) Fyrir vikið hafnaði hann okinu sem Jesús bauð honum og hélt áfram að „þjóna auðnum“. (Matt. 6:24) Hvað hefðir þú gert? Það er gott að endurskoða af og til hvernig við forgangsroðum. Þannig getum við gengið úr skugga um að við notum krafta okkar skynsamlega. *19.09 24 gr. 17–18*

## Mánudagur 16. ágúst

*Fyrst þarf að boða öllum þjóðum fagnaðarboðskapinn. – Mark. 13:10.*

Við hættem ekki að boða Guðsríki fyrir en Jehóva segir að starfinu sé lokið. Hversu mikinn tíma hefur fólk eftir til að kynna Jehóva Guði og Jesú Kristi? (Jóh. 17:3) Það vitum við ekki. En við vitum að fram að þrengingunni miklu geta allir sem hafa rétt hugarfar tekið við fagnaðarboðskapnum. (Post. 13:48) Hvernig getum við hjálpað þessu fólki áður en það verður um seinan? Fyrir milli-göngu safnaðarins sér Jehóva okkur fyrir öllu því sem við þurfum til að kenna fólki sannleikann. Við fáum til dæmis þjálfun í hverri viku á samkomunni í miðri viku. Á samkomunni lærum við hvað við getum sagt þegar við hittum fólk í fyrsta sinn og næstu skipti eftir það. Ef við skiljum eftir smárit eða tölublað hjá einhverjum sem við höfum átt skemmtilegt samtali við getur hann lesið sjálfur þangað til við höfum tækifæri til að hitta hann aftur. Það er ábyrgð okkar allra að vera önnur kafin við boðun Guðsríkis í hverjum mánuði. *19.10 9 gr. 7; 10 gr. 9–10*

## **Þriðjudagur 17. ágúst**

*„Gleymið ekki að gera gott og gefa öðrum af því sem þið eigið því að Guð er ánægður með slíkar fórnir.“ – Hebr. 13:16.*

Jehóva lofaði Símeon, sem var trúfastur eldri maður í Jerúsalem, að hann myndi ekki deyja áður en hann sæi Messías. Það hlýtur að hafa verið mjög uppörvandi fyrir Símeon að fá þetta loforð vegna þess að hann hafði beðið eftir Messíasi í mörg ár. Honum var umbunað fyrir trú sína og þolgæði. Einn daginn kom hann inn í helgidóminn „að leiðsögn andans“ og sá ungbarnið Jesú. Jehóva lét hann bera fram spádóm um þetta barn sem átti eftir að verða Kristur. (Lúk. 2:25–35) Þó að Símeon hafi líklega ekki lifað nógu lengi til að fylgjast með þjónustu Jesú hér á jörð var hann þakklátur fyrir það verkefni sem hann fékk. Og hann á eftir að upplifa margt gott í framtíðinni. Í nýja heiminum á þessi trúfasti maður eftir að sjá hvernig stjórn Jesú verður öllum þjóðum á jörðinni til blessunar. (1. Mós. 22:18) Við megum einnig vera þakklát fyrir þau verkefni sem Jehóva felur okkur í þjónustu sinni. *w19.10 22 gr. 7; 23 gr. 12*

## **Miðvikudagur 18. ágúst**

*„Varðveit hjarta þitt frammar öllu öðru því að þar eru uppsprettur lífsins.“ – Orðskv. 4:23.*

Við þurfum að vernda hjartað hvort sem við erum efnuð eða höfum úr litlu að spila. Hvernig getum við gert það? Með því að varast að rækta með okkur ást á peningum og gæta þess að veraldleg vinna gangi ekki fyrir þjónustunni við Jehóva. Hvernig geturðu verið á varðbergi? Þú getur spurt þig spurninga eins og: Hugsa ég oft um vinnuna þegar ég er á samkomu eða í boð-

uninni? Hef ég stöðugar áhyggjur af fjárhagslegu öryggi mínu í framtíðinni? Valda peningar og efnislegar eigur erfiðleikum í hjónabandinu? Væri ég fús til að sinna starfi sem aðrir líta niður á ef það gerði mér fært að verja meiri tíma í þjónustunni við Jehóva? (1. Tím. 6:9–12) Þegar við veltum þessum spurningum fyrir okkur skulum við muna að Jehóva er annt um okkur og gefur þeim sem sýna honum hollustu þetta loforð: „Ég mun aldrei snúa baki við ykkur og aldrei yfirgefa ykkur.“ Þess vegna skrifaði Páll postuli: „Látið ekki ást á peningum stjórna lífi ykkar.“ – Hebr. 13:5, 6. *w19.10 29 gr. 10*

## **Fimmtudagur 19. ágúst**

*„Járn brýnir járn og maður brýnir mann.“ – Orðskv. 27:17.*

Þegar við vinnum með trússystemum okkar og tökum eftir góðum eiginleikum þeirra lærum við af þeim og verðum nánari þeim. Hvernig lifur þér til dæmis þegar þú ert í boðuninni og hlustar á trússystemi verja trú sína af hugrekki eða tala af innlegri sannfæringu um Jehóva og vilja hans? Þér fer líklega að þykja enn vænna um trússystemi þitt. Adeline, sem er 23 ára, bað Candice vinkonu sína að boða trúna með sér á svæði sem er sjaldan farið yfir. „Við vildum verða kappsamari í boðuninni og hafa meiri ánægju af henni,“ segir hún. „Við þurftum báðar á hvatningu að halda.“ Hvaða gagn höfðu þær af því að boða trúna saman? „Í lok hvers dags,“ segir Adeline, „ræddum við hvernig okkur leið, hvað snerti okkur við samtölin sem við áttum við fólk og hvernig við fundum fyrir handleiðslu Jehóva í boðuninni. Við höfðum báðar ánægju af þessum samræðum okkar og kynntumst enn betur.“ *w19.11 5 gr. 10–11*

## Föstudagur 20. ágúst

*Takið hinn stóra skjöld trúarinnar.*

– Ef. 6:16.

Fyrir hermenn til forna var það til vansæmdar að snúa heim án skjaldarins. „Að skilja við skjöld sinn er til háborinnar skammar,“ skrifaði rómverski sagnfræðingurinn Tacitus. Það er ein ástæðan fyrir því að hermenn gættu þess að hafa fast tak á skildinum. Við höldum föstu taki á trúarskildi okkar með því að sækja samkomur að staðaldri og segja öðrum frá Jehóva og ríki hans. (Hebr. 10:23–25) Við þurfum líka að lesa daglega í orði Guðs og biðja hann að hjálpa okkur að heimfæra það sem við lesum upp á líf okkar. (2. Tím. 3:16, 17) Þá mun ekkert vopn sem Satan notar gegn okkur valda okkur varanlegum skaða. (Jes. 54:17) „Hinn stóri skjöldur trúarinnar“ verndar okkur. Við munum geta þjónað Jehóva staðfastlega ásamt bræðrum okkar og systurum. Og við munum ekki aðeins sigra í baráttunni sem við eigum í daglega – við fáum að hljóta þann heiður að vera með Jesú í liði þegar hann vinnur stríðið við Satan og fylgjendur hans. – Opinb. 17:14; 20:10. *w19.11* 19 gr. 18–19

## Laugardagur 21. ágúst

*„Ég beini höggum mínum þannig að ég slái ekki vindhögg.“*

– 1. Kor. 9:26.

Að skrifa niður skýra áætlun getur auðveldað þér að koma ákvörðun þinni í verk. (1. Kor. 14:40) Til dæmis fá öldungaráð leiðbeiningar um að skipa einn öldung til að skrá niður ákvarðanir öldungaráðsins, þar á meðal hverjir eigi að sjá um verkefni og áætlaða dagsetningu sem þeim ætti að vera lokið. Ef öldungar fylgja þessum leiðbeiningum er líklegra að þeim takist að klára það sem þeir ákveða að gera. Þú gætir próf-

að að gera eitthvað svipað með þínar áætlanir. Þú gætir til dæmis búið til verkefnalista fyrir dagleg verkefni og raðað þeim niður eftir því í hvaða röð þú ætlar að vinna þau. Það getur bæði hjálpað þér að klára það sem þú byrjar á og að koma meiru í verk á skemmri tíma. En þú verður að leggja þig fram. Það kostar vinnu að fylgja áætlun og klára það sem maður byrjar á. (Róm. 12:11) Páll postuli sagði Tímóteusi að „leggja sig fram“ og „halda ótrauður áfram“ að taka framförum sem kennari. Þetta ráð á eins vel við önnur andleg markmið. – 1. Tím. 4:13, 16. *w19.11* 29–30 gr. 15–16

## Sunnudagur 22. ágúst

*„Drottinn talaði við Móse augliti til auglitis, eins og maður talar við mann.“* – 2. Mós. 33:11.

Þegar Móse var beðinn um að leiða Ísraelsþjóðina úr þrælkun skorti hann sjálfstraust og sagði Jehóva aftur og aftur að honum fyndist hann óhæfur. Guð brást við með því að sýna Móse samúð og veita honum hjálp. (2. Mós. 4:10–16) Það gerði Móse kleift að flytja Faraó kröftugan dómsboðskap. Hann sá síðan hvernig Jehóva notaði kraft sinn til að bjarga Ísraelsþjóðinni en tortíma faraó og herliði hans í Rauðahafinu. (2. Mós. 14:26–31; Sál. 136:15) Eftir að Móse leiddi Ísraelsþjóðina út úr Egyptalandi fann hún stöðugt eitthvað til að kvarta yfir. Þrátt fyrir það sá Móse hve mikla þolinmæði Jehóva hafði í samskiptum við þjóðina sem hann frelsaði úr ánaud. (Sál. 78:40–43) Hann sá líka hvernig Jehóva sýndi ótrúlegt lítillæti þegar hann skipti um skoðun eftir að Móse bað hann um það. (2. Mós. 32:9–14) Eftir brottförina úr Egyptalandi varð samband Móse við Jehóva svo náið að það var eins og hann sæi himneskan föður sinn. – Hebr. 11:27. *w19.12* 17 gr. 7–9

## Mánudagur 23. ágúst

*„Hann fer á undan ykkur til Galíleu og þar fáið þið að sjá hann.“*

– Matt. 28:7.

Flestir lærisveinar Jesú voru Galíleumenn. Fjall í Galíleu var því mun eðlilegri staður en heimili í Jerúsalem til að kalla saman mikinn fjölda fólks. Auk þess hafði Jesús þegar hitt postulana 11 á heimili í Jerúsalem eftir að hann reis upp. Ef Jesús hefði aðeins ætlað postulunum að boða trúna og gera fólk að lærisveinum hefði hann getað kallað þá saman í Jerúsalem í stað þess að segja þeim, konunum og öðrum að hitta sig í Galíleu. (Lúk. 24:33, 36) Fyrimæli Jesú um að gera fólk að lærisveinum náðu ekki aðeins til kristinna manna á fyrstu öld. Hvaða rök eru fyrir því? Þegar Jesús gaf fylgjendum sínum fyrimælin lauk hann máli sínu með því að segja: „Ég er með ykkur alla daga allt þar til þessi heimsskipan endar.“ (Matt. 28:19, 20) Það er unnið að því af fullum krafti núna að gera fólk að lærisveinum. Hugsaðu þér! Næstum 300.000 manns skírast sem vottar Jehóva á hverju ári og gerast lærisveinar Jesú Krists. *w20.01* 2 gr. 1; 3 gr. 5–6

## Þriðjudagur 24. ágúst

*„Hann minntist okkar þegar við vorum langt niðri.“*

– Sálm. 136:23, NW.

Að vera ungur en greinast með alvarlegan sjúkdóm. Að vera á miðjum aldri en takast ekki að finna vinnu. Að vera aldraður og geta ekki gert eins mikið og áður í þjónustunni við Jehóva. Ef þú ert að ganga í gegnum eitthvað svipað finnst þér kannski að þú komir ekki lengur að gagni. Aðstæður eins og þessar geta rænt mann gleðinni, brotið niður sjálfsmatið og haft neikvæð áhrif á sam-

bandið við aðra. Heimurinn endurspeglar viðhorf Satans til lífsins. Mannslíf hafa alltaf verið litils virði í augum Satans. Hann lofaði Evu blá-kalt að hún gæti notið meira frelsis þó að hann vissi mætavel að dauðarefsing lægi við því að óhlýðnast Guði. Satan hefur alltaf stjórnað þessum heimi. Það kemur því ekki á óvart að leiðtogar þessa heims skuli endurspegla virðingarleysi hans fyrir lífi fólks og líðan. Jehóva vill hins vegar að við vitum að við erum mikils virði og hann styður okkur í aðstæðum sem getu brotið niður sjálfsmat okkar. – Róm. 12:3. *w20.01* 14 gr. 1–4

## Miðvikudagur 25. ágúst

*„Þú mátt ekki starfa sem spámaður í nafni Drottins, þá muntu deyja fyrir hendi vorri.“* – Jer. 11:21.

Jeremía bjó um 40 ár meðal fólks sem var ótrútt, þar á meðal nággranna sinna og hugsanlega einhverra ættingja frá Anatót, heimabæ sínum. (Jer. 12:6) En hann einangraði sig ekki. Þvert á móti tjáði hann Barúk, trúföstum ritara sínum, tilfinningar sínar. Við vitum líka hvernig honum leið því að við getum lesið um það í Biblíunni. (Jer. 8:21, 23; 20:14–18; 45:1) Við getum vel ímyndað okkur að þegar Barúk skrifaði niður viðburðaríka sögu Jeremía hafi þeir bundist nánum böndum sem einkenndust af innilegri væntumþykju og virðingu. (Jer. 20:1, 2; 26:7–11) Jeremía hafði sýnt hugrekki í mörg ár og varað Ísraelsmenn við því sem koma myndi yfir Jerúsalem. (Jer. 25:3) Þegar Jehóva reyndi eina ferðina enn að hvetja fólk til að iðrast bað hann Jeremía að rita viðvörun á bókrollu. (Jer. 36:1–4) Jeremía og Barúk hafa án efa átt trústyrkjandi samræður meðan þeir unnu náið saman að verkefninu sem Guð hafði falið þeim, en það hefur líklega tekið einhverja mánuði. *w19.11* 2–3 gr. 3–4

## **Fimmtudagur 26. ágúst**

*„Hver sem upphefur sjálfan sig verður auðmýktur og hver sem auðmýkir sjálfan sig verður upphafinn.“ – Matt. 23:12.*

Hvernig eigum við að koma fram við andasmurða bræður og systur? Það væri rangt að dást of mikið að einhverjum, jafnvel þó að hann sé andasmurður bróðir Krists. (Matt. 23:8–11) Þegar Biblían talar um öldungana hvetur hún okkur til að „líkja eftir trú þeirra“ en hún segir ekki að við megum gera manneskju að leiðtoga okkar. (Hebr. 13:7) Biblían segir vissulega að sumir eigi að „vera í tvöföldum metum“. En það er vegna þess að þeir „veita góða forstöðu“ og „leggja hart að sér við að fræða og kenna“, ekki vegna þess að þeir eru andasmurðir. (1. Tím. 5:17) Andasmurðu fólki gæti fundist óþægilegt ef við hrósum því of mikið eða veitum því of mikla athygli. Og það sem verra er, það gæti orðið stolt. (Róm. 12:3) Ekkert okkar myndi vilja gera eitthvað sem yrði til þess að einum andasmurðra bræðra Krists yrði svo alvarlega á. – Lúk. 17:2. *w20.01* 29 gr. 8

## **Föstudagur 27. ágúst**

*Ofan á allt þetta bætast áhyggjurnar af öllum söfnuðunum.*  
– 2. Kor. 11:28.

Páll postuli hafði margar ástæður til að hafa áhyggjur. Vandamál bræðra og systra hvíldu þungt á honum. (2. Kor. 2:4) Andstæðingar börðu hann og vörpuðu honum í fangelsi. Hann þurfti líka að þola annars konar erfiðleika sem ollu honum áhyggjum, eins og að „búa við þröngan kost“. (Fil. 4:12) Og við getum rétt ímyndað okkur að hann hafi kvíðið fyrir að ferðast

með skipi því að hann hafði á þessum tíma þegar beðið skipbrot þrisvar sinnum. (2. Kor. 11:23–27) Hvernig tókst Páll á við þessar áhyggjur? Páll hafði áhyggjur af því þegar bræður hans og systur áttu við erfiðleika að stríða en hann reyndi ekki að greiða úr öllum vandamálum þeirra sjálfur. Hann var högvær og raunsær. Hann bað aðra um aðstoð við að annast söfnuðinn, áreiðanlega menn eins og Tímóteus og Títus. Aðstoð þeirra hefur án efa dregið úr áhyggjum Páls. – Fil. 2:19, 20; Tít. 1:1, 4, 5. *w20.02* 23 gr. 11–12

## **Laugardagur 28. ágúst**

*„Þið börn, hlýðið foreldrum ykkar.“ – Ef. 6:1.*

Jehóva ætlast til að við hlýðum honum líka. Hann á hlýðni okkar skilda vegna þess að hann gaf okkur lífið og viðheldur því. Og hann er vitrari en nokkur annar faðir. Aðalástæðan fyrir því að við hlýðum Jehóva er þó að við elskum hann. (1. Jóh. 5:3) Jehóva þvingar okkur ekki til að hlýða sér, jafnvel þó að við höfum margar ástæður til að gera það. Hann gaf okkur frjálsan vilja og gleðst þegar við veljum að hlýða honum vegna þess að við elskum hann. Foreldrar vilja tryggja öryggi barna sinna og setja þeim þess vegna hegðunarreglur. Börnin sýna að þau treysta foreldrum sínum og virða þá með því að fara eftir þessum reglum. Það er enn mikilvægara að við þekkjum þær hegðunarreglur sem himneskur faðir okkar setur og förum eftir þeim. Með því sýnum við Jehóva að við elskum hann og virðum og það er okkur sjálfum til góðs. (Jes. 48:17, 18) En þeir sem hafna Jehóva og þeim reglum sem hann setur gera sjálfum sér illt. – Gal. 6:7, 8. *w20.02* 9–10 gr. 8–9



## Sunnudagur 29. ágúst

*„Leyfðu nú ambátt þinni að tala við þig og hlustaðu á orð hennar.“*

– 1. Sam. 25:24.

Við þurfum líkt og Abígail að vera hugrökk og tilbúin að tala ef við sjáum einhvern fara inn á ranga braut. (Sálm. 141:5) Við verðum að sýna virðingu en um leið tala tæpitungulaust. Þegar við sýnum kærleika með því að veita einhverjum nauðsynlegar leiðbeiningar reynumst við sannir vinir. (Orðskv. 27:17) Öldungar þurfa öðrum fremur að hafa hugrekki til að tala við þá í söfnuðinum sem fara út af sporinu. (Gal. 6:1) Öldungar gera sér auðmjúk-ir grein fyrir því að þeir eru líka ófullkomin og gætu einhvern tíma sjálfir þurft á leiðréttingu að halda. En þeir láta það ekki hindra sig í að áminna þá sem þurfa aga. (2. Tím. 4:2; Tít. 1:9) Þegar þeir gefa trússystkini leiðbeiningar reyna þeir að nota talgáfuna af færni og með þolinmæði. Þeir elska trússystkini sitt og kærleikurinn knýr þá til verka. (Orðskv. 13:24) En umfram allt vilja þeir heiðra Jehóva með því að hafa lög hans í heiðri og vernda söfnuðinn gegn skaða. – Post. 20:28. *w20.03* 20 gr. 8–9

## Mánudagur 30. ágúst

*„Ég get tekist á við hvað sem er vegna hans sem gefur mér kraft.“*

– Fil. 4:13.

Jehóva gerði Móse að lausnara Ísraelsmanna. En hvenær kom hann Jehóva að gagni sem slíkur? Var það þegar honum fannst hann hæfur eftir að hafa verið „fræddur í allri speki Egypta“? (Post. 7:22–25) Nei, Jehóva notaði Móse ekki fyrr en hann hafði mótað hann í hógværan og mildan mann. (Post. 7:30, 34–36) Jehóva gaf Móse hugrekki til að ganga fyrir valdamesta stjórnanda Egyptalands. (2. Mós. 9:13–19) Við sjáum af þessu

að Jehóva notar þá sem líkja eftir eiginleikum hans og reiða sig á styrk frá honum og þeir geta þá nýst vel í þjónustu hans. Jehóva hefur í gegnum tíðina látið þjóna sína gegna ýmsum hlutverkum. Hvað lætur hann þig verða? Það ræðst að miklu leyti af því hversu fús þú ert að leggja þig fram. (Kól. 1:29) Ef þú gefur kost á þér getur Jehóva látið þig verða kappsaman boðbera, góðan kennara, sannan huggara, færan verkamann, skilningsríkan vin eða hvað annað sem hann þarf til að koma vilja sínum til leiðar. *w19.10* 21 gr. 5; 25 gr. 14

## Þriðjudagur 31. ágúst

*„Ég kalla ykkur vini.“* – Jóh. 15:15.

Góðir vinir hjálpa okkur að vera Jehóva trúföst. Og besta leiðin til að eignast góða vini er að vera góður vinur. (Matt. 7:12) Biblían hvetur okkur til dæmis til að gefa af sjálfum okkur í þágu annarra, ekki síst þeirra sem eru hjálparþurfi. (Ef. 4:28) Þegar við erum önnur kafin við að hjálpa öðrum er líklegt að við verðum hamingjusamari fyrir vikið. (Post. 20:35) Vinir okkar styðja okkur þegar prófraunir verða á vegi okkar og hjálpa okkur að varðveita innri frið. Þeir hjálpa okkur með því að hlusta þolinmóðir á okkur létta á hjarta okkar, rétt eins og Elíhú hlustaði á Job segja frá raunum sínum. (Job. 32:4) Við ættum ekki að ætlast til þess að vinir okkar taki ákvarðanir fyrir okkur. En það er skynsamlegt að hlusta á ráð þeirra sem byggjast á Biblíunni. (Orðskv. 15:22) Davíð konungur þáði auðmjúkur hjálp vina sinna. Við ættum sömuleiðis ekki að vera of stolt til að þiggja þá hjálp sem vinir okkar bjóða fram þegar við þurfum á henni að halda. (2. Sam. 17:27–29) Slíkir vinir eru sannkölluð gjöf frá Jehóva. – Jak. 1:17. *w19.04* 11 gr. 12; 12 gr. 14–15

## Miðvikudagur 1. september

*„Faðir minn vinnur enn og ég held einnig áfram að vinna.“*

– Jóh. 5:17.

Sýnir fordæmi Jehóva og Jesú varðandi vinnu að við þurfum ekki að hvílast? Alls ekki. Jehóva þreytist aldrei þannig að hann þarf ekki að hvíla sig eftir unnið verk. Samt segir Biblían að hann hafi „hvílast og endurnærst“ eftir að hann skapaði himinn og jörð. (2. Mós. 31:17) En það þýðir augljóslega að Jehóva hafi tekið sér hlé og gefið sér tíma til að njóta þess sem hann hafði gert. Og þótt Jesús hafi verið vinnusamur þegar hann var á jörðinni gaf hann sér tíma til að hvílast og borða með vinum sínum. (Matt. 14:13; Lúk. 7:34) Biblían hvetur þjóna Guðs til að vera vinnusamir. Þeir ættu að vera iðnir en ekki latir. (Orðskv. 15:19) Þú stundar ef til vill vinnu til að sjá fjölskyldu þinni farborða. Og það er á ábyrgð allra lærisveina Krists að boða fagnaðarboðskapinn. En þú þarft líka að fá næga hvíld. *w19.12* 2 gr. 2; 3 gr. 4–5

## Fimmtudagur 2. september

*„Kristur þjáðist fyrir ykkur og lét ykkur eftir fyrirmynd til að þið skylduð feta náid í fótspor hans.“*

– 1. Pét. 2:21.

Varastu að segja sögur af illu öndunum. Við ættum að líkja eftir Jesú í þessu máli. Jesús bjó á himni áður en hann kom til jarðar og hann vissi margt um Satan og illu andana. En hann sagði ekki sögur um hvað þessir illu andar hefðu gert. Jesús vildi vera vottur Jehóva en ekki upplýsingafulltrúi Satans. Við getum líkt eftir Jesú með því að dreifa

ekki sögum um illu andana. Þess í stað skulum við láta „hjarta okkar svella af ljúfum orðum“, það er að segja sannleikanum. (Sálm. 45:2) Þú þarft ekki að skelfast illa anda. Í þessum ófullkomna heimi megum við búaast við að eitthvað slæmt geti komið fyrir okkur. Við getum fyrirvaralaust orðið fyrir slysi, veikst eða jafnvel dáíð. En við þurfum ekki að halda að ósýnilegir andar séu ábyrgir fyrir slíku. Í Biblíunni kemur fram að „tími og tilviljun“ geti hent hvern sem er. (Préd. 9:11) Jehóva hefur sýnt og sannað að hann er miklu máttugri en illu andarnir. *w19.04* 23–24 gr. 13–14

## Föstudagur 3. september

*Yfirvöld sem eru til eru hver í sinni stöðu með leyfi Guðs.*

– Róm. 13:1.

Hlýða öldungar lögum varðandi það að tilkynna yfirvöldum ásakanir um kynferðisofbeldi gegn börnum? Já. Öldungar láta yfirvöld vita af ásökunum um kynferðisofbeldi gegn barni þar sem slík lög eru í gildi. Slík lög stangast ekki á við lög Guðs. (Post. 5:28, 29) Öldungar leita því strax leiðsagnar um hvernig þeir geti hlýtt landslögum þegar þeim berst ásökun um kynferðisofbeldi gegn barni. Öldungar fullvissa fórnarlambið, foreldra þess og aðra sem vita af málinu að þeim sé frjálst að tilkynna yfirvöldum ásakanir um kynferðisofbeldi. En hvað ef tilkynningin er um einhvern í söfnuðinum og málið verður þekkt í samfélaginu? Ætti þeim sem tilkynnti málið að finnast hann hafa kastað rýrð á nafn Guðs? Nei. Það er ofbeldismaðurinn sem kastaði rýrð á nafn Guðs. *w19.05* 10 gr. 13–14

## Laugardagur 4. september

„Viska þessa heims er heimiska í augum Guðs.“ – 1. Kor. 3:19.

Í Bibliunni er hjónum sagt að þau eigi að virða hvort annað og hjúskaparheitið. Hún hvetur hjón til að vera staðráðin í að halda tryggð hvort við annað. Hún segir að „maður yfirgefi föður sinn og móður sína og búi með eiginkonu sinni og þau verði eitt“. (1. Mós. 2:24) Þeir sem aðhyllast visku heimsins halda því hins vegar fram að hjónin eigi hvort um sig að hugsa um sínar eigin þarfir. Í bók um hjónaskilnað er talað um að „við hjónavígslu sé hinu hefðbundna heiti að vera gift ‚svo lengi sem við bæði lifum‘ stundum skipt út fyrir ‚svo lengi sem við bæði elskum‘“. Slík léttúð gagnvart hjónabandinu hefur valdið ótal hjónaskilnuðum og ólýsanlegum sársauka. Virðingarleysi heimsins gagnvart hjónabandinu er greinilega heimskulegt. *w19.05* 23 gr. 12

## Sunnudagur 5. september

„Látið ekki heiminn móta ykkur lengur.“ – Róm. 12:2.

Páll hafði áhyggjur vegna þess að sumir kristnir menn höfðu greinilega látið heim Satans og óheilnæma hugmyndafræði hans hafa áhrif á sig. (Ef. 4:17–19) Það getur komið fyrir okkur öll. Satan, guð þessarar aldar, er mikið í mun að við hættum að þjóna Jehóva og notar ýmsar leiðir til að hafa áhrif á okkur. Ef við höfum einhverja löngun til að koma okkur áfram í heiminum eða klífa metorðastigann notfærir hann sér það. Hann reynir líka að notfæra sér uppruna okk-

ar, menningu og menntun til að hafa áhrif á hugsunarhátt okkar. Er hægt að uppræta viðhorf sem hafa fest rætur í huganum? (2. Kor. 10:4) Taktu eftir því sem Páll segir: „Við brjótum niður hugsmíðar og allt sem hreykir sér gegn þekkingunni á Guði og hertökum hverja hugsun svo að hún hlýði Kristi.“ (2. Kor. 10:5) Með hjálp Jehóva getum við sigrast á röngum hugsunum. *w19.06* 8 gr. 1–3

## Mánudagur 6. september

„Mín gæði eru það að vera nálægt Guði, ég gerði Drottin að athvarfi mínu.“ – Sál. 73:28.

Þrátt fyrir að Hanna, Davíð og ritari þessa sálms hafi verið kvíðin reiddu þau sig á hjálp Jehóva. Þau sögðu honum frá kvíða sínum í innilegum bænum. Þau töluðu frjállega við hann um það hvers vegna þeim leið illa. Og þau héldu áfram að sækja tilbeiðslustað Jehóva. (1. Sam. 1:9, 10; Sál. 55:23; 73:17; 122:1) Jehóva svaraði hverju og einu þeirra á samúðarfullan hátt. Hanna öðlaðist hugarró. (1. Sam. 1:18) Davíð sagði: „Margar eru raunir réttláts manns en Drottinn frelsar hann úr þeim öllum.“ (Sál. 34:20) Og sálmaritariinn fann að Jehóva „hélt í hægri hönd hans“ og leiðbeindi honum á kærleiksríkan hátt. (Sál. 73:23, 24) Hvað lærum við af þessum dæmum? Stundum íþyngja vandamál okkur og valda okkur áhyggjum. En við getum haldið út með því að hugleiða hvernig Jehóva hefur hjálpað öðrum, reiða okkur á hann í bæn og hlýða honum með því að gera það sem hann biður okkur um. – Sál. 143:1, 4–8. *w19.06* 17 gr. 14–15

## **Þriðjudagur 7. september**

*„Þótt þið þjáist fyrir að gera rétt eruð þið hamingjusöm.“*

– 1. Pét. 3:14.

Þú skalt aldrei skammast þín fyrir að vera vottur Jehóva, sama hvað fólk segir eða gerir. (Míka 4:5) Hugleiddu fordæmi postulanna í Jerúsalem rétt eftir að Jesús var tekinn af lífi. Þeir vissu hve mikið trúarleiðtogar Gyðinga hötuðu þá. (Post. 5:17, 18, 27, 28) En þeir héldu áfram að fara daglega í musterið og sýndu að þeir væru lærisveinar Jesú með því að boða trúna. (Post. 5:42) Þeir létu ótta ekki stöðva sig. Við getum einnig sigrast á ótta við menn með því að vera ófeimin við að sýna að við séum vottar Jehóva hvort sem við erum í vinnunni, skólanum eða hverfinu okkar. (Post. 4:29; Rómv. 1:16) Hvers vegna voru postularnir ánægðir? Þeir vissu hvers vegna þeir voru hataðir og þegar farið var illa með þá fyrir að gera vilja Jehóva álitu þeir það heiður. (Lúk. 6:23; Post. 5:41; 1. Pét. 2:19–21) Ef við gerum okkur grein fyrir að fólk hatar okkur fyrir að gera það sem er rétt leyfum við hatri frá mönnum aldrei að lama okkur af ótta. *w19.07* 7 gr. 19–20

## **Miðvikudagur 8. september**

*Það er leyfilegt að gera góðverk á hvíldardegi.* – Matt. 12:12.

Jesús og fylgjendur hans voru Gyðingar og héldu hvíldardaginn eins og Móselögin kváðu á um. En Jesús sýndi í orði og verki að hvíldardagsákvæðið væri sanngjarnt og að leyfilegt væri að gera öðrum gott á hvíldardegi. (Matt. 12:9–11) Hann áleit það ekki brot á hvíldardagsákvæðinu að gera öðrum gott. Hann sýndi fram á að hann skildi mikilvæga ástæðu þess að Guð sagði þjón-

um sínum að halda hvíldardaginn. Þar sem þeir tóku sér frí frá daglegu amstri gátu þeir einbeitt sér að tilbeiðslunni á Guði. Jesús ólst upp í fjölskyldu sem hlýtur að hafa notað hvíldardaginn til að styrkja sambandið við Guð. Við sjáum það af því sem við lesum um Jesú þegar hann var í Nasaret, heimbæ sínum: „Hann fór í samkunduhúsið á hvíldardegi eins og hann var vanur og stóð upp til að lesa.“ (Lúk. 4:15–19) Þar að auki virtu lærisveinar Jesú hvíldardaginn svo mikils að þeir gerðu hlé á greftun hans þar til hvíldardagurinn var liðinn. – Lúk. 23:55, 56. *w19.12* 4 gr. 10

## **Fimmtudagur 9. september**

*„Þið áttuð enga von.“* – Ef. 2:12.

Allir þjónar Guðs taka þátt í að finna einlægt fólk. Það má líkja því við að leita að týndu barni. Hvernig þá? Tökum dæmi af þriggja ára dreng sem týndist. Um 500 manns tóku þátt í leitinni að honum. Að lokum, 20 tímum eftir að drengurinn fór að heiman, fann sjálfboðaliði hann á maisakri. Sjálfboðaliðinn vildi þó ekki fá heiðurinn af því að hafa fundið drenginn heldur sagði: „Það þurfti mörg hundruð manns til að finna hann.“ Margir eru í svipuðum sporum og þetta barn. Þeim finnst þeir vera týndir. Þeir hafa enga von en vilja fá hjálp. Við sem tökum þátt í leitinni erum yfir átta milljónir. Kannski finnuruð ekki sjálfur neinn sem þiggur biblíunámskeið. En aðrir sem starfa með þér á sama svæði finna ef til vill einhvern sem vill kynnast sannleikanum í orði Guðs. Þegar bróðir eða systir hittir einhvern sem verður síðar lærisveinn Krists hafa allir sem tóku þátt í leitinni ástæðu til að fagna. *w19.07* 16–17 gr. 9–10

## Föstudagur 10. september

„Ég keppi að markinu.“

– Fil. 3:14.

Páll minnti kristna menn í Filippí á að þeir þyrftu að vera þolgóðir í hlaupinu. Söfnuðurinn mátti þola fjandskap allt frá upphafi. Það byrjaði allt þegar Páll og Sílas komu til Filippí um árið 50, eftir að Guð hafði beðið þá um að „koma yfir til Makedóníu“. (Post. 16:9) Þar hittu þeir konu sem hét Lýdíá. Hún hlustaði á þá og „Jehóva opnaði hjarta hennar“ fyrir fagnaðarerindinu. (Post. 16:14) Fljótlega lét hún skírast ásamt heimilisfólki sínu. En Satan var ekki lengi að láta til sín taka. Borgarbúar drógu Pál og Sílas fyrir ráðamenn borgarinnar og sökuðu þá ranglega um að efna til óspekta. Tvímenningarnir voru barðir, fangelsaðir og síðan beðnir að yfirgefa borgina. (Post. 16:16–40) Gáfust þeir upp? Síður en svo! En hvað með bræðurna og systurnar í hinum nýstofnaða söfnuði? Þau voru líka þolgóð. Fordæmi Páls og Sílasar hefur án efa verið þeim mikil hvatning. *w19.08 2 gr. 1-2*

## Laugardagur 11. september

„Fyllist ávexti réttlætisins.“

– Fil. 1:11.

Eflaust felst þessi ávöxtur réttlætisins í því að elska Jehóva og þjóna hans. Það felur líka í sér að segja öðrum frá trú okkar á Jesú og þeirri dásamlegu von sem við höfum. Við berum „ávöxt réttlætis“ með því að taka virkan þátt í því mikilvæga starfi að gera fólk að lærisveinum. (Matt. 28:18–20) Við getum skinið sem ljós sama hverj-

ar aðstæður okkar eru. Stundum fáum við tækifæri til að boða fagnaðarerindið þótt það virðist ómögulegt í fyrstu. Páll postuli var í stofufangelsi í Róm þegar hann skrifaði bréfið til Filippímanna. En fjötrarnir komu ekki í veg fyrir að hann boðaði bæði vörðum og gestum boðskapinn. Páll boðaði trúna af kappi þrátt fyrir erfiðar aðstæður og það gaf bræðrum og systurum hugrekki til að „boða orð Guðs óttalaust“. – Fil. 1:12–14; 4:22. *w19.08 12 gr. 15–16*

## Sunnudagur 12. september

„Auðmýkið ykkur því undir máttuga hönd Guðs til að hann upphefji ykkur þegar þar að kemur“ – 1. Pét. 5:6.

Mikilvægasta ástæðan fyrir því að temja sér auðmýkt er að það gleður Jehóva. Pétur postuli tók það skýrt fram í versni dagsins. Í bókinni *Komið og fylgið mér* segir í 3. kafla grein 23 um orð Péturs: „Drambsemi er eins og eitur og getur haft stórskadleg áhrif. Hún getur gert hæfileikaríkasta mann ónothæfan í þjónustu Guðs. Auðmýkt getur á hinn bóginn gert hinn lítilmótlagasta afar nytsaman í þjónustu Jehóva ... [Jehóva] er ... ánægja að umbuna þér fyrir auðmýkt þína.“ Getum við hugsað okkur nokkuð betra en að gleðja hjarta Jehóva? (Orðskv. 23:15) Auk þess að gleðja Jehóva er það okkur til góðs á marga vegu að temja okkur auðmýkt. Auðmýkt laðar aðra að okkur. Við skiljum það vel þegar við setjum okkur í spor annarra. – Matt. 7:12. *w19.09 4 gr. 8-9*

## Mánudagur 13. september

*„Sérhver hrokagikkur er Drottni andstyggð.“ – Orðsku. 16:5.*

Öldungar leggja mikið á sig til að hjálpa bræðrum og systurum. Og þeir láta ekki vald sitt stíga sér til höfuðs. Þeir koma öllu heldur mildilega fram við söfnuðinn. (1. Þess. 2:7, 8) Kærleikur þeirra og auðmýkt hefur áhrif á hvernig þeir tala við aðra. Reyndur öldungur að nafni Andrew segir: „Ég hef tekið eftir að bræður og systur bregðast yfirleitt vel við þegar öldungur sýnir einlæga góðvild og hlýju. Þessir eiginleikar eru söfnuðinum hvatning til að vinna vel með öldungunum.“ Annar gamalreyndur öldungur að nafni Tony segir: „Ég reyni alltaf að fara eftir leiðbeiningunum í Filippibréfinu 2:3 og legg mig fram um að meta aðra meira en sjálfan mig. Það forðar mér frá því að neyða aðra til að hlýða mér.“ Öldungar þurfa að sýna auðmýkt rétt eins og Jehóva. Jehóva „horfir djúpt“ til að reisa „litilmagnann úr duftinu“ þó að hann sé Drottinn alheims. (Sálm. 18:36; 113:6, 7) Í Biblíunni kemur einnig fram að Jehóva hafi andstyggð á þeim sem eru stoltir og hrokafullir. *w19.09* 16–17 gr. 11–12

## Þriðjudagur 14. september

*„Takið á ykkur mitt ok.“  
– Matt. 11:29.*

Til að endurnærast undir oki Jesú verðum við að líta hlutina réttum augum. Við vinnum verk Jehóva og verðum því að gera það eins og hann vill. Hann er stjórnandinn og við verkamennirnir. (Lúk. 17:10) Við gerum okkur erfitt fyrir ef við reynum að vinna verk hans eftir okkar eigin höfði. Ef við fylgjum hins vegar leiðsögn Jehóva getum við gert ýmslegt sem við höldum að við gæt-

um ekki og yfirstigið hvaða hindrun sem er. Munum að enginn getur komið í veg fyrir að vilji hans nái fram að ganga. (Róm. 8:31; 1. Jóh. 4:4) Í öðru lagi skulum við vinna verkið af réttum hvötum. Markmið okkar er að vera Jehóva, kærleiksríkum föður okkar, til heiðurs. Fólk á dögum Jesú sem lét stjórnast af græðgi og hugsaði fyrst og fremst um eigin hag varð fljótlega óánægt og sagði skilið við ok hans. (Jóh. 6:25–27, 51, 60, 66; Fil. 3:18, 19) En þeir sem voru knúnir af óeigingjörnum kærleika til Guðs og náungans báru okið með gleði alla ævi og áttu von um að þjóna með Kristi á himni. Við varðveitum líka gleði okkar þegar við berum ok Jesú af réttum hvötum. *w19.09* 20 gr. 1; 24–25 gr. 19–20

## Miðvikudagur 15. september

*„Þið munuð þekkja sannleikann  
og sannleikurinn veitir ykkur  
frelsi.“ – Jóh. 8:32.*

Hugsaðu þér þá blessun að vera laus við falskenningar. Það er dásamlegt frelsi! Þú getur vænst enn betra frelsis í framtíðinni. Bráðlega eyðir Jesús falstrúarbrögðunum og spilltum stjórnnum manna. Guð verndar „mikinn múg“ sem þjónar honum og hann nýtur síðan blessunar Guðs í paradís á jörð. (Opinb. 7:9, 14) Ótal margir verða reistir upp til lífs á ný og fá tækifæri til að losna undan öllum áhrifum syndar Adams. (Post. 24:15) Í þúsundarárikinu hjálpa Jesús og meðstjórnendur hans mannkyninu að ná fullkominni heilsu og eignast fullkomið samband við Guð. Þessi tími endurreisnar og frelsis verður eins og fagnaðarárið í Ísrael. Þá verða allir sem þjóna Jehóva trúfastlega orðnir fullkomnir og lausir við synd. *w19.12* 12–13 gr. 14–16

## Fimmtudagur 16. september

*„Barnabas kom honum þá til hjálpar.“ – Post. 9:27.*

Á fyrstu öld bauð örlátur maður að nafni Jósef (kallaður Barnabas) sig fram í þjónustu við Jehóva. (Post. 4:36, 37) Margir af bræðrunum voru hræddir við Sál eftir að hann tók kristna trú vegna þess að hann var þekktur fyrir að ofsækja söfnuðinn. En Barnabas var hjartahlýr og hjálpaði Sál. (Post. 9:21, 26–28) Seinna sáu öldungarnir í Jerúsalem þörf á að veita bræðrunum allt til Antiókkíu í Sýrlandi hvatningu. Þeir völdu vel með því að senda Barnabas því að hann „hvatti þá alla til að vera trúir Drottni af öllu hjarta“. (Post. 11:22–24) Jehóva getur einnig gert okkur að „huggunarsonum“ fyrir bræður okkar og systur. Hann gæti til dæmis notað okkur til að hugga þá sem hafa misst ástvin. Eða kannski kveikir hann hjá okkur löngun til að heim-sækja eða hringja í einhvern sem er veikur eða niðurdreginn til að uppörva hann. Ert þú fús til að vera verkfæri í höndum Jehóva eins og Barnabas var? – 1. Þess. 5:14. *19.10* 22 gr. 8

## Föstudagur 17. september

*„Sá sem breiðir yfir bresti annars leitir vinfengis en sá sem bregst trúnaði veldur vinaskilnaði.“ – Orðskv. 17:9.*

Þegar við vinnum náið með bræðrum okkar og systurum tökum við ekki bara eftir góðum eiginleikum þeirra heldur líka stundum göllum þeirra. Hvað getur hjálpað okkur að takast á við það? Við getum auðvitað ekki ætlast til fullkomunar af bræðrum okkar og systurum. Þegar við höfum myndað náinn vin-

skap við einhvern þurfum við að leggja hart að okkur til að viðhalda vináttuböndunum. Ef vinum okkar verða á mistök gætum við þurft að gefa þeim ráð byggð á orði Guðs og við ættum að vera hreinskilin en hlýleg þegar við gerum það. (Sálm. 141:5) Og ef þeir særa okkur ættum við að fyrirgefa þeim. Þegar við höfum fyrirgefið megum við ekki freistast til að minnst aftur á málið seinna, hvorki við þá né aðra. Það er afar mikilvægt á þessum erfiðu tímum að við einblinum á hið góða í fari bræðra okkar og systra frekar en veikleika þeirra. Með því að gera það styrkjum við vináttuna við þau. Og við þurfum á nánum vinum að halda í þrengingunni miklu. *19.11* 6 gr. 13, 16

## Laugardagur 18. september

*Gerid fólk af öllum þjóðum að lærisveinum og kennið því að halda öll fyrirmæli mín. – Matt. 28:19, 20.*

Þegar við höldum biblíunámskeið verðum við að leggja okkur fram um að gera fólk „að lærisveinum ... og kenna því að halda öll fyrirmæli [Jesú]“. Við þurfum að hjálpa því að skilja hversu mikilvægt það er fyrir það að taka afstöðu með Jehóva og ríki hans. Það gerum við þegar við hvetjum fólk til að fara eftir því sem það lærir, vígja líf sitt Jehóva og láta skírast og tileinka sér þannig sannleikann. Það er eina leiðin til að lifa af dag Jehóva. (1. Pét. 3:21) Það er mjög stutt í endalok þessa heimskerfis. Við höfum því engan tíma til að halda áfram að kenna fólki sem ætla sér augljóslega ekki að verða lærisveinar Krists. (1. Kor. 9:26) Starf okkar er áriðandi! Enn þurfa margir að heyra boðskapinn um ríkið áður en það verður um seinan. *19.10* 11–12 gr. 14–15

## Sunnudagur 19. september

*Hann mun leggja reykelsið á eldinn frammi fyrir augliti Drottins.*  
- 3. Mós. 16:13.

Á árlega friðþægingardeginum kom Ísraelsþjóðin saman og æðstipresturinn færði dýrafórnir. Fórnirnar minntu Ísraelsmenn á að það þyrfti að hreinsa þá af synd. En fyrst þyrfti æðstipresturinn að hella heilaga reykelsinu varlega yfir glóandi kolinn og herbergið fyllist sætum ilmi. Hvað lærum við af því? Í Biblíunni er bent á að bænir trúfastra þjóna Jehóva séu eins og reykelsi. (Sálm. 141:2; Opinb. 5:8) Æðstipresturinn bar reykelsið fram fyrir Jehóva með djúpri virðingu. Þegar við leitum til Jehóva í bæn gerum við það einnig með djúpri virðingu. Við berum lotningu fyrir honum. Við erum innilega þakklát fyrir að skapari okkar skuli leyfa okkur að leita til sín og nálgast sig eins og barn nálgast föður sinn. (Jak. 4:8) Jehóva leyfir okkur að vera vinir sínir. (Orðskv. 3:32) Við erum svo þakklát fyrir það að við myndum aldrei vilja valda honum vonbrigðum. *19.11* 20-21 gr. 3-5

## Mánudagur 20. september

*„Hversu mörg eru verk þín, Drottinn? Þú vannst þau öll af speki. Jörðin er full af því sem þú hefur skapað.“ - Sálm. 104:24.*

Hvaða viðhorf hefur fólk til vinnu þar sem þú býrð? Í mörgum löndum vinnur fólk lengur og leggur meira á sig í vinnunni en nokkru sinni fyrr. Þeir sem vinna of mikið eru oft svo uppteknir að þeir hafa ekki tíma til að hvílast, verja tíma með fjölskyldunni eða hugsa um andlega þörf sína. (Préd. 2:23) Á hinn bóginn langar suma alls ekki að vinna og þeir reyna að finna afsakanir til

að sleppa við það. (Orðskv. 26:13, 14) Skoðum nú viðhorf Jehóva og Jesú til vinnu en það er ólíkt öfgafullu viðhorfi heimsins. Á því leikur enginn vafi að Jehóva hefur ánægju af vinnu. Jesús tók það skýrt fram þegar hann sagði: „Faðir minn vinnur enn og ég held einnig áfram að vinna.“ (Jóh. 5:17) Hugsaðu um allt það sem Guð gerði þegar hann skapaði ótal andaverur og feiknastóran alheiminn. Við sjáum líka mikla fjölbreytni í því sem Guð skapaði hér á falllegu jörðinni okkar. *19.12* 2 gr. 1-2

## Þriðjudagur 21. september

*Ég hef fundið Davíð, mann eftir mínu hjarta.* - Post. 13:22.

Hvernig eignaðist Davíð svona náð samband við Jehóva? Davíð kynntist Jehóva með því að virða fyrir sér sköpunarverkið. Í æsku dvaldi Davíð löngum stundum úti í náttúrunni og gætti sauða föður síns. Það var ef til vill þá sem hann byrjaði að hugleiða allt það sem Jehóva hefur búið til. Þegar Davíð horfði til himins á kvöldin sá hann ekki aðeins stjörnuhvelvinguna. Hann hefur líka skynjað eiginleika skaparans. (Sálm. 19:2, 3) Þegar Davíð hugsaði um hvernig mennirnir voru skapaðir sá hann hvað Guð bjó yfir undursamlegri visku. (Sálm. 139:14) Hann gerði sér grein fyrir smæð sinni þegar hann braut heilann um sköpunarverk Jehóva. (Sálm. 139:6) Hvað lærum við af þessu? Hugleiddu í daglegu lífi hvað sköpunarverkið í kringum þig - jurtir, dýr og fólk - segir þér margt um Jehóva. Þá lærirðu margt um kærleiksríkan föður þinn á hverjum degi. (Róm. 1:20) Og þú finnur daglega hvernig þér þykir vænna og vænna um hann. *19.12* 19-20 gr. 15-17



## Miðvikudagur 22. september

*„Vegna trúar neitaði Móse, þegar hann var orðinn fullorðinn, að láta kalla sig dótturson faraós“*

– Hebr. 11:24.

Móse fór eftir því sem hann lærði. Þegar hann var um fertugt kaus hann að vera með fólki Guðs, Hebreunum, í stað þess að „láta kalla sig dótturson faraós“. Móse hafnaði virðingarstöðu. Með því að standa með Hebreunum, sem voru þrælur í Egyptalandi, átti hann á hættu að vekja reiði Faraós en hann var voldugur valdhafi og álitinn guð. Hvílik trú! Móse treysti á Jehóva. Slíkt traust er grunnurinn að varanlegu sambandi við Jehóva. (Orðskv. 3:5) Hvað lærum við af þessu? Eins og Móse þurfum við öll að taka ákvörðun. Ætlum við að þjóna Guði ásamt fólki hans? Við gætum þurft að færa fórnir til að þjóna Jehóva og þeir sem þekkja hann ekki standa kannski gegn okkur. En ef við treystum á himneskan föður okkar getum við reitt okkur á stuðning hans. *w19.12.17 gr. 5–6*

## Fimmtudagur 23. september

*„Þá mótaði Drottinn Guð manninn af moldu jarðar og blés lífsanda í nasir hans.“ – 1. Mós. 2:7.*

Þó að við séum mynduð úr mold jarðarinnar erum við miklu meira virði en moldarköggull. Við vitum að við erum dýrmæt í augum Jehóva. Skoðum nokkur dæmi sem sýna fram á það. Jehóva skapaði manninn með getu til að endurspegla eiginleika hans. (1. Mós. 1:27) Með því gerði hann okkur æðri öllu öðru í efnisheiminum og setti okkur yfir jörðina og dýrin. (Sálm. 8:5–9) Menn héldu áfram að vera

mikils virði í augum Jehóva eftir að Adam syndgaði. Hann metur okkur svo mikils að hann gaf Jesú, ástæran son sinn, sem lausnargjald fyrir syndir okkar. (1. Jóh. 4:9, 10) Jehóva mun nota andvirði lausnarfórnarinnar þegar hann reisir aftur til lífs „bæði réttláta og rangláta“ sem hafa dáið vegna erfðasyndarinnar. (Post. 24:15) Biblían sýnir að við erum verðmæt í augum hans óháð heilsu, fjárhagsstöðu og aldri. – Post. 10:34, 35. *w20.01 15 gr. 5–6*

## Föstudagur 24. september

*Sinnið ykkar eigin málum.*

– 1. Þess. 4:11.

Maður erfir ekki von um líf á himni frá fjölskyldu sinni. Guð gefur þessa von. (1. Þess. 2:12) Við ættum að forðast að spyrja spurninga sem gætu verið særandi. Við myndum til dæmis ekki spyrja eiginkonu andasmurðs bróður hvernig henni finnist sú tilhugsun að lifa að eilífu á jörð án hans. Við getum treyst því fullkomlega að Jehóva „seður allt sem lifir með blessun“ í nýja heiminum. (Sálm. 145:16) Það er okkur einnig til verndar að koma ekki fram við þá sem eru andasmurðir eins og þeir séu mikilvægari en aðrir. Hvernig? Í Biblíunni segir að sumir andasmurðir myndu ekki vera trúfastir allt til enda. (Matt. 25:10–12; 2. Pét. 2:20, 21) En ef við forðumst að „dást að áberandi mönnum“ munum við aldrei fylgja mönnum, ekki einu sinni þeim sem eru andasmurðir, vel þekktir eða hafa þjónað Jehóva lengi. (Júd. 16, neðanmáls) Þá missum við ekki trúna á Jehóva eða hættum að þjóna honum þó að þeir reynist ótrúir eða yfirgefi söfnuðinn. *w20.01 29 gr. 9–10*

## Laugardagur 25. september

*Líkið eftir Guði sem elskuð börn hans. – Ef. 5:1.*

Við gerum okkar besta til að líkja eftir Jehóva „sem elskuð börn hans“. Við líkjum eftir góðum eiginleikum hans með því að vera kærleiksrik, góðviljuð og fús til að fyrirgefa. Þegar þeir sem þekkja ekki Guð taka eftir góðri hegðun okkar getur það hvatt þá til að kynnastrast honum. (1. Pét. 2:12) Kristnir foreldrar ættu að líkja eftir Jehóva með því að reyna að koma fram við börnin eins og Jehóva kemur fram við okkur. Þá langar börnin eflaust til að eignast vináttusamband við kærleiksrikan föður okkar. Við erum stolt af Jehóva, himneskum föður okkar, og viljum að aðrir kynnist honum. Innra með okkur líður okkur eins og Davíð konungi sem sagði: „Ég hrósa mér af Drottni.“ (Sálm. 34:3) En hvað ef við erum feimin og óframfærin? Hvernig getum við fengið kjark til að tala um Jehóva? Með því að hugsa um hve ánægður Jehóva verður og hversu mikið gagn aðrir geta haft af því að fræðast um hann. Jehóva gefur okkur þann kjark sem við þurfum. Hann gaf trússystkinum okkar á fyrstu öld kjark og hann gefur okkur hann líka. – 1. Þess. 2:2. *w20.02* 11 gr. 12-13

## Sunnudagur 26. september

*Farið því og gerið fólk að lærisveinum, skírið það. – Matt. 28:19.*

Margir sem eru í biblíunámi hjá okkur láta með tímanum skírast. En aðrir virðast vera hikandi við að gerast lærisveinar. Þeir hafa ánægju af náminu en taka ekki framförum. Ef þú ert með biblíunemanda viltu eflaust hjálpa honum að fara eftir því sem hann lærir og gerast lærisveinn Krists. Jehóva vill að fólk þjóni sér vegna þess að það elskar hann. Mark-

mið okkar er því að hjálpa nemendum okkar að skilja að Jehóva er mjög annst um þá hvern og einn og að hann elskar þá heitt. Við viljum hjálpa þeim að líta á Jehóva sem „föður munaðarlausra og verndara ekkna“. (Sálm. 68:6) Þegar nemendurnir gera sér grein fyrir hve innilega Guð elskar þá snertir það sennilega hjarta þeirra og þeir fara líka að elska hann. Sýndu nemendum þínum því fram á að Guð kærleikans vill að þeir fái að lifa að eilífu og er tilbúinn að hjálpa þeim til þess. *w20.01* 3 gr. 7-8

## Mánudagur 27. september

*„Það gladdi mig mikið og hughreysti að heyra um kærleika þinn.“ – Filem. 7.*

Páll postuli var auðmjúkur. Hann sóttist eftir hughreystingu frá trússystkinum sínum og fékk hana. Hann hafði ekki áhyggjur af því að vera talinn veiklyndur ef hann viðurkendi að hann hefði fengið hughreystingu frá öðrum á erfiðum tímum. (Kól. 4:7-11) Bræður okkar og systur styðja okkur fúslega þegar við viðurkennum auðmjúk að við þurfum á hughreystingu og hvatningu að halda. Páll vissi að hann gat sótt huggun í Ritningararnar. (Rómv. 15:4) Hann vissi líka að þær myndu gefa honum visku til að takast á við allar raunir. (2. Tím. 3:15, 16) Þegar hann var í fangelsi í Róm í annað sinn gerði hann sér grein fyrir að hann átti stutt eftir ólifað. Hann bað Tímóteus að koma fljótt og taka með sér „bókrollurnar“. (2. Tím. 4:6, 7, 9, 13) Hvers vegna? Vegna þess að þær voru líklega hluti af Hebresku ritningunum sem Páll gat notað við sjálfsnám. Þegar við líkjum eftir Páli með því að lesa og hugleiða orð Jehóva reglulega notar hann það til að hughreysta okkur – óháð því hvaða erfiðleikum við stöndum frammi fyrir. *w20.02* 23-24 gr. 14-15

## **Þriðjudagur 28. september**

*„Hættið að dæma til að þið verðið ekki dæmd.“ – Matt. 7:1.*

Elífas, Bildad og Sófar notuðu ekki tíma til að hugleiða hvernig þeir gætu hjálpað Job. Þess í stað veltu þeir fyrir sér hvernig þeir gætu sannað upp á Job að hann hefði gert eitthvað rangt. Sumt sem þeir sögðu var rétt en margt af því sem þeir sögðu um Job og Jehóva var annaðhvort óvingjarnlegt eða ósatt. Þeir dæmdu Job harkalega. (Job. 32:1-3) Hvernig brást Jehóva við? Hann varð bálreiður við mennina þrjá. Hann sagði þeim að þeir væru heimskir og að þeir ættu að biðja Job að biðja fyrir sér. (Job. 42:7-9, *Biblían 1981*) Við getum lært margt af slæmu fordæmi Elífasar, Bildads og Sófars. Í fyrsta lagi ættum við ekki að dæma trússystemi okkar. (Matt. 7:2-5) Við ættum öllu heldur að hlusta vandlega á þau áður en við tölum. Aðeins þá getum við skilið aðstæður þeirra. (1. Pét. 3:8) Í öðru lagi þurfum við að ganga úr skugga um að það sem við segjum sé vingjarnlegt og rétt. (Ef. 4:25) Og í þriðja lagi hefur Jehóva mikinn áhuga á því sem við segjum hvert við annað. *w20.03 22-23 gr. 15-16*

## **Miðvikudagur 29. september**

*Ákallið Guð öllum stundum.  
– Ef. 6:18.*

Oft þegar við segjum öðrum frá Jehóva kynnumst við honum betur sjálf. Við sjáum greinilega umhyggju Jehóva þegar hann leiðir okkur til þeirra sem vilja verða vinir hans. (Jóh. 6:44; Post. 13:48) Við sjáum kraftinn í orði Guðs þegar við fylgjumst með biblíunemanda losa sig við slæma ávana og íklæðast hinum nýja manni. (Kól. 3:9, 10) Og við

sjáum sönnun fyrir þolinmæði Guðs þegar hann gefur mörgum á starfssvæði okkar ítrekað tækifæri til að kynnast honum og bjargast. (Rómv. 10:13-15) Við ættum þó aldrei að líta á sambandið við Jehóva sem sjálfsagðan hlut, sama hversu lengi við höfum þjónað honum. Ein besta leiðin til að sýna að við kunnum að meta sambandið við Guð er að tala við hann í bæn. Góð samskipti eru lífæð sterkrar vináttu. Nálægðu þig Guði með því að biðja oft til hans og óttastu aldrei að tjá honum innstu hugsanir þínar. *w19.12 19 gr. 11, 13-14*

## **Fimmtudagur 30. september**

*„Bið hafið fengið syndir ykkar fyrirgefna.“ – 1. Jóh. 2:12.*

Hvílíkur léttir sem það er! Sem konungur í ríki Guðs mun Jesús bæta fyrir allan þann skaða sem Satan og heimur hans valda okkur. (Jes. 65:17; 1. Jóh. 3:8; Opinb. 21:3, 4) Hvílík von sem við eigum! Og enda þótt Jesús hafi falið okkur krefjandi verkefni er hann með okkur og styður okkur á síðustu dögum þessa heimskerfis. (Matt. 28:19, 20) Hvílíkt hugrekki sem það veitir okkur! Léttir, von og hugrekki – þetta eru meðal þeirra undirstöðuatriða sem innri friður okkar byggist á. Hvernig geturðu þá varðveitt innri frið í erfiðum prófraunum? Með því að líkja eftir Jesú. Í fyrsta lagi skaltu halda fast í bænina sama hvað gerist. Í öðru lagi skaltu hlýða Jehóva og boða trúna af kappi, líka þegar það er erfitt. Og í þriðja lagi skaltu leita til vina þinna sem geta hjálpað þér á erfiðum tímum. Þá mun friður Guðs varðveita huga þinn og hjarta. (Fil. 4:6, 7) Og líkt og Jesús muntu sigrast á hvaða prófraun sem er. – Jóh. 16:33. *w19.04 13 gr. 16-17*

## Föstudagur 1. október

*„Því að augu Drottins skima um alla jörðina til þess að geta komið þeim til hjálpar sem eru heils hugar við hann.“ – 2. Kron. 16:9.*

Við sjáum skýr merki um að Jehóva verndi þjóna sína nú á dögum. Hugsaðu þér: Við boðum og kennum sannleikann um allan heim. (Matt. 28:19, 20) Þannig afhjúpum við illskuverk djöfulsins. Satan myndi eflaust stöðva starf okkar algerlega ef hann gæti það. En hann getur það ekki og þess vegna þurfum við ekki að skelfast illu andana. Ef við sýnum Jehóva hollustu geta illu andarnir ekki valdið okkur varanlegum skaða. En við þurfum öll að standa gegn illum öndum og treysta á Jehóva. Ef við gerum það hljótum við mikla blessun og Satan tekst ekki að afvegaleiða okkur með lygum sínum. Við látum ekki heldur lamandi ötta við illu andana stoppa okkur í þjónustunni við Jehóva. Umfram allt styrkjum við sambandið við Jehóva. Lærisveinninn Jakob sagði: „Standið gegn Djöflinum og þá mun hann flýja ykkur. Nálgist Guð og þá mun hann nálgast ykkur.“ – Jak. 4:7, 8. *w19.04* 24 gr. 15; 25 gr. 18

## Laugardagur 2. október

*„Ávöxtur móðurlífsins er umbun.“ – Sál. 127:3.*

Börn ykkar eru verðmæt „gjöf frá Drottinni“. Jehóva hefur falið ykkur þá ábyrgð að vernda börn ykkar. Hvað getið þið gert til að vernda börnin gegn kynferðisofbeldi? Í fyrsta lagi skaltu afla þér þekkingar á kynferðisofbeldi. Kynntu þér hvers konar fólk beitir börn kynferðisofbeldi og hvernig það reynir að tæla þau. Vertu á varðbergi gagnvart mögulegum hættum. (Orðskv. 22:3; 24:3) Hafðu í huga að yfirleitt er ofbeldismaðurinn einhver sem barnið þekkir nú þeg-

ar og treystir. Í öðru lagi skaltu viðhalda góðum tjáskiptum við börn þín. (5. Mós. 6:6, 7; Jak. 1:19) Hafðu í huga að börn sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi hika oft við að segja frá því. Þau óttast kannski að þeim verði ekki trúað eða kannski hefur ofbeldismaðurinn hótað að gera þeim eitthvað ef þau segja frá. Ef þú skynjar að eitthvað sé að skaltu spyrja barnið nærgætinna spurninga og hlusta þolinmóður á svör þess. Í þriðja lagi skaltu fræða börn þín. Kenndu þeim hvað þau eigi að segja og gera ef einhver reynir að snerta þau á óviðeigandi hátt. *w19.05* 13 gr. 19–22

## Sunnudagur 3. október

*„Sérhver hrokagikkur er Drottinn andstyggð.“ – Orðskv. 16:5.*

Hvers vegna hefur Jehóva andstyggð á hrokafullu fólki? Ein ástæðan er sú að þeir sem hafa taumlausa ást á sjálfum sér og hvetja aðra til þess líka endurspeglar hroka Satans. Þótt ótrúlegt sé fannst Satan að Jesús ætti að falla á kné og tilbiðja sig – Jesús sem hafði aðstoðað Guð við að skapa alla hluti! (Matt. 4:8, 9; Kól. 1:15, 16) Þeir sem hafa svona mikið álit á sjálfum sér eru talandi dæmi um að viska heimsins sé heimiska í augum Guðs. (1. Kor. 3:19) Í Bibliunni erum við hvött til að sjá sjálf okkur í réttu ljósi. Biblían neitar því ekki að það sé viðeigandi að elska sjálfan sig að vissu marki. „Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig,“ sagði Jesús, og það gefur til kynna að við eigum að gefa hæfilegan gaum að okkar eigin þörfum. (Matt. 19:19) Biblían kennir hins vegar ekki að við megum upphefja okkur yfir aðra heldur segir: „Verið ekki þrætugjörn og gerið ekkert af sjálfelsku. Verið heldur auðmjúk og lítið á aðra sem ykkur meiri.“ – Fil. 2:3; Róm. 12:3. *w19.05* 24 gr. 13–14

## Mánudagur 4. október

*„Látið ekki heiminn móta ykkur lengur heldur umbreytist með því að endurnýja hugarfarið.“*

– Róm. 12:2.

Hvaða breytingar þurftirðu að gera þegar þú kynntist sannleika Biblíunnar og ákvaðst að þjóna Jehóva? Við þurfum mörg hver að láta af rangri breytni. (1. Kor. 6:9–11) Við erum Jehóva innilega þakklát fyrir að hafa hjálpað okkur svo að við gátum hætt að stunda það sem er rangt. Við megum samt aldrei verða of örugg með okkur. Þó að við séum hætt að syndga alvarlega eins og við gerðum áður en við skírðumst þurfum við að gæta okkar vandlega og forðast allt sem gæti freistað okkar til að falla aftur í gamla farið. Við þurfum að gera tvennt. Í fyrsta lagi þurfum við að hætta að „láta heiminn móta okkur“. Í öðru lagi verðum við að „umbreytast“ með því að endurnýja hugarfar okkar. Umbreytingin felur meira í sér en aðeins breytingu á yfirborðinu. Um er að ræða breytingu á öllum hinum innra manni. Við þurfum að gerbreyta hugarfari okkar – innstu hugsunum okkar, tilfinningum og löngunum. *w19.06 9 gr. 4–6*

## Þriðjudagur 5. október

*„Þú, Drottinn, hjálpar mér og huggar mig.“ – Sál. 86:17.*

Þegar við erum undir álagi getum við endurheimt styrkinn með því að sækja safnaðarsamkomur. Þegar við mætum á samkomur gefum við Jehóva fleiri tækifæri til að „hjálpa okkur og hugga“. Á samkomum notar hann heilagan anda sinn, Biblíuna og trússystemin til að styrkja okkur. Þar höfum við tækifæri til að „uppörva hvert annað“. (Róm. 1:11, 12)

Systir sem heitir Sophia segir: „Jehóva og söfnuðurinn héldu mér gangandi. Samkomurnar voru mér mikilvægastar. Ég hef komist að því að ég tekst betur á við áhyggjur og álag þegar ég legg mig fram í boðuninni og í söfnuðinum.“ Þegar eitt-hvað dregur úr okkur kjark skulum við muna að Jehóva lofar ekki bara varanlegri lausn í framtíðinni heldur býðst hann líka til að hjálpa okkur að rísa undir álagi núna. Hann gefur okkur bæði löngun og kraft til að takast á við kjarkleysi og vonleysi. – Fil. 2:13. *w19.06 19 gr. 17–18*

## Miðvikudagur 6. október

*„Farið og segið bræðrum mínum frá svo að þeir fari til Galíleu og þar munu þeir sjá mig.“*

– Matt. 28:10.

Það hljóta að vera mjög mikilvæg fyrirmæli sem Jesús ætlar að gefa lærisveinum sínum því að þetta er það fyrsta sem hann skipuleggur eftir að hafa risið upp frá dauðum. Á fundinum sem Jesús kallaði saman lýsti hann í stórum dráttum því mikilvæga verki sem lærisveinar hans áttu eftir að vinna alla fyrstu öldina – sama verki og við vinnum nú á dögum. Jesús sagði: „Farið því og gerið fólk af öllum þjóðum að lærisveinum ... og kennið því að halda öll fyrirmæli mín.“ (Matt. 28:19, 20) Jesús vill að allir fylgjendur sínir boði trúna. Fyrirmælin náðu ekki aðeins til 11 trúfastra postula hans. Hvernig vitum við það? Voru engir nema postularnir viðstaddir á fjallinu í Galíleu þegar Jesús gaf fyrirmælin um að gera fólk að lærisveinum? Munum að engillinn sagði við konurnar: „Þar [í Galíleu] fáið þið að sjá hann.“ (Matt. 28:7) Trúfastar konur hljóta því að hafa verið viðstaddir við þetta tækifæri. *w20.01 2–3 gr. 1–4*

## Fimmtudagur 7. október

*„Nú tilheyrið þið ekki heiminum heldur hef ég valið ykkur úr heiminum. Þess vegna hatar heimurinn ykkur.“ – Jóh. 15:19.*

Jesús sagði hvers vegna við mættum búast við ofsóknum. Hann sagði að við yrðum hötuð vegna þess að við erum ekki af heiminum. Ofsóknir eru ekki merki um að við höfum ekki velþóknun Jehóva. Þær gefa öllu heldur til kynna að við séum að gera það sem er rétt. Mennskir andstæðingar geta ekki útrýmt tilbeiðslunni á almáttugum Guði. Margir hafa reynt það án árangurs. Hugleiddu það sem gerðist í síðari heimsstyrjöldinni. Á þeim tíma ofsóttu yfirvöld þjóna Guðs harðlega í mörgum löndum. Starfsemi Votta Jehóva var ekki aðeins bönnuð af nasistaflokknum í Þýskalandi heldur einnig af yfirvöldum í Ástralíu, Kanada og fleiri löndum. En taktu eftir hvað gerðist. Árið 1939, þegar stríðið braust út, voru 72.475 boðberar í heiminum. Vegna þess að Jehóva blessaði þjóna sína voru boðberar í heiminum í lok stríðsins, árið 1945, orðnir 156.299 talsins. Boðberafjöldinn hafði meira en tvöfaldast! *w19.07* 9 gr. 4–5

## Föstudagur 8. október

*„Allir munu vita að þið eruð lærisveinar mínir ef þið berið kærleika hver til annars.“ – Jóh. 13:35.*

Þú getur hjálpað til við að gera fólk að lærisveinum á ýmsa vegu þó að þú sért ekki með biblíunemanda eins og er. Þú gætir boðið nýja velkomna og vingast við þá þegar þeir koma í ríkissalinn. Með því að sýna þeim kærleika á þennan hátt geturðu átt þátt í að sannfæra þá um að við

séum sannkristin. Af svörum þínum á samkomum, þó stutt séu, geta þeir lært að tjá trú sína í einlægni og af virðingu. Þú gætir líka farið með nýjum boðbera í boðunina og hjálpað honum að nota Biblíuna þegar hann ræðir við fólk. Þannig kennirðu honum að líkja eftir Kristi. (Lúk. 10:25–28) Margir þjónar Guðs eru mjög uppteknir við að sinna öllum þeim skyldum sem á þeim hvíla. Þeir finna sér samt tíma til að halda biblíunámskeið og hafa mikla ánægju af. *w19.07* 17 gr. 11, 13

## Laugardagur 9. október

*„Ég gleymi því sem er að baki og teyggi mig eftir því sem er fram undan. Ég keppi að markinu.“ – Fil. 3:13, 14.*

Páll postuli lét hvorki fyrri afrek né fyrri mistök verða til þess að hann missti einbeitinguna í þjónustunni. Hann sagði reyndar að hann þyrfti að „gleyma því sem var að baki“ til að geta „teygt sig eftir því sem var fram undan“, það er að segja klár að hlaupið. Hvað hefði getað orðið til þess að Páll missti einbeitinguna? Í fyrsta lagi hafði hann notið mikillar velgengni innan gyðingdómsins. En hann mat það sem eintómt „sorp“. (Fil. 3:3–8) Í öðru lagi lét hann ekki lamast af sektarkennd vegna þess að hann hafði ofsótt kristna menn. Og í þriðja lagi hugsaði hann ekki sem svo að hann hefði þegar gert nóg fyrir Jehóva. Páll áorkaði miklu í þjónustunni þrátt fyrir að hafa verið fangelsaður, barinn, grýttur og beðið skipbrot, auk þess að skorta fæði og klæði. (2. Kor. 11:23–27) En Páll vissi að hann yrði að halda áfram óháð því sem hann hafði áorkað eða þurft að þola. Það á líka við um okkur. *w19.08* 3 gr. 5

## Sunnudagur 10. október

*„Ég sendi ykkur út eins og sauði meðal úlfa.“ – Matt. 10:16.*

Margir bræður okkar og systur búa í löndum þar sem þau geta ekki boðað trúna fyrir öpunum tjöldum eða húsi úr húsi. Þau finna þess vegna aðrar leiðir til að boða fagnaðareriendið. (Matt. 10:17–20) Í einu slíku landi stakk farandhriðir upp á að boðberar færu yfir sitt eigið „svæði“ sem samanstóð af ættingjum, nágrönnum, skólafélögum, vinnufélögum og kunningjum. Á innan við tveim árum fjölgaði söfnuðum á farandsvæðinu griðarlega. Við búum kannski ekki í landi þar sem hömlur eru á starfi okkar. Við getum hins vegar dregið dýrmætan lærdóm af úrræðagóðum bræðrum okkar og systur: Leitum alltaf leiða til að boða trúna, fullviss um að Jehóva gefi okkur þann kraft sem við þurfum til að sigrast á hvaða hindrun sem er. (Fil. 2:13) Á þessum merkistímum skulum við meta hvað sé mikilvægt, vera hrein, gæta þess að verða ekki öðrum til hrösunar og bera ávöxt réttlætisins. Þannig styrkjum við kærleikann og heiðrum Jehóva, umhyggjusaman föður okkar. *19.08* 13 gr. 17–18

## Mánudagur 11. október

*„Ég sá þræla sitja hesta og höfðingja fótgangandi eins og þræla.“ – Préd. 10:7.*

Fæstum finnst gaman að umgangast þá sem krefjast alltaf að fá sínu framengt og neita að hlusta á tillögur annarra. Hins vegar finnst okkur endurnærandi að umgangast trússystkini okkar þegar þau sýna samkennd, bróðurást, umhyggju og auðmýkt. (1. Pét. 3:8) Fyrst við löðumst að slíku fólki er líklegt að það

laðist að okkur – svo framarlega sem við erum auðmjúk. Auðmýkt auðveldar okkur líka lífið. Við gætum séð eða upplifað eitthvað sem virðist ekki rétt eða sanngjarnt. Þeir sem hafa mikla hæfileika fá ekki alltaf viðurkenningu. Og þeir sem hafa litla hæfileika fá stundum mikinn heiður. En Salómon sagði að það væri betra að horfa í augu við veruleikann en að velta sér upp úr mót-læti. (Préd. 6:9, *Biblían* 1981) Ef við erum auðmjúk eigum við auðveldara með að sætta okkur við lífið eins og það er – ekki eins og okkur finnst það eigi að vera. *19.09* 4–5 gr. 9–10

## Þriðjudagur 12. október

*Þið feður, alið börnin upp með því að aga þau og leiðbeina þeim eins og Jehóva vill. – Ef. 6:4.*

Þeir sem fara með ákveðið vald eins og feður, geta hjálpað öðrum. Jehóva hefur falið feðrum að vera höfuð fjölskyldunnar og hann ætlast til að þeir kenni börnum sínum og agi þau. (1. Kor. 11:3) En vald feðra er takmarkað – þeir eru ábyrgir gagnvart Jehóva, honum sem stofnaði fjölskylduna. (Ef. 3:14, 15) Feður sýna Jehóva undirgefni með því að beita valdi sínu á þann hátt sem þóknast honum. Misbeitið ekki valdinu sem Jehóva hefur gefið ykkur. Viðurkennið mistök ykkar og þiggjið biblíuleg ráð frá öðrum. Fjölskyldan mun virða ykkur fyrir að sýna auðmýkt. Þegar þú biður til Jehóva með fjölskyldu þinni skaltu úthella hjarta þínu fyrir honum – þannig heyrir fjölskyldan að þú reidið þig algerlega á Jehóva. Umfram allt skaltu láta líf þitt snúast um þjónustuna við Jehóva. (5. Mós. 6:6–9) Gott fordæmi er eitt það verðmætasta sem þú getur gefið fjölskyldunni. *19.09* 15 gr. 8; 17 gr. 14; 18 gr. 16

## Miðvikudagur 13. október

*Takið vel á móti Markúsi ef hann kemur til ykkar. – Kól. 4:10.*

Markús var alltaf tilbúinn að þjóna öðrum. Hann starfaði á ýmsum tímum með bæði Páli postula og Pétri þegar þeir sinntu verkefnum sínum á vegum safnaðarins. Hugsanlegt er að Markús hafi séð um matarinnkaup fyrir þá, útvegað húsnæði og annað af því tagi. (Post. 13:2-5; 1. Pét. 5:13) Páll kallar hann ‚samstarfsmann sinn fyrir ríki Guðs‘ og segir að hann hafi ‚verið sér mikill styrkur‘. (Kól. 4:11, neðanmáls.) Markús varð náinn vinur Páls. Þegar Páll var fangi í Róm í seinna skiptið, um árið 65, skrifaði hann síðara bréfið til Tímóteusar. Þar biður hann Tímóteus að koma til Rómar og taka Markús með sér. (2. Tím. 4:11) Páll kundi eflaust að meta hvernig Markús hafði aðstoðað hann áður og biður hann því að koma á þessari ögurstund. Markús aðstoðaði Pál á ýmsa vegu. Ef til vill hefur hann útvegað honum mat og ritföng. Þessi stuðningur og hvatning hefur líklega hjálpað Páli að þrauka síðustu dagana áður en hann var líflátinn. *w20.01 11 gr. 12-13*

## Fimmtudagur 14. október

*„Komið til mín.“ – Matt. 11:28.*

Við höfum kosið líf sem útheimtir fórnfýsi og vinnusemi. Jesús sagði að við yrðum fyrir ofsóknum. En við getum vænst þess að Jehóva gefi okkur kraft til að þola allar raunir. Við verðum sterkari eftir því sem við þolum meira. (Jak. 1:2-4) Við getum líka treyst að Jehóva sjái vel fyrir okkur, að Jesús annist okkur og að trústykni okkar hvetji okkur. (Matt. 6:31-33; Jóh. 10:14; 1. Þess. 5:11) Konan sem Jesús læknaði af

‚stöðugum blæðingum‘ endurnærðist þegar hún fékk lækningu. (Lúk. 8:43-48) En hún hlyti varanlega endurnæringu aðeins með því að verða trúfastur lærisveinn Krists. Hvað heldurðu að hún hafi gert? Hugsaðu þér launin ef hún ákvað að ganga undir ok Jesú – að fá að þjóna með honum á himni. Allar fórnir sem hún færði til að fylgja Kristi hafa bliknað í samanburði við þá blessun. Hvort sem von okkar er að lifa að eilífu á himni eða á jörð erum við innilega þakklát fyrir að hafa þegið boð Jesú: „Komið til mín.“ *w19.09 25 gr. 21-22*

## Föstudagur 15. október

*„Af speki er hús reist og af skynsemi verður það staðfast.“  
– Orðskv. 24:3.*

Menn Davíðs voru hjálparþurfi og báðu Nabal, auðugan Ísraelsmann, um dálítinn mat. Þeim fannst þeir geta spurt vegna þess að þeir höfðu verndað hjarðir Nabals í eyðimörkinni. En Nabal var eigingjarn og neitaði að gefa þeim nokkuð. Davíð varð öskureiður og ætlaði að drepa Nabal og alla karlmenn á heimili hans. (1. Sam. 25:3-13, 22) En Abígail, kona Nabals, var bæði skynsöm og falleg. Hún sýndi mikið hugrekki þegar hún féll til fóta Davíð og hvatti hann til að baka sér ekki blóðskuld með því að hefna sín. Hún ráðlagði honum af háttvísi að láta Jehóva um málið. Hógværð og skynsemi Abígail snerti Davíð. Hann dró réttilega þá ályktun að Jehóva hefði sent hana. (1. Sam. 25:23-28, 32-34) Abígail hafði rækt að með sér eiginleika sem komu Jehóva að gagni. Systur í söfnuðinum sem rækta með sér háttvísi og skynsemi geta að sama skapi komið Jehóva að gagni við að byggja upp fjölskyldur sínar og aðra í söfnuðinum. – Tít. 2:3-5. *w19.10 23 gr. 10*



## Laugardagur 16. október

*„Farið út úr henni, fólk mitt, svo að þið verðið ekki meðsek í syndum hennar og verðið ekki fyrir sömu plágum og hún.“ – Opinb. 18:4.*

Allir sannkristnir menn verða að vera algerlega aðgreindir frá Babýlon hinni miklu. Biblíunemandi tilheyrði kannski falstrúarhópi áður en hann kynntist sannleikanum. Hann sótti kannski trúarsamkomur og tók þátt í starfsemi hópsins eða styrkti hann með fjárframlögum. Áður en biblíunemandi getur orðið óskirður boðberi þarf hann að slíta öll tengsl við falstrúarbrögð. Hann þarf að segja sig skriflega eða á annan hátt úr trúfélaginu og öllum öðrum hópum sem tengjast Babýlon hinni miklu. Sannkristinn maður þarf að fullvissa sig um að vinnan hans tengist ekki Babýlon hinni miklu á nokkurn hátt. (2. Kor. 6:14–17) Hvers vegna tökum við svona einarða afstöðu? Vegna þess að við viljum ekki eiga neinn þátt í verkum og syndum trúarhópa eða trúfélaga þar sem þau eru óhrein í augum Guðs. – Jes. 52:11. *w19.10* 12 gr. 16–17

## Sunnudagur 17. október

*Náðugur og miskunnksamur er Drottinn. Hann þreytir eigi deilur um aldur og er eigi eilíflega reiður. – Sálm. 103:8, 9.*

Jeremía skrifaði bókina sem ber nafn hans og að öllum líkindum fyrri og síðari konungabók. Þegar hann sinnti þessu verkefni gerði hann sér án efa enn betur grein fyrir miskunnsemi Jehóva í garð ófullkominna manna. Hann vissi til dæmis að þegar Akab konungur iðraðist illskuverka sinna ákvað Jehóva að fjölskylda hans myndi ekki deyja meðan hann lifði. (1. Kon. 21:27–29) Jeremía vissi einnig að Manasse syndg-

aði jafnvel enn meir gegn Jehóva en Akab. En Jehóva fyrirgaf Manasse vegna þess að hann iðraðist. (2. Kon. 21:16, 17; 2. Kron. 33:10–13) Þessar frásögur hljóta að hafa hjálpað Jeremía að líkja eftir þolinmæði og miskunna Guðs. Skoðum hvernig Jeremía kom fram við Barúk þegar hann missti einbeitinguna um tíma meðan hann sinnti verkefni sínu. Í stað þess að gefast fljótt upp á vini sínum hjálpaði Jeremía Barúk með því að færa honum hlýlegan en beinskeyttan boðskap Guðs. – Jer. 45:1–5. *w19.11* 6 gr. 14–15

## Mánudagur 18. október

*„Guð er ekki ranglátur. Hann gleymir ekki verki ykkar og kærleikanum sem þið sýnduð nafni hans.“ – Hebr. 6:10.*

Í 3. Mósebók kemur fram að Ísraelsmaður gat fært heillaförn „sem þakkarförn“. (3. Mós. 7:11–13, 16–18) Hann færði þessa förn af því að hann langaði til þess, ekki af því að hann þurfti þess. Þjónusta okkar við Jehóva er eins og þessar heillaförnir vegna þess að með henni sýnum við hug okkar til Jehóva. Við gefum Jehóva það besta vegna þess að við elskum hann af öllu hjarta. Það hlýtur að gleðja Jehóva mikið að sjá milljónir manna þjóna honum fúslega af kærleika til hans og siðferðisstaðla hans. Jehóva sér og kann að meta bæði það sem við gerum og af hvaða hvötum við gerum það. Ef þú ert orðinn aldraður og getur ekki lengur gert eins mikið og þú myndir vilja máttu vera viss um að Jehóva þekkir takmörk þín. Þér finnst kannski að þú getir ekki gert mikið en Jehóva sér kærleikann sem fær þig til að gera það sem þú getur. Hann tekur glaður á móti því besta sem þú getur gefið. *w19.11* 22 gr. 9; 23 gr. 11–12

## Þriðjudagur 19. október

*Komið með mér á óbyggðan stað þar sem þið getið hvílt ykkur aðeins. – Mark. 6:31.*

Það er mikilvægt að hafa rétt viðhorf til vinnu. Salómon konungur skrifaði undir innblæstri: „Sérhver hlutur ... hefur sinn tíma.“ Hann talaði um að gróðursetja, byggja, gráta, hlæja, dansa og fleira. (Préd. 3:1-8) Hvíld og vinna eru greinilega mikilvægur hluti af lífinu. Jesús gætti jafnvægis þegar vinna og hvíld var annars vegar. Einu sinni þegar lærisveinarnir sneru til baka úr boðunarferð höfðu þeir verið svo uppteknir að þeir höfðu ekki einu sinni haft næði til að borða. Jesús sagði það sem kemur fram í versí dagsins. (Mark. 6:30-34) Jesús og lærisveinarnir fengu ekki alltaf þá hvíld sem þeir vildu en Jesús vissi að þeir þyrftu allir á henni að halda. Við þurfum öll að hvílast eða gera okkur dagamun af og til. Það má sjá af ráðstöfun sem Guð gerði fyrir fólk sitt til forna – vikulega hvíldardeginum. Við erum ekki undir Mósélögunum en við getum haft gagn af því að hugleiða það sem skrifað er um hvíldardaginn. *w19.12 3 gr. 6-7*

## Miðvikudagur 20. október

*Verið aldrei áhyggjufull.  
– Matt. 6:31.*

Jehóva hefur lofað að sjá fyrir trúum þjónum sínum og hann telur sér skylt að gera það. (Sálm. 31:2-4) Hann veit líka að við yrðum miður okkar ef hann sæi ekki fyrir okkur sem tilheyrum fjölskyldu hans. Hann lofar að sjá bæði fyrir efnislegum og andlegum þörfum okkar og ekkert getur komið í veg fyrir að hann geri það. (Matt. 6:30-33; 24:45) Við getum tekist af öryggi á við fjár-

hagserfiðleika ef við höfum í huga hvers vegna Jehóva stendur við loforð sín. Sú var raunin með kristna menn á fyrstu öld. „Allir nema postularnir dreifðust um alla Júdeu og Samaría“ þegar miklar ofsóknir hófust gegn söfnuðinum í Jerúsalem. (Post. 8:1) Það hefur haft fjárhagsferfiðleika í för með sér fyrir kristna menn. Þeir misstu eflaust heimili og atvinnu. En Jehóva yfirgaf þá ekki og þeir misstu heldur ekki gleðina. (Post. 8:4; Hebr. 13:5, 6; Jak. 1:2, 3) Jehóva studdi trúna kristna menn þá og hann mun líka styðja okkur. – Sálm. 37:18, 19. *w20.01 17-18 gr. 14-15*

## Fimmtudagur 21. október

*Drottinn lítur til hins lága.  
– Sálm. 138:6.*

Þegar Davíð bjargaði sauðum föður síns frá ljóni og birni skildi hann að það var Jehóva sem hjálpaði honum að leggja að velli þessi sterku villidýr. Þegar Davíð sigraði risavaxna hermanning Goliát sá hann greinilega að Jehóva var með honum. (1. Sam. 17:37) Og þegar hann flúði undan afbrýðisama konunginum Sál sá hann að það var Jehóva sem bjargaði honum. (Sálm. 18:1) Stoltur maður gæti hafa eignað sér heiðurinn af þessum afrekum. En Davíð var auðmjúkur og sá hönd Jehóva að verki í lífi sínu. Hvað lærum við af þessu? Það er ekki nóg að biðja Jehóva um hjálp. Við verðum að reyna að koma auga á hvernær og hvernig hann hjálpar okkur. Ef við erum auðmjúk og viðurkennum takmörk okkar sjáum við greinilega hvernig Jehóva bætir upp það sem okkur skortir. Og í hvert sinn sem við sjáum hvernig Jehóva kemur okkur til hjálpar styrkist sambandið við hann. *w19.12 20 gr. 18-19*

## Föstudagur 22. október

*„Drottinn agar þann sem hann elskar og lætur þann son finna til sem hann hefur mætur á.“*

– Orðskv. 3:12.

Það er margt sem sýnir okkur að við erum verðmæt í augum Jehóva. Hann dró okkur til sín og tók eftir hvernig við brugðumst við fagnaðarboðskapnum. (Jóh. 6:44) Þegar við nálægðum okkur Jehóva nálgaðist hann okkur. (Jak. 4:8) Jehóva notar einnig tíma og krafta í að mennta okkur. Það sýnir að við erum honum mikils virði. Hann þekkir okkur eins og við erum og veit hvaða möguleikar búa í okkur. Og hann agar okkur vegna þess að honum er annt um okkur. Það eru sterk rök fyrir því að hann meti okkur mikils! Sumir töldu Davíð konung einskis virði. Samt vissi hann að Jehóva elskaði hann og studdi. Þess vegna gat hann séð aðstæður sínar í réttu ljósi. (2. Sam. 16:5–7) Þegar við eigum erfitt eða erum langt niðri getur Jehóva hjálpað okkur að sjá hlutina öðrum augum og að yfirstíga hvaða hindrun sem er. (Sálm. 18:28–30) Þegar Jehóva styður við bakið á okkur getur ekkert hindrað okkur í að þjóna honum með gleði. – Róm. 8:31. *w20.01* 15 gr. 7–8

## Laugardagur 23. október

*Kennið fólkinu að halda öll fyrir-mæli mín. – Matt. 28:20.*

Byrjaðu námsstundina með bæn þegar þú heldur biblíunámskeið. Yfirleitt er best að byrja sem fyrst á að fara með bæn í upphafi og lok námsstundar, helst á fyrstu vikunum eftir að reglulegt nám hefst. Biblíunemandinn þarf að gera sér grein fyrir að aðeins er hægt að skilja orð Guðs með hjálp anda hans. Sumir biblíukennarar nota Jakobsbréfið 1:5 til að vekja máls á bæninni. Þar stendur:

„Ef einhvern á meðal ykkar skortir visku ætti hann ekki að gefast upp á að biðja Guð um hana.“ Kennarinn spyr síðan nemandann: „Hvernig getum við beðið Guð um visku?“ Nemandinn áttar sig líklega á að við þurfum að fara með bæn. Kenndu nemandanum að biðja. Fullvissaðu hann um að Jehóva langi til að heyrja innilegar bænir hans. Segðu honum að þegar við biðjum einslega getum við tjáð okkur ópinskátta við Jehóva – tjáð tilfinningar sem við hikum kannski við að segja nokkrum öðrum frá. Jehóva veit hvort eð er hvernig við hugsum innst inni. – Sálm. 139:2–4. *w20.01* 2 gr. 3; 5 gr. 11–12

## Sunnudagur 24. október

*„Það er því undir Guði og miskunn hans komið hver er valinn en ekki undir löngun eða viðleitni mannsins.“ – Róm. 9:16.*

Jehóva ákveður hvenær hann velur fólk í hóp hinna andasmurðu. (Róm. 8:28–30) Jehóva byrjaði að velja hina andasmurðu eftir upprisu Jesú. Svo virðist sem allir sannkristnir menn á fyrstu öld hafi verið andasmurðir. Á næstu öldum fylgdu fæstir Kristi sem sögðust vera kristnir. En Jehóva hélt samt áfram að smyrja þá fáu sem voru sannkristnir. Þeir voru eins og hveitid sem Jesús sagði að myndi vaxa innan um illgresið. (Matt. 13:24–30) Á hinum síðustu dögum hefur Jehóva haldið áfram að velja fólk í hóp hinna 144.000. Ef Guð ákveður að velja einhvern rétt áður en endirinn kemur ættum við auðvitað ekki að efast um visku hans. (Róm. 9:11) Við megum ekki vera eins og verkamennirnir sem Jesús lýsti í einni af dæmisögum sínum. Þeir kvörtuðu yfir því hvernig húsbóndi þeirra kom fram við þá sem byrjuðu að vinna undir lok vinnudagsins. – Matt. 20:8–15. *w20.01* 30 gr. 14

## Mánudagur 25. október

*„Þjónar mínir munu hrópa af glöðu hjarta.“ – Jes. 65:14.*

Jehóva vill að fjölskylda hans sé hamingjusöm. Við höfum margar ástæður til að gleðjast nú þegar, jafnvel þó að við glímum við erfiðleika. Til dæmis erum við sannfærð um að himneskur faðir okkar elski okkur heitt. Við höfum nákvæma þekkingu á orði Guðs. (Jer. 15:16) Og við tilheyrum einstakri fjölskyldu sem samanstendur af fólki sem elskar Jehóva, háleitar siðferðiskröfur hans og hvert annað. (Sálm. 106:4, 5) Við getum haldið gleðinni vegna þess að við vitum að lífið verður enn betra í framtíðinni. Við vitum að bráðlega afmáir Jehóva alla vonda menn og gerir jörðina aftur að paradís undir stjórn ríkis síns. Við eigum einnig dásamlega von um að þeir sem eru dánir verði reistir upp til lífs og hitti aftur ástvini sína. (Jóh. 5:28, 29) Það verður yndislegt! Og það sem mestu máli skiptir er að innan skamms munu allir á himni og jörð tilbiðja og lofa kærleiksríkan föður okkar eins og hann á skilið. *w20.02 13 gr. 15–16*

## Þriðjudagur 26. október

*„Gegn þér einum hef ég syndgað.“ – Sálm. 51:6.*

Ef þú syndgar alvarlega skaltu ekki reyna að fela það. Játaðu heldur syndir þínar fyrir Jehóva í bæn. Það dregur úr kvíða vegna samviskubits og þú verður rólegri. En ef þú vilt endurheimta vináttuna við Jehóva er ekki nóg að biðja. Þú verður að þiggja aga. Jehóva sendi spámanninn Natan til að fletta ofan af synd Davíðs konungs með Batsebu. Davíð réttlætti ekki sjálfan sig eða

reyndi að gera lítið úr synd sinni. Hann viðurkenndi strax synd sína og að hann hefði fyrst og fremst syndgað gegn Jehóva, auk þess að syndga gegn manni Batsebu. Davíð tók við ögun frá Jehóva og Jehóva fyrirgaf honum. (2. Sam. 12:10–14) Ef við syndgum alvarlega þurfum við að tala við þá sem Jehóva hefur útnefnt til að annast okkur. (Jak. 5:14, 15) Og við verðum að forðast þá tilhneigingu að réttlæta sjálf okkur. Því fyrr sem við þiggjum aga og breytum í samræmi við hann því fyrr endurheimtum við innri frið og gleði. *w20.02 24–25 gr. 17–18*

## Miðvikudagur 27. október

*„Á þeim dögum munu tíu menn af öllum þjóðtungum grípa í kyrtilfald eins Gyðings og segja: ‚Við viljum fara með ykkur, við höfum heyrt að Guð sé með ykkur.‘“ – Sak. 8:23.*

Mennirnir tíu tákna þá sem eiga von um að lifa að eilífu á jörðinni. Þeir vita að Jehóva hefur blessað hina andasmurðu sem Gyðingurinn táknar og telja það heiður að tilbiðja Jehóva ásamt þeim. Þó að það sé ekki hægt að þekkja alla andasmurða þjóna Guðs á jörðinni með nafni geta þeir sem eiga von um að lifa á jörðinni ‚farið með‘ hinum andasmurðu. Hvernig? Í versí dagsins er talað um einn Gyðing. En „ykkur“ á við um fleiri en einn einstakling. Það þýðir að þessi Gyðingur er ekki bara einn einstaklingur heldur táknar hann alla sem eru andasmurðir. Þeir sem eru ekki smurðir heilögum anda þjóna Jehóva ásamt hinum andasmurðu. En þeir líta ekki á hina andasmurðu sem leiðtoga sína vegna þess að þeir skilja að Jesús er leiðtogi þeirra. – Matt. 23:10. *w20.01 26 gr. 1–2*

## Fimmtudagur 28. október

*„Allir munu vita að þið eruð læri-  
sveinar mínir ef þið berið kærleika  
hver til annars.“ – Jóh. 13:35.*

Jesús sagði að allir myndu geta séð hverjir væru sannir lærisveinar hans ef þeir sýndu sama kærleika og hann. Þannig var það á fyrstu öld og þannig er það enn þann dag í dag. Þess vegna er mjög mikilvægt að við sýnum hvert öðru kærleika, líka þegar reynir á. Spyrðu sjálfan þig: Hvað get ég lært af bræðrum og systurum sem hafa sýnt hvert öðru kærleika þótt það hafi verið erfitt? Ófullkomleikinn gerir okkur erfitt fyrir að elska hvert annað af öllu hjarta. En við verðum að reyna að líkja eftir Kristi. Jesús kenndi okkur mikilvægi þess að sættast við trússystemi sem hefur eitthvað á móti okkur. (Matt. 5:23, 24) Hann lagði áherslu á að við verðum að varðveita gott samband við aðra ef við viljum þóknast Guði. Það gleður Jehóva þegar við gerum okkar besta til að sættast við trússystemi okkar. Hann hefur ekki velþóknun á tilbeiðslu okkar ef við látum ekki af gremju í garð annarra og neitum jafnvel að vinna að friði. – 1. Jóh. 4:20. *w20.03* 24 gr. 1–4

## Föstudagur 29. október

*Við þekkjum í sundur sönn innblásin orð og fölsk. – 1. Jóh. 4:6.*

Satan er „faðir lyginna“ og hann hefur blekkt fólk frá upphafi mannkyns. (Jóh. 8:44) Sumar af lygum hans fela í sér falskenningar um dauðann og framhaldslíf. Þessar kenningar eru grunnurinn að mörgum algengum siðvenjum og alls konar hjátrú. Hvers vegna trúa svona margir lygum Satans? Hann notfærir sér það hvernig okkur er eðlislægt að hugsa um dauðann. Við vorum sköpuð til að lifa að eilífu og

þess vegna viljum við ekki deyja. (Préd. 3:11) Við lítum á dauðann sem óvin. (1. Kor. 15:26) Þrátt fyrir tilraunir Satans hefur sannleikanum um dauðann ekki verið haldið leyndum. Fleiri en nokkru sinni fyrir þekkja það sem Biblían kennir um eðli dauðans og vonina um að látnir fái líf á ný, og þeir segja öðrum frá því. (Préd. 9:5, 10; Post. 24:15) Þessi sannleikur huggar okkur og hlífir okkur við óþarfa ótta og óvissu. *w19.04* 14 gr. 1; 15 gr. 5–6

## Laugardagur 30. október

*„Berið hvert annars byrðar og  
uppfyllið þannig lög Krists.“  
– Gal. 6:2.*

Jehóva Guð elskar þjóna sína. Það hefur hann alltaf gert og mun alltaf gera. Hann hefur líka mætur á réttlæti. (Sálm. 33:5) Við megum því vera viss um tvennt: (1) Það særir Jehóva að sjá þjóna sína beitta órétti. (2) Hann mun sjá til þess að réttlætinu verði fullnægt á þeim sem fara illa með þjóna hans. Lögmálið sem Guð gaf Ísraelsþjóðinni fyrir milligöngu Móse var byggt á kærleika. Það stuðlaði að réttlæti fyrir alla, ekki síst þá sem minna máttu sín. (5. Mós. 10:18) Lögmálið sýnir hve innilega Jehóva lætur sér annt um þjóna sína. Móselögin féllu úr gildi þegar kristni söfnuðurinn var stofnsettur árið 33. Lögmálið var byggt á kærleika og stuðlaði að réttlæti. Myndu kristnir menn þá missa verndina sem lögmálið gaf? Alls ekki. Kristnir menn fengu nýtt lögmál. „Lög Krists“. Jesús skrifaði ekki niður lista af lögum fyrir fylgjendur sína en hann gaf þeim leiðbeiningar, boð og meginreglur til að fara eftir. „Lög Krists“ hafa að geyma allt sem Jesús kenndi. *w19.05* 2 gr. 1–3

## Sunnudagur 31. október

*Guð allrar huggunar huggar  
okkur í öllum prófraunum.*

- 2. Kor. 1:3, 4.

Menn hafa meðfædda þörf fyrir hughreystingu og þeir búa yfir einstökum hæfileika til að hughreysta aðra. Tökum dæmi: Þegar lítið barn dettur og hrufnar hnéð hleypur það gjarnan grátandi til mómmu eða pabba. Foreldrarnir geta ekki grætt sárið en þeir geta huggað barnið. Þau spyrja kannski hvað gerðist, þurrka burt tárin, segja eitthvað huggandi við barnið og setja jafnvel krem eða plástur á sárið. Fyrr en varir hættir barnið að gráta og heldur jafnvel áfram að leika sér. Og með tímanum grær sárið. En stundum verða börn fyrir mun alvarlegri skaða. Sum börn eru beitt kynferðisofbeldi. Það getur verið einstakt tilvik eða staðið yfir í mörg ár. Hvort heldur er getur ofbeldið skilið eftir djúp tilfinningasár. Stundum er ofbeldismaðurinn látinn sæta refsingu en í öðrum tilvikum virðist hann sleppa við afleiðingar gerða sinna. En jafnvel þó að réttlætinu sé fullnægt fljótt getur skaðinn sem hlýst af ofbeldinu varað langt fram á fullorðinsár. *w19.05 14 gr. 1-2*

## Mánudagur 1. nóvember

*„Lítið á aðra sem ykkur meiri.“*

- Fil. 2:3.

Margir sem eru álitnir vitrir gera gys að því sem Biblían segir um sjálfselsku. Þeir segja kannski að þeir sem meta aðra meira en sjálfa sig séu auðveld bráð fyrir þá sem vilja notfæra sér aðra. En hvað hefur sjálfselskan sem heimur Satans ýtir undir haft í för með sér? Er sjálfselskt fólk hamingjusamt? Á það hamingjuríkt fjölskyldulíf og sanna vini?

Á það náíð samband við Guð? Hvort skilar betri árangri að þínu mati – að fylgja visku þessa heims eða viskunni sem er að finna í Biblíunni? (1. Kor. 3:19) Að fylgja ráðum þeirra sem eru vitrir í augum heimsins er ekki ósvipað því að ferðamaður biðji annan rammvilltan ferðamann að vísa sér til vegar. Jesús sagði um „vitra“ menn sinnar samtíðar: „Þeir eru blindir leiðtogar. Ef blindur leiðir blindan falla báðir í gryfju.“ (Matt. 15:14) Já, viska heimsins er heimska í augum Guðs. *w19.05 24-25 gr. 14-16*

## Þriðjudagur 2. nóvember

*„Þeir safna saman hans útvöldu.“*

- Matt. 24:31.

Á síðustu árum hefur þeim fjölg að sem neyta brauðsins og vínsins á minningarhátiðinni. Þurfum við að hafa áhyggjur af því? Nei. „Jehóva þekkir þá sem tilheyra honum.“ (2. Tím. 2:19) Ólíkt Jehóva vita þeir sem sjá um að telja á minningarhátiðinni ekki hverjir eru í raun andasmurðir. Talan nær því einnig yfir þá sem halda að þeir séu andasmurðir en eru það ekki. Til dæmis hafa sumir byrjað að neyta brauðsins og vínsins en hætt því síðar. Aðrir eiga kannski við geðræn eða tilfinningaleg vandamál að stríða sem veldur því að þeir halda að þeir eigi að ríkja með Kristi á himnum. Það er augljóst að við vitum ekki nákvæmlega hve margir andasmurðir eru eftir á jörðinni. Andasmurt fólk mun búa víða um heim þegar Jesús kemur til að kalla það til himna. Biblían segir að á síðustu dögum verði enn einhverjir af hinum andasmurðu eftir á jörðinni. (Opinb. 12:17) En hún segir ekki hve margir þeirra verða eftir þegar þrengingin mikla hefst. *w20.01 29-30 gr. 11-13*

### Miðvikudagur 3. nóvember

*„Guð elskaði heiminn svo heitt að hann gaf einkason sinn.“*

– Jóh. 3:16.

Jesús lýsti því hve heitt Jehóva elskar börn sín með dæmisögunni um týnda soninn. (Lúk. 15:11-32) Faðirinn í dæmisögunni gaf aldrei upp vonina um að sonur hans myndi snúa aftur. Þegar sonurinn sneri aftur heim tók faðir hans fagnandi á móti honum. Ef við höfum villst frá Jehóva en iðrumst getum við verið viss um að kærleiksríkur faðir okkar er fús til að taka á móti okkur aftur. Faðir okkar á eftir að bæta allan skaðann sem Adam olli. Eftir uppreisn Adams ákvað Jehóva að ættleiða 144.000 einstaklinga frá jörðinni sem eiga að ríkja sem konungar og prestar á himni með syni hans. Í nýja heiminum hjálpa Jesús og þessir meðstjórnendur hans hlýðnum mönnum að verða fullkomnir. Guð veitir þeim eilíft líf eftir að þeir standast lokapróf í hlýðni. Faðir okkar nýtur þess þá að sjá jörðina fyllast fullkomnum sonum hans og dætrum. Það verður dásamlegur tími! *w20.02* 6–7 gr. 17–19

### Fimmtudagur 4. nóvember

*„Þið ættuð að halda áfram að endurnýja hugsunarhátt ykkar.“*

– Ef. 4:23.

Við þurfum öll að spyrja okkur: Eru breytingarnar sem ég geri bara yfirborðslegar eða er ég kristinn í huga og hjarta? Það er heilmikill munur á þessu tvennu. Í Matteusi 12:43–45 gaf Jesús til kynna hvað þyrfti að gera. Orð hans benda á mikilvægan sannleika: Það er ekki nóg að losa sig við rangar hugsanir. Við þurfum líka að fylla í tómarúmið með hugsunum sem eru Guði að skapi. Er hægt að breyta sínum

innra manni eða því hver við erum í eðli okkar? Orð Guðs svarar því. Þar segir að maður eigi að „íklæðast hinum nýja manni sem er skapaður samkvæmt vilja Guðs og byggist á sönnu réttlæti og hollustu.“ (Ef. 4:24). Það er því hægt að breyta sínum innra manni en það er ekki auðvelt. Ekki er nóg að bæla niður rangar langanir og hætta að gera það sem er rangt. Við þurfum að ‚endurnýja hugsunarhátt okkar‘, það er að segja breyta hugsunarhætti okkar, löngunum, tilhneigingum og hvötum. Það kostar stöðuga viðleitni. *w19.06* 9–10 gr. 6–7

### Föstudagur 5. nóvember

*„Við munum tortíma þessum stað“*  
– 1. Mós. 19:13.

Jehóva sýndi Lot samúð og sendi engla til að bjarga honum og fjölskyldu hans. En hann „fór hægt að öllu“. Englarnir þyrftu að taka í hönd Lots til að hjálpa honum og fjölskyldunni að flýja út úr borginni. (1. Mós. 19:15, 16) Síðan sögðu englarnir honum að hlaupa upp í fjöllin. En í stað þess að hlýða Jehóva bað Lot um að fá að flýja í nálægt þorp. (1. Mós. 19:17–20) Jehóva hlustaði þolinmóður á Lot og leyfði honum að fara þangað. Seinna varð Lot hræddur við að búa í þorpinu og fluttist upp í fjöllin – einmitt þangað sem Jehóva hafði sagt honum að fara til að byrja með. (1. Mós. 19:30) Hvílik þolinmæði sem Jehóva sýndi Lot! Líkt og Lot gæti einhver í söfnuðinum tekið slæmar ákvarðanir og valdið sér miklum erfiðleikum. Hvernig myndum við bregðast við ef það gerðist? Það gæti verið freistandi að benda honum á að hann hafi uppskorið eins og hann sáði, sem væri alveg rétt. (Gal. 6:7) En við getum gert betur en það. Við getum líkt eftir því hvernig Jehóva hjálpaði Lot. *w19.06* 20–21 gr. 3–5

## Laugardagur 6. nóvember

„Jehóva hjálpar mér, ég óttast ekki neitt.“ – Hebr. 13:6.

Óvinir okkar banna tilbeiðsluna á Jehóva til að hræða okkur svo að við hættum að þjóna honum. Auk þess að banna starfsemi okkar gætu þeir dreift lygasögum, sent embættismenn til að gera leit á heimilum okkar, dregið okkur fyrir rétt eða jafnvel fangelsað einhver okkar. Þeir vonast til að skelfa okkur með því að setja nokkur okkar í fangelsi. Ef við leyfum þeim að gera okkur óttaslegin gætum við jafnvel farið að „banna“ okkar eigin tilbeiðslu. Við viljum ekki verða eins og þeir sem lýst er í 3. Mósebók 26:36, 37. Við leyfum ekki ótta að hægja á eða stöðva þjónustu okkar við Jehóva. Við treystum algerlega á Jehóva og leggjum ekki á flótta í hræðslu. (Jes. 28:16) Við leitum leiðsagnar Jehóva í bæn. Við vitum að Jehóva hjálpar okkur og þess vegna tekst ekki einu sinni áhrifamestu ríkisstjórnnum manna að koma í veg fyrir að við tilbiðjum Guð okkar í trúfesti. Ofsóknir geta verið okkur hvatning til að þjóna Jehóva enn betur frekar en að draga úr okkur kjark. *19.07* 9–10 gr. 6–7

## Sunnudagur 7. nóvember

Boðið orðið. – 2. Tím. 4:2.

Þótt þér finnst þú ekki sjá mikinn árangur af starfi þínu skaltu ekki gefast upp á að leita að áhugasömum. Mundu að Jesús líkti boðuninni við fiskveiðar. Fiskimenn eru stundum að í marga klukkutíma áður en þeir fá fisk. Þeir halda oft til veiða seint á kvöldin eða snemma morguns og stundum þurfa þeir að sigla langar leiðir á miðin. (Lúk. 5:5) Margir boða líka trúna með þolinmæði klukkustundum saman á mismunandi tímum og ýmsum stöðum. Hvers vegna? Til að auka líkurnar á

að hitta fólk. Þeim sem leggja hart að sér tekst oft að hitta fólk sem hefur áhuga á boðskap okkar. Geturðu reynt að boða trúna á þeim tíma dags sem líklegast er að fólk sé heima eða á stað þar sem líklegast er að fólk sé að finna? Hvers vegna þurfum við að vera þolinmód þegar við erum með biblíunemendur? Ein ástæðan er sú að biblíunemendur þurfa meira en að kynnast Biblíunni og læra að meta það sem hún kennir. Við þurfum að hjálpa nemandanum að kynnast Jehóva, höfundi Biblíunnar, og læra að elska hann. *19.07* 18–19 gr. 14–15

## Mánudagur 8. nóvember

„Ég gleymi því sem er að baki.“  
– Fil. 3:13.

Sum okkar gætu þurft að sigrast á sektarkennd vegna fyrri synda. Ef það á við um þig, hvernig væri þá að skoða vandlega lausnarfórn Krists í sjálfsnámi þínu? Ef við tökum þetta uppbyggjandi efni fyrir í sjálfsnámi okkar, hugleiðum það og gerum það að bænarefni gæti það hjálpað okkur að draga úr óþarfri sektarkennd. Við gætum jafnvel hætt að refsa sjálfum okkur fyrir syndir sem Jehóva hefur fyrirgefið. Hugsum um annað sem við getum lært af Páli. Sumir hafa sagt skilið við eftirsóttu vinnu til að geta gert meira í þjónustunni við Jehóva. Á það við um þig? Geturðu þá gleymt því sem er að baki með því að sjá ekki eftir efnislegum gæðum sem þú hefur sagt skilið við? (4. Mós. 11:4–6; Préd. 7:10) „Það sem er að baki“ gæti jafnvel verið eitthvað sem við höfum gert í þjónustu Jehóva eða raunir sem við höfum gengið í gegnum. Auðvitað getur það styrkt sambandið við Jehóva að hugsa til þess hvernig hann hefur blessað okkur og stutt á liðnum árum. En við viljum aldrei vera það ánægð með sjálf okkur að við hugs-um sem svo að verki okkar sé lokið. – 1. Kor. 15:58. *19.08* 3 gr. 5–6



## **Þriðjudagur 9. nóvember**

*„Biðjið stöðugt.“ – 1. Þess. 5:17.*

Við getum beðið til Guðs hvar og hvenær sem er. Hann er aldrei of upptekinn til að hlusta á okkur og veitir bænum okkar alltaf athygli sína. Við löðumst að Jehóva þegar við skiljum að hann hlustar á bænir okkar. Sálmaritarinn sagði: „Ég elska Drottin af því að hann heyrir grátbeiðni mína.“ (Sálm. 116:1) Faðir okkar hlustar ekki bara á bænir okkar heldur svarar hann þeim einnig. Jóhannes postuli fullvissar okkur um að Guð „heyrir okkur, hvað sem við biðjum um samkvæmt vilja hans“. (1. Jóh. 5:14, 15) Auðvitað svarar Jehóva bænum okkar ekki alltaf á þann hátt sem við búumst við. Hann veit hvað er okkur fyrir bestu og þess vegna svarar hann stundum neitandi eða vill að við biðum. (2. Kor. 12:7-9) Jehóva sér okkur fyrir nauðsynjum. Hann gerir það sem hann ætlast til af öllum feðrum. (1. Tím. 5:8) Hann sér börnum sínum fyrir efnislegum nauðsynjum. Hann vill ekki að við höfum áhyggjur af mat, fatnaði eða húsaskjóli. (Matt. 6:32, 33; 7:11) Vegna þess að Jehóva er kærleiksríkur faðir hefur hann einnig gert ráðstafanir til að sjá okkur fyrir öllu sem við þurfum í framtíðinni. *w20.02* 5 gr. 10-12

## **Miðvikudagur 10. nóvember**

*„Það verður ein hjörð og einn hirðir.“ – Jóh. 10:16.*

Þeir sem hafa von um að lifa á himni eru ekki allir hluti af „trúa og skynsama þjónum“. (Matt. 24:45-47) Rétt eins og á fyrstu öld hafa Jehóva og Jesús falið fáeinum bræðrum að kenna fjöldanum nú á dögum. Aðeins fáeinir andasmurðir kristnir menn á fyrstu öld fengu það verkefni að skrifa Grísku ritning-

arnar. Nú á dögum er aðeins fáeinum andasmurðum kristnum mönnum falin sú ábyrgð að gefa þjónum Guðs „mat á réttum tíma“. Jehóva hefur ákveðið að gefa langflestum þjónum sínum von um eilíft líf á jörð en þeim fáu sem eiga að ríkja með Kristi von um líf á himni. Jehóva umbunar öllum þjónum sínum – bæði Gyðingnum og mönnum um tíu – og hann ætlast til að þeir séu trúfastir og hlýði sömu lögum. (Sak. 8:23) Allir verða að sýna auðmýkt. Allir verða að þjóna honum í einingu. Allir verða að stuðla að friði í söfnuðinum. Endirinn færast nær og við skulum öll halda áfram að þjóna Jehóva og fylgja Kristi sem „ein hjörð“. *w20.01* 31 gr. 15-16

## **Fimmtudagur 11. nóvember**

*Þeir sem hlýða ekki orðinu geta unnist orðalaust þegar þeir sjá hreint lífernir ykkar og djúpa virðingu. – 1. Pét. 3:1, 2.*

Við getum ekki neytt ættingja okkar til að taka við fagnaðararindinu. En við getum hvatt þá til að hugsa um boðskap Biblíunnar og bregðast við honum. (2. Tím. 3:14, 15) Láttu verkin tala. Ættingjar okkar taka oft betur eftir því sem við gerum en því sem við segjum. Haltu áfram að reyna að hjálpa ættingjum þínum. Jehóva er okkur góð fyrirmynd. „Hvað eftir annað“ gefur hann fólki tækifæri til að taka við fagnaðararindinu og hljóta eilíft líf. (Jer. 44:4) Og Páll postuli hvatti Tímóteus til að halda ótrauður áfram að hjálpa öðrum. Hvers vegna? Vegna þess að þannig myndi hann bjarga sjálfum sér og þeim sem hlustuðu á hann. (1. Tím. 4:16) Við elskum ættingja okkar og viljum að þeir kynnist sannleikanum í orði Guðs. *w19.08* 14 gr. 2; 16-17 gr. 8-9

## Föstudagur 12. nóvember

*„Betri eru átölur í hreinskilni en ást sem leynt er.“*

– Orðskv. 27:5.

Það er gott að muna að þegar einhver gefur sér tíma til að leiðrétta okkur höfum við líklega farið lengra út af sporinu en við áttum okkur á. Fyrstu viðbrögð okkar gætu verið að hafna leiðréttingunni. Við gætum gagnrýnt þann sem leiðrétti okkur eða hvernig hann gerði það. En ef við erum auðmjúk reynum við að bregðast rétt við. Sá sem er auðmjúk kann að meta leiðréttingu. Lýsum þessu með dæmi. Þú ert á samkomu og hefur spjallað við nokkur trússystkini. Síðan tekur einn bróðir þig afsíðis og bendir þér á að þú hafir eitthvað á milli tannanna. Þú ferð líklega hjá þér. En væriðu ekki líka þakklátur fyrir að hann skyldi láta þig vita? Þú hefur eflaust viljað að einhver hefði sagt þér það fyrr. Sömuleiðis ættum við að vera auðmjúk og þakklát ef trússystkini okkar tekur í sig kjark til að leiðrétta okkur þegar við þurfum á því að halda. Við lítum á þetta trússystkini sem vin okkar, ekki óvin. – Orðskv. 27:6; Gal. 4:16. *w19.09* 5 gr. 11–12

## Laugardagur 13. nóvember

*„Varðveittu, sonur minn, fyrir-mæli föður þíns og hafnaðu ekki viðvörun móður þinnar.“*

– Orðskv. 6:20.

Jehóva hefur falið mæðrum mikilvægt hlutverk innan fjölskyldunnar og gefið þeim visst vald yfir börnunum. Og mæður geta haft djúpstæð og varanleg áhrif á börn sín. (Orðskv. 22:6) Skoðum hvað mæður geta lært af Maríu móður Jesú. Maríu þekkti ritningarnar vel. Hún bar

djúpa virðingu fyrir Jehóva og hafði myndað sterkt og náði vináttusamband við hann. Hún var fús til að lúta leiðsögn Jehóva þó að líf hennar gerbreyttist við það. (Lúk. 1:35–38, 46–55) Mæður, þið getið líkt eftir Maríu á margan hátt. Hvernig? Í fyrsta lagi með því að viðhalda vináttusambandi ykkar við Jehóva með einkabænum og sjálfsnámi. Í öðru lagi með því að vera fúsar til að gera breytingar í lífinu til að þóknast Jehóva. *w19.09* 18 gr. 17–19

## Sunnudagur 14. nóvember

*„Eftir þetta sá ég mikinn múg.“*

– Opínb. 7:9.

Jóhannes postuli fær spennandi spádómlega sýn. Í sýninni eru englar beðnir um að halda aftur af eyðingarvindum þrengingarinnar miklu þangað til hópur þjóna Guðs hefur fengið lokainnsiglið. (Opínb. 7:1–3) Hópurinn samanstendur af 144.000 sem eiga eftir að ríkja með Jesú á himni. (Lúk. 12:32; Opínb. 7:4) Síðan nefnir Jóhannes annan hóp sem er svo stór að hann hrópar upp yfir sig: „Sjá!“ Það sem hann sá hefur líklega komið honum á óvart. Hann sá „mikinn múg, sem enginn gat tölu á komið, af öllum þjóðum og kynkvíslum, lýðum og tungum, standa frammi fyrir hásætinu og frammi fyrir lambinu“. (Opínb. 7:9–14) Ímyndaðu þér hversu glaður Jóhannes hefur verið að sjá fjöldann allan af fólki tilbiðja Guð á réttan hátt í framtíðinni. Sýnin hefur án efa styrkt trú Jóhannesar. Og hún getur styrkt trú okkar enn meir þar sem við lifum á þeim tíma sem sýnin rætist. Milljónir manna hafa tekið upp sanna tilbeiðslu á Jehóva og eiga þá von að lifa af þrenginguna miklu og búa að eilífu á jörðinni. *w19.09* 26 gr. 2–3

## Mánudagur 15. nóvember

*Skyndilega kemur tortíming yfir þá og þeir komast alls ekki undan.*

– 1. Þess. 5:3.

Ímyndaðu þér að þjóðarleiðtogar heimsins hafi rétt lokið við að lýsa yfir ‚friði og öryggi‘, alveg eins og við höfum beðið eftir. Þeir full-yrða ef til vill stoltir að heimurinn hafi aldrei verið jafn öruggur. Þeir vilja telja okkur trú um að þeir hafi fulla stjórn á ástandinu í heiminum. En þeir hafa alls enga stjórn á því sem gerist í kjölfarið. ‚Babylon hinni miklu‘ verður tortímt! (Opinb. 17:5, 15–18) „Guð [leggur] þeim í brjóst að gera það sem hann hefur áformað“. Hver eru þessi áform? Að eyða heimsveldi falstrúarbragðanna, þar á meðal kristna heiminum. Guð mun leggja ‚hornunum tíu‘ á ‚skarlatsrauða villidýrinu‘ í brjóst að gera vilja sinn. Hornin tíu tákna stjórn málaöflin sem styðja ‚villidýrið‘ – Sameinuðu þjóðirnar. (Opinb. 17:3, 11–13; 18:8) Þrengingin mikla hefst þegar þessi stjórn málaöfl snúa sér gegn falstrúarbrögðunum. Sú mikla ógæfa mun snerta allt mannkyn. *w19.10* 14 gr. 1, 3

## Þriðjudagur 16. nóvember

*„Díótrefes, sem vill vera fremstur meðal ykkar, virðir ekki neitt sem við segjum.“ – 3. Jóh. 9.*

Díótrefes, sem var uppi á fyrstu öld, öfundaði þá sem fóru með forystuna í söfnuðinum. Hann villi „vera fremstur“ meðal bræðranna og fór því að tala illa um Jóhannes postula og aðra bræður í ábyrgðastöðu til að koma óorði á þá. (3. Jóh. 10) Við göngum kannski ekki eins langt og Díótrefes en við gætum farið að öfunda einhvern í söfnuðinum vegna þess að hann fær verk-

efni sem við höfðum vonast til að fá – sérstaklega ef okkur finnst við vera jafn hæf og hann til að sinna þessari ábyrgð. Öfund er eins og eitrað illgresi. Ef fræ öfundar nær að festa rætur í hjarta okkar getur verið erfitt að eyða því. Öfund nærast á öðrum neikvæðum tilfinningum eins og óviðeigandi afbrýðisemi, hroka og eisingirni. Og hún getur komið í veg fyrir að við náum að þroska með okkur góða eiginleika eins og kærleika, samúð og góðvild. Við þurfum að uppræta öfund úr hjarta okkar um leið og hún gerir vart við sig. *w20.02* 15 gr. 6–7

## Miðvikudagur 17. nóvember

*Mér hefur verið gefinn þyrnir í holdið. – 2. Kor. 12:7.*

Páll postuli sagði að hann þyrfti að takast á við vissa prófraun. Hann kallaði prófraunina ‚engil Satans‘ og sagði að hann ‚slægi‘ sig stöðugt. Satan og illir englar hans voru ekki endilega valdir að erfiðleikum Páls sem voru honum eins og þyrnir í holdinu. En þegar þessir illu andar tóku eftir ‚þyrninum‘ má vera að þeir hafi reynt að ýta honum lengra inn ef svo má að orði komast til að Páll fyndi meira til. Hvað gerði Páll? Páll vildi fyrst að Jehóva losaði sig við ‚þyrninn‘. Hann viðurkennir: „Þrisvar hef ég beðið [Jehóva] um að fá að losna við hann.“ En þrátt fyrir bænir Páls hvarf þyrnirinn ekki. Þýðir það að Jehóva bænheyrði ekki Pál? Alls ekki. Hann bænheyrði hann en ekki með því að fjarlægja vandamálið. Þess í stað gaf Jehóva Páli kraft til að takast á við erfiðleikana. Jehóva sagði: „Kraftur minn fullkomnast í veikleika.“ (2. Kor. 12:8, 9) Og með hjálp Guðs gat Páll varðveitt gleðina og innri frið. – Fil. 4:4–7. *w19.11* 9 gr. 4–5

## Fimmtudagur 18. nóvember

„*Jehóva er Guð sem krefst óskipt-  
ar hollustu.*“ – Nah. 1:2, NW.

Jehóva á skilið að við sýnum honum óskipta hollustu því að hann er skaparinn og gaf okkur lífið. (Opinb. 4:11) En okkur er ákveðin hætta búin. Þó að við elskum Jehóva og virðum hann gæti ýmislegt hindrað okkur í að sýna honum óskipta hollustu, eins og hann á skilið. Í Biblíunni gefur hollusta við Jehóva til kynna að við elskum hann heitt. Ef við sýnum Jehóva óskipta hollustu tilbiðjum við hann einan og leyfum engu öðru að taka það sæti sem hann á í hjarta okkar. (2. Mós. 34:14) Við sýnum Jehóva ekki hollustu í blindni. Hollustan byggist á því sem við vitum um hann. Við höfum lært að meta góða og fagra eiginleika hans. Við vitum hvað honum líkar og hvað honum mislíkar og erum sama sinnis. Við vitum hvaða fyrirætlun hann hefur með mannkynið og styðjum hana. Við teljum það heiður að hann skuli leyfa okkur að vera vinir sínir. (Sálm. 25:14) Allt sem við lærum um skaparann nálægir okkur honum. – Jak. 4:8. *w19.10* 26 gr. 1–3

## Föstudagur 19. nóvember

„*Vinur lætur aldrei af vináttu sinni, í andstreymi reynist hann sem bróðir.*“ – Orðskv. 17:17.

Bræður okkar og systur ganga í gegnum ýmiss konar erfiðleika. Margir þjást til dæmis í kjölfar náttúruhamfara eða hörmunga af völdum manna. Við slíkar aðstæður eru sumir í aðstöðu til að opna heimili sitt fyrir þeim. Aðrir geta veitt fjárhagslegan stuðning. En öll getum við bedið Jehóva að hjálpa bræðrum okkar og systur. Ef við komumst að því að bróðir okkar eða systir er niðurdregin vitum við kannski

ekki hvað við eigum að segja eða gera. En allir geta lagt eitthvað af mörkum. Við getum til dæmis gefið okkur tíma til að vera með trússystemi okkar. Við getum hlustað og reynt að sýna skilning þegar það talar. Og við getum sagt því frá hughreystandi biblíuversni sem er í uppáhaldi hjá okkur. (Jes. 50:4) Það sem mestu máli skiptir er að þú sért til staðar fyrir vini þína þegar þeir þurfa á þér að halda. Það er mikilvægt að mynda sterk vináttubönd við bræður okkar og systur núna og rækta vináttuna við þau. Þau vináttubönd vara ekki aðeins meðan þessi heimskipan stendur heldur um alla eilífð!  
*w19.11* 7 gr. 18–19

## Laugardagur 20. nóvember

„*Þetta eru lögin um heillaförn sem Drottni er færð.*“ – 3. Mós. 7:11.

Um er að ræða sjálfviljaförn sem einstaklingur færði vegna þess að hann elskaði Jehóva Guð. Sá sem færði fórnina, fjölskylda hans og prestarnir borðuðu kjötið af dýrinu. En ákveðnir hlutar af dýrafórninni voru bornir fram aðeins fyrir Jehóva. Hvaða hlutar voru það? Jehóva leit á mörinn sem það besta af dýrinu. Hann tók líka fram að mikilvæg líffæri, þar á meðal nýrun, hefðu sérstakt gildi. (3. Mós. 3:6, 12, 14–16) Jehóva var því sérstaklega ánægður þegar Ísraelsmaður færði honum fúslega mikilvæg líffæri og mörinn að fórn. Ísraelsmaður sem færði slíka fórn sýndi að hann hafði einlæga löngun til að gefa Jehóva það besta. Jesús gaf Jehóva einnig það besta með því að þjóna honum af heilum hug vegna þess að hann elskaði hann. (Jóh. 14:31) Jesús hafði yndi af að gera vilja Guðs. (Sálm. 40:9) Það hlýtur að hafa glatt Jehóva mikið að sjá hversu fús Jesús var að þjóna honum. *w19.11* 22–23 gr. 9–10

## Sunnudagur 21. nóvember

*„Sjöundi dagurinn er algjör hvíldardagur, helgaður Drottni.“*  
– 2. Mós. 31:15.

Biblían segir að Guð hafi tekið sér hlé eftir sex „daga“ sköpun á jörðinni. (1. Mós. 2:2) Jehóva nýtur þess samt að vinna og „vinnur enn“ við önnur verk. (Jóh. 5:17) Ráðstöfunin um vikulega hvíldardaginn líkist hvíldardegi Jehóva sem er lýst í fyrstu Mósebók. Guð sagði að hvíldardagurinn væri tákn milli sín og Ísraels. (2. Mós. 31:12–14) Bannið við vinnu náði til allra, þar á meðal barna, þræla og jafnvel húsdýra. (2. Mós. 20:10) Það gaf fólki tækifæri til að hugsa um andleg mál. Á dögum Jesú voru margir trúarleiðtogar öfgafullir og settu strangar reglur um hvernig ætti að halda hvíldardaginn. Þeir fullyrtu að það væri jafnvel bannað að tína fáein kornöx eða lækna veikan mann. (Mark. 2:23–27; 3:2–5) Slíkt viðhorf endurspeglaði ekki hugsun Guðs og Jesús upplýsti alla um það sem vildu hlusta. *w19.12* 3–4 gr. 8–9

## Mánudagur 22. nóvember

*Líkið eftir Guði sem elskuð börn hans.* – Ef. 5:1.

Því meira sem við lærum um eiginleika Jehóva því auðveldara eigum við með að líkja eftir honum. Davíð kynntist himneskum föður sínum vel og gat því líkt eftir honum í samskiptum við aðra. Davíð varð einn af ástsælustu konungum Ísraels vegna þess að samband hans við Jehóva var svo sterkt og Jehóva benti á hann sem fordæmi fyrir aðra Ísraelskonunga. (1. Kon. 15:11; 2. Kon. 14:1–3) Hvað lærum við af þessu? Við verðum að „líkja eftir

Guði“. Þegar við líkjum eftir eiginleikum Guðs sýnum við einnig að við erum börn hans. (Ef. 4:24) Við hættum aldrei að læra um Jehóva. (Préd. 3:11) Það sem er mikilvægast er ekki hversu mikið við vitum um hann heldur hvernig við notum það sem við vitum. Ef við förum eftir því sem við lærum og reynum að líkja eftir kærleiksrikum föður okkar heldur hann áfram að nálgast okkur. (Jak. 4:8) Í orði sínu fullvissar hann okkur um að hann yfirgefur aldrei þá sem leita hans. *w19.12* 20 gr. 20; 21 gr. 21, 23

## Þriðjudagur 23. nóvember

*„Svikult er hjartað framar öllu öðru.“* – Jer. 17:9.

Jakob elskaði alla syni sína en hann hafði sérstakt dálæti á Jósef sem var 17 ára. Hvernig tóku bræður Jósefs því? Þeir fóru að öfunda hann og urðu þar af leiðandi bitrir. Þeir seldu hann því í þrælkun, lugu að föður sínum og sögðu að villidýr hefði drepið uppáhaldsson hans. Öfund varð til þess að þeir spilltu friði fjölskyldunnar og öllu föður sínum mikilli hjartasorg. (1. Mós. 37:3, 4, 27–34) Öfund er talin upp meðal „verka holdsins“ sem geta komið í veg fyrir að maður erfi ríki Guðs og leiða því til dauða. (Gal. 5:19–21) Öfund er oft rótin að beiskju sem veldur fjandskap, deilum, reiðiköstum og öðru slíku. Frásagan af bræðrum Jósefs sýnir hvernig öfund getur skaðað samband fólks og raskað friðinum innan fjölskyldunnar. Þó að við myndum aldrei gera það sem bræður Jósefs gerðu erum við öll með ófullkomið og spillt hjarta. Það ætti því ekki að koma okkur á óvart ef við finnum stundum til öfundar. *w20.02* 14 gr. 1–3

## Miðvikudagur 24. nóvember

*Verið auðmjúk og lítið á aðra sem ykkur meiri. – Fil. 2:3.*

Eitt sinn tók Jehóva hluta af anda sínum sem var yfir Móse og gaf hópi öldunga sem stóð nálægt samfundatjaldinu. Stuttu síðar frétti Móse að tveir öldungar sem höfðu ekki verið með við samfundatjaldið hefðu einnig fengið heilagan anda og hegðuðu sér nú eins og spámenn. Hvernig brást hann við þegar Jósúa bað hann að koma í veg fyrir það? Móse öfundaði ekki mennina tvo vegna athyglinnar sem þeir fengu frá Jehóva. Hann var öllu heldur auðmjúkur og samgladdist þeim fyrir það sem þeir gátu nú gert. (4. Mós. 11:24–29) Hvað getum við lært af Móse? Ertu öldungur? Þá gætirðu einhvern tíma hafa verið beðinn um að kenna öðrum að sinna verkefni í söfnuðinum sem þú ert með og metur mjög mikils. Ef þú ert auðmjúkur eins og Móse finnst þér ekki stafa nein ógn af því ef þú ert beðinn að þjálfanna annan bróður svo að hann geti með tímanum sinnt þessu verkefni. Í staðinn ertu ánægður með að fá að hjálpa bróður þínum. *w20.02* 15 gr. 9; 17 gr. 10–11

## Fimmtudagur 25. nóvember

*„Hugsýki íþyngir hjartanu, eitt vingjarnlegt orð gleður það.“ – Orðskv. 12:25.*

Veikindi geta haft áhrif á tilfinningarnar. Okkur finnst kannski óþægilegt þegar aðrir sjá að eitthvað er að eða að þurfa að reiða okkur á aðstoð annarra. Og við getum jafnvel skammast okkar fyrir það hve lítið við getum gert þótt aðrir viti ekki af veikindum okkar. En þá uppörvar Jehóva okkur. Hvernig gerir hann það? Biblían hefur að geyma vingjarnleg orð frá Jehóva sem minna okkur á hve mikils virði við erum í

augum hans þrátt fyrir veikindin. (Sálm. 31:20; 41:4) Ef við lesum þessi innblásnu orð hjálpar Jehóva okkur að takast á við neikvæðar tilfinningar vegna veikindanna. Þú mátt vera viss um að Jehóva veit hvað þú ert að ganga í gegnum. Biddu hann innilega að hjálpa þér að sjá aðstæður þínar í réttu ljósi. Leitaðu síðan að hvetjandi orðum sem Jehóva lét skrá í Biblíuna þér til gagns. Einbeittu þér að versum sem sýna hve mikils virði þjónar Jehóva eru honum. Þá skynjarðu að Jehóva er góður við alla sem þjóna honum í trúfesti. – Sálm. 84:12. *w20.01* 15–16 gr. 9–10; 17 gr. 12

## Föstudagur 26. nóvember

*„Líktu ekki eftir því sem er illt heldur því sem er gott.“ – 3. Jóh. 11.*

Ísak var auðugur maður og Filistear öfunduðu hann fyrir velgengni hans. (1. Mós. 26:12–14) Þeir fylltu jafnvel upp í brunnana sem Ísak notaði til að brynna hjörðum sínum og búfé. (1. Mós. 26:15, 16, 27) Sumir nú á dögum fara að öfunda þá sem eiga meira efnislega en þeir sjálfir, rétt eins og Filistearnir. Þeir vilja eignast þá hluti sem aðrir eiga en á sama tíma myndu þeir heldur vilja sjá að þeir ættu þá ekki. Trúarleiðtogar Gyðinga öfunduðu Jesú af því að fólk almennt líkaði mjög vel við hann. (Matt. 7:28, 29) Jesús var fulltrúi Guðs og hann kenndi sannleikann. Samt báru þessir trúarleiðtogar út lygar um Jesú og rægðu hann til að sverta mannorð hans. (Mark. 15:10; Jóh. 11:47, 48; 12:12, 13, 19) Hvaða viðvörðun er fólgin í þessari frásögu? Við verðum að berjast gegn þeirri tilhneigingu að öfunda þá sem aðrir í söfnuðinum laðast að vegna eiginleika þeirra. Við ættum öllu heldur að reyna að líkja eftir kærleika þeirra. – 1. Kor. 11:1. *w20.02* 15 gr. 4–5

## Laugardagur 27. nóvember

„Hans bíður dauðarefsing.“

– Est. 4:11.

Ímyndaðu þér að þú búir í Persíu fyrir um 2.500 árum og viljir tala við konunginn. Þér myndi ekki einu sinni detta í hug að tala við konunginn án þess að vera búinn að fá leyfi hans. Ef þú gerðir það gæti það kostað þig lífið. Við erum innilega þakklát fyrir að Jehóva skuli ekki vera eins og þessi Persakonungur. Hann býður okkur að leita til sín hvenær sem er. Hann vill að okkur finnist við alltaf geta talað við hann. Þó að Jehóva beri háleita titla eins og „mikill skapari“, „almáttugur“ og „alvaldur Drottinn“ býður hann okkur að ávarpa sig „faðir“. (Matt. 6:9) Það gleður okkur mjög að Jehóva skuli vilja að við eigum svo hlýlegt og náð samband við sig. Við getum réttilega kallað Jehóva föður vegna þess að hann er uppspretta lífs okkar. (Sálm. 36:10) Og af því að hann er faðir okkar ber okkur að hlýða honum. Þegar við gerum það sem hann biður okkur um hljótum við ríkulega blessun. (Hebr. 12:9) Hún felur meðal annars í sér eilíft líf, hvort heldur á himni eða jörð. *w20.02* 2 gr. 1–3

## Sunnudagur 28. nóvember

*Gerið fólk að lærisveinum.*

– Matt. 28:19.

Markmið okkar er að hjálpa biblíunemandanum að þroskast í trúnni. (Ef. 4:13) Þegar einhver þiggur biblíunámskeið hefur hann kannski mestan áhuga á hvað hann fær sjálfur út úr því. En þegar hann fer að elska Jehóva fer hann líklega að hugsa um hvernig hann getur hjálpað öðrum, meðal annars þeim sem eru nú þegar í söfnuðinum. (Matt. 22:37–39) Þegar þér finnst það tímabært skaltu ekki vera feiminn við að nefna að hægt sé að styðja starfsemi safnaðarins með fjárframlögum. Kenndu biblíunem-

andanum að takast á við vandamál. Segjum sem svo að nemandi þinn sé óskírður boðberi og segi þér að einhver í söfnuðinum hafi sært hann. Í stað þess að taka afstöðu í málinu gætirðu sýnt honum hvað Biblían hvetur okkur til að gera. Hann getur valið að fyrirgefa. En ef hann getur ekki látið kyrrt liggja ætti hann að ræða málið á mildilegum nótum við bróðurinn eða systurina. Markmiðið ætti að vera að „endurheima bróðurinn“. (Samanber Matteus 18:15.) Hjálpaðu nemandanum að búa sig undir samtalið. *w20.01* 5–6 gr. 14–15

## Mánudagur 29. nóvember

*Þá játaði ég synd mína fyrir þér og duldi ekki sekt mína. Og þú afmáðir syndasekt mína. – Sálm. 32:5.*

Við sýnum að við kunnum að meta að Jehóva skuli fyrirgefa okkur þegar við biðjum hann um fyrirgefningu, þiggjum aga og leggjum hart að okkur til að endurtaka ekki sömu mistök. Þegar við gerum það endurheimtum við okkar innri frið. Það er mjög uppörvandi að vita að Jehóva er „nálægur þeim sem hafa sundurmarið hjarta, hann hjálpar þeim sem hafa sundurkraminn anda“. (Sálm. 34:19) Eftir því sem endirinn færirst nær munum við líklega hafa enn fleiri ástæður til að hafa áhyggjur. Leitaðu til Jehóva um leið og áhyggjur skjóta upp kollinum. Vertu iðinn við sjálfsnám. Lærðu af Hönnu, Páli postula og Davíð konungi. Biddu himneskan föður þinn að hjálpa þér að koma auga á orsökina fyrir áhyggjum þínum. (Sálm. 139:23) Leyfðu honum að bera byrðar þínar, sérstaklega þær sem þú hefur litla eða enga stjórn á. Þegar þú gerir það geturðu tekið undir með sálmaskáldinu sem söng til Jehóva: „Þegar áhyggjur þjaka mig hressir huggun þín sál mína.“ – Sálm. 94:19. *w20.02* 24 gr. 17; 25 gr. 20–21

## **Þriðjudagur 30. nóvember**

*„Öll Ritningin er innblásin af Guði.“ – 2. Tím. 3:16.*

Guð notaði anda sinn til að „blása“ hugsunum sínum í huga biblíuritara. Þegar við lesum Biblíuna og hugleiðum það sem við lesum ná leiðbeiningar Guðs til huga okkar og hjarta. Þessar innblásnu hugsanir hafa þau áhrif á okkur að við breytum lífi okkar í samræmi við vilja Guðs. (Hebr. 4:12) En til að hafa sem mest gagn af hjálp heilags anda þurfum við að taka okkur tíma til að lesa Biblíuna reglulega og hugleiða vandlega það sem við lesum. Þá hefur orð Guðs áhrif á allt sem við segjum og gerum. Við þurfum líka að tilbiðja Guð saman. (Sálm. 22:23) Andi Jehóva er til staðar á samkomum okkar. (Opinb. 2:29) Þegar við erum á samkomum með trússysteminum okkar biðjum við um heilagan anda, syngjum ríkissöngva byggða á orði Guðs og hlustum á bræður sem hafa verið útnefndir af heilögum anda og byggja kennslu sína á Biblíunni. En til að hafa sem mest gagn af hjálp heilags anda þurfum við að koma undirbúin svo að við getum tekið þátt í samkomunum. *19.11* 11 gr. 13–14

## **Miðvikudagur 1. desember**

*„Að þegja hefur sinn tíma.“ – Préd. 3:7.*

Við getum valdið skaða ef við höfum ekki taumhald á tali okkar. Ef þú hittir til dæmis einhvern sem býr í landi þar sem starf okkar er bannað, freistastu þá til að spyrja hann út í hvernig starfseminni sé hátt að í landinu? Þú ætlar þér auðvitað ekki að valda neinum skaða með því að spyrja. Við elskum trússystemin okkar og okkur langar til að vita hvernig þeim vegnar. Við viljum líka

vera markviss þegar við biðjum fyrir þeim. En við aðstæður eins og þessar er rétti tíminn til að hafa taumhald á tali okkar. Það væri kærleikslaust að þrýsta á einhvern sem býr yfir trúnaðarupplýsingum – bæði gagnvart honum og trússysteminum sem treysta að hann gæti þagmælsku um starfsemi þeirra. Ekkert okkar myndi vilja bæta á erfiðleika bræðra okkar og systra í löndum þar sem starf okkar er bannað. Og enginn í slíku landi myndi vilja ljóstra upp um boðunaraðferðir og starfsemi vottanna þar. *20.03* 21 gr. 11–12

## **Fimmtudagur 2. desember**

*„Sannið til, þið munuð ekki deyja.“ – 1. Mós. 3:4.*

Guð ætlaði mönnum ekki að deyja. Adam og Eva þurftu að hlýða Jehóva til að fá að lifa að eilífu. Hann gaf þeim einföld fyrirmæli: „Af skilningstré góðs og ills máttu ekki eta. Jafnskjótt og þú etur af því muntu deyja.“ (1. Mós. 2:16, 17) Þá kom Satan til sögunnar. Hann notaði höggorm til að segja við Evu það sem við lesum í versí dagsins. Því miður trúði hún lyginni og borðaði af ávextinum. Seinna borðaði eiginmaður hennar einnig af ávextinum. (1. Mós. 3:6) Þannig varð synd og dauði hlutskipti mannsins. (Rómv. 5:12) Adam og Eva dóu, rétt eins og Guð hafði sagt. En Satan hætti ekki að ljúga til um dauðann. Seinna byrjaði hann að bera út fleiri lygar. Ein þessara lyga er kenningin um að líkaminn deyi en að einhver hluti einstaklingsins lifi áfram, til dæmis á andlegu tilverusviði. Ýmis afbrigði af þessari lygi hafa blekkt ótalmarga allt fram á okkar daga. – 1. Tím. 4:1. *19.04* 14–15 gr. 3–4



### Föstudagur 3. desember

*„Þegar ég var barn talaði ég eins og barn, hugsaði eins og barn og ályktaði eins og barn.“*

– 1. Kor. 13:11.

Börn eru ekki með fullmótaða rök-hugsun og geta ekki gert sér fulla grein fyrir hættum sem þau þurfa að varast. Þess vegna er mjög auðvelt fyrir útsmoginn barnaniðing að blekkja barn. Hann reynir að fá barnið til að trúa hættulegum lygum eins og til dæmis að því sé um að kenna, að barnið þurfi að þegja yfir kynferðisofbeldinu, að enginn muni trúa því eða koma því til hjálpar ef það segir frá og að kynferðisathafnir milli fullorðinna og barna séu eðlileg leið til að sýna að þau elski hvort annað. Slíkar lygar geta brenglað hugsun barnsins og það getur tekið það mörg ár að átta sig á lyginni. Barn sem verður fyrir slíku getur vaxið úr grasi með þá hugmynd um sjálft sig að það sé skemmt, óhreint og ekki þess vert að vera elskað og hughreyst. Það kemur því ekki á óvart að kynferðisofbeldi getur valdið langvarandi skaða. Það sýnir skýrt að við lifum á síðustu dögum, tíma sem einkennist af því að margir eru „kærleikslausir“ og að „vondir menn og svikarar munu ganga æ lengra í illskunni“. – 2. Tím. 3:1–5, 13. *w19.05* 15 gr. 7–8

### Laugardagur 4. desember

*„Uppfyllið þannig lög Krists.“*

– Gal. 6:2.

Hvernig kenndi Jesús? Hann kenndi með því sem hann sagði. Orð hans voru kröftug því að hann kenndi sannleikann um Guð, fræddi fólk um hver væri tilgangur lífsins og benti á að ríki Guðs væri lausnin á öllum þjáningum manna. (Lúk. 24:19)

Hann kenndi líka með fordæmi sínu. Hann sýndi fylgjendum sínum hvernig þeim bæri að lifa með því hvernig hann lifði sjálfur. (Jóh. 13:15) Hvernær kenndi Jesús? Hann kenndi á meðan hann þjónaði hér á jörð. (Matt. 4:23) Hann kenndi fylgjendum sínum einnig stuttu eftir að hann var reistur upp. Til dæmis birtist hann hópi lærisveina sem voru ef til fleiri en 500 talsins og bauð þeim að „gera fólk að lærisveinum“. (Matt. 28:19, 20; 1. Kor. 15:6) Sem höfuð safnaðarins hélt Jesús áfram að leiðbeina lærisveinum sínum eftir að hann sneri aftur til himna. Í kringum árið 96 fól hann til dæmis Jóhannesi postula að hvetja hina smurðu og leiðbeina þeim. – Kól. 1:18; Opinb. 1:1. *w19.05* 3 gr. 4–5

### Sunnudagur 5. desember

*Metið hvað er mikilvægt.*

– Fil. 1:10.

Það er heilmikið mál að hafa í sig og á nú á tímum. Mörg trússystemin okkar vinna langan vinnudag til að geta séð fjölskyldu sinni fyrir brýnustu nauðsynjum. Sumir þurfa að ferðast nokkra klukkutíma á dag til og frá vinnustaðnum. Margir vinna erfiðisvinnu til að sjá sér farborða. Þessi duglegu trússystemin eru úrvinda að loknum vinnudegi. Síst af öllu langar þau til að setjast niður við sjálfsnám. Sannleikurinn er samt sá að við verðum að finna tíma til þess að kafa ofan í orð Guðs og ritin okkar – og kafa djúpt. Samband okkar við Jehóva og eilífa lífið er undir því komið! (1. Tím. 4:15) Sumir vakna snemma á morgnana til að lesa og hugleiða í ró og næði þegar þeir eru úthvildir eftir góðan nætursvefn. Aðrir gefa sér smástund til að næra sig andlega þegar hljótt er orðið í lok dags. *w19.05* 26 gr. 1–2

## Mánudagur 6. desember

*„Látið ekki heiminn móta ykkur lengur heldur umbreytist með því að endurnýja hugarfarið.“*

– Rómu. 12:2.

Þessar breytingar gerast ekki á einni nóttu og ekki heldur af sjálfu sér. Við þurfum að leggja okkur vel fram, jafnvel um árabíl. (2. Pét. 1:5) Við þurfum að gera okkar ýtrasta til að breyta okkar innra manni. Það fyrsta sem við þurfum að gera er að biðja. Við þurfum að biðja eins og sálmaskáldið: „Skapa í mér hreint hjarta, ó Guð, og veit mér nýjan, stöðugan anda.“ (Sálm. 51:12) Við þurfum að viðurkenna fyrir sjálfum okkur að við þurfum að breytast í anda og hugsun og biðja síðan Jehóva um hjálp. Annað sem er mikilvægt að gera er að hugleiða. Þegar við lesum daglega í Biblíunni þurfum við að taka okkur tíma til að íhuga vel hvaða hugsunum og tilfinningum við þurfum að breyta. (Sálm. 119:59; Hebr. 4:12; Jak. 1:25) Við þurfum að vera vakandi fyrir því ef við höfum tilhneigingu til að láta hugmyndir heimsins hafa áhrif á okkur. Við þurfum að viðurkenna veikleika okkar hreinskilnislega og leggja hart að okkur að sigrast á þeim. *W19.06* 8 gr. 1; 10 gr. 10; 12 gr. 11–12

## Þriðjudagur 7. desember

*„Notið tímann sem best því að dagarnir eru vondir.“*

– Ef. 5:16.

Þú þarft að velja tíma til að koma ákvörðun þinni í verk og haltu þig við þá áætlun. Ekki biðja eftir fullkomnum aðstæðum því að fullkomnar aðstæður koma líklega aldrei. (Préd. 11:4) Gættu þess að láta ekki það sem skiptir litlu máli taka tíma þinn og orku frá því sem er mikilvægt.

(Fil. 1:10) Reyndu að taka frá tíma þegar þú hefur næði. Segðu öðrum að þú þurfir að fá að einbeita þér. Það getur verið gott að slökkva á símanum og biðja með að kíkja á tölvupóst eða samfélagsmiðla þar til síðar. Árangrinum af að klára verkefni má líkja við að komast á áfangastað. Ef þú vilt ná þangað heldurðu áfram, jafnvel þó að þú komir að lokuðum vegi og þurfir að fara aðra leið. Eins gefumst við ekki auðveldlega upp þó að við mætum hindrunum ef við hugsum um árangurinn af að klára verkefnið. – Gal. 6:9. *W19.11* 30 gr. 17–18

## Miðvikudagur 8. desember

*Orð Guðs getur dæmt hugsanir og áform hjartans.*

– Hebr. 4:12.

Hvers vegna ættirðu að ákveða að láta skírast? Þú hefur lært margt um Jehóva af biblíunámi þínu. Þú hefur kynnst eiginleikum hans og hvernig hann starfar. Það sem þú hefur lært um hann hefur snert hjarta þitt og fengið þig til að elska hann heitt. Kærleikur þinn til Jehóva ætti að vera aðalástæðan fyrir því að þú ákveðir að láta skírast. Önnur ástæða fyrir því að þú ákveður að láta skírast er að þú hefur kynnst sannleika Biblíunnar og fest trú á hann. Hugsaðu um það sem Jesús sagði þegar hann gaf boð um að gera fólk að lærisveinum. (Matt. 28:19, 20) Jesús sagði að þeir sem láta skírast eigi að gera það „í nafni föðursins, sonarins og heilags anda“. Hvað merkir það? Þú verður að trúa heils hugar sannleikanum um Jehóva, Jesú son hans og heilaga andann. Þessi sannindi eru kraftmikil og geta snert hjarta þitt djúpt. *W20.03* 9 gr. 8–9

## Fimmtudagur 9. desember

*Aðvarið óstýrilláta, styðjið þá sem eru veikburða og verið þolinmóð við alla. – 1. Þess. 5:14.*

Jehóva sendi engla ekki aðeins til að vara Lot við heldur líka til að hjálpa honum að komast hjá þeim hörmungum sem Sódóma varð fyrir. (1. Mós. 19:12–14, 17) Eins gætum við þurft að vara trússystkini okkar við ef við sjáum að það er komið út á hættulega braut. Jafnvel þó að trússystkini okkar dragi að tileinka sér leiðbeiningarnar sem eru byggðar á Biblíunni þurfum við að vera þolinmóð. Tökum englana tvo til fyrirmyndar. Í stað þess að gefast upp á vini okkar og fjarlægjast hann ættum við að leita leiða til að hjálpa honum í orði og verki. (1. Jóh. 3:18) Við gætum þurft að bjóða honum að taka í hönd hans, ef svo má að orði komast, til að hjálpa honum að fylgja ráðunum sem hann fær. Jehóva hefði getað beint athyglinni að göllum Lots. En hann innblés Pétri postula síðar að tala um Lot sem réttlátan mann. (Sálmur 130:3) Getum við litið á aðra eins og Jehóva leit á Lot? Við verðum þolinmóðari við bræður okkar og systur ef við beinum athyglinni að því góða í fari þeirra. Þá verður líka auðveldara fyrir þau að þiggja aðstoð okkar. *w19.06 21 gr. 6–7*

## Föstudagur 10. desember

*„Hver og einn þarf að bera sína byrði.“ – Gal. 6:5.*

Ef yfirvöld þar sem þú býrð banna tilbeiðslu okkar gætirðu velt fyrir þér hvort þú ættir að flytjast til lands þar sem þér er frjálst að þjóna Jehóva. Það er persónuleg ákvörðun sem enginn annar getur tekið fyrir þig. Sumum gæti fundist hjálplegt að hugleiða það sem kristnir menn á fyrstu öld gerðu þegar þeir voru ofsóttir. Lærissveinarnir í Jerúsalem fluttust víðsvegar um Júdeu og Sam-

aríu og fóru jafnvel alla leið til Föníkíu, Kýpur og Antiókkíu. (Matt. 10:23; Post. 8:1; 11:19) Eftir að önnur ofsóknaralda herjaði á kristna menn á fyrstu öld ákvað Páll postuli að flytjast ekki frá þeim svæðum þar sem prédikunin mætti andstöðu. (Post. 14:19–23) Hvað lærum við af þessum frásögum? Höfuð fjölskyldunnar þarf að taka ákvörðun um hvort fjölskyldan flytur. Áður en hann tekur ákvörðun ætti hann að hugleiða vel og í bænarhug aðstæður fjölskyldu sinnar og hvaða áhrif flutningurinn gæti haft á hana. Við ættum ekki að dæma aðra fyrir þá ákvörðun sem þeir taka. *w19.07 10 gr. 8–9*

## Laugardagur 11. desember

*„Til að hljóta eilíft líf þurfa þeir að kynnast þér, hinum eina sanna Guði, og þeim sem þú sendir, Jesú Kristi.“ – Jóh. 17:3.*

Jesús sagði okkur að „fara og gera fólk af öllum þjóðum að lærissveinum“. (Matt. 28:19) Það er ekki nóg að nemandinn læri hvað Jesús sagði að lærissveinar sínir þyrftu að gera. Við þurfum líka að kenna honum hvernig hann getur lifað eins og sannkristinn maður. Við þurfum að aðstoða hann með þolinmæði meðan hann reynir að tileinka sér meginreglur Biblíunnar. Sumir þurfa ekki nema nokkra mánuði til að breyta hugsunarhætti sínum og venjum en aðrir þurfa lengri tíma. Trúboði í Perú sá góðan árangur af því að vera þolinmóður. „Ég var með biblíunemanda sem heitir Raúl og við vorum búnir að fara yfir tvær bækur,“ segir hann. „En Raúl átti enn við alvarleg vandamál að glíma. Hjónabandið var stormasamt, hann var orðljótur og börnunum hans fannst erfitt að virða hann. Hann sótti þó samkomur reglulega svo að ég hélt áfram að heimsækja hann og fjölskyldu hans. Rúmum þrem árum eftir að ég hitti hann fyrst var hann tilbúinn að láta skírast.“ *w19.07 15 gr. 3; 19 gr. 15–17*

## Sunnudagur 12. desember

*„Leggið hart að ykkur.“*

*– Lúk. 13:24.*

Hugsum um það sem Páll lagði á sig á þeim tíma sem hann skrifaði bréfið til Filippímanna. Hann var í stofufangelsi í Róm. Frelsi hans til að boða trúna var verulega skert. Engu að síður var hann önnum kafinn við að vitna fyrir gestum sínum og skrifa bréf til fjarlægra safnaða. Páll vissi að hann þyrfti að leggja sig allan fram allt til enda, rétt eins og Kristur. Þess vegna líkti hann æviskeiði kristins manns við kapphlaup. (1. Kor. 9:24–27) Hlaupari í kapphlaupi hefur endamarkið stöðugt í huga og lætur ekkert trufla einbeitinguna. Þegar kapphlaup eru haldin innanbæjar gætu þátttakendur til dæmis þurft að leggja leið sína fram hjá fyrirtækjum og öðru sem gæti truflað þá. Finnst þér líklegt að hlaupari myndi stoppa til að skoða vörur í búðarglugga? Ekki ef hann vill vinna. Eins verðum við að forðast það sem gæti truflað einbeitingu okkar í kapphlaupinu um lífið. Ef við einbeitem okkur að markinu og leggjum hart að okkur eins og Páll hljótum við sigurlaunin. *19.08 3 gr. 4; 4 gr. 7*

## Mánudagur 13. desember

*Gættu stöðugt að sjálfum þér og kennslunni. Þá bjargarðu bæði sjálfum þér og þeim sem hlusta á þig. – 1. Tím. 4:16.*

Við gerum ýmsar breytingar á lífi okkar þegar við ákveðum að þjóna Guði. Það getur verið erfitt fyrir ættingja okkar að sætta sig við þessar breytingar. Oft taka þeir fyrst eftir að við höldum ekki lengur upp á trúarhátíðir með þeim og tókum engan þátt í stjórnmálum. Sumir ættingjar gætu verið reiðir út í okkur í fyrstu.

(Matt. 10:35, 36) En við ættum ekki að gefast upp á þeim. Ef við hættum að reyna að hjálpa þeim að skilja trú okkar höfum við í raun dæmt þá óverðuga þess að hljóta eilíft líf. Jehóva hefur ekki falið okkur að dæma – það hefur hann falið Jesú. (Jóh. 5:22) Ef við erum þolinmód má vera að ættingjar okkar verði að lokum fúsir til að hlusta á boðskapinn. Við þurfum að vera ákveðin en kurteis, líka þegar við verðum fyrir prófraunum. (1. Kor. 4:12b) Það getur tekið ættingja okkar tíma að skilja til fulls hve miklu máli það skiptir okkur að þjóna Jehóva. *19.08 17 gr. 10, 13; 18 gr. 14*

## Þriðjudagur 14. desember

*„Ég get tekist á við hvað sem er vegna hans sem gefur mér kraft.“*  
*– Fil. 4:13.*

„Þegar ég hugsa um erfiðleikana sem ég gekk í gegnum er mér ljóst að ég hefði ekki getað þraukað hjálparlaust.“ Hefur þú hugsað eitthvað svipað? Mörg okkar geta svarað því játandi. Ef til vill hugsaðirðu þannig þegar þú leiddir hugann að því hvernig þú gast tekist á við alvarleg veikindi eða ástvinamissi. Þegar þú lítur til baka veistu að þú komst í gegnum hvern dag aðeins vegna þess að heilagur andi Jehóva gaf þér ‚kraftinn sem er ofar mannlegum mætti‘. (2. Kor. 4:7–9) Við þurfum líka hjálp heilags anda til að standa gegn áhrifum þessa illa heims. (1. Jóh. 5:19) Auk þess eigum við í baráttu við „andaverur vonskunnar“. (Ef. 6:12) Jehóva notar heilagan anda til að hjálpa okkur að sinna skyldum okkar þótt við þurfum að takast á við erfiðleika. Páll postuli fann að hann gat haldið áfram að gera þjónustu sinni góð skil þrátt fyrir erfiðleika vegna þess að hann reiddi sig á ‚kraft Krists‘. – 2. Kor. 12:9. *19.11 8 gr. 1–3*

## Miðvikudagur 15. desember

*„Sá sem hefur séð mig hefur líka séð föðurinn.“ – Jóh. 14:9.*

Bíblían er eina nákvæma heimildin sem útskýrir hvað Jesús hefur gert fyrir þig. Lærðu að elska Jesú. Þú elskar Jehóva heitar ef þú elskar Jesú. Hvers vegna? Vegna þess að Jesús endurspeglar eiginleika föður síns fullkomlega. Þegar þú kynnist Jesú skilurðu Jehóva betur og lærir betur að meta hann. Hugsaðu um hve mikla samúð Jesús sýndi þeim sem aðrir litu niður á vegna þess að þeir voru fátækir, veikir eða varnarlausir. Hugsaðu líka um hagnýt ráð sem hann gefur þér og hvernig það bætir líf þitt að fara eftir þeim. (Matt. 5:1-11; 7:24-27) Kærleikur þinn til Jesú styrkist eflaust þegar þú hugleiðir vel fórnina sem hann færði til að við gætum fengið fyrirgefningu synda okkar. (Matt. 20:28) Þegar þú gerir þér grein fyrir að Jesús var fús til að deyja fyrir þig finnurðu án efa hvöt hjá þér til að iðrast synda þinna og leita fyrirgefningar Jehóva. (Post. 3:19, 20; 1. Jóh. 1:9) Og þegar þú elskar Jesú og Jehóva laðastu eðlilega að fólki sem elskar þá líka. *w19.03* 5-6 gr. 10-12

## Fimmtudagur 16. desember

*„Drottinn er hár en lítur þó til hins lága.“ – Sálm. 138:6.*

Bróðir gæti farið að hugsa sem svo að hann sé sá hæfasti fyrir ákveðið verkefni. Og systir gæti hugsað: „Maðurinn minn er miklu hæfari en hinn bróðirinn.“ Ef við sýnum ósvikna auðmýkt forðumst við allt slíkt stolt. Við getum dregið lærdóm af viðbrögðum Móse þegar aðrir fengu ábyrgðarverkefni. Móse var þakklátur fyrir að fá að veita Ísraels-

þjóðinni forystu. Hvernig brást hann við þegar Jehóva leyfði öðrum að vinna við hlið hans? Hann var ekki afbrýðisamur. (4. Mós. 11:24-29) Hann var auðmjúkur og leyfði öðrum að dæma þjóðina með sér. (2. Mós. 18:13-24) Þannig var hægt að sinna betur þörfum þjóðarinnar sem honum var falið að dæma. Af þessu má sjá að Móse tók ekki verkefni sitt fram yfir velferð annarra. Hann er okkur frábær fyrirmynd. Munum að ef við viljum koma að gagni í þjónustu Jehóva verður auðmýkt okkar að vera meiri en þeir hæfileikar sem við búum yfir. *w19.09* 5-6 gr. 13-14

## Föstudagur 17. desember

*„Drottinn varðveitir hina trúföstu.“ – Sálm. 31:24.*

Við vitum ekki hvaða ástæður þjóðarleiðtogar heimsins munu tilgreina fyrir árás sinni á Babýlon hina miklu. Þeir gætu sagt að trúarbrögðin tálmi friði og að þau blandi sér stöðugt í stjórnmál. Eða þeir gætu sagt að þessar trúarstofnanir hafi sankað að sér allt of miklum auðæfum og eignum. (Opinb. 18:3, 7) Þegar ráðist verður á trúarbrögðin er ólíklegt að öllum sem tilheyra þeim verði tortímt. Öllu heldur er líklegt að þjóðirnar leysi upp trúarlegar stofnanir. Þegar þessum stofnunum hefur verið rutt úr vegi gera þeir sem tilheyrðu þeim sér grein fyrir að leiðtogar þeirra hafi brugðist sér og reyna sennilega að afneita tengslum við þessi trúarbrögð. Eyðing Babýlonar hinnar miklu tekur tiltölulega stuttan tíma. (Opinb. 18:10, 21) Jehóva hefur lofað að „stytta daga“ þrengingarinnar svo að þeir „sem hann hefur útvalið“ og sönn trú tortímist ekki. – Mark. 13:19, 20. *w19.10* 15 gr. 4-5

## Laugardagur 18. desember

*Leiðbeinið yngri konum svo að þær elski börn sín. – Tít. 2:4.*

Ef þú ert móðir og foreldrar þínir misstu oft stjórn á skapinu og töludu hranalega við ykkur börnin gætirðu hafa alist upp við þá hugsun að það væri eðlilegt að koma svona fram við börnin sín. Þér gæti fundist erfitt að halda rónni og vera þolinmód við börnin þó að þú sért búin að kynnst meginreglum Jehóva – sérstaklega ef þau óhlýðnast þegar þú ert þreytt. (Ef. 4:31) Þá er mikilvægt að þú reiðir þig á Jehóva í bæn. (Sálm. 37:5) Sumum mæðrum finnst erfitt að tjá börnunum ást sína. Kannski ólust þær upp á heimili þar sem foreldrarnir áttu ekki hlýlegt samband við börnin. Þú þarft ekki að gera sömu mistök og foreldrar þínir þó að þú hafir alist upp við slíkar aðstæður. Móðir sem vill lúta vilja Jehóva þarf kannski að læra að tjá börnunum ást sína. Það getur verið erfitt fyrir hana að breyta sér. En það er hægt og það er henni sjálfri og allri fjölskyldunni til góðs. *w19.09 18–19 gr. 19–20*

## Sunnudagur 19. desember

*„Enginn getur þjónað tveim herrum.“ – Matt. 6:24.*

Sá sem tilbiður Jehóva en ver jafnframt óhóflega miklum tíma og kröftum í að verða auðugur í þessum heimi er í raun og veru að reyna að þjóna tveimur herrum. Hann sýnir Jehóva ekki óskipta hollustu. Undir lok fyrstu aldar stærðu safnaðarmenn í borginni Laódíkeu sig af ríkidæmi sínu. Söfnuðurinn sagði: „Ég er ríkur, hef aflað mér auðæfa og þarfnast einskis.“ En í augum Jehóva og Jesú var hann „vesæll, aumkunarverður, fátækur, blindur og nakinn“. Jesús gaf söfnuðinum ráðlegging-

ar, ekki vegna þess að söfnuðurinn var auðugur heldur vegna þess að safnaðarmenn elskuðu auðinn og það hafði slæm áhrif á samband þeirra við Jehóva. (Opinb. 3:14–17) Ef við verðum þess vör að löngun í ríkidæmi hefur kviknað innra með okkur verðum við að bregðast fljótt við og leiðréttá hugarfarið. (1. Tím. 6:7, 8) Annars verður hjarta okkar tvískipt og Jehóva hefur ekki velþóknun á tilbeiðslu okkar. Hann „krefst óskiptrar hollustu“. – 5. Mós. 4:24, NW. *w19.10 27 gr. 5–6*

## Mánudagur 20. desember

*Menn töluðu það sem kom frá Guði, knúnir af heilögum anda.*

– 2. Pét. 1:21.

Gríska orðið sem þýtt er „knúnir“ merkir bókstaflega „bornir áfram“. Lúkas, sem skrifaði Postulasöguna, notaði mynd af sama gríska orði til að lýsa skipi sem er „látið reka“ undan vindi. (Post. 27:15) Þegar Pétur postuli skrifaði að biblíuritararnir væru „bornir áfram“ notaði hann „hrífandi myndlíkingu úr splingum“ eins og biblíufræðingur nokkur orðaði það. Pétur sagði með öðrum orðum að heilagur andi hafi knúið biblíuritarana til að sinna verkefni sínu rétt eins og vindur ber skip áfram á áfangastað. Biblíufræðingurinn sagði líka: „Spámennirnir undu upp seglin ef svo má að orði komast.“ Jehóva sá um sinn hlut. Hann sá fyrir „vindinum“, eða heilögum anda. Og biblíuritararnir sáu um sinn hlut. Þeir unnu í samræmi við leiðsögn andans. Heilagur andi er eins og hagstæður vindur. Sjómaður getur nýtt sér hann til að komast í gegnum mikinn öldugang í lygnan sjó. Á svipaðan hátt getur heilagur andi knúið okkur áfram þar til við náum höfn í nýjum heimi Guðs. *w19.11 9 gr. 7–9*

## **Priðjudagur 21. desember**

*„Látir þú hugfallast á degi neyð-  
arinnar er máttur þinn litill.“*

*- Orðskv. 24:10.*

Stundum erum við kannski kjarklitil. En við megum ekki láta vanda-  
mál okkar stjórna hugsun okkar. Ef við gerðum það gætum við misst sjónar á þeirri dásamlegu von sem Jehóva hefur gefið okkur. (Opinb. 21:3, 4) Kjarkleysi gæti dregið úr okkur máttinn og fengið okkur til að gefast upp. Skoðum hvernig systir okkar í Bandaríkjunum heldur trú sinni sterkri samhliða því að annast alvarlega veikan eiginmann sinn. Hún skrifaði: „Við höfum stundum fundið fyrir streitu og kjarkleysi vegna aðstæðna okkar. En von okkar er sterk. Ég er svo ánægð með allt sem Jehóva gefur okkur til að styrkja trú okkar og uppörva. Við þurfum sannarlega á þessari leiðsögn og hvatningu að halda. Þetta heldur okkur gangandi og hjálpar okkur að halda út í erfiðleikum.“ Við sjáum af bréfi systurinnar að við getum sigrast á kjarkleysi. Hvernig? Með því að líta svo á að erfiðleikar okkar séu vopn í höndum Satans sem hann notar gegn okkur. Munum líka að Jehóva er uppspretta huggunar. Og metum að verðleikum andlegu fæðuna sem hann gefur okkur. *w19.11* 16 gr. 9-10

## **Miðvikudagur 22. desember**

*„Hinn þagmælski virðir trúnað.“*

*- Orðskv. 11:13.*

Það er sérstaklega mikilvægt að öldungar fari eftir þessari meginreglu. Öldungur er ljóst að hann má ekki ljóstra upp trúnaðarupplýsingum safnaðarmanna. Ef hann gerði það myndi hann glata trausti þeirra og skaða mannorð sitt. Þeir sem gegna ábyrgðarstöðu í söfnuðinum mega ekki vera falskir eða „tala

tveim tungum“. (1. Tím. 3:8, neðanmáls) Þeir mega með öðrum orðum ekki vera svikulir eða gjarnir á að slúðra. Öldungur sem elskar kona sína íþyngir henni ekki með því sem hún þarf ekki að vita. Eiginkona getur hjálpað manningnum sínum að viðhalda góðu mannorði með því að þrýsta ekki á hann að ræða trúnaðarmál. Kona sem fylgir þessu ráði styður eiginmann sinn og sýnir þeim virðingu sem hafa trúað honum fyrir málum sínum. Og mikilvægast af öllu er að hún gleður Jehóva vegna þess að hún stuðlar að friði og einingu safnaðarins. - Róm. 14:19. *w20.03* 22 gr. 13-14

## **Fimmtudagur 23. desember**

*„Drottinn mun birtast ykkur í dag.“ - 3. Mós. 9:4.*

Árið 1512 f.Kr. þegar tjaldbúðin var reist við rætur Sínaíffjalls stýrði Móse athöfn þar sem Aron og synir hans voru settir í prestsembætti. (2. Mós. 40:17; 3. Mós. 9:1-5) Hvernig sýndi Jehóva að hann hafði velþóknun á nýju prestastéttinni? Á meðan Aron og Móse blessuðu fólkíð lét Jehóva eld brenna fórnina á altarinu upp til agna. (3. Mós. 9:23, 24) Hvað sannaði eldurinn frá himni? Jehóva sýndi með honum að hann veitti prestunum af ætt Arons fullan stuðning. Ísraelsmenn höfðu góða ástæðu til að veita prestunum stuðning sinn þegar þeir sáu skýra sönnun fyrir því að Jehóva stæði með þeim. Hefur þetta þýðingu fyrir okkur? Já. Prestastéttin í Ísrael var aðeins skuggi mun mikilvægari prestsþjónustu, en 144.000 konunglegir prestar munu þjóna með Jesú á himni. (Hebr. 4:14; 8:3-5; 10:1) Það er greinilegt að Jehóva leiðbeinir og blessar söfnuð sinn nú á dögum. *w19.11* 23 gr. 13; 24 gr. 14, 16

## Föstudagur 24. desember

*Við unnum dag og nótt með erfiði og striti til að vera ekki fjárhagsleg byrði á neinu ykkar.*

- 2. Þess. 3:8.

Meðan Páll postuli var í Korintu dvaldi hann hjá Akvílasi og Priskillu og „vann með þeim en þau voru tjaldgerðarmenn“. Þegar Páll sagðist vinna „dag og nótt“ átti hann ekki við að hann ynni myrkuranna á milli. Hann tók sér til dæmis frí frá tjaldgerðinni á hvíldardeginum. Það gaf honum tækifæri til að ræða við Gyðinga sem voru líka í fríi. (Post. 13:14-16, 42-44; 16:13; 18:1-4) Páll stundaði atvinnu af nauðsyn en gætti þess samt að taka reglulega þátt „í því heilaga starfi að flytja fagnaðarboðskap Guðs“. (Rómv. 15:16; 2. Kor. 11:23) Hann hvatti aðra til að gera slíkt hið sama. Akvílas og Priskilla voru þar af leiðandi „samstarfsmenn hans í þjónustu Krists“. (Rómv. 12:11; 16:3) Páll hvatti Korintumenn til að vera „alltaf önnum kafnir í verki Drottins“. (1. Kor. 15:58; 2. Kor. 9:8) Jehóva innblés jafnvel Páli að skrifa: „Ef einhver vill ekki vinna á hann ekki heldur að fá að borða.“ - 2. Þess. 3:10. *w19.12* 5 gr. 12-13

## Laugardagur 25. desember

*„Synir eru gjöf frá Drottni.“*

- *Sálm. 127:3.*

Jehóva áskapaði fyrstu hjónunum löngunina til að eignast börn. En hverjir eiga að ákveða hvort og hvenær hjón eignast börn? Í sumum menningarsamfélögum er ætlast til að hjón eignist börn sem fyrst. Fjölskylda þeirra og aðrir þrýsta kannski á þau til að halda í þá hefð. Jethro, bróðir í Asíu, segir: „Sum hjón í söfn-

uðinum þrýsta á barnlaus hjón til að eignast börn.“ Jeffrey, annar bróðir í Asíu, segir: „Sumir segja barnlausum hjónum að þau hafi engan til að annast sig í ellinni.“ En hjón verða sjálf að ákveða hvort þau eignast börn. Ákvörðunin er þeirra og ábyrgðin er það líka. (Gal. 6:5, neðanmáls) Vinir og fjölskylda vilja skiljanlega að nýgift hjón séu hamingjusöm. En allir verða að muna að það er hjónanna að ákveða hvað þau gera. - 1. Þess. 4:11. *w19.12* 22 gr. 1-3

## Sunnudagur 26. desember

*„Þið skuluð biðja þannig: ‚Faðir okkar.‘“ - Matt. 6:9.*

Finnst þér erfitt að hugsa um Guð sem föður þinn? Sumum finnst þeir svo litlir og ómerkilegir í samanburði við Jehóva að þeir efast um að alvöldum Guði sé ann t um þá persónulega. En kærleiksríkur faðir okkar vill ekki að við hugsum þannig. Hann gaf okkur lífið og vill að við eigum samband við sig. Eftir að hafa bent á þá staðreynd sagði Páll postuli við áheyrendur sína í Aþenu að Jehóva væri „ekki langt frá neinum okkar“. (Post. 17:24-29) Guð vill að hvert og eitt okkar leiti til hans rétt eins og barni er eðlilegt að leita til kærleiksríks foreldris sem lætur sér ann t um það. Öðrum getur fundist erfitt að líta á Jehóva sem föður sinn vegna þess að pabbi þeirra sýndi þeim litla eða enga ást og umhyggju. Systir ein sagði: „Pabbi minn beitti mig andlegu ofbeldi. Þegar ég byrjaði að kynna mér Biblíuna fannst mér erfitt að tengjast himneskum föður.“ Líður þér eins? Ef svo er máttu vera viss um að þú getur líka lært að líta á Jehóva sem besta föður sem hugsast getur. *w20.02* 3 gr. 4-5



## Mánudagur 27. desember

*„Yfirgef mig eigi er þróttur minn þværr.“ – Sálml. 71:9.*

Jesús kenndi okkur að Jehóva metur mikils það sem við getum gert í þjónustunni við hann þó að okkur finnst, eftir því sem árin færast yfir, við ekki geta gert nema sáralítið. (Sálml. 92:13–16; Lúk. 21:2–4) Einbeittu þér að því sem þú getur gert. Þú getur til dæmis talað við aðra um Jehóva, beðið fyrir trússysteminum og hvatt aðra til að vera trúfastir. Jehóva lítur á þig sem samverkamann sinn. Hann gerir það vegna þess að þú hlýðir honum fúslega – ekki vegna þess sem þú nærð að áorka. (1. Kor. 3:5–9) Við erum afar þakklát fyrir að fá að tilbiðja Jehóva. Hann er Guð sem metur þjóna sína mjög mikils. Hann skapaði okkur til að gera vilja sinn og það gefur okkur lífsfyllingu að tilbiðja hann. (Opinb. 4:11) Við erum kannski lítils virði í augum heimsins en Jehóva lítur ekki þannig á okkur. (Hebr. 11:16, 38) Ef við erum niðurdregin vegna veikinda, fjárhagserfiðleika eða elli skulum við minna okkur á að ekkert getur gert okkur viðskila við kærleika föður okkar á himnum. – Rómv. 8:38, 39. *w20.01* 18 gr. 16; 19 gr. 18–19

## Þriðjudagur 28. desember

*„Skapa í mér hreint hjarta, ó Guð, og veit mér nýjan, stöðugan anda.“ – Sálml. 51:12.*

Við getum barist gegn öfund með því að rækta með okkur auðmýkt og nægjusemi. Þegar þessir góðu eiginleikar fylla hjarta okkar er ekkert pláss fyrir öfundina. Ef við erum auðmjúk hugsum við ekki of hátt um sjálf okkur. Auðmjúkri manneskju finnst hún ekki eiga meira skilið en aðrir. (Gal. 6:3, 4) Sá sem er nægju-

samur er ánægður með það sem hann hefur og ber sig ekki saman við aðra. (1. Tím. 6:7, 8) Auðmjúk og nægjusöm manneskja samgledst öðrum þegar þeir hljóta eitthvað gott. Við þurfum hjálp heilags anda Guðs til að forðast hvers kyns öfund og til að rækta með okkur auðmýkt og nægjusemi. (Gal. 5:16; Fil. 2:3, 4) Heilagur andi Jehóva getur hjálpað okkur að rannsaka innstu hugsanir okkar og hvatir. Með hjálp Guðs getum við losað okkur við skaðlegar hugsanir og tilfinningar og í staðinn fyllt hugann af því sem er uppbyggilegt. – Sálml. 26:2. *w20.02* 15 gr. 8–9

## Miðvikudagur 29. desember

*„Gættu stöðugt að sjálfum þér og kennslunni.“ – 1. Tím. 4:16.*

Vígsla er heit og Jehóva ætlast til að þú efnir það. Viðhaltu nánu sambandi við söfnuðinn þinn. Bræður þínir og systur í söfnuðinum eru andleg fjölskylda þín. Þú styrkir sambandið við þau með því að sækja samkomur reglulega. Lestu og hugleiddu orð Guðs á hverjum degi. (Sálml. 1:1, 2) Eftir að hafa lesið úr Biblíunni skaltu taka þér tíma til að hugleiða það sem þú last. Þá nær efnid til hjartans. „Biddu stöðugt.“ (Matt. 26:41) Innilegar bænir þínar nálægja þig Jehóva. „Einbeittu þér fyrst og fremst að ríki Guðs.“ (Matt. 6:33) Þú getur gert það með því að láta boðunina hafa forgang. Með því að taka reglulega þátt í boðuninni viðheldur þú sterkri trú. Allir erfiðleikar sem þú kannst að standa frammi fyrir í þessum gamla heimi „standa stutt og eru léttbærir“. (2. Kor. 4:17) Hins vegar opnar vígsla þín og skírn leiðina að ánægjulegra lífi núna og „hinu sanna lífi“ í framtíðinni. Er kostnaðurinn þess virði? Svo sannarlega! – 1. Tím. 6:19. *w20.03* 13 gr. 19–21

## Fimmtudagur 30. desember

„Tíminn er orðinn naumur.“

– 1. Kor. 7:29.

Ef biblíunemandinn tekur ekki framförum þarftu fyrr eða síðar að spyrja þig hvort þú eigir að halda námskeiðinu áfram. Veltu fyrir þér hvort framfarir nemandans séu eðlilegar miðað við aðstæður hans? Er hann farinn „að halda“ eða fara eftir því sem hann lærir? (Matt. 28:20) Því miður eru sumir nemendur eins og Ísraelsmenn á dögum Esekíels. Jehóva talaði um þá við spámanninn og sagði: „Þú ert þeim eins og sá sem syngur ástarljóð við góðan undirleik. Þeir hlusta á orð þín en fara ekki eftir þeim.“ (Esek. 33:32) Það getur verið erfitt að segja nemandan að þú ætlir að hætta að kenna honum. En „tíminn er orðinn naumur“. Í stað þess að eyða tíma í nemandan sem tekur engum framförum þurfum við að finna fólk sem sýnir að það hefur „það hugarfar sem þarf til að hljóta eilíft líf“. – Post. 13:48. *w20.01* 6 gr. 17; 7 gr. 20

## Föstudagur 31. desember

„Láttu ríki þitt koma. Láttu vilja þinn verða á jörð eins og á himni.“

– Matt. 6:10.

Kristni heimurinn kennir almennt ekki þau biblíusannindi að hlýðid fólk eigi eftir að lifa að eilífu á jörð. (2. Kor. 4:3, 4) Flest trúfélög kristna heimsins kenna að allt gott fólk fari til himna þegar það deyr. Öðru máli gegndi hins vegar um lítinn hóp biblíunemenda sem byrjaði að gefa út *Varðturninn* árið 1879. Þeir skildu að Guð ætlar að endurreisa paradís á jörð og að milljónir hlýðinna manna eigi eftir að búa hér á jörð – ekki á himni. Það leið aftur á móti nokkur tími áður en þeim varð fyllilega ljóst hvaða hlýðna fólk væri um að ræða. En Biblíunemendurnir skildu líka af Biblíunni að sumir yrðu „keyptir frá jörðinni“ til að ríkja með Jesú á himni. (Opinb. 14:3) Í þeim hópi yrðu 144.000 kappsamir og vígðir kristnir menn og konur sem þjónuðu Guði trúfastlega meðan þau voru á jörðinni. *w19.09* 27 gr. 4–5